

MIÐILLINN
HAFSTEINN BJÖRNSSON

ÖNNUR BÓK

ELINBORG LÁRUSDÓTTIR

Áður út komið:

Sögur	1935
Anna frá Heiðarkoti	1936
Gróður	1937
Förunenn:	
I. Dimmuborgir	1939
II. Efra-Ás-ættin	1940
III. Sólon Sókrates	1940
Frá liðnum árum	1941
Strandarkirkja	1943
Úr dagbók miðilsins	1944
Hvíta Höllin	1944
Simon í Norðurhlíð	1945
Miðillinn Hafsteinn Björnsson	1946
Gömul blöð	1947
Steingerður	1947
Tvennir tímar	1949
Í faðmi sveitanna	1950
Anna María	1951
Miðillinn Hafsteinn Björnsson. Önnur bók	1952

MIÐILLINN HAFSTEINN BJÖRNSSON

ELINBORG LÁRUSDÓTTIR
HEFIR SAFNAÐ OG SKRÁÐ

ÖNNUR BÓK

REYKJAVÍK
PRENTAÐ Í ALÞÝÐUPRENTSMIÐJUNNI H.F.
1952

I. KAFLI

Dulskyggni – Dulheyrn

Sigríður litla.

Eg hefi verið beðinn að segja frá reynslu minni af skyggnilýsingum Hafsteins Björnssonar. Hún er nú ekki mikil. Eg hef aðeins verið á einum slíkum fundi með honum, en á þessum eina fundi kom sannarlega fram margt athyglisvert, bæði fyrir mig og aðra fundargesti.

Ekki veit eg hvað Hafsteinn er gamall. En ólíklegt þykir mér, að hann sé það gamall að hafa nokkurn tíma séð foreldra mína í lifanda lífi. En þegar fundurinn var, sumarið 1951, voru 33 ár síðan faðir minn lézt og 16 ár síðan móðir mín lézt. En hann lýsti þeim nákvæmlega eins og þau voru síðustu árin, sem þau lifðu, öllum þeirra sérkennum, eins og nákunnugur maður einn hefði getað lýst þeim. Í fylgd með þeim voru nokkrir menn, sem eg kannaðist við af lýsingu, gamlir vinir mínir og sóknarbörn. Meðal annarra gamall vinur og samverkamaður sunnan úr Garði (Útskálaprestakalli), sém dáinn er fyrir mörgum árum. Honum lýsti Hafsteinn svo nákvæmlega að ekki varð um villzt.

Þetta var allt saman gott og blessað. Hingað til hafði eg kannast við allt, sem hann lýsti, og okkur bar ekkert

á milli. Foreldrar mínir höfðu átt 8 börn, 7 syni og 1 dóttur, sem dó á fjórða ári. Hún hét Anna. Í einni sýnni lýsti Hafsteinn móður minni; hún héldi á stúlku-barni, á að gizka 2—3 ára. Hafsteinn spurði, hvort eg kannaðist við þetta. Eg kvað já við, og sagði barnið vera Önnu systur mína, sem hefði dáið í bernsku. Hafsteinn sagði þá, að barnið hétí alls ekki Anna, heldur Sigríður. Þess má geta, að hann sagði alltaf, eða venju-lega, nafn þess manns eða konu, sem birtist honum. Eg áttaði mig ekki á þessu Sigríðar nafni, mundi ekki þá í svipinn, að eg hefði kynnt neinu dáu barni, sem hefði heitið Sigríður, og sagði það. En Hafsteinn hélt fast við sitt. Móðir mín héldi á 2—3 ára gömlu stúlku-barni, sem hétí Sigríður. Svo lauk fundinum, að okkur samdi ekki um þetta. En um kvöldið, heima hjá mér, fékk eg lausnina. Fyrir mitt minni tóku foreldrar mínir bróðurdóttur móður minnar til fósturs, sem hét Sigríður. Hún dó 2—3 ára. Eg var ekki fæddur, þegar þetta gerðist.

Einu sinni á fundinum lýsti Hafsteinn móður minni, sem héldi á ljósmynd af okkur bræðrum. Eg mundi eftir ljósmynd, sem tekin hafði verið um aldamót. Þar sátum við fimm bræður í röð, og foreldrar okkar stóðu sitt hvoru megin, og móðir mín hélt á yngsta bróður mínum, þá 1—2 ára. Á þessari mynd vorum við því 6 bræðurnir. Hafsteinn lýsti myndinni og kvað hana ekki vera nema af okkur 5 bræðrunum, og foreldrar okkar væru ekki á myndinni. Eg kannaðist ekki við neina mynd þvílíka. En Hafsteinn hélt við sitt. Myndin væri af 5 bræðrum, standandi í röð. Hin myndin, sem eg mundi eftir, var af okkur 6, þar af 5 *sitjandi*. Nokkru seinna var eg að glugga í gamalt ljósmyndaalbúm, erfðagóss frá foreldrum

mínum. Þar rakst eg á ljósmynd, sem tekin hafði verið 1914, af okkur bræðrum, sem þá vorum lifandi, 5 *standandi* í röð, eftir aldri. Því var alveg stolið úr mér, að þessi mynd hefði verið tekin, og bezt gæti eg trúað, að hún væri ekki neins staðar til, nema í þessu gamla albúmi í eigu minni.

Það gerðist fleira, sem frásagnar væri vert, sem snerti mig ekki persónulega, eða fjölskyldu mína, en það er bezt að aðrir segi frá því.

Friðrik J. Rafnar.

Í kapellu Akureyrarkirkju.

Fyrir tilstilli góðra manna gafst mér og konu minni tækifæri til að vera viðstödd á skyggnifundi, er haldinn var í kapellu Akureyrarkirkju á s. l. hausti, þar sem Hafsteinn Björnsson var skyggnimíðill.

Salurinn var þétt skipaður fólki og þekktum við hjónin fæst af því, og gátum því lítið dæmt um aðrar skyggnilýsingar en þær, sem okkur komu við. Verður hér aðeins lítils háttar sagt frá þeim.

Í kapellunni er bekkjunum líkt komið fyrir eins og í venjulegri kirkju. Breiður gangur inn af dyrum og bekkirnir til beggja hliða. Innst fyrir miðjum stafni er dálítið altari og framan við það nokkurt rúm með kórlagi. Auk miðilsins sátu þar frú Aðalbjörg Sigurðardóttir og séra Benjamín Kristjánsson. Meðan á skyggnilýsingum stóð, sat miðillinn innst fyrir miðjum gangi. Hvorugt okkar hjóna hafði séð hann áður og vitanlega voru honum engar upplýsingar gefnar um viðstadda gesti, enda spurði hann einskis og virtist ekki gefa gætur að neinu í kring

um sig. Þegar skyggnilýsingar hófust, virtist hann sitja með luktum augum. Við hjónin sátum á miðjum bekk í miðjum salnum hægra megin þegar inn er gengið.

1. Skömmu eftir að skyggnilýsingar hófust, fór miðillinn að tala um tvær konur, er stæðu nálægt því, sem eg sat og væru mér nákomnar. Gat hann þess, að önnur konan væri ung, en hin nokkuð roskin. Datt mér þá fyrst í hug, að þetta gætu verið fyrri kona mín, er lézt 27 ára að aldri og móðir hennar frú Ingibjörg Pálsdóttir frá Hjarðarholti. En mér var kunnugt um, að mikið ástriki var með þeim mæðgum. En er hann hafði lýst báðum konunum nokkuð, segir hann: „Og er eldri konan tengdamóðir hinnar“. Þessu gat eg ekki búizt við, þar sem móðir mín og fyrri kona mín höfðu aldrei sézt, enda dó móðir mín, þegar hin var barn á 5. ári í fjarlægu héraði og um engan kunnugleik að ræða. Eftir að miðillinn hafði lýst konunum nokkuð, gat hann þess, að þær væru báðar glaðar í bragði.

En nú var mér forvitni að vita, hvernig miðlinum tækist með nöfn tengdamæðgnanna, sem eg vissi, að honum var að líkindum ókunnugt um. Fyrst segir hann: „Unga konan heitir Sigríður“, en bætir fljótlega við: „en hún heitir meira, hún heitir líka Guðrún og er það fyrra nafnið“. Þá nefnir hann nafn móður minnar og segir, að nafn hennar sé Þorbjörg.

Hvort tveggja þetta var rétt. Kona mín hét fullu nafni Guðrún Sigríður. Svo bætir miðillinn við: „Hún fór 1918“. Þetta var einnig rétt. Kona mín dó það ár. Ekki gat miðillinn þess, hvaða ár móðir mín hefði dáið, en segir: „Það liðu 23 ár frá því að eldri konan fór og þangað til hin fór“. Þessi yfirlýsing kom mér mjög á

óvart. Hafði ég vissulega aldrei hugleitt það sjálfur, hve mörg ár hefðu liðið frá dauða móður minnar og þar til kona mín lézt, enda þó eg vissi á hvaða ári, hvor þeirra fyrir sig hefði dáið. En er eg athugaði þetta, komst ég að raun um, að þetta var rétt. Móðir mín dó 18. ág. 1895, en kona mín 25. júní 1918.

Þessi vitneskja þótti mér mjög athyglisverð. Um huglestur gat hér ekki verið að ræða, hvorki úr eigin hug né annarra. Hvaðan gat hún þá verið fengin. Tilviljun getur tæplega komið hér til sögunnar. — Var ekki sennilegra, að hér væru þessir horfnu ástvinir mínir að gera tilraun til að koma með eitthvað það, sem gæti sannfært mig um, að það væru þeir og engir aðrir, sem hér ættu hlut að máli, þar sem enginn grunur um blekkingar gæti komið til greina.

2. Það næsta, sem gerðist á þessum skyggjufundi sjálfum mér viðkomandi, var það að miðillinn gaf lýsingu af tveim látnum mönnum, sem um áraskeið höfðu verið nágrannar mínir og höfðu unnið með mér að nefndastörfum. Væri stutt síðan þeir hefðu farið, þó með nokkru millibili. Nöfn þessara manna nefndi miðillinn og var fyrra nafnið nafn Jóhanns Guðmundssonar bónda í Holti, en hið síðara nafn Guðmundar bónda í Litladal og eru þessir bæir næstu bæir við Auðkúlu. Kom það heim, að þeir höfðu svo árum skipti starfað með mér í nefndum. Þessa menn sá miðillinn sitja með mér við borð. Miðillinn gaf lýsingu af mönnum þessum og var einkum lýsingin af þeim fyrrnefnda mjög nákvæm og rétt *mannlýsing*, sem vakti undrun mína, þar sem mér var kunnugt um, að hann og miðillinn voru hvor öðrum með öllu ókunnugir. Jóhann í Holti lézt sumarið

1949, en Guðmundur í Litladal, þá fluttur að Auðkúlu, sumarið 1950.

3. Þáttur þessarar skyggnilýsingar að því er snerti okkur hjónin var sá, að miðillinn sá mann, er hann nefndi Sigfús, og lýsti honum mjög nákvæmlega sem afa konu minnar, en af því hún þekkti afa sinn aðeins sem lítið barn og mundi því ekki glögglega eftir honum, þorði hún ekki að gefa sig fram, enda þó henni fyndist lýsingin eiga við hann. Þá segir miðillinn, að með Sigfúsi sé maður, er heiti Jóhann, og séu þeir feðgar. Gaf hann lýsingu af honum og sagði, að hann væri faðir konu minnar.

Þess skal getið, að maður, er sat innar í kapellunni og þekkt hafði vel Sigfús afa konu minnar, sagði að lýsingin, sem miðillinn gaf af honum, hefði verið sérstaklega góð og nákvæm.

Það, sem mér virtist eftirtektaverðast við skyggnilýsingar Hafsteins Björnssonar á þessum fundi, var það, hve honum virtist veitast létt að koma með rétt nöfn á þeim framliðnu, er hann lýsti. Var þar ekkert hik og komu nöfnin skýrt og tafarlaust. Mun Hafsteinn taka þar fram flestum öðrum, er miðilsgáfu eru gæddir, því yfirleitt mun það valda miðlum erfiðleikum að ná réttum nöfnum.

Akureyri í maí 1952.

Björn Stefánsson frá Auðkúlu.

Gamla konan.

Við hjónin vorum á skyggnilýsingafundi hjá Hafsteini miðli, veturinn 1949. Var fundurinn á Sólvalla-

götu 3, í húsi Sálarrannsóknafélagsins. Með okkur var systir mín, Unnur Gísladóttir. Miklar lýsingar voru til fundarmanna. Til dæmis var lýst þarna Kínverja og kannaðist kona, sem var á fundinum við þá lýsingu. Þegar talsvert er liðið á fundinn, fer miðillinn að lýsa gamalli konu, sem hann segir að sé hjá okkur. „Hún heitir Björg“, segir hann.

Við áttuðum okkur ekki á, hver þessi kona væri, þótt lýsingin væri glögg og nafn hennar nefnt. En er við segjumst ekki geta munað eftir henni og ekki kannast við lýsinguna, segir einhver kona í salnum, að hún þekki hana, þótt henni væri ekki lýst hjá henni. En þá segir miðillinn:

„Nei, það er ekki sú, sem þú heldur“.

Af þessu svari miðilsins þótti okkur trúlegast, að þessi kona væri í sambandi við okkur, þótt við gætum ekki munað eftir henni. En það, að tekið var fram í, varð til þess að truflun kom á lýsinguna og var nú sagt, að krafturinn væri að þrjóta, og hætt var að lýsa.

Eftir fundinn héldum við heim. En systir mín, sem um þessar mundir svaf hjá frænku sinni, Jóhönnu Guðmundsdóttur, fór heim til hennar. En Jóhanna vissi, að Unnur fór með okkur á fundinn. Þegar Unnur hittir Jóhönnu, fer hún að spyrja fréttu af fundinum og meðal annars, hvort nokkur hafi komið til okkar.

„Það kom ekkert sérstakt til okkar“, svarar Unnur. „Að vísu var lýst hjá okkur gamalli konu, en við erum ekki viss um, hvort hún var til okkar, við gátum ekki munað eftir henni“.

Fleira var ekki rætt um fundinn. En morguninn eftir segir Jóhanna við Unni: „Mig dreymdi kynlega í nótt.

Eg var stödd í ókunnu umhverfi og allt í einu kemur gömul kona til mín og segir við mig:

„Þekkir þú mig ekki?“

„Jú, víst þekki eg þig“, svara eg.

Þá segir gamla konan: „Eg var í gær að reyna að komast í samband við gamla vini mína, en það tókst ekki vel“.

Draumurinn var ekki lengri. En nú rann upp ljós fyrir Unni, systur minni. Hún mundi allt í einu eftir gömlu konunni, sem látin var fyrir mörgum árum. Hún var oft heima á heimili foreldra okkar og þekktum við hana vel og var okkur öllum hlýtt til hennar. Langt var um liðið og við börn að aldri, en nú, er við loks mundum eftir henni, varð okkur ljóst, að lýsingin átti við hana og enga aðra. Hún hét Björg og var gift Jósef Húnfjörð. En við vorum ung, er hún andaðist, og verður það þá afsakanlegt að atburðir þeir, sem voru tengdir við hana, voru fallnir í gleysku. Ef til vill hefir henni ekki fallið það vel, að hún gleymdist alveg.

Reykjavík, 30. apríl 1952.

Kjartan Gíslason. Sigríður Pálsdóttir.

Bergstaðastíg 48.

Jóhanna Guðmundsdóttir. Unnur Gísladóttir.

Höfðavík.

Barónsstíg 25.

Afarnir mínir.

Í desember mánuði 1949 var eg á fundi, þar sem Hafsteinn Björnsson var með skyggnilýsingar á vegum Sálarrannsóknafélagsins.

Skömmu eftir að fundur hófst og Hafsteinn fór að

sjá hina og aðra framliðna hjá fundargestum, snýr hann sér að mér og segir, að til mín komi tveir rosknir menn, sem sjáanlega séu ættingjar mínir. Byrjar hann þegar að lýsa öðrum þeirra, mjög greinilega, og segir að lokinni lýsingu, hvar hann hafi búið, segir að það hafi verið nálægt löngum firði. Í sambandi við fjörðinn sjái hann hrút. Eg hafði þá áttað mig á því, hver þetta var. Kannaðist við eftir lýsingu, að þetta mundi vera Hallgrímur sálugi móðurafi minn. En hann bjó í Laxárdal við Hrútafjörð. Voru þær myndir er Hafsteini voru sýndar táknræn sönnun þess, hver maðurinn væri, enda var sjálf lýsingin á manninum afar nákvæm og glögg. Gamli maðurinn dó ekki fyrr en eg var orðinn stálpaður og mundi eg því vel, hvernig hann var útlits og þótti mér vænt um hann.

Svo fer Hafsteinn að lýsa hinum manninum, en við þá lýsingu kannaðist eg ekki. En þá segir Hafsteinn, að gamli maðurinn segi, að ekki sé von að eg þekki hann. Hann hafi farið af jarðneska heiminum sex árum áður en eg fæddist, og svo kemur mánaðardagur og ártal 19. apríl 1894 og sagðist hann vera Guðmundur afi minn og kannaðist eg þá við lýsinguna. Faðir minn og föðursystur mínar höfðu sagt mér margt um afa og lýst útliti hans, þótt eg kæmi honum ekki strax fyrir mig. En dánardag hans og ár vissi eg ekki. Eg er fæddur árið 1900, svo að líkur voru til þess að þetta væri rétt, enda einsetti eg mér að komast eftir því. Eg fór strax til þeirra, sem líklegastir voru að vita þetta, allra eldri manna hér í Dölum, sem þekkt höfðu afa eða könnuðust við hann. En enginn mundi einu sinni dánarárið, hvað þá dánardægur hans. Sneri eg mér þá til séra Jóns Guðnasonar,

þjóðskjalavarðar og bað hann að athuga þetta í kirkjubókunum, sem þá voru komnar á safnið. Kom þá í ljós, að mánaðardagur og ár kom alveg heim við það, sem afi sagði á fundinum. Þótti mér ákaflega vænt um að fá þessa óhrekjandi sönnun fyrir því að „látinn lifir“.

Ljárskógum 10. marz 1952.

Guðmundur Jónsson.

Við þekktum hann ekki.

Á skyggnifundi hjá Hafsteini Björnssyni var heimili okkar lýst. Því hafði reyndar verið lýst áður gegnum Hafstein, en þá var hann í transi og vissi ekki, hvað gerðist. Miðillinn sagði frá því, hvernig herbergjaskipun væri í húsinu okkar á Hjallavegi 66, hvernig húsgögnum væri raðað, hvar við hjónin sætum venjulega, í hvaða stofu, og tilgreindi stóla og staði í stofunni.

Gömlum manni lýsti hann, sem kæmi til okkar. Miðillinn sagði, að gamli maðurinn hefði ekki þekkt okkur meðan hann lifði hér á jörðunni. Hann hefði kynnt okkur eftir það. Sagt var, að hann væri faðir Björns Einarssonar. Björn hafði búið hjá okkur, en gamli maðurinn var dáiinn, er við kynntumst Birni. Gamli maðurinn fór að tala um fótinn á syni sínum. En hann hefir gerfifót.

Lýsing Hafsteins á heimili okkar var rétt og svo nákvæm, að við teljum ekki hægt að lýsa svo nákvæmt með eðlilegum hætti, nema þá af manni, sem daglega gengur um heimilið, því að svo mátti segja, að staldrað væri við hvern hlut og hann nefndur með sínu rétta nafni.

Lýsingin á gamla manninum vissum við ekki hvort

var rétt, höfðum hann aldrei séð, eins og hann sagði sjálfur. En Björn kannaðist við föður sinn eftir lýsingu þeirri, sem við höfðum eftir Hafsteini. Geta skal þess, að Hafsteinn miðill hefir aldrei komið á heimili okkar hjóna.

Reykjavík, 22. marz 1952.

Vilborg Þórólfsdóttir. Þórarinn J. Wium.

Flutningurinn.

Árið 1950 sat ég skyggnifund með Hafsteini Björnsyni miðli í Iðná. Á þeim fundi var föður mínum lýst mjög greinilega og nefndi miðillinn nafn hans, Einar Ingimundarson. Eg sá föður minn, er eg var 8 ára og þekkti hann af lýsingunni. Hann dó, er eg var 10 ára. Þegar þetta gerðist, sem greint er frá hér, voru liðin 66 ár frá andláti hans.

— — —

Tuttugasta og sjötta febrúar 1951 sat eg aftur fund með Hafsteini í samkomuhúsinu Iðná. Þar lýsti Hafsteinn fyrir fundargestum og neðangreindu lýsti hann fyrir mér:

„Hjá þessum manni“, sagði hann og sneri sér um leið að mér, „er kona, sem helzt lítur út fyrir að vera útlend. Eg heyri nafnið Karoline. Eg finn skógarlykt.“

Eg spyr, hvort hann geti ekki tilgreint annað nafn. Þá segir hann:

„Heggem — Molde“.

Við þessi nöfn kannaðist eg. Heggem var ættarnafn framliðinnar konu minnar, en Molde var fæðingarbær hennar.

Svo segir miðillinn: „Með þessari konu er ungur maður, sem heitir Jóhann. Hann talar um víra“. Lýsir hann svo þessum unga manni. Þekkti eg þar son minn Jóhann, er andazt hafði 1947, 36 ára. Hann var rafvirkir.

Miðillinn heldur svo áfram: „Í fylgd með þeim er kona, sem farið hefir af jörðunni fyrir löngu síðan. Það er svo mikil birta og ljómi yfir henni, að eg get ekki lýst henni greinilega. En eg sé sterk tengsli milli hennar og mæðginanna. Þau eru öll mjög glöð og ánægð. Konan, sem orðin er svo björt, talar um flutning af Nesinu og austur í Rangárvallasýslu, fyrir meira en 70 árum, en hún talar líka um kirkju í sambandi við þig.

Eg held, að kona þessi hafi verið móðir mín. Miðillinn sér tengsli á milli hennar og mæðginanna og svo talar hún um flutninginn en hann kannast eg vel við. Móður mína sá eg aldrei, svo lýsing kom ekki að neinu liði. Konan mín hét fullu nafni Kristine Karoline Heggem, en eftir að hún giftist mér, kenndi hún sig við nafn föður míns, eftir norskri siðvenju.

— — —

Áttunda apríl sat eg enn á fundi hjá Hafsteini. Þar kom fram hin áðurgræinda bjarta vera. Var henni lýst þar í fullu samræmi við áðurgreinda frásögn, nema hvað öll lýsingin var fyllri en á skyggjifundinum. Á þessum fundi sagði hún ákveðið, að flutningurinn hefði farið fram fyrir 75 árum og er það alveg rétt. Mig skorti tvo mánuði til þess að vera árgamall, er sá atburður gerðist, er varð mér harla örlagaríkur. Til þess að allir geti séð við hverskonar flutning er átt, læt eg fylgja hér með greinargerð um hann.

En geta vil eg þess, að eg hefi ekki haft nein kynni

af Hafsteini miðli. Mér vitanlega þekkir hann ekkert til mín, né míns fólks. Eg hafði hvorki móður mína né föður minn í huga, er eg sat fundina og þaðan af síður flutninginn, sem móðir mín sáluga minnst á, enda þótt eg beri menjar hans enn þann dag í dag — ör ofarlega á öðrum handlegg eftir snæri eða band það, sem eg var bundinn með.

— — —

Foreldrar mínir, Guðlaug Guðmundsdóttir og Einar Ingimundarson, flytja vorið 1875 búferlum austan af Eyrarbakka og suður í Leiru í Rósmhvalsneshrepp hinn forna, blásnauð með 3 börn sín, 2 ung og 1 stálpaðan dreng, en um haustið 8. október s. á., fæðist þeim sonur og á sama sólarhring andast móðirin. Af efnaskorti, ótryggum framfærslumöguleikum og öðrum kringumstæðum, sem þetta ömurlega tilfelli olli föðurnum, neyddist hann til að leita hjálpar hjá framfærsluhreppi sínum, sem var Holtamannahreppur hinn forni í Rangárvallasýslu. En ráðamenn hreppsins gera þær ráðstafanir að taka af honum yngsta barnið til framfærslu og flytja það fátækraflutningi, sem svo var kallað, og í þá tíð var talið eina björgunarúræðið til hjálpar bágstöddum. Þetta ferðalag var hafið í ágústmánaðarlok n. á. yfir nokkra hreppa, þannig að hver hreppstjóri flutti frá sér til hreppstjóra í næsta hrepp, án þess að ráðin væri sérstök manneskja barninu til fylgdar eða gæzlu, og getur maður rennt grun í, hvað það ferðalag hafi verið glæsilegt. Að öllum líkindum hefði barnið aldrei komið á leiðarenda, hefði ekki þannig hagað til, að þegar komið er austur yfir Ölfusá, er Eyrarbakki fyrsti áfangastaður og líklega hefur Guðm.

Thorgrímssen, þáverandi faktor fyrir Lefoliüverzlun þar, verið hreppstjóri á Eyrarbakka og því verið farið með barnið í kaupmannshúsið, en þau merku hjón, er réðu húsum þar, létu hreinsa bæði óhreinindi og óværð af líkama barnsins og klæða það í nýjan fatnað, svo það var betur búið undir að taka á móti næstu áföngum.

Á ákvörðunstaðinn kemst eg svo (eg er hið umgetna barn) í september (23. viku sumars) 1876 að Herriðarhóli í Holtamannahreppi (nú Ásahreppi) til hreppstjórans, er átti að veita þurfalingum móttöku, til frekari fyrirgreiðslu.

Vil eg nú í stuttu máli reyna að gjöra grein fyrir því, eftir því, sem mér hefur verið tjáð, hvernig það atvikaðist, að eg varð svo lánsamur, að fá að alast upp á ofangreindu heimili hjá mínum hjartkæru fósturforeldrum, Guðrúnu Jónsdóttur og Erlendi Eyjólfsyni (sem var hreppstjórinn), við prýðilega líðan og bjarta æsku, því þau gengu mér sannarlega í foreldrastað.

Þar dvaldist eg í 23 ár eða til ársins 1899. Eg get hugsað, að það hafi valdið töluverðum straumhvörfum í lífsbaráttu minni síðar. Hreppstjórinn var að sjálfsögðu búinn að ákveða ómaganum dvalarstað hjá bónda þar í sveit og að það hafi verið forsvaranlegt heimili efast eg ekki um, en það veit eg fyrir víst, að það komst hvergi í námunda við það snildarheimili, sem eg ólst upp á.

Þegar þessi litla mannvera er nú loksins kominn á leiðarenda, tekur hreppstjóri sér ferð á hendur, til að tilkynna viðkomandi bónda að sækja barnið. En þegar hann er kominn í leiti eitt skammt frá bænum, fær hann aðsvif, svo að hann er neyddur til að stíga af baki hesti sínum og fellur þar í dvala eða svefn, en þá birtist hon-

um mín látna móðir og biður hann þess að láta barnið ekki frá sér fara. Þessi viðburður olli því, að þegar hann kemur aftur til sjálfs síns, snýr hann heim, ræðir við konu sína og tjáir henni fyrirbrigði þetta, sem leiðir til þess, að eg fæ að dveljast á þessu góða fyrirmyndar heimili við eftirminnilega æsku.

Reykjavík, 2. maí 1952.

Baldvin Einarsson, aktýjasmiður.

Frú Hólm.

Á skyggnifundi, sem haldinn var í Iðná 31. marz 1952 á vegum Sálarrannsóknafélagsins, lýsti Hafsteinn Björnsson miðill meðal annara konu, sem hann sagði að hétí Hólm. Hann lýsti henni mjög nákvæmlega og sagði meðal annars:

„Þetta er fullorðin kona, lágvaxin, ekki þrekin. Átti ekki heima á Íslandi. Stutt síðan hún fór. Glæðleg í viðmóti — eins og hún hafi viljað allt fyrir alla gera — einkum góð við alla, sem bágt áttu. Eg sé borg. Hún hefir átt heima í borginni. Með henni er roskinn maður með yfirvararskegg“.

Fleira sagði miðillinn um þessa frú Hólm. Var lýsingin svo nákvæm, að eg var ekki í neinum vafa um, að hér var verið að lýsa móður minni, sem átti lengi heima í Danmörku og andaðist þar, en var sænsk að ætt.

Reykjavík, 2. júní 1952.

Hans Hólm, Grenimel 28.

Barnið.

Pegar Helga dóttir okkar lá á líkbörunum, kom Hafsteinn til okkar eftir beiðni minni. Það var í fyrsta sinn, sem Hafsteinn kom í húsið. Ætlunin var að vita, hvað hann sæi hjá okkur.

Kom okkur Hafsteini saman um að fara inn í herbergi það, er Helga sáluga hafði búið í meðan hún lifði. En lík hennar stóð uppi í annari stofu.

Hafsteinn sat í djúpum hægindastóli, en eg sat við hlið hans og hélt í hönd hans. Eftir litla stund segir Hafsteinn:

„Það situr ung, ljóshærð kona í stólnum þarna“, um leið benti hann á stól í herberginu. Síðan fór hann að lýsa þessari konu. En þarna kom hann með nákvæma lýsingu á Helgu sálugu. „Hún er mjög þreytt. Hún sefur. Hún er með lítið barn í kjöltunni. Kannastu við það?“ spyr hann.

„Nei“, segi eg.

„Það er sama, hún er með lítið barn í kjöltunni“, endurtekur hann.

Enn fremur lýsti Hafsteinn gamalli konu. „Hún stendur hjá ungu konunni, sem hvílir í stólnum. Hún er hvít-klædd“. Svo hélt hann áfram að lýsa þessari gömlu konu. Eftir lýsingunni að dæma átti hann við móður mína sálugu. „Hún er að hjálpa ungu konunni“, sagði hann.

Enn fremur lýsti hann gömlum manni, sem hann sagði að væri þarna líka. Hann heitir Guðmundur. Mörgu fleira fólki lýsti hann. Sumt af því þekkti eg, en marga gat eg ekki kannazt við þá strax.

Svo segir Hafsteinn allt í einu: „Nú er hún vöknud. Hún hefir ákaflega björt og falleg augu. Hún hefir verið veik hérna“, segir hann og strýkur hendi um þann stað, sem lifrin er.

Helga sáluga dó úr uppþornun í lifrinni.

Nú hætti Hafsteinn að lýsa. Við fórum inn í aðra stofu og drukkum kaffi. Eg hafði ekki getað áttað mig á því, hver Guðmundur sá væri, er hann lýsti, en nú þóttist eg vita það og segi við Hafstein:

„Nú man eg, hver Guðmundur er. Hann er móðurfaðir minn“. Hafsteinn skyldi þetta ekki, og komst eg að því, að hann virtist ekki muna, hverjum hann lýsti né neitt af því, sem gerðist þarna og þó var hann vakandi.

Að síðustu gengum við inn í stofuna, þar sem Helga sáluga hvíldi. Hafsteinn renndi augunum um stofuna og sagði svo:

„Hér eru margir inni“.

Sama kvöldið var komið með lítið barn og við beðin að ljá því rúm hjá Helgu sálugu, og gerðum við það, enda var búið að orða það við okkur, áður en Hafsteinn kom. En um það vissi Hafsteinn ekki, er lýsingin fór fram. Barnið var þá ókomið, þótt hann sæi það hjá henni.

Reykjavík, 14. apríl 1952.

Eyj. E. Jóhannsson, Sólvallagötu 20.

Hann er í Suðurgötunni.

Seint í apríl mánuði 1946 var eg á gangi um Skólavörðustíginn. Allt í einu sé eg að Finna er komin til mín. Um leið og eg sé hana, spyr eg:

„Hvaðan kemur þú“.

„Eg er að koma frá Jónasi Þorbergssyni“, svaraði hún.

„Hvar er Jónas núna?“ spyr eg.

„Hann er á leið í Útvarpið. Nú er hann í Suðurgötunni“, svarar Finna hiklaust.

Eg leit á klukkuna. Hún var að verða hálf þrjú. Þennan sama dag átti eg að halda fund heima hjá Jónasi. Þegar eg síðar um daginn kom vestureftir til þeirra hjóna, sagði eg við Jónas:

„Klukkan hálfþrjú varst þú á leið í útvarpið og gekkst Suðurgötuna“.

„Það er alveg rétt“, svaraði hann. „Eg gekk Suðurgötuna og var á leið í Útvarpið á þessum tíma. En hvernig veizt þú þetta?“ spurði hann.

„Hún Finna sagði mér það“, svaraði eg.

Hafsteinn Björnsson.

Þessi frásögn er rétt, að því er til mín tekur.

Jónas Þorbergsson.

Gamall atburður.

Þrítugasta júní árið 1950 sat eg skygggnifund hjá Hafsteini Björnssyni miðli. Á fundi mættu tíu manns, bæði konur og karlar. En hér verður aðeins sagt frá því, sem snerti mig:

Miðillinn spyr, hvort nokkur kannist við daginn 8. febrúar 1895.

Eg svara: „Það er fæðingardagur minn og fæðingarár“.

Þá segir miðillinn: „Eg heyri mikinn svanasöng. Það hefir verið mikið af álftum í sveitinni þinni. Sveitin heitir Álftaver“. Svo sér hann móður mína. Hún er í hvítum hjúp og það er langt síðan hún fór af jörðinni segir hann. Svo nefnir hann þekinn mann, sem sé ekki bróðir minn, en mikið tengdur mér. Hann nefnir nafnið Bergsteinn og segir, að hann sé farinn fyrir nokkrum árum.

Eg kannaðist vel við Bergstein bróður konu minnar. Hann hefir komið áður. En af því, sem á eftir fer, get eg hans hér.

Miðillinn heldur áfram að lýsa Bergsteini og segir: „Hjá honum er kona, sem farin er líka yfir um, og nefnir nafn hennar. Milli þeirra er mjög sterkt band“, segir hann, „en var þó sterkara um tíma, þegar þau voru bæði á jörðinni. En svo bar eitthvað á milli — og það hafði sínar afleiðingar, eða það, sem þið kallið tryggðrof. En síðan eru liðin 38 ár“.

Svo var lýst bæði konu minni og foreldrum mínum og fleira fólki, sem eg þekki. Talað var um tengdadóttur mína, lýst húsinu, sem hún býr í og sagt að talan á því væri 27. Lýsingarnar voru sérstaklega nákvæmar og eftirtektarverðar, þegar þess er gætt, að miðillinn þekkir ekki og hefir aldrei þekkt neitt af þessu fólki, sem lýst hefir verið fyrir mér. Sumt af því var löngu látið áður en hann kom til Reykjavíkur.

— — —

Faðir minn bjó í Holti í Álftaveri og þaðan er eg. Móðir mín er látin fyrir mörgum árum. Það, sem miðillinn segir um Bergstein mág minn og konuna, sem

hann sá með honum, er rétt. Þau voru heitin hvort öðru og var mjög kært með þeim, en upp úr því slitnaði rétt áður en hann fór af landi burt. En hann fór alfarinn héðan 1912. Lætur því nærri um árin, sem miðillinn sagði, að liðin væru frá þessum atburði. Kona þessi er nú dái. Ekki kom þessi löngu liðni atburður í huga mér á fundinum og ekki veit eg til, að hann sé á margra vitorði.

Reykjavík, 2. júlí 1950.

Kristófer Kristófersson.

II. KAFLI

Frá fundunum

Frá fundum spiritista á Norðurlöndum sumarið 1949.

Hér á eftir fara frásagnir séra Jóns Auðuns dómprófasts um fundi þá, er haldnir voru með Hafsteini Björnssyni miðli í Viggbyhólm í Svíþjóð árið 1949. En Viggbyhólm er rétt fyrir utan Stokkhólm. Dómprófasturinn sat þessa fundi sem fulltrúi íslenskra spiritista. Þegar dómprófasturinn kom til Svíþjóðar, var Hafsteinn þar mættur, til þess að vera á fundunum í Svíþjóð. Hafði Hafsteinn lofað forstöðumönnum fundanna að halda fyrir þá þrjá miðilsfundi. Var því af öllum tekið með miklum fögnuði.

Sótti fjöldi manns fundi þessa. Fjölmennastir voru þó Svíarnir. Voru þeir 92, Danir 42, Finnar 27, Norðmenn 2, Íslendingar 3.

Dómprófastur hefir góðfúslega leyft að taka þetta upp í bókina. En ekki verður birt hér nema það, sem viðkemur Hafsteini miðli, svo og umsögn þeirra, sem fundina sátu hjá Hafsteini. En eg hefi þó mikla löngun til þess að taka hér með, umsögn dómprófastsins af skyggni-lýsingu frú Noru Jensen frá Árósum í Danmörku, þótt hún komi Hafsteini ekki við nema að litlu leyti. Það,

sem fer hér á eftir, er tekið upp úr júlí—desember hefti Morguns, sem út kom 1949.

— — —

Síðar þennan dag vorum við á fjöldafundi fyrir skyggnilýsingar hjá frú Nóru Jensen frá Árósum, sem eg hef áður minnzt á. Fyrsta morguninn sat eg úti í glaða sól-skini og spjallaði við hana, og sagðist hún þá sjá í „aur-unni“ minni, að breyting hefði orðið á starfi mínu fyrir spíritismann fyrir ellefu árum. Þetta var að því leyti alveg rétt, að fyrir ellefu árum andaðist Einar Kvaran, eins og þér munið. Hún lýsti þá, þarna úti, fyrir mér konu, sem hún sagðist sjá hjá Hafsteini Björnssyni. Lýsti því fagurlega, hvernig þessi elskulega sál annaðist hann en hefði ekkert með miðilsstarf hans að gera. Þessi kona hefði bersýnilega búið við þröng kjör í lífinu, væri auðmjúk og kærleiksrík, nafn hennar byrjaði á I. — og þetta hlyti að vera móðir hans. Þótt einkennilegt megí virðast, vissi eg þá ekki, hvað móðir Hafsteins hafði heitið né hvort hún var dain. Eg gekk því til Hafsteins og spurði hann um þetta, og allt var það rétt, móðir hans hét Ingibjörg og er látin fyrir alllöngu. Eitt atriði í skyggnilýsingum frú Nóru Jensen þarna á fundinum fannst mér einkar skemmtilegt. Hún lýsti hjá Svía, sem sat fyrir framan mig, konu, sem hún fullyrti að væri amma hans, sagði að gamla konan segðist hafa átt hlut, sem nú væri í eigu þessa manns, það væri stór klukka til að standa á gólfi. Maðurinn vildi ekkert gefa út á þetta, var fremur þurr og afundinn, en frúin hélt áfram: eg sé, að yður hefur verið gefin klukkan á nýjárnsnótt, eg heyri klukkuna slá tólf högg um leið og yður er gefin

hún. Nú glaðnaði yfir hinum alvarlega Svía og hann sagði: „Þetta er allt rétt, allt nákvæmlega rétt“.

Eins og áður segir, hafði Hafsteinn Björnsson lofað að halda þrjá transfundi þessa fjóra daga, sem við vorum úti í Viggbyholm, en fundirnir urðu fjórir þessa fjóra daga, svo að ekki lá hann á liði sínu. Þriðjudaginn hafði eg ætlað að hann hefði engan fund, enda ekki tími til þess, þar sem eg var að flytja erindi bæði um eftirmiðdaginn og kvöldið, en eg túlkaði fyrir útflendingana það, sem stjórnendur hans töluðu, meðan hann var í transinum. En ekki varð undan því komið, að hann héldi fund einnig þann dag, og ætla eg fyrst að segja frá honum.

Á mánudagskvöldið kom til mín kona, læknisfrú ofan frá Vermalandi, sem heyrð hafði í Kaupm.höfn hjá Einer Nielsen, að þessi íslenzki miðill yrði þarna staddur og hún kvaðst vera komin gagngert til þess að fá fund hjá honum. Eg sagði henni, að því miður mundi þetta ekki vera hægt, en Hafsteinn er bógóður, eins og þér kannið við, full bógóður stundum að því er mér finnst, og vildi hann gera tilraun með að falla í trans fyrir þessa frú eina um morguninn klukkan hálf ellefu. Um konuna vissi eg ekkert annað en það, að Einer Nielsen sagði mér því miður, að hún hefði misst son, sem hún saknaði ákaflega.

Við komum saman í fundarherbergi okkar, miðillinn, frú Guðrún Jónsdóttir, sænska frúin og eg um morguninn. Eg áleit skilyrðin óhagstæð að mörgu leyti, og auk þess voru aðeins liðnar tæpar ellefu klukkustundir frá því er Hafsteinn vaknaði af transinum kvöldinu áður. Samt sofnaði hann mjög fljótlega og vel, og ekki verður annað sagt en að fundurinn heppnaðist, þrátt fyrir allt, ágætlega.

„Finna“ kom óðara í gegn. Lýsti fyrst fyrir frúnni ungum manni, sem farið hefði af jörðinni fjögurra ára gamall. Kannaðist hún þar við bróður sinn, er dáið hafði fjögurra ára fyrir mjög mörgum árum. Þá lýsti hún gamalli konu, sem væri með unga manninum, og kannaðist frúin þar við móður sína, sem „Finna“ sagði dána fyrir fáum árum, og var það einnig rétt. Þá kom yndislega falleg og nákvæm lýsing af syni læknisfrúarinnar. Með hjálp „Finnu“ töluðust þau mæðginin við í nærfellt klukkustund, og verður mér það samtali ógleymanlegt, en frúin sat hrifin og grét af gleði. Til sönnunar minnti drengurinn hennar hana á marga hluti frá heimilinu þeirra, utan húss og innan, og kannaðist frúin við það allt. Hann lýsti örlitla hundinum heima, sem hafði verið mikill vinur hans. Hann lýsti tveim heimilum móður sinnar, en hún býr í borginni á veturna en á sveitasetri á sumrin. Herbergjaskipun lýsti hann, stórri, hvítri höggmynd af Amor og Psyche, sem frúin sagði mér að stæði við stigapallinn í húsinu þeirra í borginni, skrifstofu föður síns og dagstofunni. Hann talaði með hjálp „Finnu“ svo blátt áfram og heimalega um allt þetta, að unaður var að heyra á. Eitt atriðið var mér sérstaklega minnisstætt. „Finna“ sagði: Drengurinn þinn segir, að sér þyki mjög vænt um að þú hefir tekið hlutina, sem honum þótti vænt um á jörðunni, og hengt þá fyrir ofan stóra stólinn, sem þú situr í á kvöldin, þegar þú ert að hvíla þig og ert ein. Móðirin spurði: Hvað á hann við með þessu? „Finna“ svaraði: Hann sýnir mér fyrir ofan stólinn þinn eins og svartan flöt, á honum eru margir glitrandi smáhlutir, þetta er eins og skjöldur í laginu, en eg veit ekki hvað það er. Hann segir, að sér þyki svo

vænt um að þú hafir safnað þessum hlutum saman og hengt þá þarna upp, því að þegar þú sitjir þarna sé hann oft hjá þér, miklu oftar en þú veizt.

Með tárin í augunum og titrandi rómi sagði læknisfrúin við mig: er þetta ekki dásamlegt. Ekkert þótti drengnum mínum vænna um en heiðursmerkin, sem hann fékk fyrir íþróttaafrekin sín. Eftir að hann dó, safnaði eg þeim saman og hengdi þau á skjöld þarna fyrir ofan stólinn, sem eg hvíli mig í, og nú veit eg, að þarna kemur hann til mín. Þetta er hann sjálfur vissulega að minna mig á.

Þá segir „Finna“, drengurinn þinn segir, að yndislegt sé að tala við þig hér, vera svona alveg hjá þér, en hann segir, að yndisleggra hefði verið, ef þið hefðuð komið öll þrjú: Frúin spurði: hvað á hann við með því? Engin nöfn höfðu verið nefnd, en nú segir „Finna“: Eric, það er drengurinn þinn, en Axel, það er maðurinn þinn, sem er á jörðunni, og svo áttu líka stóran son á jörðunni. Eric hefði viljað að þið hefðuð komið hingað öll þrjú, en hann verður alvarlegur í framan og segir: það hefði ekkert þýtt að biðja þá um það.

Allt er þetta enn rétt, sagði læknisfrúin við mig. Eric hét hann og Axel maðurinn minn, en hann og hinn sonur okkar hafa engan áhuga fyrir þessu máli, það hefði ekki þýtt fyrir mig að biðja þá um að koma með mér hingað.

Það var eins og Eric vildi ekki skilja við móður sína, en eftir rúman klukkutíma var krafturinn þrotinn, miðillinn vaknaði og móðirin grét þakkartárum um leið og hún fór.

Eg þarf ekki að taka það fram, að ekkert af því, sem

þarna var sagt, gat miðillinn eða við frú Guðrún Jónsdóttir haft nokkra hugmynd um, að því undanskildu, að fyrir gáleysi hafði Einer Nielsen sagt mér, að þessi kona syrgði son sinn sárt. En vitanlega hafði eg ekki sagt miðlinum eða frú G. Jónsd. frá því.

Fyrsta fundinn hélt Hafsteinn Björnsson í Viggbyholm sunnudagskvöldið 31. júlí. Skilyrðin voru ekki æskileg að öllu. Allt aðra birtu urðum við að hafa en við höfum á fundum hans hér heima. Stóll miðilsins var einfaldur og óþægilegur tréstóll, og fundartíminn annar en hann hefur nokkru sinni verið hér heima, því að vegna dagskrárinnar urðum við að byrja kl. 9,15, og var aldrei hægt að byrja á réttum tíma, vegna þess að fundarfólk okkar var á öðrum fundum kl. 7–9.

Miðillinn vildi sjálfur halda fundina ókeypis, en fyrir alla aðra fundi var greitt gjald, hærra en vér eigum hér að venjast hjá S.R.F.Í. Fundargestir voru fimm, eins og vér tíðkum hér. Algerlega var gefið á vald Svíans hr. Ekströms, að ráða, hverjir sætu fundina, við vildum ekki einu sinni vita, hverjum væri gefið tækifæri til að fá fund, að því fráskildu, að eg óskaði þess, að á fyrsta fundinum sætu tveir Svíar og einn fulltrúi frá hverju hinna Norðurlandanna, Noregi, Finnlandi og Danmörku. Við frú G. Jónsd. sátum sitt hvoru megin miðilsins og hið erlenda fólk í hálfhring á móti honum. Eg túlkaði fyrir fundargestum það, sem raddirnar sögðu af vörum miðilsins. Fyrir þennan fyrsta fund var eg dálítið kvíðandi fyrir því, hvernig til mundi takast fyrir þessa erlendu gesti á nýjum og ókunnum stað og við ytri aðstæður, sem ekki voru hentugar að öllu leyti, en miðillinn var öruggur. Hann kvaðst mjög hafa orðið var við stjórn-

endur sína hinu megin frá og vissi, að þeir voru öruggir um einhvern árangur.

Í fundarbyrjun réð eg því að við sungum alltaf sálminn Fögur er foldin, því að hann gátu allir hinir norrænu gestir sungið með, hver á sínu móðurmáli. Síðan flutti eg bæn og miðillinn sofnaði.

Meðal fundarmanna þetta kvöld var norska blaðakonan, frú Sigrid Kjelland, sem eg hef áður minnst á. Frásögn hennar af því, sem henni kom við, er þessi:

„Fundarfólkið sat í hring og herbergið var myrkvað, þegar miðillinn kom inn, svo að hann gat ekki séð, hvar hvert okkar sat, né hver við vorum. Eftir að sunginn hafði verið sálmur og stutt bæn flutt, féll miðillinn í trans, og stjórnandi hans, gömul íslensk kona, ávarpaði okkur, en áður hafði miðillinn strokið hvern fundarmann um axlir og handleggji.

Fyrsta orðsendingin kom til undirritaðrar, „norsku konunnar“. Miðillinn talaði á íslensku og Auðuns dómkirkjuprestur túlkaði fyrir okkur.

Orðsendingin til mín var þessi:

„Roskin kona, nokkuð hæruskotin, grannvaxin með gráblá augu kemur til norsku konunnar, hún er ákaflega glöð yfir að hitta hana hér. Við hlið hennar stendur ungur maður, meðalhár, bjartur yfirlitum, glaðlegur og rjóður í kinnum. Nú kemur þarna til þeirra annar maður. Fyrri maðurinn er ættingi norsku konunnar, hinn vinur hennar. Konan er ekki skyld henni, en mikil vinkona hennar. Bíðið dálitla stund og þá skal eg koma með nöfnin á þessu fólki.

Bráðlega komu nöfnin. Fyrst nafnið á konunni: *Kristine*. Eg vissi óðara, hver hún var. Svo kom nafnið:

Ole. Eg fór að hugsa um, hver hann gæti verið, eg á marga vini hinu megin með því nafni, en þá segir miðillinn: Hann segist hafa farið af jörðunni í vatni (druknad). Öll þessi þrjú, sem eg er að segja þér frá, fóru skyndilega af jörðunni!

Þegar eg heyrði þetta, vissi eg óðara, hver þessi *Ole* var, þótt eg hefði alls ekki verið að hugsa um hann.

Nú sagði miðillinn mér, að hinn ungi maðurinn hétí Björn. Ekki áttaði eg mig heldur á, hver hann væri, margir menn með því nafni voru drepnir á stríðsárnum. En þá sagði miðillinn: Hugsaðu um hann Lúðvíg.

Þá vissi eg óðara, hver þessi Björn var.

Þetta var fólkið, sem mér hafði verið sagt frá:

1. *Frú Kristine Opsahl*, 59 ára gömul, grannvaxin, hæruskotin og með gráblá augu. 27. maí 1949 fannst hún liggjandi á gólfinu í íbúð sinni í Schleppegrelsgt. í Osló, og andaðist 9 klukkustundum síðar, án þess að hafa komið til meðvitundar. Hún hafði ekki verið veik áður. Hún bar á sér merki misþyrmingar og hringinn í kring um hálsinn voru merki eftir áverka af bandi.

2. *Ole Kielland Prestrud*, verkfræðingur, 30 ára. Haustið 1944 var hann sendur með skipinu Westphalen ásamt öðrum norskum föngum áleiðis í fangabúðir í Þýzkalandi. Við sænsku ströndina rakst skipið á tundurdufl og sökk. 49 af 52 norskum föngum drukknðu og flest líkin rak á land nálægt Gautaborg, 2 og 2 bundin saman, og voru öll jörðuð frá dómkirkjunni. Þetta skeði um miðjan september 1944.

3. *Björn Lie*, 28 ára gamall. Þjóðverjar tóku hann fastan haustið 1944. Foreldrar hans fengu engar fréttir af honum, og þegar fangarnir voru aftur sendir heim til

Noregs eftir styrjaldarlokin, fannst hann ekki. Í höfuðstöðvum Gestapo-lögreglunnar á Victoria Terrasse fannst síðar blikkdós, sem var merkt Björn Lie, í henni var askan af líki hans.

Af þessu fólki má segja, að hugsunin um frú Opsahl eina hafi verið til í huga mínum, um ungu mennina tvo hafði eg alls ekki verið að hugsa.

Stjórnandi miðilsins sagði mér ennfremur frá framliðnum sjómönnum frá *Honningsvaag* og *Namsos*. En svo margir sjómenn frá þeim bæjum fórust í stríðinu, að í flýti gat eg ekki kannast við þessa menn. Einnig var mér sagt frá einhverjum, sem farizt höfðu í *Akershus*, gamla norska kastalanum við Oslóarfjörð, en þar höfðu margir Norðmenn setið í þýzku fangelsi og verið skotnir þar. Frá *Akershusbryggjunni* höfðu flest skipin lagt upp, sem fluttu norska fanga til Þýzkalands. Fæstir þeirra komust lifandi aftur heim, svo að ekki er ósennilegt, að þeir hafi notað tækifærið til að koma kveðju til landa sinna, er staddir voru á miðilsfundi með bræðraþjóðunum.

Þegar þessum fundi var að ljúka, sagði stjórnandinn við mig: „Nú stendur hjá þér hávaxin, ros kin kona, sem er að tala um hana *Anítu*“. Tengdadóttir mín, sem fyrir skömmu var mjög veik og er raunar enn, heitir Aníta. Móðir hennar dó 65 ára gömul árið 1941, hún var há kona, gráhærð.

Eg vil bæta því við þessa frásögn, að hvorki miðillinn né Auðuns dómkirkjuprestur, sem túlkaði fyrir okkur, höfðu nokkurn snefil áður af vitneskju um mig eða fjölskyldu mína og vini. Öll komum við til Viggbyholm kvöldið áður, og eg vissi ekki einu sinni, hvort miðill-

inn væri karl eða kona, fyrr en hann var settur hjá okkur í myrkvöðu herbergi og eg heyrði hann tala:

Viggbyholm pr. Stockholm, 1. Aug. 1949.

Sigrid Kielland, blaðakona.

Voienstvingen 12², Oslo. Telef. 379916“.

Eg vil bæta því við frásögn frú Kielland, að af skiljanlegum ástæðum hafði miðillinn ekki talað við hana orð. Þennan dag hafði hún heilsað mér lauslega í mannfjöldanum í borðsalnum. Önnur kynni hafði eg ekki af henni fyrr en eftir þennan fund. Enga vitneskju hafði eg — og ekki miðillinn — áður um þetta fólk, nöfn þess, útlit, staðina, sem það hafði verið tengt við í Noregi, meðan það lifði þar.

Frá herra A. C. Mortensen, sem var danski fulltrúinn á þessum fundi, hefi eg fengið þessa frásögn:

„Viggbyholm 31. júlí 1949.

Eg undirritaður sat hér fund með íslenska miðlinum, hr. Hafsteini Björnssyni. Eg fékk kveðju og orðsendingu um atburð, sem gerðist fyrir 35 árum. Lýsingin á atburðinum og nafnið var alveg rétt, en þessi gamli atburður var mér fyrir löngu fallinn í gleysku. Þetta var ákaflega sannfærandi fyrir mig, og eg er þakklátur fyrir að hafa fengið þetta tækifæri. Bezt þakklæti mitt,

A. C. Mortensen, Danmörk.

Um þennan mann er sama að segja og aðra fundargesti, að hvorugur okkar Hafsteins þekkti nokkuð til þessa manns, og eg hafði heldur enga hugmynd um fyrr en eftir á, að hann ætti að sitja fundinn, eða hver hann

væri. Hann segir ekki frá nafni mannsins, sem orðsendingin kom frá til hans og nefnd var af vörum hins sofandi miðils. Eg held, að það nafn hafi verið „Svejstrup“, nafn, sem eg minnst ekki að hafa heyrt fyrr en þarna.

Frá frú Helmi Krohn, rithöf. frá Helsinki, sem var finnski fulltrúinn á þessum fundi, hefi eg fengið þessa frásögn:

„Viggbyholm 31. 7. '49.

Hjá þér stendur ungur maður, hann er hvítklæddur, hann er með húfu á höfðinu, sem er loðin að innan (skinnhúfa). Eg sé mikinn snjó í kringum hann. Nú spurði eg: Er hann hermaður? — Já, já, nú sýnir hann mér konu, hún er móðir hans. Hún er lágvaxin kona, feitlagin og sérkennileg í útliti. Hún á ekki heima hér, hún á heima langt í burtu héðan. (Þetta var rétt, þessi kona var frú Holzenborg, en sonur hennar féll í stríðinu). Nú er hjá þér roskinn maður. Hann er með alskegg. Hann er hávaxinn maður og grannur. Hann er mjög oft með þér, og hann er faðir þinn. Eg heyri að nafn hans er Kroh- - n. Fyrst hefur hann átt heima í sveitinni og síðar í borginni, en þó deyr hann þar ekki. (Hann drukknaði). Hann er mjög nálægur og kemur oft til þín. Hann sýnir mér hús, sem ekki er stórt, það er í útjaðrinum á stórrí borg, langt í burtu héðan. Í kringum húsið er trégirðing. Hann sýnir mér inn í herbergi í húsinu, á því eru dyr út á svalirnar. Hann sýnir mér, að þar sitjir þú oft, en þegar líður á daginn, ferð þú inn í herbergið. Þar hangir á vegg mynd af föður þínum, hún er mjög stór. Það er önnur mynd í sporöskjulöguðum ramma, hún er minni. Myndin er ekki af honum heldur

af móður hans. Nú sé eg standa hjá þér gamla konu. Hún gengur við staf og er blind.

Á fundinum gat eg ekki komið fyrir mig, hver þessi gamla, blinda kona væri, en svo áttaði eg mig á því, að vitanlega hafði þetta verið mín gamla, kæra föðursystir.

Allt var þetta rétt. Eg er þakklát, og þetta er einhver bezta sönnun, sem eg hef fengið hjá miðli.

Helmi Krohn, rithöf., Helsingfors“.

Hafsteinn gat ekkert um þessa konu vitað, sízt um ættingja hennar og heimili í Finnlandi, unga hermanninn í snjónum, o. s. frv. Nokkrum klukkustundum fyrir fundinn hafði eg hitt frú Helmi Krohn. Um einkahagi hennar var mér vitanlega ókunnugt með öllu.

Annar fundur Hafsteins Björnssonar var haldinn á sama stað næsta kvöld, mánudagskvöld 1. ágúst. Frá danskri konu, frk. Maja Pedersen, sem var í forstöðunefnd fundarins í Viggbyholm, og sat þennan miðilsfund, barst mér þessi frásögn:

„Miðilsfundur 1. ág. 1949.

Þegar miðillinn, Hafsteinn Björnsson, var fallinn í djúpan trans, talaði í gegn um hann gömul íslensk kona, sem kallaði sig Finnu. Hún sagði:

1. Hjá þér stendur ungur maður, hann hefur farið yfir til okkar um tvítugsaldur. Hann er bjartur yfirlitum og er frændi þinn. Með honum er gamall maður, hann er faðir þinn og er mjög glaður yfir að hitta þig hér. Og nú kom mjög nákvæm lýsing af þessum gamla manni, svo sem líkamsbyggingu, augum og háralit.

2. Hann sýnir mér æskuheimilið þitt, það er stór

sveitabær með mörgum byggingum og liggur í litlum bæ (sveitaþorpi). Allt í kring er skógur, eða er það e. t. v. garður. A. m. k. eru þarna mörg tré, og við húsið er vatn. Þarna hefur faðir þinn átt heima, þegar hann var ungur maður, en þú hefur sjálf ekki átt þar heima þá.

3. Nú sé eg standa hjá þér ungan mann, sem er enn-þá á jörðunni. Hann er sonur þinn. Og nú kom lýsing á honum.

4. Nú sé eg húsið, sem þú átt heima í nú. Það er hátt hús í stórrí borg, tvær stofur eru samliggjandi í íbúðinni þinni. Eg sé þar ungan, hávaxinn mann, hann er glaður ásýndum og við hlið hans er ung kona.

5. Í kjöltu þinni situr lítill drengur, 3—4 ára gamall, hann er kominn yfir til okkar, en þér hefur þótt mjög vænt um hann. Í sambandi við hann sé eg mynd af honum í umgerð, sem er skartgripur.

6. Nú sé eg fyrir framan þig einkennilegan hund, faðir þinn hefur átt hann, en ekki þú.

7. Hjá þér er líka gömul kona. Hún gengur við staf og hún heitir Alma.

8. Við hliðina á þér er önnur gömul kona. Hún er ekki meira en í meðallagi hávaxin, en feitlagin og hárið greitt upp frá enninu. Þessi kona er móðir þín.

Athugasemdir til skýringar:

1. Lýsingin, sem Finna gaf mér af útliti föður míns er nákvæmlega rétt. Ungi maðurinn er sjálfsgelt sonur systur minnar, hann andaðist h. u. b. þriggja ára gamall. Faðir minn unni þessum dóttursyni sínum, sem hét Thorkild, ákaflega mikið og syrgði hann mjög heitt. Danskir miðlar hafa oft séð föður minn og Thorkild með mér, og mér hefur verið sagt, að þeir vinni saman í

andaheiminum. Danskir miðlar lýsa Thorkild venjulega sem ungum manni og ekki er ósennilegt, að Finna hafi einmitt séð hann þannig. Í þessu sambandi nefndi Finna nafnið: Anna (sem túlkurinn gat ekki um), en systir mín, móðir Thorkilds heitir Anna.

2. Æskuheimilið mitt var stór búgarður og gamall, með fjórum húsum, byggðum utan um ferhyrnt svæði. Hann var umluktur háum gömlum poppel-trjám, stórum blómagarði og tveim stórum aldingörðum. Tvær tjarnir stóðu við húsið. Búgarðurinn stóð í venjulegu sveitaborpi, með dreifðum húsum og bændabýlum. Faðir minn kom á þennan búgarð, þegar hann giftist móður minni, 25 ára gamall. Tveim árum síðar fæddist ég, og ég átti þarna heima unz ég var 14 ára gömul.

3. Sjálf á eg því miður engan son, en lýsingin af unga manninum, sem sagt var að væri enn á jörðunni, á vel við yngsta son systur minnar. En nú kemur það, sem mér finnst dásamlegt, og það er að Finna staðhæfir, að ungi pilturinn sé *sonur minn*. Danskur miðill hefur áður sagt við mig um hann (hann heitir Thorkild eftir eldra bróður sínum): „Thorkild og þú eru bundin sterkum andlegum böndum. Í þessari jarðvist átti hann að verða sonur þinn, en vegna þess að þú giftir þig ekki, varð hann systursonur þinn“. Þegar Thorkild fæddist, bjuggu foreldrar hans á heimili mínu. Eg fósttraði hann og kenndi honum öll æskuár hans, gaf honum ráð og fjárhagshjálp . . . Þegar hann kynntist spíritismanum, kom hann með áhuga sinn til mín, til annarra í fjölskyldunni gat hann ekki snúið sér með þetta mál. Til þess að geta orðið ráðgjafi hans í hinni jafnvægislausu, æskulegu aðdáun hans á spíritismanum, fór eg að kynna

mér málið. Eg hafði áður sökkt mér niður í guðspekinám, en eg hafði lagt þjálfunaraðferðir guðspekinnar til hliðar, mér fannst þær ónáttúrlegar, einskonar gróðurhúsaræktun á hinum huldu kröftum mannsálarinnar. Það er enginn hætt á því að eg leggi spíritismann nokkurn tíma til hliðar. Andlegur vöxtur Thorkilds, frænda míns, hefur fallið í sama farveg og minn eiginn andlegi vöxtur og stefnir í allt aðra átt en hjá foreldrum hans og systkinum. Staðhæfing Finnu gömlu við mig, að hann væri sonur minn, er mér undursamleg sönnun fyrir og skynsamleg skýring á hinu óvenjulega sambandi, sem er á milli mín og frænda míns.

4. Heimili mitt er nú í tveggja hæða húsi, með kjallara undir. Finnu finnst þetta sennilega vera stórt hús. Það er í stórum bæ . . . Á efri hæðinni hef eg tvær stofur. Systursonur minn einn — hann er hávaxinn maður — og kona hans búa einnig í þessu húsi. Líklega eru það þau, sem Finna lýsti.

5. Þriggja ára gamli drengurinn í kjöltu minni kann að hafa verið elzti systursonur minn, sem dó á því aldurskeiði en ekki um tvítugsaldurinn. Mynd hans á eg í lítilli tréumgjörð.

6. Í æsku minni kom einhverju sinni vesæll umrenningshundur heim til okkar, og faðir minn tók hann að sér.

7.—8. Lýsingin á gömlu konunni á við móður mína. Í elli sinni gekk hún við staf. Hún hét ekki Alma, og það nafn kannast eg ekki við á neinum látnum vini. Getur ekki þessu nafni hafa verið ruglað í þýðingunni saman við nafnið: Anna, sem eg heyrði sjálf miðilinn nefna?

Maja Pedersen.

Við þessa frásögn vil eg bæta því, að fyrst staðhæfði „Finna“ að ungi maðurinn væri sonur þessarar konu, en svo var eins og hún kæmist í hálfgerð vandræði, og hún sagði ákveðið: „hann er ekki sonur hennar og þó er hann það. Það er svo einkennilegt samband milli þeirra, að eg ræð ekki við þetta. Þetta er allt ákaflega óvenjulegt“.

Atvik kom fyrir á þessum fundi, sem eg verð að segja nokkuð frá, eftir minni mínu, en nokkur orð um það skrifaði eg í vasabók mína óðara um kvöldið. Á öllum fundunum sat frú Nore Jensen frá Árósum fyrir utan hringinn. Var það eftir ósk Hafsteins, hann kvaðst fá hjálparkraft frá henni, og var hún fús á að sitja fyrir utan hringinn og sá stundum hina ósýnilegu gesti, sem að sambandinu komu, og sagði mér frá þeim. Án þess að geta talað orð við frúna féll Hafsteini hún óðara vel í geð, hann dróst einkennilega að henni, miklu meir en að hinum dönsku miðlunum, að Einer Nielsen fráskildum, en seinna komst eg að raun um, að vafalaust var hún bezti miðillinn af Dönunum, sem þarna voru, annar en Einer Nielsen.

Í innri hring þetta kvöld sat danskur maður frá Árósum, en nafn hans man eg ekki. Af ástæðum, sem eg komst að síðar og nefni ekki hér, var misráðið að hafa hann í hringnum, enda kom til hans harla lítið, sem merkilegt mátti kalla. Á fundinum fer „Finna“ að lýsa framliðnum manni, sem standi rétt hjá honum. Hún lýsir honum mjög greinilega, en danski maðurinn varðist og kvaðst alls ekki kannast neitt við hann. „Finna“ sagði, að framliðni maðurinn segðist hafa farið fljótlega yfir, á stríðsárunum, hann væri að tala um sprengingu og slys. Hann segist hafa átt heima í sama bæ eða sömu

borg og þú, sagði „Finna“ við danska manninn: „Hann segist hafa búið nálægt þér, en hann ræður illa við það, sem hann vill segja. Nú sýnir hann mér eitthvert hús. Það er stórt, og það er rétt við vatn. Hann sýnir mér eins og götuhorn, og hann telur götudyrrnar, ein, tvær, þrjár, þriðju dyrrnar hafa verið dyrrnar hans, og hann segir, að einhver hér inni hljóti að muna eftir þessu, og hann leggur áherzlu á þetta: *þriðju dyr*“.

Eg bað nú danska manninn að leggja þetta vel á minni, hann kynni að geta haft upp á þessu, staðsetningin væri það nákvæm. Nú var fundinum að ljúka, en þá sagði frú Nora Jensen: „Eg vildi ekki blanda mér inn í þetta, vegna þess að eg sat fyrir utan hringinn, en eg held, að þessi maður hafi átt erindi við mig og ætlað að ná til mín, en hjá mér gat hann vitanlega ekki byggt sig upp svo að „Finna“ næði til hans, þar sem eg sat fyrir utan hringinn og þannig fyrir utan kraftinn. Þegar sprengingin mikla varð í Árósum, árið 194—, stökk eg út úr húsinu mínu, rétt við vatn. Eg heyrði eins og allir, sem þarna voru, neyðarópin út úr brennandi húsinu. Í ofboði réðst eg á hverjar dyrrnar af öðrum, til þess að reyna að opna þær. *Þriðju dyrunum* gat eg loks lokið upp, þar uppi voru hinir deyjandi menn. Þegar eg heyrði „Finnu“ segja, að hann bæði okkur að muna eftir *þriðju dyrunum*, kom mér þetta atvik í hug. Af þeim ástæðum, sem eg hefi greint, finnst mér líklegt, að þessi maður hafi ætlað að ná sambandi við mig, en þótt skyggni mín sé nú opin, hefi eg ekki séð hann hér inni“. Danski maðurinn, sem fundinn sat og ekki kannaðist við þennan dularfulla fundargest hinu megin frá, á raunar heima í Árósum, en á allt öðrum stað í borginni.

Pennan fund sat Svíinn G. V. Ekström, einn af forystumönnum Stockholms Spiritualistförening. Frá honum hefur mér borizt þessi frásögn:

„Undirritaður, sem fékk tækifæri til að sitja transfund með íslenzka miðlinum Hafsteini Björnssyni, 1. ág. s. 1. í sambandi við Norræna spíritistapið í Viggbyholm, óskar hér með að láta í ljós, hve hann metur mikils hina góðu miðilsgáfu hr. H. Björnssonar og tvímælausausan áreiðanleik hans.

Á fundinum komu til mín, meðal annarra, Natan Söderblom, erkibiskup, og móðir mín.

Söderblom ávarpaði mig og sagði: „Það er Natan“. Hann tók sér stöðu milli mín og frú Ahlgren og bætti við: „Eg fylgist með starfi ykkar . . . eg hef fyrr komið til ykkar“. Þá sagði stjórnandi miðilsins: „Þetta er mjög merkilegur maður, hann er prestur, nei, ó, hann er biskup, og nú setur hann upp háa húfu“. Því næst lýsti stjórnandinn biskupshúfunni, mítrinu, eins og sænskir biskupar nota.

Söderblom erkibiskup kemur oft til okkar í samkomusal okkar og talar til okkar, bæði í guðsþjónustunum og á miðilsfundum. Frú Ahlgren, sem sat við hlið mína, er sjálf miðill og mjög starfandi hjá okkur hér. Á hverju ári situr hún fundi fyrir líkamningafyrirbrigði með hr. Einer Nielsen. Á þeim hefur Söderblom hvað eftir annað komið og sýnt sig.

Móðir mín elskuleg kom því næst og lýst fyrir mér ferðalagi, sem við höfðum farið saman fyrir mörgum árum til æskuheimilis hennar. Hún talaði líka við mig um, að við hefðum farið margar aðrar ferðir saman, sem

hún minntist með þakklæti. En alveg sérstaka gleði kvaðst hún hafa haft af ferðinni til æskuheimilisins hennar. Þeir aðrir, er sátu þennan fund, gátu ekkert skilið, af því, sem móðir mín talaði við mig, en sjálfur sannfærðist eg um, að þarna væri móðir mín sjálf komin til mín. Á síðustu árum ævi sinnar hér á jörðu minntist hún oft með þakklæti á þessar ferðir okkar, en ekki hafði mig grunað, að hún myndi eftir þeim og færi að tala um þær við mig þarna á miðilsfundinum.

Hún talar oft við mig um svona hluti, sem öðrum kunna að finnast hversdagslegir, en sem mér eru sterk sönnun fyrir því, að ekki sé þarna undirvitund mín að verki.

Þessi fundur með hr. Hafsteini Björnssyni var glæsi-legur.

Stockholm, 14. sept. 1949.

V. Ekström

varaforseti í Stockholms Spiritualist Förening“.

Síðasta fundinn hélt Hafsteinn Björnsson miðvikudagskvöldið 3. ágúst. Þá höfðu svo margar óskir borizt um að fá að sitja fundinn, að hr. Ekström, sem valdi fólkið á fundina, bað mig um, hvort ekki mætti fólk sitja fyrir utan hringinn, án þess að gera kröfu til að fá neitt persónulegt til sín. Eg ráðfærði mig um það við miðilinn, og var hann fús til þess. Niðurstaðan varð sú, að átján manns sátu fyrir utan innsta hring, svo á fundinum voru 23 gestir.

Meðal þeirra, sem þennan fund sátu, var ritstjórinn að tímaritinu Spiritualisten, og hefur mér borizt frásögn hans af því, sem til hans kom á fundinum, á þessa leið:

„Miðilsfundur 3. ág. 1949. Miðillinn var Hafsteinn Björnsson.

(„Finna“) segir: Það stendur roskinn maður í miðjum hringnum. Hann er kominn yfir til okkar fyrir nokkrum árum. Hann er meira en meðalhár maður og axlabreiður. Þetta er merkilegur maður. Hann hefur óvenjulega skýr augu, yfirvaraskegg og þungar augnabráunir. Hann er faðir þinn. Hann var mikill hugsjónamaður meðan hann var á jörðunni, frumherji að einhverju og kom einhverju, sem þá var nýstárlegt, til vegar. (Þetta var góð lýsing af föður mínum). Hann sýnir mér, að hann hafi bæði átt heima í stóru borginni og úti á landinu. (Þetta er rétt, hann átti heima í New York og öðrum stórborgum og í æsku sinni í Falum í sænsku landsbyggðinni). „Finna“ hélt áfram: Hann hefur ferðast mikið. Hann sýnir mér stórt hús á landsbyggðinni, þar sem hann bjó, þegar hann var ungur maður. (Þetta skil eg). Þegar hann fór af jörðunni, átti hann heima í stórrí borg. (Já, rétt, hann dó í Stokkhólmi). Nafnið hans byrjar á C. (Rétt, hann hét að fornafni Carl). Hann er mjög áfjáður að sýna mér ferðalag á skipi milli landa, og þá varst þú með honum sem unglingur. Hann segir mér, að þú hafir oft farið milli landa, en í fyrsta sinn var það með honum. Eg sé þessa ferð á sjó, en einnig á landi með járnbrautarlest, „Ormurinn langi“, er hann að segja. (Hér er „Finna“ að lýsa fyrstu ferð minni frá New York til Svíþjóðar yfir Bergen og Oslo. Eg var þá fimm ára, en sem „unglingur“ ferðaðist eg einnig með föður mínum). „Finna“ segir: Hann er að minna þig á stóran hest fyrir læstum vagni. (Þetta kannast eg ekki við).

Nú kom lítið barn, stúlka, og tók við stjórn á miðlinum.

Aftur segir „Finna“: Faðir þinn er þarna ennþá. Hann er að sýna mér skrifborðið þitt, á því er mynd af föður þínum og í kringum það eru bækur. Hann sýnir mér skrifuð skjöl, sem hann segist hafa safnað saman, og hann segir, að þú sért að hugsa um að gefa þau út á prenti. Eg sé fyrir mér stóran skáp, og í efstu hyllunni liggja þessi skjöl. (Það er rétt, að mér hefur komið í huga að gefa út þessi skjöl föður míns, en veit ekki hvenær mér vinnst tími til þess. Nokkuð af handritunum liggur í efstu hyllunni í stórum skáp). Faðir þinn talar um úr, sem honum þykir mikið til um, það er gjöf, segir hann. (Faðir minn gaf mér vasaúr, sem honum þótti mjög vænt um að hafa gefið mér). Hann er að hugsa um gamla konu á jörðunni, hún er ekki konan hans, en getur verið systir hans. (Skil ekki vel, hann á fleiri en eina systur á jörðunni).

Þar sem þessi atriði, sem stjórnendur miðilsins komu fram með, eru einkamál að miklu leyti, og ég hef gengið úr skugga um, að miðlinum hefur ekki getað verið kunnugt um þau, vil eg láta í ljós mikið þakklæti mitt og ánægju yfir þessum miðilsfundi.

Rolf Carleson

ritstj. Spiritualisten, Stokkólmi, Svíþjóð.

Stjórnandi miðilsins hafði sagt okkur, að í lok þessa fundar mundi hann halda miðlinum eins lengi og hann gæti í hálftransi, í því ástandi væri hann mjög skyggn, og skyldum við taka vel eftir því, sem hann segði í hálftransinum.

Í hálftransinum kvaðst hann sjá í ytri hring mann, sem hétí Ludvig Dahl og annan Ludvig með honum. Þar væri líka kona, sem hétí Sigrún, hún væri hvítklædd og með henni væri frændi hennar, sem farið hefði ungur af jörðunni fyrir fáum árum.

Í ytra hring sat að þessu sinni frú Kjelland, hin norska, sem áður getur. Hún kannaðist óðara við þetta. Hún hafði verið mikil vinkona norska bæjarfógetans, Ludvigs Dahl, en sonur hans, sem einnig hét Ludvig, andaðist mörgum árum á undan föður sínum. Frú Kjelland kannaðist fljótlega við þessa Sigrúnu. Hún var vinkona frú Kjelland, og hafði andazt í Osló fjórtán dögum fyrir þennan fund, og við unga manninn kannaðist hún einnig, að eðlilegt væri að „Sigrún“ væri í fylgd með honum.

Næst sagðist Hafsteinn sjá framliðna finnska stúlku í ytri hring, en þar sat Palme, forstjóri frá Finnlandi. Hann kannaðist ekki við hana, en nafnið, sem Hafsteinn kvaðst heyra, var æði algengt finnskt nafn. Þá kvaðst hann sjá þar roskinn karlmann, hann væri alveg hvítklæddur, hann hefði fallið í stríðinu, verið mjög stór maður. „Hann þekkti þig mjög vel, hann segir, að þið hafið verið nákunnugir og nágrannar“. Við þessa lýsingu kannaðist hr. Palme glögglega. En þá varð að slíta fundinum, því að þessi framliðni finnski maður virtist ekki gera sig ánægðan með þessa lýsingu. Hann gerði sterka tilraun til að taka stjórn á miðlinum, en krafturinn var þrotinn.

Eg hef reynt að segja eins nákvæmlega frá því, sem á þessum fundum Hafsteins Björnssonar gerðist, og mér er unnt. Að sumu leyti hefi ég stuðst við frásagnir þessa

erlenda fólks, sem fundina sat, og að hinu leytinu við það, sem ég hripaði hjá mér svo fljótlega, sem mér var unnt, eftir fundina.

Eg þarf ekki að taka fram, að naumast var Hafsteini sjálfum kunnugt um nokkurt þeirra sönnunargagna, sem fram komu hjá honum í transinum, og mér ekki heldur. Þegar hinir nafntoguðu rannsóknamenn voru á sínum tíma að gera tilraunir með frú Piper, og velja með mikilli nákvæmni fundafólk, sem útilokað var að hún gæti þekkt eða vitað nokkuð um, þótti þeim og öðrum mikið til þeirra varúðarráðstafana koma. Engar slíkar ráðstafanir þurfti þarna að gera gagnvart Hafsteini. Enga manneskju, sem fundina sat, þekkti hann áður. Og þótt hann sæi þetta fólk í Viggbyholm dagana, sem þingið stóð yfir, hefði hann ekki getað aflað sér neinnar venjulegrar vitneskju um það, af þeirri einföldu ástæðu, að hann var þarna mállaus og gat naumast við aðra talað en mig og Guðrúnu Jónsdóttur. Eg túlkaði það, sem stjórnendurnir töluðu af vörum hans í transinum, eins og áður segir, en tvívegis kom það fyrir, að eg þýddi ónákvæmt, en þá greip „Finna“ fram í fyrir mér og bað mig að gera betur. Eg spurði hana, hvernig hún gæti vitað, þegar eg túlkaði ekki rétt, en hún svaraði óðara: eg sé það blátt áfram á því, að þá hristir fólkíð frá mínum heimi höfuðið og lætur í ljós undrun sína með, hvernig þú þýðir. Mér finnst þetta mjög athyglisvert. Það var af mörgu bersýnilegt, að stjórnendur Hafsteins lögðu mjög að sér í starfinu fyrir þetta erlenda fólk í framandi umhverfi, og þegar síðasta fundinum lauk, sagði „Finna“ fagnandi við mig: Fegin er eg, að þetta er búið, nú tölumst við ekki við fyrir en heima í Reykjavík, og þar tala flestir hinna

ójarðnesku, sem eg þarf að vera milliliður fyrir, gamla móðurmálið mitt.

Hvað sanna þessir fundir?

Út í það get eg ekki farið rækilega, það væri efni í langan fyrirlestur, eða öllu heldur marga. Sönnunin er vitanlega þá fyrst fullkomlega æskileg, þegar af vörum miðilsins eru sagðir hlutir, sem sannanlega geta ekki verið til í huga neins þeirra, sem fundinn sitja, miðils né fundarmanna. En slíkar sannanir komu þarna ekki fram. Sumir munu þess vegna geta sér þess til, að í öllum þessum atriðum hafi verið um hugsanaflutning einan, fjarhrif, að ræða frá fundargestunum til undirvitundar miðilsins. „Geta sér þess til“, segi eg, því að enginn getur sannað það. En á þessum fáu fundum kom fram fjöldi atriða, sem fundafólkið var lengi að átta sig á, síður en svo það, sem það hefði ævinlega helzt getað búizt við, hálfgleymd atvik, sem gerzt höfðu fyrir árum og áratugum, en það var þarna minnt á af vörum sofandi miðils, sem þekkti ekki hið allra minnsta til þess og gat ekki einu sinni talað tungu þess. Allt þetta fer langsamlega fram úr því, sem mér er kunnugt um að náðst hafi með hinum ýtarlegustu tilraunum vísindamannanna með fjarhrifin, hugsanaflutninginn.

Ennfremur verður að skoða þessi fyrirbrigði í sambandi við önnur samskonar miðlafyrirbæri. En þá kemur upp úr kafinu, að til eru ýtarlega rannsökuð og vottfest dæmi þess, að af vörum hins sofandi miðils kemur fram vitneskja, sem í einskis jarðnesks manns huga var til, en framliðni maðurinn vissi, sem tjáði sig vera að verki í miðils-sambandinu. Hvernig verða þau fyrirbrigði skýrð sem fjarhrif eða hugsanaflutningur milli lifandi manna? Þau

fýrri bæri hafa sannfært ekki fáa af mestu vitmönnum veraldarinnar á síðari tímum um, að látnir menn geti notað hæfileika miðilsins til að sanna framhaldslíf sitt eftir að jarðneski líkaminn var látinn.

Eg fullyrði ekkert um, að fyrirbærin, sem eg hefi nú sagt frá, sanni þetta, en þau ber að skoða í sambandi við önnur og sterkari sönnunatriði, sem fram hafa komið hjá transmiðlum víða um lönd. Og enn eru þau merkileg fyrir það, að þau gerast hjá mállausum útlendingi, innan um ókunnugt fólk, sem hann hafði sannanlega engin skilyrði til að fá vitneskju um með venjulegum hætti.

Eg mundi hann ekki.

Á því tímabili, sem Hafsteinn Björnsson miðill hélt fundi hjá frú Lilju Kristjánsdóttur, Laugaveg 37 í Reykjavík, sat eg stundum fundi. Af því, sem til mín kom, man eg sérstaklega eftir þessu:

Á einum fundinum segir Finna, að það sé ljóshærður maður fyrir aftan stólinn minn. „Hann er farinn fyrir löngu af jörðinni, hann er svo hvítur og bjartur“.

Eg kannaðist ekki við hann, þótt Finna lýsti honum nánar.

„Þú hlýtur að kannast við hann, hann hét Guðmundur“, segir Finna.

Enn gat eg með engu móti áttað mig á, hver þetta væri.

„Hann dó hjá ykkur“, bætir Finna við, „á ykkar heimili“.

Þetta var allt mjög nákvæmt, en samt mundi eg ekki eftir neinum Guðmundi, sem dáið hefði á heimili okk-

ar hjónanna. En þá segir Finna: „Hér kemur kona. Hún stendur við hlið hans. Hún er á peysufötum, dökk-hærð, lagleg, lág vexti, með einkennilega mikið bros í augunum. Hún heitir Sigríður. Það er útlit fyrir, að milli þeirra hafi verið kærleiksband“.

Pegar hér var komið, mundi eg loks, hver Guðmundur var.

„Nú kemur þriðji maðurinn við hliðina á Sigríði. Hún stendur á milli þeirra. Það sýnist sem milli þeirra hafi líka verið kærleiksband. Þessi maður er lágur vexti en þrekinn, með dökkt hár. Hann hefir drukknað. Eg heyri nafnið Sigurður. Hann hefir heitið Sigurður. Það lítur út fyrir, að sambandið á milli Sigríðar og þessa manns hafi verið innilegra, meiri kærleikur en milli Guðmundar og hennar“.

Svo heldur Finna áfram: „Hér er fullorðinn maður, löngu farinn. Hann er í hempu, með prestakraga og heldur á bænabók. Hann heitir Ísleifur. Hann lætur sér annt um þig. Hann er líklega faðir þinn. Nú klappar hann á öxlina á þér og segir: „Lóa mín“.

Að lokum kannaðist eg mjög vel við þá, sem þarna komu. Sigríður var mágkona mín. Heitmey Guðmundar, þótt ekki væri það opinbert. En hann andaðist á heimili mínu og mannsins mín 1902. Sigurður, sem Finna sá við hlið Sigríðar, drukknaði. Sigríður og hann voru heitbundin. Hann drukknaði rétt áður en brúðkaup þeirra átti að fara fram, en hann var skipstjóri á Bergþóru. Eg álit, að Finna hafi séð rétt, er hún talar um að meira ástríki hafi verið milli Sigurðar og hennar, en Guðmundar og hennar. Hún var áreiðanlega hrifnari af Sigurði en Guðmundi, en naut þó hvorugs.

Maðurinn með prestakragann var faðir minn, séra Ísleifur Einarsson síðast prestur á Stað í Steingrímsfirði. Þetta með Lóu nafnið fannst mér talsvert gott. Eg var heima í föðuruhúsum kölluð Lóa, en langt var nú síðan nokkur hafði nefnt mig því nafni. Lýsing á þessu fólki var mjög glögg, þótt eg væri lengi að átta mig, einkum á Guðmundi, en það er sízt að furða. Þessi fundur var 1939 — en þá voru liðin 37 ár frá andláti Guðmundar. Eg held eg hafi áttað mig, er Finna fór að tala um brosið í augum Sigríðar mágkonu, brosið var svo einkennandi fyrir hana. Eg hefi verið á mörgum fundum hjá Hafsteini bæði fyrr og síðar og fengið margar merkilegar lýsingar af ástvinum mínum, og öðru fólki, sem eg hefi þekkt. En við Guðmundi bjóst eg ekki á fundinum, mundi ekki eftir honum eins og áður er sagt.

Reykjavík, 26. apríl 1952.

Lovisa Ísleifsdóttir, Stýrimannastíg 9.

Atburður sagður fyrir.

Við hjónin höfum verið á mörgum fundum hjá Hafsteini Björnssyni miðli. Fundir þessir hafa verið mismunandi sterkir, en enginn þeirra hefir brugðizt. Lýsingar af látnum ættingjum og vinum hafa verið mjög nákvæmar og sannar. Stundum hefir verið lýst persónum, sem við ekki mundum né gátum áttað okkur á, fyrr en eftir fund. Oft var heimili okkar lýst, bæði húsinu, herbergjaskipun og innanstokksmunum, sagt nákvæmlega hvar hver hlutur stæði. Allt var svo rétt að líkast var, að gagnkunnugur maður væri að lýsa. En þegar það bar við, hafði Hafsteinn aldrei komið á heimili okkar og þekkti

ekkert til okkar né okkar fólks. Látnir sjómenn, sem eg hefi ýmist unnið með eða þekkt, hafa komið til mín á fundum og verið lýst, bæði að útliti og líka hvernig dauða þeirra bar að höndum. Allar þessar lýsingar á fólki, sumu löngu liðnu og umhverfi því, sem það lifði í, svo og lýsingar, sem hafa átt við okkur hjónin og okkar nánustu — það sem komið hefir fram beint og óbeint af því, sem sagt hefir verið á fundum — allt hefir það orðið að sterkri sannanakeðju, svo að við efumst ekki um, að hinir látnu vita og fylgjast með liðan okkar hér megin, þótt þeir séu horfnir af sviðinu.

Á einum þessara funda í fyrra kom Finna og lýsti sem oftár látnum ættingjum og vinum, sem sagt var að væru komnir í hringinn. Sömuleiðis lýsti hún ýmsu hjá skyldfólki okkar, sem líka sat fundinn. Þar kom faðir minn, Ólafur, fram og var mjög áhyggjufullur yfir því, að eitthvað mundi koma fyrir mann, sem var okkur ná-kunnugur. Var nafn hans nefnt á fundinum.

Við inntum hann eftir, hvað þetta væri, en það vildi hann ekki segja. Fórum við svo af fundi, að við fengum enga vitneskju um það. En ekki leið á löngu, þar til hin ískyggilega spá föður míns rættist. Sáum við þá, að hann hafði ekki gert of mikið úr þessu.

— — —

Í haust sem leið, 1951, vorum við hjónin aftur á fundi hjá Hafsteini. Kom Ólafur, faðir minn, þar fram og var þá glaður og hress. Eg spyr, hvað hann geti nú sagt okkur um þennan mann, sem hann hafi haft svo miklar áhyggjur af.

Hann svaraði: „Það mun rætast úr þessu öllu saman miklu betur, en þið hafið gert ykkur vonir um“.

Þessi maður, sem hann talaði um, missti atvinnu sína á óvæntan hátt. En þessi breyting á högum hans gat haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, og orðið þess valdandi, að hann biði þess aldrei bætur. En eins og faðir minn sagði á síðari fundinum, rættist úr þessu á þann hátt, sem okkur sízt varði. Með hvaða hætti það varð, finnst okkur, sem til þekkjum, dálítið kynlegt.

Þetta var auðvitað mikið áfall, og vissi þessi maður um tíma ekki, hvað til bragðs skyldi taka. Honum datt þó í hug að tala við vissan mann, en hvarflaði frá því aftur. Leið svo tíminn, að hann hafði ekkert fyrir stafni og sá enga vegi framundan.

En eitt sinn, er hann var staddur niðri í bæ, datt honum aftur í hug þessi maður. Segir hann sjálfur svo frá, að sér hafi verið þrýst af einhverjum ósýnilegum mætti til þess að ganga á hans fund. En þar með var brautin rudd og öllum áhyggjum af létt.

Þegar Ólafur gat um, að eitthvað kæmi fyrir þennan mann, óraði engan fyrir því, að hann mundi missa atvinnuna, enda kom það honum sjálfum alveg á óvænt. Þetta atriði og eins hitt að úr rættist, gat engin lifandi vera vitað fyrir, og virðist okkur því, sem til þekkjum, þessi atburður harla merkilegur.

Reykjavík, 26. maí 1952.

Elinborg Kristjánsdóttir. Júlíus Ólafsson, vélstjóri.

Öldugötu 30.

Við, sem sátum þennan fund, munum að rétt er sagt frá því, sem gerðist á fundinum.

Sigríður Einarsdóttir Soffía Haraldsdóttir.

Armbandið.

Tuttugasta og fyrsta nóvember 1951 sat eg ásamt fleirum fund með Hafsteini miðli á Sólvallagötu 3. Var sagt, að maðurinn minn væri í hringnum og lýsti Finna honum, en honum hafði oftari verið lýst á fundum þeim, sem eg hef setið með Hafsteini. Þegar eg kom á fundinn, hafði eg áhyggjur af litlum hlut, sem eg gat með engu móti fundið og hélt að væri glataður. Eg gat þess ekki við neinn, sem var á fundinum og ekkert af því fólki hafði hugmynd um, hvað mér lá á hjarta. En undir fundarlok kemur Finna, sem þá talaði í gegnum miðilinn, með þessi boð til mín frá manninum mínum:

„Hafðu ekki áhyggjur af armbandinu, það kemur í leitirnar“.

Rétt á eftir var fundurinn úti.

— — —

Hálft öðru ári áður en þessi fundur var, hafði okkur hjónunum verið sent þetta armband norðan úr Skagafirði. Átti að gera við það, en maðurinn minn var gull- og silfursmiður, og stundaði þá iðn fyrir á árum. Þótt hann hefði nú annað starf, bar oft við að hann gerði við hluti fyrir kunningja sína, hafði þá aðgang að verkstæði hjá Guðmundi Þorsteinssyni gullsmið. Það varð ákaflega snögg um manninn minn, svo snögg, að engar ráðstafanir voru gerðar fyrir einu né neinu. Eg vissi, að hann tók armbandið og gerði við það. Hélt eg, að það væri heima í íbúðinni okkar. Þegar eg kom því við að leita, fann eg það þó hvergi, hvernig sem eg leitaði. Eg hafði tekið allt, sem honum tilheyrði á verkstæði Guðmundar Þorsteinssonar — og ekki var það með því dóti.

Mér þótti þetta vitanlega afar leiðinlegt, þar sem eg átti ekki armbandið, og var eg að hugsa um að kaupa armband og senda norður í staðinn. Var það efst í huga mínum, er eg kom á fundinn.

Viku eftir fundinn hringir Guðmundur Þorsteinsson til mín og spyr, hvort ekki geti verið að eg eigi armband niður frá hjá sér, það liggi niður á verkstæðinu innpakkað.

Eg varð harla glöð, því að þarna kom armbandið í leitirnar og hafði það með einhverjum hætti orðið eftir, er hitt var tekið.

Reykjavík, 2. maí 1952.

Guðný Kjartansdóttir, Tungufelli, Kópavogi.

Þennan atburð er mér ljúft að votta, eg minnst hans glögglega.

Ottó A. Michelsen, sitjari.

Hún vissi það fyrir.

Á fundi, sem eg sat hjá Hafsteini 16. febrúar 1952, komu þeir feðgarnir til mín, sonur minn Baldur, sem drukknaði fyrir mörgum árum og maðurinn minn, Magnús Jónsson, fyrrverandi bæjarfógeti í Hafnarfirði. Þeir töluðu báðir við mig og Baldur sagði:

„Eg er oft heima hjá ykkur, mamma, og veit alltaf, hvernig þér líður. Þú sefur þarna undir súðinni, þar sem lampinn er. Svo er eg líka hinumegin, í hinni stofunni, þar sem myndin af mér er, þar er eg með stúdentshúfuna“.

Þetta var rétt, bróðir hans Oddgeir hefir mynd af

honum inni hjá sér, og þar er Baldur með stúdentshúfuna á myndinni.

Næst lýsti Finna föður mínum, séra Oddgeiri Gudmundsen, og var honum lýst í fullum skróða. Hann lét Finnu flytja mér boð og bað fyrir kveðju til systkinanna, einkum Margrétar, sem býr í Californíu. Næst kom kona, sem sagt var að ætti erindi við mig. Lýsti Finna henni mjög skýrt og síðast sagði hún nafnið, Ragnheiður. Sömuleiðis lýsti Finna umhverfinu, þar sem Ragnheiður hefði átt heima, áður en hún andaðist og nefndi manninn hennar og starf hans. Finna sagði líka, að hann væri giftur aftur.

Eg var ekki í efa um, að hér var verið að lýsa Ragnheiði mágkonu minni, sem gift var bróður mínum, Þórði Oddgeirssyni, presti á Sauðanesi á Langanesi. Lýsingarnar voru svo ákaflega nákvæmar, bæði mannlýsingarnar og staðarlýsingar. En þarna hefir miðillinn aldrei komið, svo eg viti til. Eg fékk líka óræka sönnun á því, að þetta var hún. Að síðustu kom hún sjálf í gegn og var mjög sterk í sambandinu. Hún greip svo innilega í hönd mér. Svo reis hún upp, laut ofan að mér og hvíslaði í eyra mér. Þegar mér varð ljóst, hvað hún vildi, skildi eg að þessi orð voru aðeins ætluð mér. Þetta var leyndarmál, sem varðaði fjölskyldu hennar, sem engin óviðkomandi mátti heyra, en sem hún virtist vita, eins vel eða betur en þeir, sem lifðu hér, enda þótt þetta, sem um var að ræða, gerðist ekki fyrr en eftir hennar dag. Eg fann vel, hve annt henni var um að koma þessu til mín. En af því að þetta er fjölskyldumál, verður ekki sagt hvað þetta var. Ragnheiður bað mig fyrir boð til vissrar mann-

eskju, sem henni var annnt um. Get eg vel sagt hvað viðkomandi sagði, er eg hafði skilað þessu:

„Já, það er auðheyrt, að hinir látnu vita, hvað gerist hér megin“.

Sömuleiðis bað frú Ragnheiður mig fyrir boð til sonar síns. Hann vinnur á Keflavíkurflugvelli.

Hún sagði, að hann skyldi ekki fara vestur, þótt honum stæði það til boða.

Eg skildi þessi boð ekki, en eg flutti þau, eins og um var beðið. Hélt hann að það kæmi ekki til mála, að hann færi til Ameríku að sinni. En á laugardaginn fyrir páska kom hann til mín og sagði:

„Nú stendur mér til boða að fara vestur, ef eg vil“.

Reykjavík, 10. apríl 1952.

Guðrún Jónsson, Mávahlíð 25.

Við, sem vorum sitjarar á þessum fundi, erum fús til að votta, að rétt er skýrt frá hér að framan.

Anders G. Jónsson, Reynimel 42. Margrét Sigurðsson.

Eg undirritaður viðurkenni hér með að hafa meðtekið skilaboð, frá látinni móður minni, þess efnis að hún óskaði þess eindregið, að eg færi ekki til Bandaríkjanna. Boðin komu í gegnum Hafstein Björnsson miðil. Þá var ekki útlit fyrir að eg færi til Ameríku. En tveim mánudum eftir að mér barst þessi orðsending, var mér gefinn kostur á því að fara í sumarfríu mínu til Bandaríkjanna. En eg vinn sem stendur á Keflavíkurflugvelli.

Reykjavík, 2. júní 1952.

Oddgeir P. Oddgeirsson.

Óvænt farartöf.

Í löngu samstarfi mínu með miðlinum Hafsteini Björnssyni hefi eg margoft þóttzt verða þess áskynja, að vinir okkar handan við tjaldið vissu fyrir og segðu fyrir óorðna hluti. Þess háttar forsagnir eru þó ávallt mótaðar mikilli varkárni. — Þess er vandlega gætt, að valda ekki fundargestum hræðslu né kvíða. — Forsagnir um óframkomin ferðalög, ókomin bréf og fleira þess háttar eru mjög tíðar. Oft fá fundargestir svör við spurningum, sem liggja þeim þungt á hjarta, varðandi fjölskyldumál. Eru þá þau ein svör veitt, sem miða til þess, að eyða áhyggjum, glæða vonir, og varpa birtu inn í framtíðina. Um óframkomin slys og annan ófarnað eða aðsteðjandi harma er lítið gert uppskátt.

Eg óska að greina hér frá einu atviki frá sumrinu 1948. Eg átti þá sæti á ráðstefnu um útvarpsmál, er háð var í Kaupmannahöfn þrjá mánuði samfleytt. Konan mín var með mér tvo mánuði af þessum tíma, en fór heim mánuði á undan mér. Áður en hún fór, hafði eg keypt farmiða fyrir sjálfan mig hjá flugfélaginu American Overseas Airways og var heimfarardagurinn ákveðinn 18. september. Eftir að konan mín kom heim, sat hún fund hjá Hafsteini Björnssyni og átti þar meðal annars tal við Rúnka (Runólf Runólfsson). Barst talið að mér og innti hún eftir um líðan mína. Kvað Rúnki hana vera í góðu lagi og fór samtalið þeirra fram eitthvað á þessa leið:

Sigurlaug: „Hann kemur nú heim 18. september“.

Runólfur þegir við, en segir síðan: „Ætli það. Ætli hann komi heim þann 18?“

Sigurlaug: „Já. Það er ákveðið. Hann er búinn að kaupa farmiða með ferð þann 18.“

Rúunki: „Nei. Eg hygg að hann komi nú ekki heim þann 18.“

Sigurlaug: „Það getur náttúrulega skeð, að flugvélinni seinki eitthvað, svo telja meg, að hann komi ekki fyrir en 19. september“.

Rúunki: „Nei. Ekki verður það. „Hann kemur ekki með þeirri ferð“.

Sigurlaug: „Þú ert nú bara að stríða mér“. Ekki vildi Rúunki fallast á það, en konan mín lagði á þetta lítinn trúnað eða engan og hugsaði ekki um það meira.

Nú vikur sögunni til Kaupmannahafnar. Kvöldið hinn 17. september hafði eg búið niður föggur mínar og var albúinn til farar snemma næsta morgunn. En klukkan sex um kvöldið er hringt til mín í síma frá flugafgreiðslu A. O. A. Var mér tjáð, að flugafgreiðsla félagsins í Stokkhólmi hefði hringt rétt í þessu og spurzt fyrir um það, hvort unnt mundi vera að eftirláta henni tvö sæti af þeim, sem ákveðin hefðu verið frá Kaupmannahöfn. Flugvélin hóf ferð sína frá Stokkhólmi og þar voru fleiri farþegar, en unnt var að taka, nema rýmt yrði fyrir þeim í Kaupmannahöfn. Fór félagið þess á leit við mig, að eg frestaði för minni um einn dag og tæki mér far með íslenskri flugvél beint til Reykjavíkur. Eg varð allshugar feginn, er svo vildi til, að eg gat komið með íslenskri flugvél beina ferð og sendi konunni minni þegar símskeyti um þessa breytingu. Rifjaðist þá upp fyrir henni, hverju Rúunki hafði spáð og þótti hann verið hafa forvitri.

Við hjónin vottum bæði þessa frásögn. Um þær mundir, sem konan mín sat áðurnefndan fund, 2—3 vikum áður en eg kom, gat enginn maður á jarðríki, vitað um þessa breytingu á för minni, því hún vitnaðist hvorki né réðst fyrir en kvöldið hinn 17. september.

Pegar eg síðar spurði Rúnka um það, hvernig hann hefði getað vitað þetta fyrir, svaraði hann á þessa leið: „Það get eg ekki skýrt fyrir þér. Línan náði þangað“.

Reykjavík, 24. maí 1952.

Jónas Þorbergsson. Sigurl. M. Jónasdóttir.

Bróðurkveðja.

Tuttugasta og níunda september 1949 vorum við Ragnheiður systir mín að gera tilraun með glas herna heima. Við höfðum oft gert þetta áður, en þá komið í samband við Jón bróður okkar, er andast hafði úr lungnaberkklum árið 1945, 7. október.

Það var laugardagur og veður dásamlega gott, eins yndislegt haustveður og völ er á hér á landi. Klukkan var rúmlega sex að kvöldi og sól því komin lágt á vesturloftið. Hvammsfjörður var lygn og sléttur og alveg hvítalogn úti, en geislar kvöldsólarinnar mynduðu brú stranda í milli, eins og af gulli gjörða.

Pegar við systurnar vorum ný settar við borðið, stafaði glasið:

Aftanroðinn ekki dvín
út um sund og voga.
Falleg eru fjöllin mín
á firðinum geislar loga.

Þessi vísa kom frá Jóni bróður okkar og urðum við systurnar ákaflega glaðar við. Gaf það vísunni margfallt gildi í okkar augum að finna þar sömu ástúðlegu hlýjuna til æskustöðvanna og ávallt gætti í öllu hans jarðlífi. Mörgum kann að finnast, að engin sönnun sé fyrir því, að vísa þessi hafi komið frá honum, hún hafi getað orðið til í huga okkar systra. En því neitum við eindregið. Þetta var og er okkur of hjartfólgið mál, til þess að við færum að saurga það með svikum. Það, sem síðar kom fram, sannar líka að vísan kom frá Jóni.

Síðar þetta sama haust fór eg til Reykjavíkur. Átjándanóvember var eg á fundi hjá Hafsteini Björnssyni miðli. Hallgrímur bróðir minn kom til Reykjavíkur þennan sama dag og fundurinn var og sat fundinn með mér. En Hallgrímur vissi ekki um vísuna, sem stafaðist með gláinu, og enginn, sem sat fundinn, nema eg. Jón kom í gegn og var ákaflega glaður yfir því, að við systkinin skyldum koma á fundinn, svo að hann gæti náð sambandi við okkur. Hann spurði eftir öllum heima með nafni, en þó sérstaklega eftir litla drengnum sínum, sem verið hefir hjá okkur í fjögur undanfarin ár.

Við spurðum, hvort hann syngi ekki ennþá. Þá svarar hann og hlær við:

„Jú, það geri eg, og ennþá er eg dimmur“.

Jón hafði ágæta bassarödd, eins og þeir munu kannast við, sem hlustað hafa á M. A. kvartettinn.

Þá segir Jónas Þorbergsson, er var sitjari á fundinum:

„En hvernig er það, vinur, yrkir þú ekki ennþá?“

„Jú, jú“, svarar Jón. „Það geri eg“.

Þá segi eg: „Hvernig er það, Nonni minn, hefir þú gert okkur nokkuð skiljanlegt af því tæi, síðan þú fórst“.

„Já, mannstu ekki með glasinu“, segir hann. Margt fleira ræddi hann við okkur. En mér þótti sérstaklega vænt um þetta svar hans, sem staðfestingu þess, að vísan hefði verið eftir hann. Og hvað mig áhrærir, staðfesti þetta líka, að mark sé takandi á tilraunum með glas, þótt margir álíti að svo sé ekki. Þegar eg og við systur höfum gert slíkar tilraunir, hefir Jón margsinnis komið og sagt fyrir ýmsa atburði eða atvik, sem áttu eftir að gerast. Þótt sumt af því hafi verið þannig, að við höfum efazt, þá hefur það þó undantekningarlítið gengið eftir, og við orðið að kannast við, að vantrú okkar væri ástæðulaus.

20. febrúar 1952.

Sólveig Jónsdóttir, Ljárskógum.

Frásögn þessi er rétt að því er við bezt munum.

Jónas Þorbergsson. Sigurl. M. Jónasdóttir.

Hún sannaði sig.

Eg var á fundi hjá Sálarrannsóknafélagi Íslands 4. júlí 1951. Miðillinn var Hafsteinn Björnsson.

Margt fólk kom í sambandið til hinna fundarmanna. En eg kannaðist við fátt af því. Um miðbik fundarins er farið að lýsa hjá mér konu, sem eg kannaðist ekkert við, hvorki við persónulýsingu né nafnið, sem þó var nefnt, en eg mundi ekki eftir að hafa heyrt fyrir en á fundinum. Þrátt fyrir neitun mína hélt Finna samt áfram að lýsa konunni. Segir Finna, að þessi kona fullyrði, að eg þekki sig. Eg muni bara ekki eftir henni í bili, en hún ætli ekki að gefast upp fyrir en eg kannist við sig.

Eg mundi ekkert eftir þessari konu, og mér var farið að leiðast þetta þóf. Þá segir Finna að konan segi:

„Svo oft kom eg í búðina til þín, að þú ættir ekki að vera búinn að gleyma mér“. Lýsti svo Finna eftir sögn þessarar konu búðinni, sem eg vinn í og nánasta umhverfi og var sú lýsing mjög rétt og nákvæm.

Við þetta vaknaði forvitni hjá mér. Nú spurði eg, hvort hún gæti sagt mér, hvar hún hefði átt heima, og var þá nefnt húsnúmer 38, en hún virtist eiga bágð með götunafnið. Fór eg þá að geta upp á ýmsum götunöfnum í nágrenninu, en allt án nokkurs árangurs. Þá stakk eg upp á því, að hún hugsaði sér að hún væri stödd í búðinni, sem eg vinn í, og færi úr búðinni heim til sín. Hún lýsti leiðinni með eftirfarandi orðum:

„Þegar eg kom út úr búðinni, fór eg framhjá mjólkurbúðinni og horninu, þar sem oft var svo hvasst og gekk beint upp götuna, sem búðin er við og heim til mín á 38“.

„Bræðraborgarstíg?“ spyr eg.

„Já, Bræðraborgarstíg 38“, sagði hún og varð um leið mjög glöð, en hvarf með það sama úr sambandinu.

Kona þessi hét Hjálmrún Hjálmarsdóttir og þekkti eg hana mjög lítið. Vissi ekki einu sinni, hvar hún átti heima, meðan hún lifði hér. Sennilega hefir hún oft komið í búðina, en þangað koma margir og veit eg nöfn fæstra þeirra. En kona þessi er mér sérstaklega minnistæð nú, af því að eg tel þetta eina albeztu sönnunina, sem eg hefi fengið fyrir framhaldslífinu.

Reynir Eyjólfsson.

Eg, sem sat þennan fund, votta að rétt er farið með.

Sigríður Einarsdóttir.

Eg undirritaður votta, að Reynir Eyjólfsson kom heim til mín á Bræðraborgarstíg 38, 5. júlí 1951, til þess að fá upplýsingar um, hvort hér hefði búið kona að nafni Hjálmrún Hjálmarsdóttir. Hún var móðir mín og sagði hann mér frá því, sem að ofan greinir.

Gísli Sigurðsson.

Fyrsti miðilsfundurinn.

Eftir að pabbi minn og Jón bróðir minn voru báðir dánir, langaði mig mjög mikið til þess að komast á miðilsfund, ef ske kynni, að eg kæmist í samband við þá, eða aðra kæra ástvini, er farnir voru yfir til fyrirheitna landsins. Það var þó ekki fyrr en nokkrum árum eftir andlát þeirra, að eg fékk aðgang að fundi hjá Hafsteini Björnssyni miðli, er hann hélt á vegum Sálarrannsóknafélagsins.

Fundurinn hófst eins og venjulega eftir að ljós voru slökkt og fundargestir komnir í sæti sín og miðillinn settur. Meðan sunginn var sálmur og bæn flutt, féll miðillinn í trans, og tóku þeir, sem voru við sambandið hinumegin, að tala af vörum hans. Ekki komu neinir til mín þá strax. En eftir að nokkrir aðrir, sem fundinn sátu, höfðu fengið sannanir fyrir nærveru kunningja eða ástvina sinna, sneri Finna sér að mér og segir, að til mín komi tveir menn gráhærðir, sem séu mjög ánægðir að sjá mig, biðji þeir að heilsa öllum heima, en sérstaklega gömlu gráhærðu konunni — móður minni. — Síðan lýsir Finna þeim mjög greinilega. Blandaðist mér ekki hugur um, hverjir þetta væru. Eg þekkti þarna föður minn og Jón heitinn skósmið, uppeldisbróður pabba, sem dvaldist

hjá okkur síðustu æviárin og dó hjá okkur, eins kær okkur og nákominn ættingi.

Svo segir Finna að komi hár, ungur maður og lýsir honum. Eg þekkti þar Jón bróður minn, lýsingin var svo nákvæm. Finna segir, að hann segist hafa verið með mér, er eg fór með bréfin á pósthúsið.

Þetta litla atvik var fallið mér úr minni, en rifjaðist upp, er eg var minntur á það. Þetta atvik, þótt smátt væri, sannfærði mig um, að hér gátu ekki verið brögð í taflí. Enginn nema eg vissi um bréfin, né ferð mína á pósthúsið.

Finna segir svo að Jón sé farinn, en komi seinna. Þegar liðið er á fundinn, kemur Jón í gegnum miðilinn, sem kallað er og talar af vörum hans. Það gekk nú erfiðlega í fyrstu. Hafsteinn er fremur lítill maður á vöxt og grannur. Jón var mjög stór, um þrjár álnir á hæð, og það furðaði mig stórkostlega, hve mikið Hafsteinn gat stækkað. Jóni var mjög þungt fyrir brjósti. Hann reis svo upp í stólnum, lágum hægindastól, hreyfingin var nákvæmlega eins og síðasta daginn, sem Jón lifði, er hann reis þá upp frá koddanum. Það var svo átakanlega líkt, að mér gat ekki blandast hugur um, hver var að koma til mín. Síðan teygir hann hendur í áttina til mín og segir:

„Mundi — Mundi minn“, og svo: „Er hann ekki Mundi hérna?“

Hann sagði þessi orð með sínum eðlilega, elskulega hljómbæ, er var sérkennandi fyrir hann.

Eg var fljótur að grípa framréttar hendur hans. Handtakið var svo eðlilega líkt hans handtaki, en einnig handtakið eins og röddin var sérkennandi fyrir hann, hlýtt og

þétt og innilegt. Ekkert handtak hefi eg fundið líkt hans. Allt þetta sannfærði mig um að elsku bróðir minn var þarna kominn, þótt líkami hans væri rotnaður í moldinni. Svo þakkaði hann mér fyrir allt, sem eg hefði gert fyrir sig og minntist á eitt og annað, sem okkur einum var kunnugt um, af þeim, sem þarna voru viðstaddir.

Þetta var allt svo eðlilegt og sannfærandi, að eg gat ekki efazt, og þá ekki hvað sízt samtalið við Jón, sem og það, hvað hann vissi allt, sem hafði gerzt eftir að hann dó og var að gerast hjá okkur heima. Þessi vitnenskja hans hefir og komið fram á öðrum fundum, sem eg hefi setið með Hafsteini, og er dásamlegt samræmi á milli allra fundanna. En flest, sem komið hefir fram, snertir okkur heima persónulega og hefir því aðallega sönnunargildi fyrir okkur. Á síðari fundunum hefir pabbi einnig komið fram og sannað sig ágætlega, sem og fleiri.

Ljárskógum, 10. marz 1952.

Guðmundur Jónsson.

Við, sem sátum þennan fund, erum fús til að votta að frásögnin af fundinum er rétt.

Margrét Sigurðsson. Jónas Þorbergsson.

Hálsmenið.

Laugardaginn 12. apríl 1952 sat eg fund á vegum Sálarrannsóknafélags Íslands, miðillinn var Hafsteinn Björnsson.

Þegar fundur hafði staðið góða stund og ýmsu fólki verið lýst mjög greinilega fyrir fundarmönnum, var konu

minni lýst mjög nákvæmlega og nefnt um leið nafn hennar, Guðrún Guðmundsdóttir.

Skiftumst við á kveðjum og spurðum um líðan hvors annars. Því næst óskaði eg henni til hamingju með daginn og spurði, hvort hún myndi, hvaða dagur væri í dag.

Hvarf hún þá úr sambandinu, en Finna sagði, að hún kæmi aftur mjög bráðlega. Finna spurði, hvort það væri giftingardagurinn okkar, það væru blóm á bóka-skápnum heima í stofunni minni.

Eg sagði það ekki vera. Rétt fyrir lok fundarins kom konan mín aftur í sambandið og töluðum við þá um eitt og annað, en það er algert einkamál og hefir ekkert sannanagildi fyrir aðra en mig. Aftur spurði eg, hvort hún myndi hvaða dagur væri í dag.

Eftir örlitla stund sagði hún: „Það er 12. apríl“, og svo bætti hún við: „Eg segi þér það á eftir — og svo þraut krafturinn og hún fór úr sambandinu.

Í hálftransinum birtist hún með silfurhálsmen, og lýsti miðillinn því og tók fram, að það væri með svörtum steini. Á fundinum gat eg ekki áttað mig á því, hvenær, né við hvaða tækifæri hún hefði eignast þetta hálsmen. Eg var með men í huganum, sem hún hafði fengið að gjöf seinasta árið, sem hún lifði, en einhvern veginn fannst mér lýsingin ekki geta átt við það men.

Á þessum fundi var föðursystir mín, sem var mjög handgengin okkur hjónunum. Þegar konan mín átti yngsta son okkar, sem þennan dag var 7 ára, var þessi föðursystir mín hjá konu minni og þótti konu minni sérstaklega vænt um að hafa hana hjá sér.

Það var skýrt tekið fram, að menið væri með svörtum steini. Eg fullvissaði mig um, að það gat ekki átt

við menið, sem hún hafði fengið að gjöf, það var ekki með steini. En löngu eftir að konan mín var dáin hafði eg gefið þessari föðursystur minni silfurmen á merkisafmæli hennar. Það men var með svörtum steini. Lýsingin átti við það — eða það fannst okkur, mér og föðursystur minni. Skildist mér nú, að hún hafi á þennan hátt verið að svara spurningu minni, með því að minna á þessa föðursystur mína, sem var hjá henni þennan dag fyrir 7 árum, er drengurinn fæddist.

Reykjavík, 12. apríl 1952.

Reynir Eyjólfsson, Hringbraut 52.

Við munum vel eftir því, sem gerðist á fundinum, og erum fúsar til að votta, að rétt er skýrt frá hér að framan.

Sigríður Einarsdóttir. Margrét Sigurðsson.

Hann sagði það fyrir.

Á fundi, sem frú Nielsína Ólafsdóttir Laugaveg 76, sat hjá Hafsteini í húsi frú Lilju Kristjánsdóttur, Laugaveg 37, kom maður hennar, Daníel Daníelsson, fyrrum dyravörður í Stjórnarráðinu, til hennar og spyr, hvernig gangi með Hestamannafélagið Fák.

„Eg held að það gangi vel“, svarar Nielsína, „en lítið gerist“.

„Það stendur nú töluvert til hjá þeim í vor“, segir Daníel.

„Jæja, er það“, segir Nielsína. Hún hafði ekkert frétt, og vissi ekki, að neitt væri í undirbúningi.

„Þeir ætla að hafa allsherjar hestamannamót á Þingvöllum í vor“, segir Daníel.

„Eg hefi ekkert um það heyrt“, segir Nielsína.

Þessi fundur, sem hún sat, var í október. Líður nú langt fram á vetur og fréttir Nielsína ekkert um þetta fyrirhugaða mót, sem maður hennar ræddi um.

Einn dag seint á vetrinum kemur Einar Sæmundsen til hennar.

Þá segir Nielsína: „Hvað gerist hjá ykkur í Fák?“

„Ekkert“, svarar Einar.

Þá segir Nielsína: „Það verður ekki fyrr en í vor þetta allsherjar hestamót á Þingvöllum“.

„Nú, hvað er þetta. Hver hefir sagt þér þetta?“ spyr Einar undrandi.

„Eg hefi vitað það síðan í haust í október“, segir Nielsína.

„Jæja“, segir Einar. „Við komum nú saman í gærkvöld og þá var fyrst gengið endanlega frá þessu máli“.

Nielsína Ólafsdóttir.

Ofanskráð samtal okkar frú Nielsínu Ólafsdóttur er rétt hermt, að því er eg bezt man. Stjórn Fáks kom saman á heimili formannsins, Björns Gunnlaugssonar, föstudagskveldið 18. apríl 1941, og var þá samið bréf, er sent var formönnum allra hestamannafélaga landsins, og þar ákveðið, að hið væntanlega hestamannamót skyldi hefjast á Þingvöllum laugardagskveldið 28. júní n. k.

22. apríl 1952.

Einar E. Sæmundsen.

Eg bjóst ekki við þeim.

Síðasti fundur, sem við hjónin sátum hjá Hafsteini, var 15. marz 1952.

Mjög snemma á fundinum var sagt, að hjá mér stæði kona, sem hétu Sigurbjörg.

„Hún er með lítið barn“, er sagt, „dreng, sem hún leggur í kjöltu þína. Hann væri orðinn stór, ef hann hefði lifað“.

Af lýsingunni kannaðist eg við þessa Sigurbjörgu. Hún var amma mín. Eg spurði um nafn drengsins, en Finna fann það ekki. Foreldrar mínir misstu þriggja mánaða dreng, óskirðan, og verður þá auðskilið, hversvegna ekki var hægt að ná nafninu, sem aldrei var til. En síðan eru liðin 23 ár.

Næst kom í gegnum miðilinn maður, sem rétti fram hendur til mín. Eg spurði:

„Hver ert þú?“

„Maggi“, var svarað.

Eg, sem taldi mig þekkja málrómm hans og handtak, fagnaði honum.

En mér fannst eins og hrollur væri í honum, og hann sagði:

„Mér er kalt. Eg er blautur“.

„Þér er ekkert kalt núna“, segi eg.

Hann var sterkur í sambandinu og talaði talsvert við mig. Meðal annars sagði hann: „Eg er oft hjá þér og ykkur. Eg er alltaf að reyna að hjálpa ykkur, hugsuð þið til mín, ef ykkur liggur á“.

Eg var sannfærð um að hann væri Magnús bróðir minn, sem drukknaði fyrir fjórum árum við hafnargarð-

inn í Ólafsvík, ásamt tveimur mönnum öðrum. Þeir voru að flytja kol í land. En þeir drukknuðu í síðustu ferðinni, þá rétt komnir að landi.

— — —

Á fundi, sem eg var á í fyrra, kom í gegn hjá Hafsteini gömul kona. Var henni sjálfri lýst nákvæmlega og eins lýst umhverfi því, sem hún hafði alið aldur sinn í, meðan hún lifði hér.

Sagt var, að hún væri með sjal á herðum og að hún gengi álút. Hún sýndist hölt, en hún væri það ekki. Sagt var, að hún hétí Helga og eg hefði þekkt hana, þegar eg var barn. Eg spurði, hvort þeir gætu lýst staðnum, sem hún átti heima á. Þá var svarað:

„Hún átti heima niður við lækinn, fyrir neðan heimili þitt, en hún átti líka heima upp frá, uppi í hlíðinni, eða undir hlíðinni, þar sem túnin eru“.

Þetta var allt rétt. En eg bjóst sízt við að Helga kæmi. Eg mundi ekkert eftir henni. En minningar frá bernskuárum rifjuðust upp, er henni var lýst svona nákvæmlega. Eg man fyrst eftir henni í litlum bæ við lækinn, skammt fyrir neðan heimili foreldra minna. Síðan flutti hún upp í brekkuna undir hlíðinni, og bjó í kjallara í húsi því, sem sparisjóðurinn hafði. Túnin undir hlíðinni kannaðist eg vel við. Helga er dain fyrir mörgum árum.

Næst kom gamall maður. Var sagt að hann kæmi til mín. Hann hétí Jón. Eg spurði, hvort hægt væri að lýsa honum. Þá var sagt: „Þetta er gamall maður. Hann átti heima í litlum bæ undir fjallinu. Það eru tún umhverfis bæinn. Hann var líka hjá ykkur“.

Eg var dálitla stund að átta mig á þessu. En þegar eg var 13—14 ára, varð þessi gamli maður veikur, og tóku

foreldrar mínir hann um tíma, til þess að hlynna að honum. Hann bjó í litlum bæ undir hliðinni, umhverfis bæinn voru græn tún. Eg bjóst ekki við honum fremur en Helgu. Hvorugt þeirra var neitt tengt mér.

— — —

Á einum fundinum, sem eg sat hjá Hafsteini Björnsyni, kom afi minn, Magnús. Var sagt að þeir væru saman, Magnús bróðir minn og hann. Var afa mínum lýst, sagt að hann hefði haft alskegg og svo haldið áfram að lýsa honum. Síðast var þess getið, að hann væri með hestinn sinn með sér. Hesturinn væri skjóttur. Hann var mikill hestamaður. Þekkti eg, að þarna var hann með uppáhaldshrossið sitt, skjóttu hryssu, sem hann átti lengi. Á þessum sama fundi var Magnúsi bróður mínum lýst mjög nákvæmlega, sagt að hann hefði ljóst hár og blá augu. Svo sagði sá, sem lýsti, að bróðir minn færi með sig heim á heimili mitt, sýndi sér húsið og nefnt var húsnúmer: Laugaveg 59. „Nú fer hann með mig upp tröppurnar og inn í lítið anddyri, og inn í litla stofu, og úr henni gengur hann inn í aðra stofu. Þar situr þú oft, og hann er oft hjá þér, þótt þú sjáir hann ekki. Var sagt í hvaða stóli og hvar í stofunni eg sæti venjulega. Útlit var fyrir að nákunnugur maður væri að lýsa heimili mínu. Er allt rétt, líka það, að í þessari stofu sit eg oftast en í hinni og sit eg þá í þessum stóli, sem til var tekið í lýsingunni.

Hafstein þekkjum við ekki og ekki veit eg til þess, að hann hafi komið í húsið á Laugaveg 59, þar sem við búum. Mér er næst að halda, að hann viti ekki, hvar við eigum heima.

Eg sé Hafstein aldrei nema á fundum og þá í hálf-

rökkri. Vel má vera, að eg hafi oft mætt honum á götu, en eg þekki hann ekki.

Reykjavík, 20. apríl 1952.

Valgerður Jóhannsdóttir, Laugaveg 59.

Eg, sem verið hefi á fundum með konu minni, votta að frásögnin er rétt.

Gunnar Guðjónsson, Laugaveg 59.

Eg var á þessum fundi og man þessi atriði að fram-
an vel.

Guðmundur Björnsson, Bergstaðastræti 35.

Þetta er rétt.

Margrét Sigurðsson, sitjari.

Frá Eriksdale.

Ólafur Halson frá Eriksdale, Man. Kanada, dvaldist hér á landi sumarið 1950. Hann hafði mjög mikinn áhuga á sálarrannsóknarmálunum og leitaðist mikið eftir að komast á fund hjá Hafsteini Björnssyni miðli. Það var mjög erfitt að komast að. En svo fór nú samt, að Ólafur sat einn fundi þá um vorið og svo aftur um haustið, eftir að fundir hófust á ný.

Ólafur var mjög hrifinn af fundunum og þeirri vitn-
eskju, er honum barst gegnum miðilinn. Eftir að hann kom vestur, skrifaði hann miðlinum, og verður hér á eftir tekinn kafli úr bréfinu, sem varðar fundina, er hann sat hjá Hafsteini:

— — —

„Eg trúði áður á framhaldslíf eftir þessa tilveru, en

eg fékk í gegnum þig alveg ótvíræða sönnun fyrir því, að vinir mínir, sem farnir eru á undan, lifa ennþá, taka þátt í og vaka yfir velferð minni. Eg man ekki, hvort eg gat þess við þig, að af vörum þínum kom mjög nákvæm lýsing af heimili mínu hér í Eriksdale. Húsi mínu var lýst og herbergjaskipun og herbergin talin hvort fyrir sig, sömuleiðis var lýst húsgögnum. Allt var þetta rétt. En um það vissi eg auðvitað, en enginn annar fundarmanna.

En þarna kom atriði, sem eg taldi ekki rétt og kannaðist ekki við.

Þú talaðir um skinn, sem væri á gólfinu, lýstir lit þess. Þegar eg sagði, að þetta gæti ekki verið skinn, sagðir þú:

„Jú, víst er það loðið, heldurðu að eg finni það ekki“.

Eg efaðist. En þú sagðir: „Sjáðu til, þegar þú kemur heim til þín“.

Þegar eg kom svo heim til Ameríku, var ábreiða — eða teppi á gólfinu, sem ekki var, er eg fór. Að vísu ekki úr skinni, en loðin og með sama lit og þú sagðir, og í sama herbergi og þú tilgreindir. Þú sagðir: „Þar sem píanóið er og skrítni glugginn“. Konan mín hafði keypt teppið eftir að eg fór, og í þessari stofu var það fundardaginn og er þar enn. Allt, sem þú sagðir að vestan, var rétt. Þótti mér mannlýsingarnar harla merkilegar og hvað létt var að koma með nöfn og löngu liðna atburði, sem grafnir eru lengst í vitundinni og næstum gleymdir, en rifjast upp, er minnt er á þá.

Væri óskandi, að þú gætir varið öllum þínum tíma í þágu þessa málefnis, undir vísindalegri vernd. Allt, sem sagt er á svona fundum, ætti að skrifast niður strax. Ef eg hefði átt þess kost að fá það tekið niður með hrað-

skrift væri þetta enn gleggra. Það er svo erfitt að muna, hvernig orðin falla, þó tel eg mig muna það greinilega, hvað skinnið eða teppið áhrærir“.

Ólafur Halson.

Eftir að Ólafur Halson hafði verið á fundi hjá Hafsteini, kom hann til mín og sagði mér, hvað gerzt hefði á fundinum. Eg man sérstaklega eftir þessu atriði með skinnið á gólfinu, af því að Ólafur taldi, að í þessu eina atriði hefði þeim skeikað með lýsinguna.

Reykjavík, 29. marz 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Við, sem sátum þennan fund, vottum að rétt er skýrt frá.

Sigríður Einarsdóttir, Karlagötu 3.

Margrét Sigurðardóttir, Sólvallagötu 33.

Þættir.

Loksins, 23. febrúar 1952, lét ég verða af því að koma á fund á Sólvallagötu 3 með miðlinum Hafsteini Björnsyni. Ég var tekinn að líða önn fyrir vanrækslu mína á gátunni um framhald og framþróun lífsins og hirðuleysi mitt um horfna ástvini. Eg hafði naumast léð þessum málum nokkra hugsun frá því á árunum 1907 til 1909, er ég aflaði mér reynsluþekkingar í hópi þeirra prestanna, séra Matthíasar Jochumssonar og séra Jónasar frá Hrafnagili, ásamt konu hans, frú Þórunni Stefánsdóttur, o. fl. ágætis fólki. Miðillinn, sem þessi hópur hafði til umráða, í leit sinni að þekkingu, var ung, veikbyggð og fíngerð stúlka, Guðný Jónsdóttir frá Kimbastöðum í Skagafirði.

Hún giftist síðar Kristófer Grímssyni og búa þau á Silfur teig 4 í Reykjavík og eiga þrjá mannvænlega sonu. Guðný var á þeim árum mikill og góður miðill, en það er önnur saga að segja frá því. En lífsreynsla mín með þessu fólki var mér eigi minna virði en litla margföldunartaflan í viðskiptalífinu. Barn að aldri lærði eg að skilja að $9 \times 9 = 81$. Það var svo þá og er svo enn, jafnt hér á landi, sem í Kóreu eða Kaliforniu og hlýtur að hafa verið svo frá því löngu fyrir daga Nóa, og mun svo verða til eilífdar-nóns, þessu má treysta.

Fundinn á Sólvallagötu sátu auk miðilsins og tveggja aðstoðarmanna hans, fimm þátttakendur auk mín, sem kom þar inn með eins dags fyrirvara undir nafninu N. N. og þekkti eg ekkert af því fólki, sem þar var fyrir. Myrkur var í stofunni, er miðillinn kom inn, en kveikt á rauðu ljósi, sem lifði allan fundartímann, eftir að hann var sofnaður.

Skömmu eftir að miðillinn hafði fallið í sitt sérkenni-lega ástand, tók hann að lýsa stórum og fallegum manni, sem enginn gat áttað sig á hver væri. Síðan heldur hann áfram og talar slitrótt: „Ólafur — — Ólafur — gamall maður á Akureyri. Skotið fór í gegnum skipið. Margir drukknuðu. — — Ólafur, gamall maður á Akureyri, faðir hans“. Áttaði eg mig nú á því, að hér myndi vera átt við Ólaf, föður Þóris stýrimanns á Goðafossi, sem skotinn var í kaf 10. nóv. 1944 rétt fram af Garðskaga. Bætir þá miðillinn við: „Hann segir, að þú hafir þekkt sig bezt, þegar hann var lítill drengur. Sendið hlýja kveðju til Ólafs á Akureyri“. Voru báðir þeir feðgar, Þórir og Ólafur, nákunnugir aldavinir mínir frá fyrstu kynningu.

Nú stóð miðillinn upp til hálf og snerti á höndum allra fundarmanna og klappaði misjafnlega fljótt og innilega á þær. Varð eg fyrir þeim áhrifum, að eg myndi vera eitt af góðu börnunum í hópnum, og þá er hann settist niður, var svo að sjá og heyra, að honum væri mikið niðri fyrir og gaf í skyn, að mikið væri af góðu og glöðu framliðnu fólki, sem vildi komast á minn fund. Tók hann þá að lýsa hvítklæddri konu með slæðu og krans á höfði, sem eg ætti mynd af. Var mér ljóst, að hér var átt við myndina á bls. 247 í bók minni Synda eða sökkva. Miðillinn flutti þakkarorð frá konunni til mín, sem tók að minna á ferðalag með mörgu fólki yfir heiðar og í skógi og var frásögnin efnislega í samræmi við ferðaþáttinn í nefndri bók á bls. 244.

Vaðlaheiði, Vaglaskógur, og Fnjóskadalur var aldrei nefndur í þessari lýsingu, en er miðillinn hafði tekið nokkra hvíld, segir hann allt í einu hátt og skýrt: „Bleiksmýrardalur? — Bleiksmýrardalur, hvar er hann?“ Gell eg þá við og segi: „Hann er framhald af Fnjóskadal“. Við þetta lifnar svo yfir miðlinum, að líkast var, að heill heimur hefði opnast fyrir honum og tók að tala af ákafa eitthvað á þessa leið: „Þar eru Reykir. Þar er mjög heitt. Þar er skóglendi. Þar er Jónatan. Ekki langt þar frá er Brúnagerði, eða er það ekki rétt?“ Lýsir hann síðan Fnjóskadal framanverðum, Reykjafjalli og Bleiksmýrardal mjög fjörlega í samfelldri ræðu, svo að engu var líkara en Jónatan væri þar sjálfur kominn, til þess að lýsa þessu fyrir söfnuðinum og rifja upp fyrir mér gamlar minningar um fjallgöngur og lambarekstra. En þetta var mitt ævintýraland á unglingsárunum, því að það var svo ólíkt því, sem eg átti að venjast í Eyjafirði. Til hirðu-

mannsins, Jónatans Davíðssonar á Reykjum og heimilis hans leit eg upp, eins og öldungsins, sem þá sat á skör himnanna og hafði alla þræði frá jörðu niðri í sinni hendi. Jónatan stjórnaði öllu, sauðfé, hundum, nautum, og hestum, og eg sem lítt þroskaður unglingur, leit upp til hans með velpóknun og kærleika.

Sleppi eg nú ýmsu af því, sem gerðist á fundinum og eigi snerti mig persónulega, og að sjálfsögðu öllu því er beint var til annarra fundarmanna. Hefst nú tilkomumesti þátturinn að því er eg tel, og var þá all langt liðið á fundinn, og tel eg réttast að greina frá því öllu í samfeldri heild og láta skýringar bíða þar til síðar. Varla mun skeika miklu um orðalag og eigi neinu um meiningamun, því allt, sem nú gerðist, var svo áhrifamikið, einfalt og blátt áfram, að auðvelt var að muna.

Eftir nokkra hvíld, tók miðillinn að tala slitrótt: „Jóhannes — — Jóhann — — Jóhann — — Páll Magnússon eða Magnús Pálsson. Eg sé ekki hvort heldur er. Magnús er lifandi. Jóhann er hér. Þú átt hann. Þeir voru vinir. Þeir fórust úr lofti, þar sem voru fjöll. Ekki hér á landi. Eg sé ekki hvar. En í landi, þar sem töluð er enska. Líklega í Skotlandi. Þetta var svo snögg“.

Var nú hlé og miðillinn hvíldist í stólnum um stund, en tekur síðan að rétta fram hendurnar hægt og silalega, og tjáði þá annar aðstoðarmaður hans, að hann rétti þær fram til mín og skyldi eg rétta mínar hendur fram á móti. Þegar hann hafði snert hægri hönd mína, þrífur hann í hana með ákafa, nær síðan í þá vinstri og vöðlar þeim saman, en að því búnu sleppir hann brátt annarri hendi sinni, og leggur hana um herðar mér og faðmar mig fast og innilega um leið og hann hvíslar í eyra mér, en þó

svo hátt, að flestir munu hafa heyrt: „Pabbi minn. Við erum hérna báðir og mamma líka“. Þessu svaraði eg eitt-hvað á þessa leið: „Þakka ykkur fyrir. Verið velkomin. Eg er farinn að hlakka til að koma til ykkar“. Vera má að eg hafi sagt eitthvað fleira. Augnablikið var áhrifamikið, en eg hugsaði á þessa leið. Þessu var svarað með orðun-um: „Við erum alltaf með þér“. Miðillinn hafði ekki fyrr sagt þessa setningu, en hann hné þreytulega niður í stólinn og tók nokkra hvíld, þar til hann lifnaði aftur við og tók að tala glaðlega og hressilega og í samhengi, svo að hvert atriðið rak á eftir öðru. Var það næstum orðrétt á þessa leið: „Hér er Stefán kominn með pípu. Hann er alltaf með pípu í öðru munnvikinu. Hann þekkest best á því, að hann er alltaf með pípu og Þóra, konan hans, er með honum. Hann á heima þar sem er stórt árgljúfur nálægt bænum. Það er kirkjustaður. Kirkjan er svört og ljót, eða þykja ykkur ekki ljótar svartar kirkjur?“ Þá gríp eg fram í og segi: „En gluggarnir eru hvítir“. Þá svarar hann um hæl: „Já, og hún er falleg að innan“, og segir eitthvað fleira í þá átt að bæta það upp, að honum hafði orðið á að niðra henni að utan. „Bergsteinn — hér er Bergsteinn, hár maður og grannur, og Ingibjörg, konan hans, er með honum“. Eg skildi undir eins, að hér myndi átt við Bergstein frá Kaupangi, en eg mundi ekki, hvað fyrri kona hans hét, svo að eg tók nafninu með varúð. Svarar hann hugsun minni og segir: „Hún var Sölvadóttir. Hann var Kolbeinsson. Það er allt orðið gott á milli þeirra. Hann gekk með ólæknandi sjúkdóm, sem tærði allt hold að beinum“. Tekur miðillinn þá höndum í andlit sér, til þess að skýra það, að andlit hans hafi ekkert verið nema beinin, þegar hann

dó. — „Hér er kominn glaðlegur maður, stór og feitur“, og hló miðillinn mjög hlýlega við. „Hann er digur og hressilegur og Sigurlína, konan hans, er með honum“.

Virtist mér nú, að ástand miðilsins væri að taka breytingum og koma á hann ókyrrð og los líkt og hann væri að flaustra af einhverju verki. Segir hann þá: „Og þarna er kominn Jón Gíslason frá Hrísgarði, sem segist vilja heilsa upp á Lárus, þótt hann þekki hann ekki mikið“. Þetta voru síðustu orð miðilsins á fundinum, því að í þessum svifum tók hann að vakna og fundinum var lokið.

Skýringar við þennan þátt þurfa ekki margar eða miklar. Það er flugslysið í Sheffield-hæðunum í Englandi þ. 12. apríl, 1951, þar sem þeir fórust Jóhann sonur minn og Páll Magnússon, sem miðlinum tekst nokkurn veginn að sjá og lýsa, og það er Jóhann sonur minn, sem hefur sig svo greinilega „í gegn“ á máli sálar-rannsóknarmanna, að hann kreistir hendur mínar, faðmar mig að sér og hvíslar í eyra mér: „Við erum hérna báðir og mamma líka“, og tók eg það svo, að það væri Óttar bróðir hans, sem væri í fylgd með þeim. En hann dó uppkominn í Reykjavík 3. apríl 1932 úr lömunarveiki. Á eftir þeim atburði er ekki óeðlilegt, að Stefán bóndi á Munkaþverá með sitt glaðlega viðmót og Þóra kona hans, verði fyrst til þess að gera vart við sig, því að Jóhann sonur minn var alinn upp á Munkaþverá með börnum Stefáns, og voru þau því að nokkru leyti fósturforeldrar hans, þó að hann væri á vegum Jóns Júlíussonar og Margrétar systur hans. Og ekki var óeðlilegt að þeir kæmu með, Bergsteinn frá Kaupangi og Davíð hreppstjóri frá Kroppi. Þessir menn allir voru mjög samferða í sínu starfi, drengir hinir beztu og einlægir hug-

sjónamenn. Var eg nákunnugur þeim um fjölda ára á umbrotatímunum í Eyjafirði eftir aldamótin. Nafn Davíðs var aldrei nefnt, en nafn konu hans mjög greinilega, en bros miðilsins og látbragð minnti mjög á þau áhrif, sem menn urðu fyrir, er þeir tóku í hönd Davíðs. Hraðinn í frásögninni var svo mikill, að engu var líkara en að þarna væri biðröð og Jóni Gíslasyni tækist að hlaupa fram fyrir til þess að fá sig afgreiddan.

Eins og áður getur, er ýmsu sleppt, sem ég taldi þýðingarmínna en eg vil bæta við einu atriði, en eg man ekki í hvaða sambandi það átti sér stað. Það var á þessa leið:

Miðillinn snýr sér til mín og spyr all höstuglega: „Hvar áttu heima? Þú átt ekki hérna heima. Þú átt heima, þar sem er mikil hveralykt“, og þefar út í loftið til beggja hliða. „Þú átt heima í stórri stofu í litlu húsi. Þar er skrifborðið þitt og stór bókaskápur. Það eru myndir á veggjunum. Eg sé þær ekki vel og skil þær ekki. Þær eru stórar. Það er svo mikið vatn. Eg get ekki áttað mig á þessu“. Hér er mjög greinilega átt við Hveragerði og heimili mitt í Laugaskarði. Hann finnur lyktina af hverunum, sem oftast er þar ráðandi, sér bygginguna fyrir enda sundlaugarinnar og stóru stofuna, sem ég hafði til íbúðar, en skyggni hans og skilning þrýtur, þegar hann fer að lýsa myndunum á veggjunum. Veggmynd á suðurhlið hússins er óvenjulega stór og tilkomumikil veggmynd í íbúðarhúsi. Hún er sjálft útsýnið yfir hið mikla vatn, sundlaugina, og flatlendið til hafs frá Hellisheiði, austur með ströndinni fram af Ingólfsfjalli. Öll suðurhlið hússins er einn samfelldur gluggi, sem hvergi er slitinn af vegg eða sverum gluggapóstum, svo að þegar eg sat við

skrifborðið mitt í stólnum við norðurhliðina og horfði mót suðri, varð mér eðlilegt að virða fyrir mér allt útsýnið sem veggmynd. Í þessu húsi og í þessu sæti tel eg, að mér hafi liðið einna bezt um mína daga.

Skýrslu minni er nú lokið og tel eg, að hún hafi mikinn og merkilegan fróðleik að færa Sálarrannsóknafélaginu, svo eg vildi mega vænta þess, að það svari mér góðfúslega nokkrum spurningum.

Hvernig má það vera, að nokkur maður skuli geta lesið hug minn eins og miðillinn virtist gera, þegar eg var í efa um rétt heiti á konu Bergsteins og umtalinu um kirkjuna á Munkaþverá? Og hvernig má það vera, að hann sé svo fundvís á það, sem liggur djúpt inni í hugarfylgsnum mínum, jafnvel dýpra en eg hafði gert mér grein fyrir sjálfur, svo sem kynni mín af Bleiksmýrardal og Reykjaheimilinu á unglingsárunum, eða þá, hvers vegna heldur hann því svo ákveðið fram, að heimili mitt sé í Laugaskarði?

Hvaða öfl eru hér að verki og hvaða tæki eru það, sem hann og við hin höfum í fórum okkar, sem gera honum mögulegt að leiða fram slík undur?

Á þessu sviði vil eg afla mér þekkingar, þó eigi væri meiri en sú, sem eg hefi á útvarpstæki mínu, sem annars er harla lítil.

Sumardaginn fyrsta, 1952.

Lárus J. Rist.

Við munum, hvað gerðist á fundinum, og erum fús til að votta, að rétt er skýrt frá.

Anders G. Jónsson, Reynim. 42. Margrét Sigurðsson.

Fundur á Laugavegi 76.

Tilðrög þessa fundar voru þau, að um það bil mánuði áður, hafði Kjartan Þórarinsson og kona hans Ásdís Ársælsdóttir misst son sinn á mjög sviplegan hátt. Drengurinn hét Þórarinn og var á þriðja ári. Fundurinn var haldinn á Laugaveg 76 hjá foreldrum Kjartans, Þóarni Kjartanssyni og konu hans Guðrúnu Daníelsdóttur. Miðillinn var Hafsteinn Björnsson. Fundinn sátu: Þórdís Helgadóttir, Þórarinn og Guðrún, Nielsína Ólafsdóttir, móðir frú Guðrúnar, Lilja Kristjánsdóttir Laugaveg 37, Kjartan Þórarinsson og kona hans Ásdís Ársælsdóttir, Arndís Helgadóttir, móðir frú Ásdísar og Alexander Jóhannsson.

Fundurinn hófst á venjulegan hátt. Miðillinn féll í dásvefn. Í gegnum hann komu þeir, sem eru vanir að vera við sambandið, þau Finna, Runólfur og Ragna og sögðu frá og lýstu þeim, sem komnir voru í hringinn. Fyrst kom til frú Guðrúnar Daníelsdóttur maður, sem sagt var að hétí Þorsteinn Finnsson. Guðrún hafði ekki búið við honum. Hún þekkti hann að vísu. Hann vann hjá höfninni og hafði drukknað af báti. Hann spurði mikið um, hvort húfan sín hefði fundizt. — Enginn sem var á fundinum vissi það. Hann endurtók þessa setningu upp aftur og aftur:

„Það var ekki viljandi“.

Þarna kom vinur Kjartans, sem farizt hafði með flugvél hér við land. En Kjartan og hann höfðu verið saman úti í Ameríku við flugnám. Hann sagði: „Það var ekki mér að kenna“, og virtist vera mikið í mun að koma því að.

Dá sagði Kjartan: „Eg veit það, Gústi minn, að það var ekki þér að kenna“.

Þegar Kjartan hafði sagt þessi orð kom Finna og sagði, að nú yrði Gústaf svo glaður. Margir fleiri komu fram og einhverjir til allra, sem fundinn sátu. Þekktu fundarmenn þá, á hinum glöggu lýsingum Finnu, Runólfs og Rögnu, sem lýstu til skiftis, og ekki stóð heldur á nöfnunum. Til frú Lilju Kristjánsdóttur kom margt, og kann aðist hún við alla, en hún er vön að sitja fundi.

Eins og áður er sagt, var þessi fundur haldinn vegna hins sorglega missis, er fjölskyldan hafði orðið fyrir. Þegar Finna kom og sagði, að lítill drengur væri í sambandinu, héldu víst allir að það væri Þórarinn litli, þótt enginn segði neitt. En þá sneri Finna sér að frú Guðrúnu og sagði:

„Nei, það er ekki sá, sem þú heldur — þetta er annar drengur“, og svo lýsti Finna honum og með hvaða hætti hann hefði horfið úr jarðlífinu, og reyndist það alveg rétt. Þessi drengur var ekki skyldur fjölskyldunni á Laugaveg 76. Þótti því kynlegt, að hann skyldi koma fram þarna.

Svo kom lýsing á því, hvernig allt væri undirbúið fyrir handan, er taka ætti á móti litlum börnum. Sú lýsing var fögur og lýsti mikilli umhyggju, til dæmis sagði Finna, að valin væri kona, sem líktist móðurinni, til að taka við barninu og annast það, meðan það væri að vaxa og þroskast. Eftir þá lýsingu segir Finna, að nú sé litli drengurinn þeirra kominn. Það eigi að lofa honum að koma í gegn.

Svo kom veik barnsródd, sem þau þekktu greinilega.

Þá segir frú Guðrún Daníelsdóttir: „Hvað ætlar Tóti minn nú að segja?“

Þá fer hann með eina kvæðið, sem hann kunni í lífinu. Það var kvæðið:

„Jólasveinar einn og átta ofan komu af fjöllumunum“.

En hann gat aldrei borið það fram eins og orðin voru, átti svo bágð með að segja suma stafina, og nú las hann það, eins og hann hafði gert meðan hann lifði hér.

„Ólafveinar ein og átta —“.

„Við þekktum öll röddina og málfærið. Okkur fannst sem hann væri sjálfur kominn til okkar“, segir frú Guðrún, og foreldrum hans fannst hann koma alveg upp í fang sér.

Pegar Magnús, læknirinn, kom í sambandið, þá fann frú Guðrún og fleiri einkennilega lykt, eins og oft með læknum og fylgir sjúkrahúsum. Ásdís, tengdadóttir frú Guðrúnar, hafði fyrst orð á því, en þá höfðu hinir fundið þessa lykt um leið og Magnús kom.

Kjartan og Ásdís búa í húsi foreldra Kjartans á Laugaveg 76, á efstu hæð. Í gegnum miðilinn var lýst herbergjaskipun hjá þeim og húsgögnum og sagt, hvernig þeim væri raðað í stofuna. Talað var um stól, sem sagt var, að Kjartan sæti oft í, en Ásdís aldrei. Á veggnum fyrir ofan stólinn var sagt, að væri mynd af Þórarni litla, líka var sagt, að hann væri oft hjá þeim.

Daníel, faðir Guðrúnar, kom í sambandið og talaði við þau. Hann rétti Nielsínu konu sinni höndina, segist hún hafa þekkt handtak hans.

Á fundinum kom ýmislegt fleira fram. Það voru allir hrifnir af lýsingunum og því, hve réttar og nákvæmar þær voru.

Litli drengurinn, sem fyrst kom og lýst var, sagðist þekkja Arndísi. Það reyndist líka rétt.

Geta skal þess, að Hafsteinn hefir aldrei komið inn í íbúð Kjartans og Ásdísar og aldrei komið í þetta hús, fyrr en hann hélt þennan umrædda fund.

Ritað eftir sögn þeirra, sem fundinn sátu.

Reykjavík, 12. febrúar 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Við, sem sátum þennan fund, vottum, að rétt er sagt frá hér að framan.

Guðrún Danielsdóttir. Þórarinn Kjartansson.

Nielsína Ólafsdóttir. Alexander Jóhannsson.

Kjartan Þórarinsson. Ásdís Ársælsdóttir.

Þórdís Helgadóttir.

Við hittumst á Þorranum.

Árið 1950, 9. nóvember, var haldinn fundur heima hjá Hafsteini Björnssyni miðli, Hörðuvöllum 2, Hafnarfirði. Fundinn sátu auk miðilsins: Lára Jónsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Þórdís Helgadóttir og Sigríður Baldvinsdóttir. Sigríður var gestur hér syðra. Átti heima á Akureyri og var á förum norður.

Í gegnum miðilinn komu fram þeir, sem vanir eru að koma í sambandið og töluðu af vörum hans. Þegar fundi var að verða lokið, segir Sigríður við Runólf, sem þá var í sambandinu:

„Nú verður langt þar til við tölumst næst við“.

Þá segir Runólfur: „Ætli við hittumst ekki næst á þorranum“.

Sigríður efaðist um það, bjóst ekki við að koma suður aftur á þeim vetri. En þá endurtók Runólfur sömu orðin öllu ákveðnari:

„Við hittumst á þorranum“.

— — —

Sigríður fór norður á þeim tíma, sem hún ætlaði sér. Hún var hress, er hún sat fundinn. En annan janúar 1951 var hún flutt á sjúkrahús Akureyrar, þá mikið veik. Hún andaðist miðvikudaginn fyrir þorra.

Reykjavík, 29. marz 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Við undirritaðar, sem sátum fundinn með Sigríði heitinni Baldvinsdóttur, vottum, að rétt er farið með hér að framan.

Lára Jónsdóttir, Snorrabraut 36.

Ingunn Jónsdóttir, Snorrabraut 36.

Þórdís Helgadóttir, Stórholt 29.

Fundur.

Veturinn 1947—1948 var stúlka hér í Reykjavík, sem heitir Dómhildur Arnaldsdóttir og er frá Akureyri. Hún kom til mín nokkrum sinnum þennan vetur. Eg kynntist henni nóg til þess að vita, að hún var góð og heiðvirð stúlka og mjög vel gefin. Hún stundaði nám í Kennarskólanum. En samt var hugur hennar bundinn við annað nám, sem hún þráði frekar, hjúkrunarnám. En vegna veilu í baki, sem hún hafði lengi kennt, treysti hún sér ekki út í það þá.

Dómhildur hafði misst bróður sinn mjög sviplega, þá

upp kominn og ekki löngu áður en eg kynntist henni. Ekki var kynning okkar orðin löng, er hún trúði mér fyrir því, að hún yrði oft fyrir einkennilegum áhrifum, sem hún taldi að stöfuðu beint eða óbeint frá hinum burtkallaða bróður sínum. Hún var alveg sannfærð um, að hann væri sér oft nálægur. Ekki var hún hrædd, enda sá hún hann aldrei. En þetta verkaði truflandi á hana, og þannig, að vegna þessara áhrifa, sem hún taldi sig verða fyrir, var hún oft miður sín. Hún spurði mig, hvort ekki væri hægt að komast á fund til Hafsteins Björns-sonar miðils og sagði um leið, að sig langaði til þess að nú sambandi við bróður sinn. Það varð úr, að eg fékk fund hjá Sálarrannsóknafélaginu. Sá fundur var fyrir fimm, og fékk eg fimm miða og lét skrifa mig fyrir mið-unum. Konan, sem afhenti miðana vissi því ekki, hverjum miðarnir voru ætlaðir og þá ekki heldur Hafsteinn. Eg hafði ekki nefnt við hann fund. Ekki þekkti hann Dómhildi. Þau höfðu aldrei sézt. Taldi eg talsvert öryggi í þessu, að enginn, sem viðkom fundastarfseminni, vissi nöfn þeirra, sem fundinn sátu. Er það ekki eins dæmi. Það ber oft við, að einn pantar fundinn, en segir ekki nöfn hinna, sem með honum eru. Þess skal líka getið, að kona sú, sem afhendir aðgöngumiðana, situr ekki nærri alltaf. Hún er oftast farin. Taka sitjarar á móti fundar-gestum og vísa þeim inn í stofu, sem miðillinn kemur ekki í, fyrr en ljós eru slökkt og búið er að raða í sætin. Þannig er það á þeim fundum, sem eg hefi setið.

Dómhildur óskaði þess eindregið, að eg sæti fundinn með sér. Tvo af miðunum lét eg hjón hafa, sem bú-sett eru hér í bæ, Brynjólf Einarsson og konu hans. Einn miða fékk kona á Vesturgötu 10, Sigríður Gunnarsdóttir.

Geta skal þess, að Dómhildur og hjónin, sem sátu fundinn, þekktust ekkert, né heldur konan af Vesturgötu. Ekki þekkti eg Brynjólf, nema gegnum starf hans, en hann er bílstjóri. Konu hans sá eg fyrst á fundinum, og aldrei hefi eg komið á heimili þeirra. Þegar við Dómhildur vorum að fara á fundinn, kom stúlka til mín, sem heitir Sigríður Magnúsdóttir.

Þetta var í fyrsta sinn, sem Dómhildur og Sigríður sáu. Eg man ekki, hvort eg kynnti þær þá, held ekki. Bjóst og við, að Sigríður færi strax aftur, er hún heyrði, að við værum að fara út. Nú vék Dómhildur sér aðeins frá. Í því að hún gengur út úr stofunni, gengur Sigríður fram að dyrunum og lætur hurðina aftur. Svo gengur hún til mín og segir í hálfum hljóðum:

„Hefir þessi stúlka misst náinn ættingja?“

„Af hverju heldur þú það?“ spyr eg.

„Það er með henni ungur maður, afar hár“, og svo lýsir hún háralit, augnalit, andlitsfalli og vexti þessa manns, sem hún segir að sé ungur.

Dómhildur hafði aldrei sagt mér, hvernig bróðir hennar var í hátt, svo ekki vissi eg, hvort lýsingin gat átt við hann.

„Má eg segja henni þetta?“ spurði eg.

„Já“, sagði Sigríður.

Þegar Dómhildur kom inn, bað eg Sigríði að segja henni, hvað hún sæi með henni. Sigríður gerði það, en bætti við: „Hann hefir farið mjög snögglega. Hann var ekkert veikur. Það er slys, en ekki á sjó — og þó ekki bílslys. — En það hefir gerzt mjög snögglega, — nei — eg — næ því ekki“.

„Þetta er afar nákvæm lýsing á bróður mínum“, segir

Dómhildur, en er hún ætlaði að segja meira, hnippiti eg í hana. Mér fannst öryggi í því, að Sigríður fengi ekkert að vita frá okkur og alls ekki með hvaða hætti hann fórst. En nú datt mér nokkuð í hug. Því ekki að bjóða Sigríði á fundinn.

„Við erum að fara á miðilsfund til Hafsteins. Komdu með okkur“, segi eg. Mér fannst á þessari stundu afar fróðlegt að vita, hvað Sigríður sæi á fundinum, og eins hvort lýsingu hennar á bróður Dómhildar bæri saman við þá lýsingu, sem kynni að koma gegnum Hafstein.

Það varð úr, að Sigríður kom með og sat fundinn, en litlu munaði. Hefði hún komið tíu mínútum síðar, hefði hún gripið í tóm.

Þessi fundur tókst með ágætum. Finna, Ragna og Runólfur voru dugleg að lýsa fólki, sem kom í hringinn. Það var lýst umhverfi og staðhættum, þar sem Dómhildur hafði verið í æsku, og kannaðist hún við, að lýsingarnar væru réttar. Þá var líka lýst lönguliðnum ættmönnum Dómhildar og sagt, hvar þeir hefðu alið aldur sinn. Nöfn á þessu fólki komu furðu greiðlega og rétt. Liðið var talsvert á fund, er bróðir Dómhildar kom beint í gegn og talaði við hana. Eftirtakanlegt var hve útlit miðilsins breyttist. Hann stundi og kveinkaði sér, er hann kom í gegn. Sagðist finna svo mikið til. Hann kvaðst hafa þráð að komast í beint samband við systur sína og sagðist oft vera hjá henni. Hann átti í fyrstu bágt með að tala, en varð sterkari, eftir því sem lengur leið.

Á eftir kom Finna og sagði hver hefði komið í sambandið og lýsti honum, og bar lýsingu hennar og Sigríðar saman í öllum atriðum, nema hvað lýsing Finnu var fyllri. Hún kom með nafn hans og aldur og hvað

hann hefði starfað. „Hann er aldeilis bróðir þinn, eg sé það“, sagði hún við Dómhildi. „Þið hafið verið mjög samrýmd, og þú hefir átt fjarska bág, eftir að hann fór, með þessu, sem fer í loftinu, flugvél, eða hvað þið viljið kalla það“. Svo hélt Finna áfram að segja, hve heitt hann hefði þráð að komast í samband.

„Þú fannst að hann var hjá þér, og það verkaði óþægilega á þig, enda þótt hann vildi ekki gera þér neitt illt“, sagði Finna.

Þetta reyndist allt rétt. Og er læknirinn kom, sagði hann, að Dómhildi væri illt þarna og studdi á staðinn, þar sem Dómhildur hafði fundið til. Hann kvaðst skyldi reyna að lækna hana. Talað var um, að hún væri of opin fyrir öllum áhrifum, og mundu þeir reyna að gera við því. Það verkaði óþægilega á hana.

Bróður Dómhildar var að lokum leyft að koma aftur í gegn og kveðja systur sína.

Dómhildur var sjálf ekki í neinum efa um, að þetta hefði verið hann. „Eg þekkti hann bæði á orðalagi og látbragði“, sagði hún við mig. Og svo sá hún eins og allir fundarmenn breytingarnar, sem urðu á útliti miðilsins, er bróðir hennar kom í gegn.

Mér fannst Dómhildur verða öll önnur eftir fundinn, eins og létti af henni þungu fargi. Hún sagði það líka sjálf, að líðan síðan væri miklu betri, og nú fann hún ekki til áhrifanna af nærveru bróður síns.

Margt fleira kom fram á þessum fundi til hinna fundargestanna. Kona, sem hafði misst barn, talaði við það, og sagt var frá því og því lýst. Sigríður, sú sem fór með okkur á fundinn, sá alla, sem komu í hringinn, og lýsti þeim. En ekki náði Sigríður neinum nöfnum. Í gegnum

miðillinn kom lýsing á umhverfi því, er Sigríður ólst upp í og sagt var frá konu og öldruðum manni, sem væru á bak við og þeim lýst. Sigríður kannaðist þar við foreldra sína, sem þá voru látin fyrir mörgum árum. Til Brynjólfs Einarssonar komu nokkrir, sem hann kannaðist við, af nákvæmum lýsingum þeirra, sem töluðu af vörum miðilsins.

Þessi fundur var ákaflega sterkur, en svo mátti segja, að bróðir Dómhildar og hennar nánustu legðu fundinn undir sig. Fundurinn var á Sólvallagötu 3 í Reykjavík, 11. apríl 1948.

Skrifað 1948.

Elinborg Lárusdóttir.

Það, sem að framan er skráð, er í öllum atriðum rétt.

14. apríl 1948.

*Brynjólfur Einarsson, Skeggjagötu 8.
Sigríður Magnúsdóttir, Hrefnugötu 8.*

Eg er fús til þess að votta það, að frásögn frú Elinborgar af fundinum, sem haldinn var 11. apríl 1948, er að öllu leyti rétt. Eg vil aðeins bæta því við, að rétt áður en litla stúlkan mín kom í sambandið, sagði þessi skyggna stúlka, sem sat við hlið mér:

„Hafið þér misst stálpaða telpu?“

„Já“, sagði eg.

„Hún hefir dáið af afleiðingum botnlangaskurðar“, sagði konan.

Eg hafði ekki tíma til þess að svara, því nú kom hún sjálf í gegnum miðilinn. Eg þekkti hana strax og eins málróminn. Talaði hún ýmislegt við mig og sagði mér

meðal annars, hvar dótið sitt væri geymt og var það allt rétt. Eg heyrði á tali hennar, að hún vissi um liðan allra heima og heimilisástæður. Hún talaði líka um tvö systkini sín, sem dóu mjög ung. Hún sagðist oft vera með þeim og að þau væru með sér nú.

Á eftir telpunni minni kom til mín frændi minn Sigurður, sem andaðist 1918 úr spönsku veikinni. Bróðir hans var þá nýlega dáinn, og bað hann mig að fara heim til móður sinnar með kveðju og það, að þeim liði báðum vel.

Fundurinn var ákaflega sterkur, en bróðir Dómhildar lagði svo að segja fundinn undir sig. Eg hefi misst þrjú börn og var þessi stúlka, sem kom í gegn, á níunda ári, er hún andaðist.

Reykjavík, 18. maí 1952.

Sigríður Gunnarsdóttir, Vesturgötu 10.

Við undirrituð vorum hliðarmenn á þessum fundi og vottum, að frásögn þessi er rétt eftir því sem við bezst getum munað.

Reykjavík, 5. júní 1952.

Jónas Þorbergsson. Sigurl. M. Jónasdóttir.

Myndirnar.

Fundur var haldinn á Skólavörðustíg 17, árið 1939. Þegar nokkuð er liðið á fundinn, er mér sagt, að kominn sé í sambandið maður, sem vilji hafa samband við mig. Er honum lýst þannig, að hann sé hár vexti og að mig minnir dökkhærður með alskegg, hefði búið í þorpi við suðurströnd landsins. Mér fannst þetta ófullkomin skýring og bað um eitthvað ákveðnara. Þá er sagt, að maður

Þessi hafi bjargað mörgum úr sjávarháska. Kom mér þá í hug ákveðinn maður, sem eg hafði þekkt vel, hann var dáinn fyrir nokkrum árum. Fýsti mig að vita, hvað hann vildi mér. Legg eg nú fram eftirfarandi spurningar, sem að vísu var ekki svarað beint, en af millilið, sem talaði þá af vörum miðilsins.

Eg spurði: „Hvað vill hann mér?“

„Hann segir, að þú hafir verið á heimili sínu um tíma“.

„Hvað var eg að gera?“ spyr eg.

„Þú varst að mála“, er þá svarað.

Eg spurði: „Hvað málaði eg?“

„Þú varst að mála mynd af honum“.

„Málaði eg fleira?“ spurði eg, því að nú var eg alveg viss, hver maðurinn var.

„Já, mynd af húsinu hans með fjöllum í baksýn“.

Eg mundi ekki eftir þessari mynd þá, en síðar við nánari eftirgrenzlan reyndist þetta rétt.

Enn spyr eg: „Var það eitthvað fleira?“

„Já, þú málaðir líka mynd af brimi og skerjagarði“. Mig minnir að þeirri mynd væri lýst mjög nákvæmlega í sambandinu.

„Er það eitthvað fleira, sem hann hefir að segja?“ spyr eg enn á ný.

Þá er eg beðinn að bíða örlítið. Eftir örstutta stund kom svarið.

„Það er ein mynd eftir. Hún er af bátnum hans, þar sem hann liggur á spegilsléttu sjávarlóni. En nú er eins og lýsandi sjái þetta sjálfur, hann hrópar upp yfir sig í hrifningu. „En sú fallega speglun með glampandi brimgarðinn að baki“.

Enn spyr eg: „Var það eitthvað fleira?“

Þá er svarað: „Nei, myndirnar eru hér allar. Hann tekur þær undir hönd og fer með þær með sér, og brosir um leið svo einkennilega“.

Þetta var allt saman hárrétt. Mundi eg eftir veru minni á heimili þessa manns og myndunum, sem eg málaði, nema einni, en þar virtist hann muna betur en eg. Enginn, sem var á fundinum, vissi um þetta, og eftir venjulegum leiðum gat miðillinn ekki um þetta vitað, fremur en aðrir. Þessi maður var mikill sjógarpur og einstakur lánsmaður, og bjargaði hann mörgum mannlífum úr sjávarháska.

Reykjavík, 12. maí 1952.

Eyjólfur J. Eyfells.

Hárlökkurinn.

Árið 1951, 7. apríl, sat eg fund hjá Hafsteini Björnsyni miðli. Fundurinn var á Sólvallagötu 3, í húsi Sálarrannsóknafélagsins. Fundargestir voru fimm. Eg þekkti engan þeirra, held eg, að enginn hafi þekkt mig. Eg hafði einu sinni áður verið á fundi hjá Hafsteini, en þrátt fyrir það þekki eg hann ekki í sjón og hefi eg aldrei átt tal við hann. Ekki veit eg til þess, að hann sé kunnugur neinu af mínu fólki, né viti neitt um mína hagi.

Þegar miðillinn var fallinn í trans, var lýst af vörum hans þeim, sem komu til fundargesta. Það var liðið langt á fundinn, er röðin kom að mér. En þá kom vera í gegnum miðilinn og fannst mér eg strax sjá, hver væri að koma, því miðillinn breyttist í gríðarlega háan mann,

en mér hefir sýnzt Hafsteinn vera tæplega meðalmaður á hæð og fremur grannvaxinn. Þessi gríðarháa vera beygði sig fram í áttina til mín og greip af miklum feginleik hendur mínar og sagði um leið:

„Eg er kominn. — Eg er kominn“.

„Já“, sagði eg, „finnst þér ekki gott að geta komið svona“.

„Það er nú meira en það“, sagði hann, „þú sagðir þetta alltaf“, bætti hann svo við.

En nú fór konan, sem sat hjá mér að tala við konuna, sem sat hinu megin við hana, og um leið þvarr krafturinn og hann hvarf úr sambandinu. Eg tók eftir því, að er hann kom í sambandið, tók hann um hnakkann og þekkti eg vel þessa handahreyfingu frá veikindatímabiliinu. En hann var í fleiri ár veikur í höfðinu og óvinnufær af áverka, sem hann varð fyrir, og er hann fann mikið til í höfðinu, var hann vanur að taka um höfuðið á sama hátt og hann gerði nú, er hann kom, með sundur spentar greipar. Eg spurði, hvort honum liði illa í höfðinu. Þessi hreyfing með hendina minnti mig svo mikið á veikindatímabilið, kvalaköstin, sem hann fékk kannske allt í einu.

„Nei, það eru einhverjar minningar. Það líður frá“, sagði hann.

Hann hvarf ekki nema augnablik úr sambandinu. Þegar hann kom aftur, var hann enn sterkari og þróttmeiri en áður og fór strax að tala við mig. „Bréfið er á hyllunni ofan á litlu skúffunni í skápnum“, sagði hann. Fann eg, að hann var mjög glaður yfir því, að eg hefði fengið þetta bréf. En þetta bréf var ekki til, er hann dó. Þrátt fyrir það virtist hann ekki einungis vita, hvar það væri,

heldur vissi hann líka, hve verðmætt það var mér, sem eftir lifði.

Svo segir hann: „En af hverjum er lokkurinn í litlu skúffunni í skápnum?“

„Hann er af þér“, svaraði eg.

„Eg hélt hann væri af litlu stúlkunni“, segir hann, en tekur sig svo á og segir: „Nei, lokkurinn af henni er í skúffu í borðinu, þar sem lampinn stendur.

Við þetta kannaðist eg ekki. Eg átti engan borðlampa. Eg vissi heldur ekki til þess, að til væri lokkur af litlu stúlkunni okkar. En þetta var maðurinn minn, sem kom í gegn og talaði við mig. Hann var látinn fyrir rúmu ári. Margt fleira sagði hann við mig á fundinum. Til dæmis talaði hann um konuna, sem væri svo þreytt og stryki svo oft um ennið, svo hélt hann áfram að lýsa henni og fleira fólki. Þekkti eg, að hann átti við foreldra mína og systur, sem býr í sama húsi og þau. Sagðist hann koma þar oft. Það skildi eg vel. Hann reyndist foreldrum mínum sem beztu sonur. Um þessar mundir var telpan okkar veik, um það vissi hann vel og talaði um veikindin eins og hann hefði stöðugt fylgt með líðan hennar. En hún veiktist þó ekki fyrr en eftir andlát hans, en síðan má segja, að hún hafi aldrei verið heil heilsu. Hann bað fyrir kveðjur til hennar og foreldra minna. En áður en hann fór, tók hann um ennið og stundi við. En það gerði hann svo oft, er hann fékk kvalirnar í höfuðið. Að síðustu þakkaði hann mér fyrir komuna og kvaddi mig nákvæmlega með sömu orðunum og hann gerði síðasta kvöldið, sem hann lifði.

Eftir að hann hvarf úr sambandinu, kom Finna og tók að lýsa honum, en þess þurfti ekki, því að eg var alveg

sannfærð um, að þetta var maðurinn minn, Aðalsteinn Jónsson, fyrrverandi lögregluþjónn.

Finna sagði: „Hann er svo feikna glaður“, og svo bætir hún við: „Eg hefi nú aldrei þekkt annað eins, hafa verið svona lengi í hvítum klæðum og skifta svo allt í einu um föt, fara í svört föt, með gyltum hnöppum“.

Þá segir piltur, sem sat við hlið mér. „Það hafa víst verið vinnufötin hans“.

„Það skil eg ekki, svarar Finna. Ekki var unnið í svona fínum fötum, er eg var á jörðunni.

Þá spurðu fundargestir mig að því, hvað hann hefði gert og vissi eg á því, að enginn, sem var á fundinum, kannaðist við mig.

Skjalið, sem hann talaði um, varðaði fjárhagsafkomu mína, og sá eg, að hann lét sig hana miklu varða.

En tveimur dögum eftir fundinn fór eg að leita að einhverju í skúffu í saumavélarborðinu mínu. Hið fyrsta, sem eg sá, var hárlokkur af telpunni okkar. Hafði hún klippt hann af sér og látið hann þarna, en ekki sagt mér frá því. Á saumavélarborðinu stóð lítill leslampi, sem maður, sem leigði hjá mér, hafði þá nýlega skilið eftir. Stóð hann þarna fundardaginn þótt eg gæti þá ekki munað eftir honum, líklega af því að lampinn var ekki mín eign, en um hárlokkinn vissi eg ekki.

Kristín Gestsdóttir, Framnesveg 22.

Við, sem sátum þennan fund, vottum, að rétt er frá sagt.

Björgvin Magnússon. Ingibjörg Árnadóttir.

Drengurinn.

Sumarið 1948 misstum við hjónin 16 ára dreng. Mig langaði mjög að komast á fund hjá Hafsteini Björnssyni miðli, og fékk eg fund þá um haustið. Þegar miðillinn var sofnaður, var farið að lýsa þeim, sem komnir voru handan að. Meðal þeirra var drengurinn minn og lýsir „Finna“ honum svo, að ekki var um að villast við hvern var átt. Hún segir dauðaorsökina og lýsir slysinu, eins og það vildi til.

„Það er mikil ljósabirta, sem hann kemur frá“, segir hún.

Svo fylgir hún honum af slysstaðnum og alla leið heim í íbúð okkar á Njálsgötu 98. Áður en hún heldur inn í húsið, lýsir hún því að utan, segir að það sé gríðarlega langt hús og barnaleikvöllur sé þar rétt hjá og stórt hús, sem þið kallið „Bíó“. Síðan fer hún inn í húsið, lýsir ganginum og tröppunum ofan í kjallarann og svo inn í íbúðina. Þegar inn kemur, lýsir hún íbúðinni, til dæmis nefnir hún lampa, sem sé í einu horni stofunnar, á hyllu í horninu. En við hjónin mundum ekki eftir neinum lampa þarna, en er við komum heim, blasti lampinn við, er inn var komið. Það var lítill náttlampi, sem við höfðum fengið frá móður konunnar minnar.

Þegar Finna hafði lýst inni, kom drengurinn í gegnum miðilinn. Virtist okkur við þekkja hann af handtakinu og orðatiltækjum, sem við þekktum svo vel frá honum einum. Hann sagði við mig:

„Eg er ekki dáinn pabbi“.

Okkur fannst þetta dálítið kynlegt, vegna þess að ýmsa hafði dreymt hann, og hafði hann sagt hin sömu orð við þá.

Við töluðum ýmislegt við hann. Hann sagði, að sér liði vel og var sterkur í sambandinu.

— — —

Okkur var þetta mikil huggun, eins og á stóð. Drengurinn var einkabarn, og hann dó mjög snögglega. Þegar Finna talar um að hann komi frá ljósbirtu, á hún við „Tivoli“. Hann kom þaðan, en náði ekki lifandi heim til okkar.

— — —

Árið 1950 vorum við á fundi hjá Hafsteini og lýstu þær drengum „Finna“ og „Ragna“. Segir Finna að hann standi í stofunni heima hjá okkur, fyrir framan skrifborðið mitt. Hann taki þar lítinn hlut, sem sé í skrifborðinu. Það er eins og kassi í lögum, en þó flatur.

Þegar Finna fer að lýsa því, sem drengurinn sé að skoða, held eg í fyrstu, að nú sé hún að fara með einhverja vitleysu og spyr, hvort kassinn sé ferkantaður.

„Nei, hann er aflangur og flatur, ekki djúpur. Þegar eg strýk hann að innan, er eins og eg komi við flauel. Það er mjög mjúkt. Hann — drengurinn — tekur hlut upp úr kassanum og myndar með honum hring.

Þá áttaði eg mig á því, hver hluturinn var. Þetta voru teikniáhöld, er eg hafði keypt handa drengnum skömmu áður en hann dó. Þau voru geymd í skrifborðinu. Mér hafði dottið í hug að farga teikniáhöldunum, því að sjálfur hafði eg ekkert við þau að gera. En þess gat eg auðvitað ekki á fundinum. Þá segir Finna:

„Hann segir, að þú megir ekki láta þetta af hendi núna. Þú átt að geyma þau. Þau eru ætluð öðrum“.

Mér þótti þetta dálítið kynlegt. En geymdi þó teikniáhöldin, eins og hann bað um. Í vetur, 1951, lána eg

svo kunningja mínum áhöldin. Hann er 39 ára gamall og er þetta fyrsti veturinn hans í Iðnskóla. Hann hefir fyrir heimili að sjá. En öðlaðist ekki réttindi í sinni iðngrein, nema með því að fara í skólann og ljúka prófi þaðan. Sannleikurinn er sá, að hann hafði ekki peninga til þess að kaupa verkfærin. Mér dettur í hug, hvort teikniáhöldin hafi verið honum ætluð.

Drengurinn hefir verið mjög sterkur í sambandinu og oft komið tvisvar og þrisvar í gegnum miðilinn á hverjum fundi. Á síðasta fundi sagði hann í sambandinu:

„Hugið þið til mín mamma og pabbi, ef þið þurfið hjálpar við. Nú má eg fara að hjálpa“. Við hjónin erum ekki í neinum efa um, að hann er sá, sem hann segist vera, enda teljum við hann hafa sannað sig fyrir okkur á ýmsan hátt.

Eins og áður er á drepð var fráfall hans mjög sviplegt. Við hugsuðum mikið um hann eftir að hann fór. Á einum fundinum þakkaði hann okkur fyrir hugsanirnar, sagði að þær hefðu hjálpað sér.

Reykjavík, 29. marz 1952.

Guðm. Björnsson, Bergstaðastræti 35.

Við undirrituð, sem setið höfum alla fundi með Guðmundi Björnssyni, vottum, að rétt er farið með.

Þórheiður Sumarliðadóttir, Bergstaðastræti 35.

Gunnar H. Guðjónsson, Laugaveg 59.

Eg sat þennan fund og það er rétt, sem að framan er skráð.

Guðrún Jónsdóttir.

Ártöl og lýsingar.

Í aprílmánuði þessa árs var eg og fjölskylda mín á fundi hjá Hafsteini Björnssyni miðli. Fundurinn var á Sólvallagötu 3. Ragna byrjaði að lýsa hjá mér á þessa leið:

„Móðir þín er hérna. Hún sýnir mér ártalið 1892, 13. — 5. — Í sambandi við ártalið sé eg nafnið Hlið —, það er bæjarnafn. Faðir þinn stendur við hliðina á móður þinni. Maðurinn þinn er hérna líka — Guðjón —, og Guðrún er hérna og maður með henni, sem heitir Jón. Hann er ekki maðurinn hennar. Þau bjuggu saman, en voru ekki gift“.

Eg kannaðist vel við þetta. Eg er fædd að Hliði á Álfanesi þennan mánaðardag og það ár, sem Ragna nefndi. Fyrri maðurinn minn kom þarna, og var nafns hans getið. Guðrúnu og Jón kannaðist eg vel við, og það, sem sagt var um þau á fundinum, var alveg rétt, þótt þess verði ekki getið hér. Þau voru ógift, en Jón þessi var lengi hjá henni.

Ragna hélt svo áfram að segja frá og lýsa og snéri sér nú að manni mínum, sem sat við hlið mér. „Nú sé eg ártalið 1903“, sagði hún, „þú heitir Jón, en þú ert aldrei kallaður Jón“. Næst fór hún að lýsa fullorðnum hjónum og sagði, að maðurinn minn hefði verið hjá þeim, þegar hann var lítill. Um leið nefndi hún nöfnin Jón og Ingibjörg. „Þau hétu það“, sagði hún.

Við þessi hjón kannaðist eg frá mannum mínum, en hafði aldrei séð þau. Nöfnin á þeim voru rétt, og heitir maðurinn minn í höfuðið á þeim báðum, Jón Ingvar. En eins og Ragna sagði, er hann ávallt nefndur

Ingvar. Þessi hjón voru fósturforeldrar móður hans. Þau bjuggu í Gauksdal á Barðaströnd. Þar fæddist Ingvar og þar var hann til þriggja ára aldurs. Langt er síðan gömlu hjónin önduðust. Heimili þeirra vestra lýsti Ragna mjög nákvæmlega og rétt, að sögn mannsins míns. Ártalið 1903 er fæðingarár Ingvars.

Næst nefnir Ragna tölurnar 18. — 9. 1912. „Kannast þú við þessar tölur“, sagði hún og beindi orðum sínum að Guðnýju tengdadóttur minni. Guðný játaði því. Svo sagði hún: „Nafna þín er hjá þér. Hún er ekki mamma þín, en hún er eins og hálfmamma þín, — þú ert fædd í Borgarfirði, — það er ekki Borgarfjörður hérna. Hann er hinumegin á landinu“. Síðan lýsti hún firðinum svo nákvæmlega rétt að Guðný undraðist. Að síðustu sagði hún: „Systir þín er hjá þér“, og lýsti henni að útliti. Nafnið, sagði hún að væri stutt, en hún gat ekki náð því.

Tölurnar, sem komu til Guðnýjar, er fæðingardagur hennar og fæðingarár, Guðný er fædd í Borgarfirði eystri, og er hann eins og sagt var hinumegin á landinu. Þá er talað um nöfnu Guðnýjar, sem sé hálfmamma hennar. Guðný er alin upp hjá þessari konu. Lýsingin á systur Guðnýjar tengdadóttur minnar var rétt. Báðar þessar konur eru látnar fyrir nokkru.

Þá snýr Ragna sér að Haraldi syni mínum og segir: „Eg sé töluna 1914 — þú ert fæddur 1914. Það er þarna maður hjá þér, sem farið hefir mjög snögglega af þessum heimi. Hann þekkir þig vel“, bætir hún við og nefnir nafn hans.

Haraldur kannaðist vel við þennan mann og vissi, með hvaða hætti hann fórst. Eftir að Ragna hafði kynnt hann, með því að lýsa honum og geta um starf hans hér

og hin sviplegu afdrif, kom hann sjálfur í gegnum miðilinn og ræddi margt við Harald um „Stöðina“, þar sem Haraldur vinnur. Við skildum fæst af því, en aftur á móti var Haraldi vel ljóst allt, sem hann sagði, en þar vann þessi maður líka, meðan hann lifði. Haraldur og hann voru starfsfélagar og var þeim vel til vana. Þarna á „Stöðinni“ hafa orðið ýmsar breytingar, en þær gerðust eftir lát þessa manns. Þrátt fyrir það fannst Haraldi sem hinn látni vissi betur en hann, hvað gerðist þarna daglega. Smávegis ágreiningur hefir orðið á „Stöðinni“ og ræddi hinn látni um hann, og sagði hann Haraldi, hvernig hann yrði til lykta leiddur. Gekk allt eftir eins og hann sagði Haraldi. En þegar þessi fundur var haldinn, var ekki gott að segja eða ráða í, hvernig það mál mundi fara.

Haraldur er fæddur 1914 eins og Ragna sagði.

Næst kom í gegn tengdafaðir Jónu dóttur minnar, Árni. Nefndi hann okkur öll með nafni og sagði við mig: „Jóna þín er hérna hjá mér. Hún er alltaf að hjálpa mér“.

Eg spurði, hvort við ættum að skila nokkru heim til hans“.

„Ekki nema því, að þið hafið komið í samband við mig. En af hverju sagðirðu mér ekki, að þetta væri hægt“.

Árni þessi andaðist í fyrra haust. Við létum hann aldrei vita, er við fórum á fundi, af því að við höldum, að hann væri því mótfallinn.

Svo kom Jóna dóttir mín. Um leið og hún kom kallaði hún nafnið Eyvindur. Eg svara: „Hann er nú ekki hérna“. „Nei, hann er á sjónum öðruhvoru“, segir hún þá. „Árna mínum líður vel. Hann kom til þín á páska-

unum. Eg var með honum. Eg er oft bæði hjá þér og honum, þegar eg kemst að ykkur, en það er nú ekki alltaf“, bætti hún við.

„Hvernig líkar þér breytingin á fyrrverandi heimili þínu“, spyr eg.

„Hví skyldi mér ekki líka hún vel. Það er eins og á að vera“, bætti hún við. Svo kvaddi hún og fór.

Dóttir mín Jóna er látin, en maður hennar Eyvindur lifir. Hann er bílstjóri, en fer oft á kvöldin á sjó að vitja um net. Þykir mér sennilegt, að hann hafi verið á sjó, er fundurinn var haldinn. Hann er kvæntur aftur, og því lagði eg þessa spurningu fyrir hana, sem hún og svaraði. Drengurinn, sem hún talar um, er sonur hennar og Eyvindar. Hann kom til mín á páskunum. Get eg vel skilið, að hún hafi sjálf verið einhvers staðar nálæg. Um ferð hans hefir hún að minnsta kosti vitað.

Nú hætti Ragna að lýsa, en Runólfur kom í sambandið. Hann ávarpaði strax manninn minn með svofeldum orðum:

„Þú flýgur mikið“.

„Já“, svaraði Ingvar. „Heldurðu að eg fljúgi í sumar“.

„Já“, svarar Runólfur, „og eg ætla að fljúga með þér“.

Maðurinn minn hefir flogið nú í tvö sumur með síldarleitinni fyrir skipin. Okkur, sem sátum fundinn, fannst hann harla merkilegur, einkum vegna lýsinganna og ártalanna og fæðingardaganna. Allt, sem þarna kom fram, var rétt. Við þekkjum Hafstein ekki og vitum ekki til þess, að hann þekki neitt til okkar, né okkar fólks.

28. apríl 1952.

Helga Guðjónsdóttir, Miðtúni 62, Rvík.

Við, sem sátum þennan fund, vottum, að rétt er farið með hér að framan.

Reykjavík, 28. apríl 1952.

Haraldur Guðjónsson. Guðný Friðriksdóttir.

Sigurey Sigurðardóttir. Ingvar Einarsson.

Miðtún 62.

Við, sem vorum sitjara á þessum fundi, munum að rétt er greint frá því, sem þar gerðist.

Hulda Haraldsdóttir. Þorst. Loftsson.

Castelli.

Í nóvember 1951 var fundur haldinn á Skólavörðustíg 4. Fundinn sátu eg og kona mín og dóttir okkar, Kristín.

Miðillinn var Hafsteinn Björnsson. Runólfur sá, sem lýsir á hverjum fundi í gegnum Hafstein, snéri sér fljótlega að mér og segir:

„Það er kominn hingað maður, sem þekkir þig. Hann er með fullt af hnífum í kringum sig“.

„Hvað er hann að gera með þessa hnífa?“ spyr eg.

„Hann er að skera út. Hann heitir Stefán. Hann segist hafa kennt þér“.

Eg vissi nú, að hér var átt við Stefán Eiríksson myndskera. Hjá honum stundaði eg teikninám í þrjá vetur. Svo heldur Runólfur áfram:

„Hér er líka annar maður. Hann talar erlent mál, er ekki íslenzkur. Hann hefir einnig kennt þér. Hann átti heima í stórra borg. Út um gluggann á kennslustofunni hans blasti við skóglendi“.

Eitthvað lýsti hann umhverfinu nánar, séð úr kennslu-

stofunni, til dæmis gat hann um turn, sem sæist þaðan. Gat það allt staðizt, eftir mínu minni.

Þegar hér var komið, spurði eg Runólf, hvort hann gæti lýst þessum manni fyrir mér. Kom nú mjög glögg lýsing á þessum erlenda kennara mínum. Lýsti Runólfur vexti, andlitsfalli, hæð, augnalit og látbragði hans, sagði að hann hefði verið kvikur og snar í hreyfingum. Að lokum talaði hann sérstaklega um hár hans og skegg, einkum hárið, sagði að það væri óvenjulega mikið og brúsandi.

Þá brosti eg nú, þegar lýsingin af hárinu kom, því að hárið var óvenjulega sérkennandi fyrir hann og var því rétt lýst.

Nú spyr konan mín, hvort þessi kennari fylgist ennþá með mér.

Runólfur svarar: „Já, það held eg nú. Hann kemur oft til þín. Stundum hnippir hann í þig“.

Þetta þótti mér allmerkileg upplýsing. Þegar eg er að mála, ber stundum við, að penslinum er kippt úr hönd mér og honum þeytt langar leiðir. Eg minnst þess, að eitt sinn var kunningi minn staddur á málningastofu minni, er eg var að mála. Allt í einu þeyttist pensillinn úr hönd mér. Maðurinn horfði undrandi á mig og sagði: „Því gerir þú þetta?“

Eg leiddi svarið hjá mér. Gat enga grein gert fyrir þessu. En vissi vel, að eg fleygði ekki penslinum.

Nú nota eg tækifærið og segi: „Er það kennari minn, sem þrífur af mér pensilinn?“

Runólfur svarar og er nú mjög glaðlegur: „Já, víst er það hann. Hann er að láta þig verða varan við sig“.

Eftir fundinn sýndi eg þeim, sem fundinn sátu, mynd

af þessum erlenda kennara mínum. Öllum kom saman um að lýsingin væri rétt. Hárið mikið og villt er mjög áberandi á myndinni. Um miðilinn er það að segja, að þetta var í fyrsta sinn, sem hann sté fæti inn á mitt heimili. Auðvitað hafði hann aldrei séð þessa mynd hjá mér. Eg býst ekki við, að neinn annar hér á landi eigi mynd af þessum manni. Loks skal geta þess, að eg var ekkert að hugsa um þennan kennara minn á fundinum. Eg bjóst ekki við honum, þótt með okkur væri mikið vinfengi og hann sýndi mér á margvíslegan hátt óvenjulega vinsemd. Eg var hjá honum í Dresden árið 1923 að fullkomna mig í listinni. Hann var háttsettur maður og mjög frægur málari.

Eg var heldur ekki að hugsa um fyrri kennara minn, Stefán Eiríksson. En mér þótti vænt um komu þeirra beggja.

Á fundi, sem eg sat missiri síðar, kom þessi erlendi kennari minn aftur til mín. Var þá nefnt nafn hans og nafn borgarinnar, sem hann bjó í, Dresden. Á þeim fundi var ýmislegt rifjað upp frá samverutíma okkar, sem var fallið í gleysku en skírðist, er eg var minntur á það. Þessi kennari minn var Ítali í móðurætt. Hann hét fullu nafni E. O. Símonson — Castelli og var prófessor og konunglegur Hofrat. Komu þessi nöfn rétt í gegn á fundinum.

Eyjólfur J. Eyfells. Kristín Eyfells.
Skólavörðustíg 4.

Við, sem sátum síðasta fundinn með Eyfells og dóttur hans, munum, að þessi kennari hans kom fram og var einkum lýst á þeim fundi útsýni í borginni Dresden,

sem Eyjólfur taldi vera rétt, eftir því sem hann mundi. Eins rifjaði Castelli upp ýmis atvik frá samverutímanum og sagði nokkrar setningar á þýzku. En þeir, sem þekkja Hafstein, vita að hann kann ekkert í því tungumáli.

Reykjavík, 10. júní 1952.

Elinborg Lárusdóttir. Ingimar Jónsson.

Málmkúlan.

Veturinn 1947 varð Snorri Sigfússon skólastjóri á Akureyri fyrir þeirri sorg að missa konu sína. Að áliðnum vetri kom hann til Reykjavíkur og fann mig að máli. Eg hafði aldrei séð Snorra fyrr, en kona hans og eg vorum tvo vetur samvistum á kvennaskólanum á Blönduósi. En svo skildu leiðir, höfðum við, aðeins einu sinni hitzt síðan þá, og þá ekki á heimili hennar. Eg var því gersamlega ókunn heimili þeirra hjóna. Vegna bókarinnar, sem eg skrifaði um Hafstein Björnsson, dró Snorri þá ályktun, að eg gæti ef til vill hjálpað honum til þess að komast á fund hjá Hafsteini. Þráin til að skyggjast inn fyrir fortjaldið varð áleitin hjá honum, eins og fleirum, sem verða fyrir ástvina missi. Það var þá, eins og alltaf, erfitt að ná til Hafsteins. En af því svona stóð á, langaði mig til þess að verða Snorra að einhverju liði, og því tók eg það ráð að fara með honum suður til Hafnarfjarðar, beina leið á fund Hafsteins.

Svo vel vildi til, að Hafsteinn var heima. Sagði eg honum erindið þá strax, en ekki gat Hafsteinn ákveðið neitt um fund. Eg gat þess ekki, að Snorri hefði misst konu sína og yfirleitt sagði eg eins lítið og sagt verður um einn mann. Finnst tryggast að miðillinn viti sem

minnst um hagi þeirra, sem sitja hjá honum fundi. Hafsteinn bauð okkur inn, og sátum við inni í stofunni góða stund.

Rétt áður en við fórum, tók Hafsteinn mig afsíðis og fór að lýsa konu, sem hefði verið í fylgd með Snorra, er hann kom inn. Þekkti eg á lýsingunni Guðrúnu konu hans. En hann lýsti henni á peysufötum. Þar áleit eg að Hafsteini skjátlaðist. Eg gat ekki munað eftir henni á peysufötum, hélt að hún hefði alltaf verið á kjól-búning.

Svo kvöddum við og var enn alveg óákveðið, hvenær fundur yrði. Á leiðinni til Reykjavíkur sagði eg Snorra frá sýn Hafsteins. Sagði hann, að þessi lýsing ætti að öllu leyti við konu sína. Hún hefði alltaf verið á peysufötum.

Nokkru síðar var fundur haldinn fyrir Snorra heima hjá Jónasi Þorbergssyni, útvarpsstjóra. Eftir ósk Snorra sat eg þennan fund. Sá fundur var að mínum dómi mjög athyglisverður, einkum lýsingarnar. Var lýst umhverfi, þar sem þau höfðu alið aldur sinn í æsku, hvort um sig hjónanna, og skyldmennum þeirra, sem sum voru löngu liðin. Þá var og drepð á ferðalög, sem Snorri hefði farið í, bæði utanlands og innan og kannaðist hann við þessar lýsingar og það fólk, sem frá var sagt. Síðast lýsti Finna húsi Snorra á Akureyri, bæði að utan og innan, og sagði hann, að lýsingin væri rétt, nema í einu atriði. Finna talaði um málmkúlu, sem Snorri kannaðist ekki við. Sagði að hún væri inni á skrifstofunni hans. Stóð Finna fast á því, að málmkúlan væri þarna inni.

Skömmu eftir að Snorri var kominn norður barst mér

bréf frá honum. Með leyfi hans tek eg eftirfarandi kafla til birtingar:

„Svo bar við, er sýnt var inn á heimili mitt, á fundi þeim, er eg sat, að nefnd var málmkúla, sem eg gat ekki áttað mig á, en gat þess þó til í huga mínum, að átt myndi vera við málmkúlu, sem skrúfuð er ofan á bréfa-pressu á skrifborði mínu. Kúla sú er lítil og þótti mér einkennilegt, að eftir henni skyldi vera tekið. Eftir öðru, er þetta gæti átt við, mundi eg ekki. Þegar eg kom heim úr þessari ferð og opnaði skrifstofuna, sem gengið er inn í úr fordyrinu, blasir við sjónum mínum stór, silfr-aður vasi, sem er eins og kúla í lögum.

Konunni minni sálugu hafði verið gefinn þessi vasi á sínum tíma. En hann átti ekki að vera inni hjá mér og var ekki, er eg fór að heiman. En dætur mínar höfðu flutt vasann meðan eg var fjarverandi og látið hann á borðið í skrifstofunni. Blasti borðið við, er inn var gengið og þar var vasinn daginn sem eg sat fundinn hjá Haf-steini.

Þetta þótti mér merkilegt, því að hvorki eg né þeir, sem fundinn sátu, gátu um þetta vitað og því vildi eg segja yður frá þessu“.

— — —

Eg hefi sent Snorra Sigfússyni það, sem eg hefi skráð hér niður til staðfestingar, og hefir hann góðfús-lega látið nafn sitt undir og leyft að birta þetta.

Reykjavík, 19. febrúar 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Frásögn þessi er rétt hermd.

Snorri Sigfússon.

Við sátum þennan fund og er frásögnin rétt eftir því, sem við munum bezt.

Jónas Þorbergsson. Sigurl. M. Jónasdóttir.

Skjalið.

Eg var á fundi hjá Hafsteini Björnssyni 22. marz 1948. Þegar miðillinn var fallinn í djúpan trans, var farið að tala af vörum hans. Eg hafði aldrei áður verið á fundi, en mér var sagt að kona, sem hétu Finna lýsti, og það var hún, sem lýsti húsinu, sem eg á heima í. Lýsingin var mjög nákvæm. Einnig lýsti hún manni, sem hún sagði, að væri kominn til mín. Þekkti eg af lýsingunni, að átt var við manninn minn, sem látinn var fyrir hálfu-öðru ári. Leið ekki á löngu, þar til hann kom sjálfur í gegnum miðilinn. Fannst mér þá eg þekkja látbragð og hreyfingar mannsins míns sáluga. Hann heilsaði mér með mikilli hlýju, og eins og hann var vanur. Svo segir hann:

„Hulda mín, láttu fara vel um skjalið mitt með mörgu nöfnunum, sem er í skápnunum á móti glugganum“. Svo segir hann: „Mér þykir ákaflega vænt um þetta, sem hangir á veggnum og glansar“. Svo fór hann að tala um son okkar, sem þá hafði sérstakan starfa á hendi, sem hann tókst ekki á hendur, fyrr en eftir lát föður síns. En hann virtist fylgjast með því, þótt hann væri fluttur. Hann talaði um að það gleddi sig, hvað vel gengi hjá honum. Svo segir hann:

„Hulda mín, eg er svo oft hjá ykkur, en þið bara sjáið mig ekki“.

Þegar eg kom af fundinum og heim í stofuna, fór eg

að hugsa um það, sem hann sagði viðkomandi skjalinu. Eg vissi við hvað hann átti. En það átti að vera vel geymt í skápnum, sem eins og hann sagði stóð á móti glugganum. Eg hafði sjálf gengið frá því þar, látið það í stóra möppu og læst hana inn í skápnum. Eg fór nú að athuga í skápnum. Kom þá í ljós, að skjalið hafði ýtt út úr möppunni og voru sum blöðin böggluð. En skjalið var skrautritað ávarp frá samstarfsmönnum hans og með nöfnum fjölda manna. Eg hafði ekki athugað skjalið eða möppuna síðan hann dó. En sennilegt þykir mér, að skjalið hafi ýtt út úr möppunni, þegar kistan hans var borin út, því að þá mun skápurinn hafa verið hreyfður.

Það sem hann talar um, að sér þyki vænt um það, sem sé á veggnum og glansi, eru tveir veglegir silfur-skildir, er sendir voru sem minning um hann við andlát hans. Þeir hanga hlið við hlið á einum veggnum í stofunni.

Starfið, sem sonur okkar tók að sér, hefir gengið ágætlega, svo einnig það er rétt.

Þetta er fyrsti og einasti fundurinn, sem eg hefi verið á. Miðilinn þekki eg ekki og hann þekkir hvorki mig, né mitt fólk, svo eg viti til.

Hulda.

Af vissum ástæðum vill kona þessi ekki láta nafns síns getið. En hún er mjög grandvör og heiðarleg og má óhætt treysta framburði hennar. En henni fannst þetta atriði með skjalið svo merkilegt, að hún taldi rétt að það kæmi fyrir almenningssjónir.

Í apríl 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Eg sat þennan fund og er fús til að votta, að rétt er farið með. Konu þessa hefi eg þekkt í tugi ára og veit, að hún er mjög grandvör og sannleikselsk.

Guðrún Jónsdóttir, Meðalholti 13.

Gamla konan.

Árið 1948 lofaði Hafsteinn mér og manni mínum einkafundi. Fundinn átti að halda heima hjá okkur hjónunum á Vitastíg 8a. Var nú dagur og stund ákveðin, og kom Hafsteinn á tiltekinni stundu. Þegar Hafsteinn var fallinn í trans, kom Finna og fór að lýsa gamalli konu, sem hún sagði að væri inni.

„Hún er að þakka prestinum fyrir það, sem hann sagði við kistuna hennar. Konan heitir Guðrún“, bætti Finna við. Síðan hélt hún áfram að lýsa heimili hennar og heimilisástæðum, lasleika hennar meðan hún lifði hér, að síðustu sagði Finna, að hún væri alltaf að tala um gamla manninn, sem væri enn á jörðunni og hún hugsaði oft til hans.

Einhvern veginn gat eg ekki komið þessari konu fyrir mig. Var lýsing Finnu á henni þó mjög nákvæm, til-dæmis tók Finna það fram, að hún hefði átt bággt með allan gang, verið mikið fötluð og haltrað áfram við hækju. En Ingimar virtist þekkja hana og vera mjög ánægður með lýsingu Finnu.

Finna snéri sér svo aftur til Ingimars og sagði, að konan segðist vera sérstaklega þakklát fyrir ræðuna. Hún hefði verið svo sönn. Hún segðist kunna hana. Á ein-um stað í ræðunni hafi hann til dæmis sagt:

„Það verður ekki héraðsbrestur, þótt ein gömul kona flytji af þessum heimi“.

Ýmislegt fleira ræddi gamla konan við okkur, en allt snérist það um gamla manninn, sem hún virtist hafa miklar áhyggjur af. „Hann er svo einmana, síðan eg fór“, sagði hún. Þótt eg væri mesti ræfill til heilsu og fötluð, var eg þó á vissan hátt sterkari en hann“. Að síðustu kvaddi hún og bað okkur að skila kveðju til gamla mannsins.

Fleira markvert gerðist ekki á þessum fundi, enda stóð hann stutta stund. Á fundinum gat eg ekki áttað mig á neinu, hvorki gömlu konunni né þessum gamla manni. Ekki minntist eg að hafa heyrt þessa setningu, sem höfð var eftir manninum mínum, í líkræðu hjá honum.

Eftir fundinn sagði Ingimar við mig: „Þetta var hún Guðrún hans Jóns . . . Eg er alveg hissa á að þú skyldir ekki kannast við hana, eins og lýsingin var sönn og nákvæm“.

Nú rankaði eg við mér. Já, lýsingin átti við Guðrúnu, gat ekki átt við neina aðra konu, sem eg hafði þekkt, líf hennar og aðstæður, allt var það svo sérstætt. Mörg ár voru liðin síðan Ingimar hélt þessa ræðu yfir moldum gömlu konunnar. Vitanlega mundi hann ekki eftir, hvað hann hafði sagt við það tækifæri. Þessum orðum var hann búinn að gleyma. En hann átti að eiga ræðuna skrifaða, læsta niður í skrifborðsskúffu ásamt fleiri ræðum, er hann hafði flutt. Þegar Hafsteinn var farinn, fór Ingimar að leita og fann loks ræðuna, sem var í bunka af ræðum, og var snæri vandlega bundið utanum bunkann. Setningin, sem Finna hafði upp eftir gömlu kon-

unni stóð hérumbil í miðri ræðunni, orðrétt eins og hún kom á fundinum.

Annað þótti okkur eftirtakanlegt í sambandi við komu gömlu konunnar á fundinn. Hún hafði aldrei komið áður á þá fundi, sem við sátum og mér vitanlega aldrei gert vart við sig hjá neinum miðli. Því er eg þó ekki svo kunnug, að eg geti fullyrt það. En það er annað við þetta enn athyglisverðara. Í því að Hafsteinn kom til okkar, kom pósturinn með bréf til mín. Eg tók við því og lagði það á borðið í borðstofunni. Mátti ekki vera að því að opna bréfið og lesa, fyrr en að loknum fundi. Meðan Ingimar var að finna ræðuna, opnaði eg bréfið. Mikið varð eg undrandi, er eg sá frá hverjum bréfið var og um hvað það fjallaði. — Jón — maður Guðrúnar — frá honum var bréfið, segir meðal annars í því:

„Eg hefi frétt, að þú sért stundum á miðilsfundum, og langar mig til að vita hvort hún Guðrún mín hefir komið fram, mig langar svo til að fréttu eitthvað af henni. Ef svo skyldi fara, að hún gerði vart við sig, þá blessuð láttu mig vita“.

Þessi gamli maður var kaupamaður hjá okkur í fleiri ár, er við bjuggum á Mosfelli, en búsettur var hann á Stokkseyri. Kona hans hafði mjaðmarbrotnað, gekk hölt og átti erfitt með gang. Hún andaðist eftir að við fórum frá Mosfelli, að vetri til. Gamli maðurinn bað Ingimar að halda ræðuna, eftir ósk hennar sjálfar. Eg treysti mér ekki austur, en Ingimar og drengirnir okkar fóru. Ræðuna heyrði eg aldrei. Þótt jafnan héldist kunningskapur með okkur og gamla manninum, töluðum við aldrei um trúmál. Hann var náttúrugreindur, hugsaði og grufaði út í ýmislegt, en alveg óupplýstur. Eg hélt

einhvernvegin, að hann væri andvígur þessum málum. Þó man eg, að hann sagði við mig einu sinni á Mosfelli, að hann héldi að umskiftin yrðu ekki svo mikil fyrst í stað eftir burtförina héðan.

Gamli maðurinn er enn á lífi. Auðvitað létum við hann vita, að ekki hefði staðið á gömlu konunni að gera vart við sig.

Elinborg Lárusdóttir.

Eg kannaðist strax við gömlu konuna, sem Finna lýsti af mikilli nákvæmni, en ekki mundi eg þá, hvað eg hafði sagt yfir henni, enda liðin þá 6 ár frá andláti hennar. Konan mín las ekki bréfið, fyrr en eftir fundinn. Hvorugt okkar vissi því um ósk gamla mannsins, að ná sambandi við hana, fyrr en fundur þessi var afstaðinn. Orðin, sem hún tilfærir eftir mér, standa skrifuð í ræðunni. Ræðan var ekki á glámbekk, heldur læst niður og hafði ekki verið hreyfð frá því eg lét hana þarna og þar til er eg tók hana upp eftir fundinn, til þess að athuga, hvort það reyndist rétt, er sagt var á fundinum. En fundurinn snérist næstum eingöngu um gömlu konuna.

Vitastíg 8A, Reykjavík.

Ingimar Jónsson.

Dæmið ekki.

Til mín kom kona, sem heyrir raddir. Eg þekki hana vel og veit, að hún er vönduð og samvizkusöm og fer afardult með þessa náðargáfu. Þegar hún hefir setið litla stund, segir hún við mig:

„Hann er kominn hingað presturinn“, og nefnir um leið nafn hans.

„Hvað vill hann“, segi eg.

„Hann er kominn til þess að biðja þig að milda hugi allra, sem að N. N. standa, til mannsins, sem varð valdur að slysinu. Þessi maður á svo erfitt. Hann er undir þeim áhrifum, sem gera það að verkum, að hann er ekki alltaf sjálfum sér ráðandi“.

Eg skildi þetta vel, og gerði það, sem eg áleit óbyggjandi, að biðja fyrir þessum ógæfusama manni, sem margir áfelldust.

Eftir viku kom þessi kona aftur til mín. Segir hún enn að presturinn sé kominn.

„Hefir nokkuð orðið ágengt“, spyr eg.

„Ótrúlega mikið“, er svarað.

Í febrúarmánuði 1952 fer eg svo til Hafsteins á fund. Þá kemur N. N. í sambandið og kom sjálfur í gegn. Hann var ótrúlega sterkur í sambandinu og virtist fagna því að hitta mig þarna, enda þekktumst við vel meðan hann lifði.

Eg spurði, hvernig honum liði. Hann svaraði:

„Mér líður ágætlega núna, en það var erfitt fyrst“. Skildist mér, sem erfiðleikarnir hefðu að nokkru leyti stafað frá því, hvern hug aðstandendur hans báru til þess manns, sem valdur var að dauða hans. Þá spyr eg N. N. hvort hann hafi hitt prestinn.

„Eg var með honum, þegar hann kom til þín“.

„Það var gott“, segi eg.

„Þú gast talað við hann“, segir hann þá.

„Já, eg hafði svo gott tæki“, svara eg, en bæti svo við: „Vissir þú, hvaða tæki það var?“

„Það var“ — og nú nefnir hann nafn konunnar, — sem áður er getið um í þessu sambandi.

Svo bað hann fyrir kveðju heim til sín og kvaddi.

Því miður er ekki hægt að birta nöfn aðilja, hvorki þess, sem varð fyrir slysinu né hins, sem varð valdur að því. En þetta sýnir svo vel, hvernig þeir hugsa fyrir handan, þegar N. N. sem varð þó svo hart úti að hann lét lífið, reynir að milda dóma mannanna hérmegin til mannsins, sem var valdur að slysinu.

Reykjavík, 12. apríl 1952.

Sigríður Kristjánsdóttir, Skólavörðustíg 15.

Við, sem sátum fundinn, vottum, að þetta er rétt, sem að framan er skráð.

Hulda Haraldsdóttir. Þorsteinn Loftsson.

Eg er vel vöknud.

Fyrsti fundurinn, sem við sátum hjá Hafsteini miðli, var 12. apríl 1949. Ástæðan til þess að við fórum á fundinn var sú, að árið áður höfðum við hjónin misst fjórtán ára stúlku.

Fyrst var lýst manni af vörum miðilsins, sem sagt var, að kæmi sérstaklega til Þórarins. Sagt var, að með honum væri kona hans og tvö börn, og hefðu þau öll farirt í flugvél. Lýsingin á þessum manni og fjölskyldu hans var svo nákvæm, að okkur fannst eins og við sæum þau ljóslifandi fyrir okkur. Sagt var og, að konan talaði ekki íslenzku, og svo sagt frá ýmsu í sambandi við hana. Svo þagnaði miðillinn allt í einu og tók svo að stynja, eins

og honum liði afar illa. Veran, sem nú kom í gegnum Hafstein kveinkaði sér ákaflega og sagði:

„Eg er allur í méli“.

Svo snýr hann sér að Þórarni manni mínum og segir: „Komdu sæll, Þórarinn. Eg þekki þig vel“.

Við þekktum hann og konu hans og höfðum áttað okkur á, hverjir þetta væru, strax og þeim var lýst í sambandinu. Þetta var Tryggvi Jóhannsson, vélaverkfræðingur og kona hans og tvö börn þeirra. Kona hans var norsk og talaði ekki íslenzku, eins og sagt var í gegnum miðilinn. Hann var á leið til Akureyrar með fjölskyldu sína, en flugvélin, sem þau voru með, fórst með allri áhöfn í Héðinsfirði.

Þegar Tryggvi var farinn úr sambandinu, kom Finna og sagði: „Þið eigið heima þarna í holtinu og talan á húsinu er 66 (átti við Þórarin og Vilborgu). Svo fór Finna að lýsa húsinu okkar, herbergjaskipun, húsgögnum, myndum á veggjum og sagði að lokum, að enginn væri heima núna nema einn drengur, og svo lýsti hún honum með sömu nákvæmninni og hún hafði lýst húsinu og innanstokksmununum. Svo sagði hún að síðustu, að hér væri lítil stúlka, sem kæmi til okkar. Hún hefði komið með honum Tryggva. Það kom nákvæm lýsing á henni og sagt til um aldur. Finna nefndi nafnið Bergljót og sagði, að hún hétí svo. Hún hefði farið mjög snögglega og óvænt. Lýst var ýmsu í sambandi við hana. Og loks kom hún sjálf í gegn, og heilsaði okkur og nefndi nafn sitt. Svo sagði hún:

„Manstu ekki eftir honum Tryggva í Fjólugötunni? Hann kom með mér“. Svo bætti hún við: „Kom hann Björn ekki til þín mamma?“ Svo spyr hún mig, hvað eg

hafi gert við krossinn sinn, lítinn silfurkross, er henni var gefinn, er hún var tíu ára. Eg gat ekki svarað þessu, mundi í svipinn ekki eftir að hafa séð krossinn lengi og hélt, að hann væri tapaður eða hefði orðið eftir í sveitinni. Hún var í sveit, er hún veiktist og var flutt veik heim.

Svo spurði eg, hvort bróðir hennar væri ekki á fundinum.

„Hann var hérna áðan, en fór frá og kemur aftur“, svaraði Bergljót. Svo fór hún úr sambandinu. En rétt áður en fundi er slitið, kemur Finna og segir, að litla stúlkan, sem komið hafi í sambandið, sé komin aftur, með henni sé lítill drengur, sem væri orðinn stór maður, ef hann hefði lifað til þessa dags.

Við hjóninum könnuðumst við það. Drengur, sem við áttum, lézt þriggja ára gamall, en liðin voru þrettán ár frá andláti hans.

Í sambandi við Björn, sem Bergljót talar um, er þetta að segja: Hálfum mánuði eftir greftrun Bergljótar litlu kemur kona til mín og spyr mig, hvort mig hafi ekki dreymt hana, eftir að hún dó.

Eg svara því neitandi.

Þá segir konan: „Eg gæti bezt trúað því, að hún væri ekki vöknud ennþá“.

Eg anzaði þessu engu. En mér féllu þessi orð svo illa að þau settust að mér. Samt sagði eg hvorki manni mínum né neinum öðrum, hvað konan sagði við mig. Nokkru síðar kom til okkar maður, sem heitir Björn Einarsson. Segist hann hafa verið á miðilsfundi og þar hafi Bergljót komið. Hún bað hann að fara heim til foreldra sinna

og skila kveðju — og svo bætir hún við, „segðu mömmu, að eg sé vel vögnuð“.

Á þessum fundi talaði Bergljót um mynd, sem væri heima í stofunni. Hún væri við endann á legubekknunum hjá annari mynd. „Hún er alveg eins og hún væri af mér“, sagði hún. Eg mundi ekki eftir myndinni á fundinum. En er heim kom, fór eg að svipast um í stofunni og sá þá myndina. En henni var stungið inn undir aðra mynd, sem hékk á veggnum við enda legubekksins.

Vorið áður en Bergljót andaðist, fór hún í ferðalag með bekkjarsystkinum sínum, var þá tekin af henni mynd, og er hún ein á myndinni. Móðir telpunnar, sem tók myndina lét stækka hana og gaf mér hana, en þá var Bergljót litla komin í sveitina og sá aldrei þessa mynd. Hún var flutt fárveik heim úr sveitinni og andaðist eftir fáa daga. Banameinið var heilabólga. Við búum á Hjallavegi 66, svo það var rétt hjá Finnu, bæði holtið og hús-númerið.

Í annað sinn vorum við á fundi hjá Hafsteini miðli. Á þeim fundi var fólk, sem við þekktum. Finna kom og fór að tala um silfurkrossinn, sem Bergljót minntist á á fyrri fundinum.

Þá spyr eg, hvort hún viti hvar hann sé núna.

Þá svarar Finna: „Hún sýnir mér hann á einhverju barni. En eg held bara, að það sé ekki lifandi barn“.

Fundarfólkið gerðist nú forvitið, og sagði eg því nú, að eg hefði fundið krossinn —, leitað að honum eftir að eg kom heim og loks fundið hann í dóti Bergljótar sálugu. En þá datt mér í hug að láta hann á stóra brúðu, sem hún átti og henni þótti vænt um.

Þá segir Finna: „Að vera að hengja þetta á brúðu“,

en bætir svo við: „Henni þótti svo lifandi vænt um að þú gerðir þetta“.

Á þessum fundi kom Bergljót í gegn, en talaði lítið, hún heilsaði þó öllu fólkinu með nafni og sagði:

„Þið þekktuð mig öll, þegar eg var lítil“.

Það var alveg rétt. Hún þekkti alla, sem voru á fundinum.

Eg vil geta þess, að okkur fannst framkoma hennar og tal, er hún kom í gegn, svo líkt henni, eins og hún var í lifanda lífi. Framsetning og setningar eins og hún talaði venjulega.

Á þessum fundi kom mikið til hinna fundargestanna, sem þeir könnuðust við. En þess verður ekki getið hér.

Ýmislegt fleira kom fram á þessum fundi, til dæmis kom Tryggvi Jóhannsson til okkar hjóna, en hann hefir alltaf komið á hverjum fundi, sem við höfum setið og sagt eitt og annað, sem ekki verður tilfært hér, af því að það snertir aðra en okkur. En allt er það rétt og í raun og veru ein sönnun þess, að hinn látni veit hvað gerist hér.

Fyrsti fundurinn er okkur sérstaklega minnisstæður. Hinir fundirnir hafa verið staðfesting á því, sem fram kom á fyrsta fundi. Þó vil eg geta þess, að svo nákvæmlega virðist fylgst með öllu heima, að breyti eg einhverju heima, þótt ekki sé nema stóll sé látinn á annan stað, en hann er vanur að vera, er þess getið gegnum miðilinn. Á einum fundinum var minnst á einkennilegar dyr milli herbergjanna, sem væru þó ekki dyr og sagt hvar þær væru.

En svoleiðis var, að við leigðum eina stofuna, en upphaflega gerði Þórarinn ráð fyrir skothurð á milli þess-

ara herbergja. En er hann leigði stofuna, felldi hann upp í dyrnar. Svo vel er frá þessu gengið, að engin leið er að sjá annað, en þetta sé heill veggur.

Geta skal þess, að við þekkjum miðilinn ekki og höfum aldrei talað orð við hann.

Reykjavík, 22. marz 1952.

Vilborg Þórólfsdóttir. Þórarinn J. Wíum.

Vottast rétt.

Guðrún Jónsdóttir. Theodór Magnússon.

Konan með hundinn.

Fyrsta vetrardag 1950, fór eg með þrjú börn mín, Snorra, Pétur og Valborgu á fund til Hafsteins Björns-sonar miðils. Fundurinn var á Sólvallagötu 3.

Eftir að miðillinn var fallinn í trans, var fyrst lýst manni hjá mér. Þekkti eg á lýsingunni, sem var mjög glögg, að þarna var verið að lýsa föður mínum. Nefnt var líka nafn hans. Þá kom nákvæm lýsing af gamla bænum heima í fæðingarsveit minni. Var til dæmis til tekið, að öðrumegin við ganginn væri betristofa, en hlóðareldhús hinumegin. Þá var sagt, að stigi lægi upp á loftið í baðstofuna. Yfir stiganum væri hleri, sem yrði að lyfta, er gengið væri upp eða niður. Sá, sem lýsti, sagði: „Skelfing hefir þetta verið erfitt“. Þá var sagt, að í baðstofunni væru 4 rúm, tvö hvoru megin, svo væri afþiljað herbergi í öðrum enda baðstofunnar. Úr herbergisglugganum sæist út á vatn eða sjó. Í herberginu væru tvö rúm, sperrur væru innan á súð baðstofunnar, og þar væri stungið hnífum og fleiru undir

sperrunar. Þarna væri mikið af bókum. „Skelfing hefir gamla manninum þótt vænt um bækurnar“, var sagt.

Þegar lýsingin kom af föður mínum, var sagt, að í fylgd með honum væri kona, sem væri fyrir stuttu farin héðan. Kom svo næst allgóð lýsing af henni, sem við þekktum að átti við konuna mína og móður systkinanna, sem voru með mér á fundinum. Sagt var, að með henni væri lítill hundur, sem henni þætti vænt um og var honum lýst. Til dæmis var sagt, að hundurinn væri í heklaðri treyju, þegar kalt væri, og enn fremur: „Hann er svartur með ljósbrúna depla ofan við augun og mólitur á kviðnum. Í sveitinni var sagt um svona lita hunda, að þeir hefðu gleraugu“, sagði sá, sem lýsti. Svo var sagt, að konan sýndi lýsandanum hús, er ekki væri alveg á götuhorni, en rétt við horn. Það væri búð í húsinu, full af bókum. Hún sýndi honum töluna 4, og svo virtist hún fara með lýsandann upp á loft og inn í herbergi. „Þar sem lampinn er á borðinu. Hún er oft hjá þér í þessari stofu“, var sagt. Úr þessari stofu fór hún inn í aðra stofu. „Þar er mikið af hægindastólum“, sagði lýsandinn og mikið af myndum á veggjunum.

Svo var sagt, að við hefðum orðið vör við hana eftir að hún andaðist, og hún líka komið til mín í draumi. Þá kom lýsing á stórri borg og um leið stað, úti á landi, er sagt var, að væri heilsuhæli. Það væri ekki hér á landi. Við hefðum verið bæði í þessu landi, annað í borginni, hitt úti í sveit. Ekki kom nafnið á landinu, en sá, sem lýsti, hélt að það væri England, en bætti svo við: „Hundurinn var þaðan“. Sagt var líka, að við hefðum verið í stórri borg, sem þó væri ekki höfuðborg þess lands. Þar var sagt, að allt væri fullt af bókum umhverfis

mig. Svo var lýst enn öðru umhverfi, þar sem konan var innanum margt fólk. Það væri samt ekki heimili hennar. Það væri hressingarstaður, nafnið væri kennt við skógarlund, seinni hlutinn væri lundur, en framan við væri vatn eða tjörn.

Þá var sagt: „Það hefir komið eitthvað fyrir, áfall, það var um vetur og komið fram yfir jól, en fyrir nýárið. Eg sé eld. Það hefir brunnið. Þetta hefir verið 48. Já, víst fyrir tveim árum. Eftir það var hún aldrei frísk“.

Eg spurði, hvort bjart væri umhverfis hana.

„Það er bjartara en venjulega hjá þeim, sem eru nýfarnir. En hún var líka svo kunnug þessum málum“.

Að síðustu kom hún sjálf í gegn, og fannst okkur hreyfingar og allt látbragð minna svo á hana, eins og hún var í lífinu, að við efuðum ekki, að það væri hún. Hún sagðist verða sterkari næst.

Í hálftransinum, spurði miðillinn, hvaða kona þetta væri með hundinn.

Á fundinum kom lýsing á stúlku, sem dáið hafði úr berklum og könnuðumst við vel við hana og föður hennar, sem sagt var, að væri með henni.

Hjá mér var ennfremur lýst þrekinni, dökkhærðri konu og gömlum manni, hálfsköllóttum, sem kallaði mig nafna. Átti lýsingin af þeim við afa minn og ömmu. Eg spurði, hvernig landslag væri þar, sem þau hefðu átt heima. Kom þá lýsing á misvíðum dal, og gat það átt við.

Snemma á fundinum reyndi einhver að komast í gegnum miðilinn og sagði: „Eg er öll brotin, fórst í flugslysi“. Á eftir var lýst stúlku, sem fórst í flugslysi, en átti heima fyrir norðan — úti í eyju og hét Saga. Á fundinum var

líka lýst manni og komið með nafn hans, Nielsen. Sagt var, að hann hefði búið í nágrenni við okkur og búið til pylsur. „Hann er danskur“, var sagt, en við gátum ekki munað eftir honum á fundinum.

Til staðfestingar frásögn þessari, ritum við nöfn okkar hér undir.

Þorvaldur Sigurðsson. Snorri Þorvaldsson.

Pétur Þorvaldsson. Valborg Þorvaldsdóttir.

Það, sem sagt er hér að framan, er rétt. Mátti segja, að konan með hundinn legði fundinn næstum algerlega undir sig. Var hraðinn í frásögninni mikill meðan á lýsingum stóð.

Reykjavík, 24. marz 1952.

Elinborg Lárusdóttir, Vitastíg 8A.

Margrét Sigurðsson, Sólvallagötu 33.

Sitjarar.

— — —

Lýsingin af bænum Auðshaug á Barðaströnd er mjög nákvæm og rétt, svo langt sem hún nær. Rétt er til dæmis með tölu á rúmunum, stigann og hlerann. Úr afþiljaða herberginu, sem talað er um, sást út á sjóinn. Þarna bjó faðir minn allan sinn búskap. En þessi bær var rifinn fyrir um það bil tuttugu árum.

Lýsingin á föður mínum er rétt. Runólfur talar um, að honum hafi þótt vænt um bækurnar. Rétt er það. Faðir minn las mikið, bæði innlendar og erlendar bækur og átti mikið af bókum.

Næst er lýst konu í fylgd með föður mínum. Það er sagt, að hún sé með lítinn hund. Lýsingin á hundinum er nákvæmlega rétt — liturinn og dílarnir, og að konu

minni þótti vænt um hundinn er líka rétt. Hvort hann er frá Englandi, veit eg ekki — en hann er keyptur í Danmörku. En kona mín var bæði í Englandi og Danmörku. Að hundurinn hafi stundum verið í heklaðri treyju er líka rétt. Þá kom rétt númer á húsinu, sem eg bý í. Hvað viðvíkur húsinu, herbergjaskipun og því, hvar eg sitji í stofunni, vita það ekki nema þeir, sem gagnkunnugir eru — en það er líka rétt.

Hún, konan mín, segir að við höfum orðið vör við sig eftir andlát hennar. Já, okkur hefir dreymt hana, og nálægð hennar höfum við oft fundið.

Við lýsinguna á stórborginni og um leið af stað úti á landi kannast eg vel. Eg dvaldi í borginni — Kaupmannahöfn — en konan var um tíma úti á landi sér til hressingar.

Svo er sagt, að við höfum verið í stórri borg, sem hafi þó ekki verið höfuðborg, og að þar hafi allt verið fullt af bókum í kringum mig. Við vorum í Hamborg. Þar vann eg á stóru bókbandsverkstæði, svo nóg var af bókunum.

Þá var talað um annan stað, sem hún hefði verið á innan um margt fólk, það kannaðist eg vel við. Lýsti hann því á táknrænan hátt og sú lýsing var rétt. Húsið hét Tjarnarlundur. Það er líka komið með áfallið, er kona mín varð fyrir, er húsið brann.

Stúlkan, sem lýst var og sagðist vera öll brotin, var Saga Geirdal. Hún vann hjá okkur í Tjarnarlundi, en vildi endilega fá sig lausa til þess að fara norður með flugvél. En hún fórst í þeirri ferð.

Þennan Nielsen, sem talað var um, könnumst við ekki við á fundinum. En er heim kom, mundi Snorri

eftir honum. Eins og sagt var hafði hann verið í nágrenni við okkur, en var dáiinn.

Þegar við komum heim af fundinum, settumst við inn og rituðum niður það, sem við myndum þá strax. Mér fundust lýsingarnar harla merkilegar og eins, hvað nöfnin komu rétt. Og mér er óhætt að segja, að konan mín rifjaði upp og minnti á fjölmörg atriði frá samstarfi og samverustundum okkar, sem fallin voru í gleymsku.

Geta skal þess, að miðilinn þekki eg ekki. Hann hefir aldrei komið í mitt hús, og veit eg ekki til, að hann þekki neitt til mín eða míns fólks. Svo að gegnum þá leið er þessi vitneskja ekki fengin. Flest af því, sem kom fram, vissi eg. En eg þurfti þó stundum dálítinn tíma til að átta mig á þeim atburðum, sem konan rifjaði upp, en voru löngu liðnir, því hraðinn í frásögninni var svo mikill, að eg varð að hafa mig allan við, til þess að fylgjast með.

Þorvaldur Sigurðsson, Leifsgötu 4, Rvík.

Látinn maður lætur vita hvernig dauða hans bar að.

Níunda júní, 1952, var eg ásamt dóttur minn á fundi hjá Hafsteini. Fundurinn var á Sólvallagötu 3. Auk fimm fundargesta voru tveir sitjarar. Eg hafði aldrei áður verið á fundi hjá Hafsteini. En dóttir mín hefir áður setið fundi hjá honum. Hvorugt okkar þekkir hann þó persónulega, né neitt til hans.

Þegar dálítið var liðið á fundinn, fór sá, er talaði af vörum miðilsins, að lýsa fyrir mér manni, sem væri dáiinn fyrir nokkrum árum. Lýsingin var mjög greinileg, en ekki

gat eg kannazt við manninn. Gat eg þess við þann, sem lýsti í sambandinu, en sá mun vera kallaður Runólfur, eftir því sem mér var tjáð.

Þá svarar Runólfur: „Hann er kominn á fundinn, af því að hann þekkir þig, en þó einkum vegna þess, að fráfali hans vakti umtal og ágizkanir, sem ekki eru á neinum rökum byggðar. Hann vill, að allir viti, að hann fyrirfór sér ekki. Hann fékk aðsvif og dó þarna í fjörunni“.

Eftir þessa skýringu, var eg alveg jafnnær. Gat með engu móti munað eftir neinum, sem hefði farið með þessum hætti í Vestmannaeyjum.

Þá segir Runólfur: „Þetta er ekki Íslendingur, þetta er útlendingur“.

Ekki bætti það úr. Eg kom þessum manni ekki fyrir mig, þótt hann fullyrti, að við hefðum þekkt. Eftir sögn Runólfs kom hann beinlínis á fundinn, til þess að hitta mig.

Þá greip annar sitjarinn fram í og spurði, hvort ekki væri hægt að koma með nafn hans.

„Nei“, svarar Runólfur, „en eg sé tákni. Eg sé ker með rós í“.

Þegar þetta kom, rann upp ljós fyrir mér. Eg mundi allt í einu eftir manninum og spurði:

„Er það Rósenker?“

Þá varð Runólfur glaður og svarar: „Já, það er rétt — það er Rósenker“.

Þegar eg loks áttaði mig, fann eg hve lýsingin var nákvæm og rétt. Rósenker þessi var danskur, en var lengi við verzlun Gíslis Johnsens í Vestmannaeyjum. Hann fannst örendur í fjöruborðinu norðan á eyðinu, sem kallað er. Var yfirleitt álitnið, að hann hefði fyrirfarið sér.

Mörg ár eru liðin frá dauða hans. Þessi atburður var fallinn í gleysku hjá mér, eins og maðurinn sjálfur. En hann virðist hafa munað betur eftir mér. Eftir ummælum Runólfs var hann kominn á fundinn til þess að hitta mig og afsanna þennan orðróm. Slíku trausti sem þessu get eg ekki misboðið, og því er sá hluti fundarins, sem hann snertir, skjalfestur, strax daginn eftir fundinn.

Ýmislegt fleira stórmerkilegt kom fram hjá mér á þessum fundi. En það er einkamál og verður því ekki skráð að sinni.

Eg ábyrgist að rétt er farið með, enda munu þeir, sem sátu fundinn, geta borið um það.

Sigurjón Sigurðsson, Kirkjuveg 86, Vestmannaeyjum.

Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Langholtsveg 159.

Nælan.

Föstudaginn 18. júlí 1947 var fundur hjá útvarpsstjóra, Jónasi Þorbergssyni. Fundinn sátu: Útvarpsstjóri, Sigurlaug Jónasdóttir kona hans, frú Anna Pálsdóttir, Vesturgötu 19, frú Þórunn Sveinbjarnardóttir, frú Þorgerður Jörundsdóttir, Þorsteinn Gíslason, Hafliði Halldórsson og Hilmar Garðars. Miðillinn var Hafsteinn Björnsson.

Á þessum fundi lýstu þær aðallega Ragna og Finna. Voru staðarlýsingarnar einkum eftirtektarverðar og glöggar, svo og lýsingar af þeim, sem þær sögðu, að komnir væru inn í hringinn.

Mjög nákvæma lýsingu gáfu þær af Garðari Þorsteinssyni. Var eigi um að villast við hvern var átt, enda

nefndu þær og nafn hans. Sögðu þær, að hann sýndi þeim hús, sem væri grátt og hrjúft að utan, með rauðum gluggakörmum — húsið væri nokkuð langt. Hægt væri að ganga inn í það um dyr, sem væru á stafni hússins. Þá kæmi maður fyrst inn í eldhúsið, þar sem ísskápurinn væri. En það væri einnig hægt að koma inn um aðrar dyr beint frá götunni, þá kæmi maður að stiganum. Þær lýstu svo húsinu, herbergjaskipun og innanstokksmunum mjög nákvæmlega og eins og þær væru þaulkunnugar. Þekkti frú Anna og fjölskylda hennar, að ekki var um að villast, að hér var átt við heimili hennar og manns hennar Garðars heitins Þorsteinssonar á Vesturgötu 19.

Þá sögðu þær, að hann talaði um litla mynd af sér. Hann hefði þá verið 11 ára. Segði hann, að Anna kona hans hefði nýlega tekið myndina og látið hana í gyltan ramma, ramminn væri aflangur. Hún hefði sett myndina á skrifborðið í stofunni, þætti honum sérstaklega vænt um þetta.

Þær sögðu, að Garðar sýndi þeim lítinn loðinn hund, sem oft væri í kjallaranum, en kæmi líka oft upp, fagnaði heimamönnum, en gælti að gestum.

Þá kom kveðja frá Garðari til Vagns og stúlku, sem hétu Sigríður og væri með gleraugu.

Þá sögðu þær, að Garðar spyrði Önnu, konu sína, hvort hún myndi ekki eftir ferðalaginu í vetur, hvort henni hefði ekki þótt gaman, hvort hún myndi eftir stóra húsinu hjá skóginum við fjörðinn, sem var lagður ísbreiðu.

Svo lýstu þær nákvæmlega Maríu Guðjónsdóttur, móður Garðars, en konu Þorsteins Gíslasonar. Boð komu frá Maríu viðvíkjandi nælu, sem hún sagði að væri í kassa, en þar ætti hún ekki að vera, unga stúlkan, sem hétu

Rannveig, ætti að fá hana. Kvað hún Þorstein vita um þetta.

Þær Ragna og Finna lýstu svo umhverfi í Fnjóskadal með sömu nákvæmni og lýst var húsinu á Vesturgötu 19.

Að enduðum lýsingum komu nokkrir framliðnir í gegnum miðilinn og töluðu af vörum hans. Meðal þeirra var Garðar. Virtist hann í fyrstu eiga erfitt með að mæla.

Það fyrsta, sem hann sagði, var þetta:

„Er þetta hægt“. Og ennfremur. „Eg sé ykkur ekki, en eg finn ykkur öll“.

Skrifað í apríl 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Framanrituð frásögn er rétt að því, er við bezt fáum munað.

Jónas Þorbergsson. Sigurl. M. Jónasdóttir.

— — —

Við viljum taka það fram, að við höfðum aldrei áður séð Hafstein Björnsson miðil, né hann okkur, svo við vitum til. Hvorki Jónas Þorbergsson, né kona hans Sigurlaug, hafa komið á Vesturgötu 19 þau ár, sem við höfum búið í húsinu. Í tíð okkar hjónanna var húsinu breytt, svo að það er lítt þekkjanlegt að innan fyrir sama húsið og var, er við tókum við því. En húsinu var sérstaklega lýst að innan.

Um myndina, sem Garðar talar um, er það að segja, að tveim dögum áður en fundur þessi fór fram keypti eg rammann, lét myndina í hann og stóð myndin á skrifborðinu í stofunni, eins og hann segir sjálfur, eða lætur segja. Á þessari mynd er hann 11 ára.

Þá talar hann um lítinn, loðinn hund. Við áttum þennan hund. Hann var oftast í kjallaranum, en kom stundum upp.

Við könnumst líka við kveðjuna til Vagns Jóhannssonar og stúlkunnar með gleraugun. Þau unnu bæði hjá manningnum mínum á skrifstofunni.

Eg man vel eftir ferðalaginu veturinn áður með manningnum mínum. Við vorum á ferðalagi í Svíþjóð, og héldum til um tíma í húsinu hjá skóginum, og eg man vel eftir svelluðum firðinum úti fyrir.

Tengdamóðir mín lézt nokkru á undan manningnum mínum. Nokkru eftir andlát hennar, var eg að taka til í herberginu hennar, lagfæra föt og týna saman ýmsa skartgrip, er hún hafði átt. Lét eg þá ofan í lítinn kassa, án þess að athuga, hvað eg lét í kassann. Upphlut átti hún og belti og nælu, sem hún notaði við upphlutinn. Hún hafði ákveðið, hvert upphluturinn ætti að fara eftir sinn dag. Nokkru seinna tók eg upphlutinn og allt, sem honum tilheyrði og gekk frá því, að hann kæmist til skila, en nælan, sem hún er að tala um, hafði orðið eftir og lent með því dóti, er eg lét í stokkinn, og þar fann eg hana, er eg kom heim af fundinum.

Anna Pálsdóttir, Vesturgötu 19.

Það, sem hér að framan er skráð, er í öllum atriðum rétt.

Reykjavík, 8. marz 1952.

Anna Pálsdóttir. Þorgerður Jörundsdóttir.

Þorsteinn Gíslason. Hilmar Garðars.

Hafliði Halldórsson. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Bréfið.

Tuttugasta og fimmta nóvember 1950 var frú Anna Pálsdóttir, ekkja Garðars heitins Þorsteinssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns, á fundi hjá Hafsteini Björnsyni. Tengdafaðir frúarinnar, Þorsteinn Gíslason, var einnig viðstaddur, og sonur frúarinnar, Hilmar Garðars og kona hans, Þorgerður Jörundsdóttir.

Svo stóð á, að Þorsteinn ætlaði eftir nokkra daga til Ameríku, að finna bróður sinn, sem er þar búsettur. Þorsteinn hafði skrifað þessum bróður sínum og sagzt mundi koma. En svar við bréfinu var enn ókomið. Þorsteini þótti því vænt um að fá fundinn, og var hann haldinn í Hafnarfirði á Hörðuvöllum 2.

Fundur hófst eins og venjulega. Féll miðillinn í trans, en þeir, sem voru vanir að koma, töluðu í gegnum hann.

Ragna var beðin að athuga, hvort Ásgeir, bróðir Þorsteins, hefði fengið bréfið, en hann er bóndi í Leslie, Sask., Kanada.

Ragna segist skuli skreppa, enda ekki óvön að bregða sér frá, þótt vegalengdir séu stundum talsverðar. Þegar hún kemur aftur, segir hún, að Ásgeir hafi fengið bréfið frá Þorsteini. Hann hafi setið inni í stofunni við borð, sem sé undir glugga, en þó ekki alveg beint fyrir glugganum, heldur örlítið lengra til annarar handar, svo bætir hún við: „Ásgeir var að lesa í blaði. Í blaðinu voru myndir“.

Á gólfinu fyrir framan borðið kvað hún vera lítið teppi, sem líktist skinni, væri loðið. Litirnir væru mó-gráleitir. Það væru randir í því. Hún hélt fast fram, að um fleiri en einn lit væri að ræða.

Ragna sagði: „Frá aðalveginum liggur vegur í bugðu upp hæðina að bænum“. „Eg sé bæinn“, sagði hún. „Skógarbelti eru í fjarska“.

Hún sagði enn fremur:

„Um leið og eg fór þaðan, fann eg fjósalykt“.

Skrifað í apríl 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Það, sem hér að framan er skráð, er í öllum atriðum rétt.

Reykjavík, 8. marz 1952.

Þorsteinn Gíslason. Hilmar Garðars.

Þorgerður Jörundsdóttir. Anna Pálsdóttir.

Þórdís Helgadóttir.

— — —

Þegar eg kom vestur og spurði Ásgeir bróður minn um bréfið, hafði það borizt honum í hendur fjórum dögum áður en fundurinn var haldinn hér heima.

Lýsing Rögnu á umhverfinu var rétt. Frá aðalveginum liggur vegarspotti í bugðu upp hæðina eða hólinn, sem bærinn stendur á. Skógarbelti eru umhverfis akra og engi á að gizka í mílu fjarlægð frá býlinu.

Eg mundi vel, hvernig Ragna lýsti og tók því enn betur eftir öllu. Mér lék forvitni á að vita, hvort Ragna hefði raunverulega verið þarna á ferðinni. Undir glugganum í stofunni stóð borðið, sem Ragna talaði um. Hún gat þess, að ekki væri það alveg fyrir miðjum glugga. Rétt var það líka. En svo litlu munaði, að líklega hefði eg ekki tekið eftir því, ef Ragna hefði ekki tekið það skýrt fram á fundinum. Fyrir framan borðið var lítið teppi, röndótt, dálítið loðið. Í því voru sömu litirnir og

Ragna sagði. Þá er það fjósalyktin, sem Ragna sagðist hafa fundið, er hún fór. Það er ekki ósennilegt. Ásgeir bróðir hefir 40—50 nautgripi. En sannleikurinn er sá, að nautgripahúsin sjást ekki frá bænum, vegna skógarbeltis og girðinga, sem eru á milli. En fjarlægð frá bænum að gripahúsunum er líklega 12—14 faðmar.

Þorsteinn Gíslason.

Frá ferðinni vestur.

Fundur var haldinn á Vesturgötu 19 hjá frú Önnu Pálsdóttur, 5. desember 1950. Þorsteinn, tengdafaðir frúarinnar hafði lagt af stað til Ameríku 1. desember og fýsti alla að fréttu af ferðalaginu. Þjuggust allir við, að hann væri kominn á áfangastaðinn. Fundinn sátu frú Anna, Hilmar sonur hennar, Þorgerður Jörundsdóttir og Ingimar Jóhannesson kennari.

Runólfur kom eins og vant er gengum Hafstein og fór að tala um Þorstein og ferðalagið vestur. Hann sagðist sjá gráhærða konu í flugvélinni. Einnig veikan mann, en ekki gat hann sagt, hvað væri að honum.

Ragna sagði, að Þorsteinn hefði lent í borginni, þar sem leiðirnar skiftust, hefði lent þar á fimmta degi frá því að hann lagði upp í ferðina.

Seinna kom nafnið á borginni — Winnipeg.

Runólfur sagðist hafa verið hjá Þorsteini fyrir litilli stundu. Hann hefði verið að taka í nefið. Hjá honum væru gömul hjón og eitthvað af ungu fólki. Konan væri ósköp grönn. Ungu fólkinu gat hann ekki lýst. Runólfur sagði ennfremur, að skeyti mundi berast frá Þorsteini eftir fáa klukkutíma og seinna langt bréf. Nú væri hann

að hugsa til Önnu. Hvað hún mundi segja, ef hún sæi hann núna.

Bæði Runólfur og Ragna fullyrtu, að Þorsteini liði vel. Runólfur sagði, að móti Þorsteini á flugvellingum hefði tekið maður með gleraugu.

Skrifað í apríl 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Við undirrituð vottum, að ofanskráð frásögn er rétt.

Hilmar Garðars. Þorgerður Jörundsdóttir.

Anna Pálsdóttir. Ingimar Jóhannesson.

— — —

Það var veikur maður með mér í flugvélinni vestur um haf. Þar var líka gráhærð kona og sat hún hjá mér frá New York til Winnipeg. Eg var fimm dægur vestur. Á flugvellingum í Winnipeg tók á móti mér miðaldra maður með gleraugu. Konan, sem talað var um, er lítil og grönn. Eg var að skrifa heim um þessar mundir.

Þorsteinn Gíslason.

Dósirnar.

Á fundi, sem haldinn var 12. desember 1950, sagði Runólfur, að á leiðinni vestur um haf — og átti þar vitanlega við Þorstein Gíslason — hefði flugvélin, sem hann var í, lent í loftgati og fallið niður. Þorsteinn hefði blundað og stutt hönd undir kinn, en í hinni hendinni hefði hann haldið á tóbaksdósunum. Við hreyfinguna á flugvélinni hefði hann misst dósirnar úr hendinni og ofaní sætið. Sagði hann, að þetta hefði komið fyrir tvisvar sinnum á leiðinni, að vélin hefði fallið skyndilega.

Runólfur sagði enn fremur, að Þorsteinn væri að skrifa þrjú bréf heim. Honum liði vel, en þó hugsaði hann oft heim, kvað hann hafi farið til kunningja og ferðast dálítið, en ekki langa vegu.

Skrifað í apríl 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Við undirrituð vottum, að ofanskráð frásögn er rétt.

Ingimar Jóhannesson. Anna Pálsdóttir.

Hilmar Garðars. Þorgerður Jörundsdóttir.

— — —

Á leiðinni í flugvélinni tók eg auðvitað í nefið, eins og eg er vanur. En eitt sinn, er eg snýtti mér, fann eg til ónota í höfði og þrýsting fyrir eyrum. Eg fann, að eg mátti ekki taka í nefið í flugvélinni, að minnsta kosti ekki að neinu ráði. Næst tók eg aðeins fáein korn, en hélt á dósunum í annari hendinni, bjóst við að eg þyrfti bráðlega fáein korn til viðbótar. Eg blundaði, en hrökk upp við að dósirnar féllu úr hönd mér ofan í sætið. Eg fór strax að leita og fann þær. Þær höfðu fallið niður með setunni í stólnum.

Þorsteinn Gíslason.

Myndin í kassanum.

Á fundi, sem eg sat hjá Hafsteini Björnssyni miðli, seint á þessum vetri, lýsti Runólfur af vörum miðilsins bróður mínum, sem fórst með Glitfaxes 1950. Var lýsingin svo rétt, að eg gat ekki efað, við hvern væri átt. Hann lýsti hæð, háralit, litarfari og augnalit — og bætti

svo við, að hann ætti vanda til þess að roðna oft í andliti.

Þetta var alveg rétt. Hann var feiminn. Ef eitthvað kom honum á óvænt, sló oft roða yfir allt andlit hans.

Svo segir Runólfur: „Hann sýnir mér stað. Þar hefir hann átt heima. Nú kom lýsing á húsi. Ekki var langt liðið á lýsinguna, er eg þekkti, að verið var að lýsa húsi föður míns í Vestmannaeyjum. Svo nákvæm var lýsingin, að sagt var, að tveir inngangar væru í húsið. Annar frá götunni, hinn bakatil við húsið. Væri þá gengið upp sund á milli húsanna. Ekki var nóg með það, heldur lýsti hann húsinu að innan, herbergjaskipun og innan-stokksmunum. Var líkast því sem náinn heimilsvinur væri að segja frá heimili, sem hann hefði þekkt til fjölda ára. En vitanlega sagði Runólfur, að bróðir minn sýndi sér þetta. Svo segir hann, að í stofunni sé mynd af bróður mínum. Hún er á veggnum á móti biðtunni. Að síðustu segir Runólfur, og talar þá beint til mín: „Þú átt líka mynd af honum. En hún er ekki uppi við. Hún er ofaní kassa hjá þér, innanum fleiri myndir“.

Mig furðaði á þessu. En þetta var alveg rétt. Eg átti mynd af þessum bróður mínum. Hana hafði eg áður haft uppi við. En vegna nýafstaðinna flutninga hafði eg ekki enn þá tekið hana upp, né ætlað henni stað. Hún var eins og Runólfur sagði geymd niður í kassa, ásamt fleiri myndum.

Eg þekki miðilinn ekki, hefi aldrei við hann talað og aldrei séð hann, nema í trans, þá í hálfdimmu. Þegar eg fór fyrst á fund til Hafsteins, var eg ákaflega vantrúuð á þessi mál. Nú hefi eg setið þrjá fundi, þeir hafa allir verið merkilegir lýsingafundir. Margt furðulegt hefir

komið í gegn, bæði til mín og föður míns, sem sat með mér síðasta fundinn, og sömuleiðis til þess fólks, sem setið hefir með mér þessa fundi. Eftir þessa kynning efast eg ekki um, að þetta málefni verðskuldar fyllstu athygli.

Reykjavík, 11. júní 1952.

Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Langholtsveg 159.

Hringurinn.

Laugardaginn 24. febrúar, 1951, var fundur haldinn í Sálarrannsóknafélagi Íslands. Fundinn sátu fimm gestir, auk tveggja sitjara og miðilsins, sem var Hafsteinn Björnsson.

Í sambandið komu hinir sömu og vant var: Finna, Runólfur Runólfsson, Ragna og Magnús læknir og svo auðvitað stjórnandinn, en hann lýsir aldrei hjá fundargestum. Hinir þrír fyrst nefndu lýstu til skiptis því, sem væri hjá fundargestum. Voru þær lýsingar ljósar og greinilegar, og töldu fundarmenn sig kannast við látna ættingja og vini. Á þessum fundi var ung kona, sem í fyrstu virtist verða afskift og lítið var sagt við. Þegar svo liðið er talsvert á fundinn, snýr Runólfur sér að henni og fer að lýsa manni, sem sé hjá henni og segir: „Hann er ekki íslenskur. Þetta er erlendur maður, sem talar ekki sama mál og við“.

Lýsing Runólfs á þessum manni var afar nákvæm. Hann getur þess meðal annars, að hann hafi svart hár og augu hans séu mjög dökk. Þá spyr konan, hvort augu hans séu blá eða brún.

Runólfur svarar: „Þau eru brún og mjög dökk“.

Svo heldur Runólfur áfram að tala um manninn og segir, að hann sé svo mikið að tala um einhvern hring, sem honum sé svo annt um. Hann hafi borið þennan hring á litla fingri vinstri handar. Runólfur segir, að þessi maður heiti líkt og Jón á Íslenzku, en það sé borið öðruvísi fram á hans máli. Hann segir, að í seinna nafninu sé svo mikið esshljóð, og því geti hann ekki náð. Runólfur segir enn fremur:

„Þessi maður var á einhverjum stað, og þar var afar flatlent. En svo koma allt í einu drunur og óhljóð. Einhver ógurleg skelfing dynur yfir hann. Eg greini hann ekki framar“.

Þegar þessu er lokið, segir konan: „Þetta er nákvæm lýsing á manni, sem eg var heitin. Hann var kapteinn í hernum og féll í Hollandi“.

Svo virðist sem þessi kona hefði í fyrstu litla trú á því, sem þarna fór fram. En eftir þetta varð hún mjög hrifin og óskaði þess eindregið að komast á fund aftur.

Þessi kona hefir óskað eftir því, að nafns hennar væri ekki getið og nefnum við hana N. N. En hún hefir góðfúslega látið í té eftirfarandi upplýsingar, sem við koma þessu máli.

Frú Margrét Sigurðsson var sitjari á þessum fundi og lætur því nafn sitt undir til viðurkenningar því, að rétt sé farið með.

1. marz 1951.

Elinborg Lárusdóttir. Margrét Sigurðsson.

— — —

Eftir ósk frú Elinborgar Lárusdóttur er eg fús til þess að gefa skýringu á því, sem til mín kom á fundinum

hjá Hafsteini miðli. En það á sér dálitla forsögu. Eftir að unnusti minn féll í stríðinu, fór vinkona mín að tala um spíritismann og biðja mig að koma með sér á fund til Hafsteins miðils. Eg var ákaflega vantrúuð, og er það reyndar enn öðru hvoru, þótt eg verði hinsvegar að játa, að það, sem kom til mín á fundinum, sé harla merkilegt, þegar þess er gætt, að eg hafði og hefi ekki haft nein kynni af miðlinum. Sumt af því, sem sagt var þarna, er líka á þann veg, að það gæti ekki hafa borizt til hans með eðlilegum hætti. Eg ætla að halda frásögunni áfram. Þessi vinkona mín hafði unnið mig til þess að fara með sér á fund. Nú leið langur tími, líklega allt að þrem mánuðum, þá dreymir mig, að eg hitti hér í bænum vinkonu mína, sem búsett er í Englandi. Hún heilsar mér glæðlega og spyr, hvort eg hafi hitt kærasta minn. Eg segi:

„Er hann líka í bænum?“

„Já“, segir hún. „Hann býr á Hótel Borg. Þú átt að hringja þangað og svo nefnir hún símanúmerið“.

Draumurinn var ekki lengri, en morguninn eftir man eg drauminn og númerið, sem mér var sagt að hringja í. En það var númer hjá ríkisútvarpinu. Eg taldi þetta þá eins og hverja aðra vitleysu, sem ekkert mark væri takandi á. En litlu síðar hringir vinkona mín og segir, að nú getum við komið á fund til Hafsteins Björnssonar miðils, eg má segja þá um kvöldið.

Það var talsvert liðið á fundinn, er nokkuð kom til mín. En allt, sem Runólfur sagði um unnusta minn, var rétt og satt, og þó var eg í efa um eitt atriði. Hann talaði um hring, sem hann bæri á litla fingri vinstri handar. Það kann að þykja skrítið, að eg mundi það ekki þá, á

hvorri hendinni hann bar hringinn, og ekki á hvaða fingri. En þó er það satt. Undir niðri var efinn svo mikill, að eg hjálpaði sannarlega ekki til þess að upplýsa neitt. Þegar eg kom heim af fundinum, var mitt fyrsta verk að skoða mynd, sem eg á af honum, og þar sá eg hringinn á litla fingri vinstri handar. Hringurinn var ættargripur, sem honum þótti mjög vænt um.

Þegar þetta reyndist rétt, fór eg að hugsa um númerið, sem mér var bent á í draumnum og eg átti að hringja í, til þess að ná sambandi við hann. Þá komst eg að því, að Hafsteinn Björnsson vann hjá Útvarpinu og vinnur ef til vill ennþá.

Frú Elinborg hringdi til mín í dag, til þess að láta mig heyra það, sem skrifað var upp eftir þennan fund og kom mér við. Eg hafði ekkert við það að athuga. Það er rétt og satt. En einkennilegt er það, að í nótt dreymdi mig þennan mann, og í dag hefir mér fundizt hann vera mér nálægur.

— — —

Vorið 1952 var eg aftur á fundi með Hafsteini. Á fundinum kom þessi sami maður fram og talaði við mig í gegnum Hafstein miðil. Hann var ákaflega sterkur í sambandinu. Veit eg þó, að það hefir verið erfitt fyrir hann að koma. Mér er sagt, að miðillinn tali ekki ensku. En þarna töluðum við saman á ensku, og gat eg ekki greint annað en að enskan væri honum töm og framburðurinn ágætur. Er þetta því enn eitt atriði, sem er mjög athyglisvert.

Reykjavík 1952.

N. N.

Börnin.

Fyrsti fundurinn, sem við hjónin sátum, var 16. nóvember 1949. Við vorum fimm á fundi, sitjari var Jónas Þorbergsson.

Fundur hófst með sálmasöng. Þegar aðeins var liðið á fundinn, snéri sá, sem talaði í gegnum miðlinn, sér að mér og segir:

„Það er þarna telpa hjá þér. Hún heitir Bergljót. Hún kannast við þig“.

Eg þekkti hvorki telpuna eða nafnið og konan mín ekki heldur. Þá var henni lýst, man eg ekki lýsinguna, nema að sagt var, að telpan væri há og grönn, enda kannaðist eg ekkert við hana.

Hún segir, að þú þekkir föður sinn. Hann heitir Þórarinn, lætur hún skila.

Eg mundi í augnablikinu ekki eftir neinum Þóarni, sem hefði misst stálpaða telpu, en eg spyr, hvers son hann sé.

Þá var svarað: „Hann hefir ættarnafn. Hann heitir Wium — Þórarinn Wium“. Þegar hér var komið, rámaði mig eitthvað í, að Þórarinn og kona hans hefðu misst telpu. En hvað hún hét, vissum við hjónin ekki.

Næst er sagt, að með telpunni sé drengur, sem heiti Björgvin. Þá spurðum við, hvort hann héti ekki meira, en fengum aldrei nema þetta eina nafn. Svo var honum lýst svo nákvæmlega í gegnum sambandið, að við gátum ekki efazt um við hvern lýsingin átti. Þegar hann var 7 ára, varð hann fyrir slysi, meiddist á auga. En svo vel var við það gert, að ókunnugir tóku ekki eftir því. En þess var getið í gegnum miðilinn.

Þessi drengur var sonur okkur. Hann hét fullu nafni Páll Björgvin, og var alltaf kallaður Palli. Hann andaðist 13 ára, mjög sviplega. Sjálfur hefir hann komið í sambandið og á margvíslegan hátt sannað sig fyrir okkur. Handtak hans, hreyfingar og talsmáti, líkist honum eins og hann var í lifanda lífi. Þetta og fleira, sem komið hefir fram á fundum hjá Hafsteini, hefir orðið okkur mikilvægt sönnunaratriði fyrir framhaldslífinu.

Reykjavík, 12. júní 1952.

Ólafur Pálsson. Drífa Jóhannsdóttir.
Efstasundi 52.

Víst þekkir þú mig.

Á fundi, sem við hjónin sátum hjá Hafsteini Björnsyni miðli í ágúst 1949, kom maður í sambandið, sem sagðist heita Sveinn. Hann snéri sér sérstaklega til Bjarna, mannsins míns og sagðist þekkja hann. Bjarni gat með engu móti kannast við manninn. Virtist honum falla það illa og sagði að lokum:

„Víst þekkir þú mig, Bjarni“. Hann kvaðst hafa drukknað á firðinum. Honum var lýst að útliti, en samt sem áður fórum við hjónin svo af fundi, að hvorugt okkar kannaðist við hann.

Nokkru síðar átti maðurinn minn erindi suður í Keflavík. Eg fór með honum, án þess þó að hafa nokkurt erindi. Eg ætlaði mér að tefja hjá kunningjakonu minni í Keflavík, meðan Bjarni væri að ljúka erindi sínu. En er þangað kom, var konan ekki heima. Hún hafði farið um morguninn til Reykjavíkur og var ekki von á henni fyrr en seint um kvöldið. En kona, sem við hittum þarna

og höfðum tal af, vildi endilega að við kæmum inn til sín. Konu þessa þekkti eg ekkert. Var eg treg til þess að tefja hjá henni. En hún lagði svo hart að mér, að mér fannst ókurteisi að hafna þessu vinsamlega boði hennar. Fór eg nú inn með henni og sat þar meðan Bjarni var fjarverandi.

Þegar Bjarni kom aftur, vildi konan endilega að við drykkjum kaffi hjá henni. Kvaðst hún hafa það tilbúið. Á meðan við vorum að gæða okkur á kaffinu, bar gest að, konu úr Ytri-Njarðvík. En það er talsverður spölur þaðan og í Keflavík. Konan úr Njarðvík ætlaði að finna sömu konuna og eg hafði ætlað mér að hitta, en greip í tómmt eins og eg.

Auðvitað dreif þessi góða og gestrisna kona, sem við sátum hjá, konuna inn til sín. En er konan kom inn og heilsar manni mínum, segir hún:

„Hér er þá fólk, sem maður þekkir“. Eg tók eftir því, að hún heilsaði manninum mínum mjög kunnuglega.

Bjarni horfði á konuna og sagði: „Mér finnst eg kannast við þig, en get þó ekki komið því fyrir mig, hver þú ert“.

„Þú kannast þó líklega við hann Svein heitinn bróður minn, sem drukknaði á Patreksfirði með honum föður þínum“.

Þá rankaði Bjarni við sér. Jú, hann mundi Svein vel, en síðan þeir drukknuðu, faðir hans og Sveinn, voru liðin um 40 ár. Sveinn þessi og Bjarni voru á svipuðum aldri.

Eg mundi nú eftir fundinum og Sveini, sem maðurinn minn kannaðist ekki við, og segi nú:

„Þarna hefir þú Svein“.

Það var ekkert undarlegt, þótt maðurinn minn myndi ekki eftir Sveini, eftir svo mörg ár, þegar þess er gætt, að í mörg ár hafði hann hvorki séð né heyrt neitt til hans fólks. Þessa systur hans hafði hann ekki hitt eða talað við í 30 ár og vissi ekki, hvar hún var niður komin. En undarlegt finnst mér það, að hefðum við ekki á þessum degi og þessari stundu verið stödd í þessu húsi í Keflavík, þá væri okkur það enn hulið, hver Sveinn sá var, er kom í sambandið á fundinum hjá Hafsteini miðli. En maðurinn minn er ekki í neinum efa um, að það hafi verið sá hinn sami og drukknaði af báti með föður hans.

Geta skal þess, að sá atburður gerðist nokkrum árum áður, en Hafsteinn Björnsson fæddist.

Reykjavík, 3. febrúar 1952.

Guðrún Árnadóttir frá Oddsstöðum.

Hann söng.

Á fundi, sem eg sat hjá Hafsteini Björnssyni á Sól-vallagötu 3, í vetur 1952, kom Jón bróðir minn í sambandið eins og hann er vanur, ef eitthvert okkar systkin-anna kemur á fund hjá Hafsteini. Guðmundur bróðir minn og Sólveig systir mín hafa sagt frá slíkum fundum, svo það, sem eg hefi að segja, er ekki nema endurtekning á því. Þó vil eg geta þess, að Jón sagði ýmislegt við mig á þessum fundi, sem mér einni kom við og enginn vissi nema eg, en hér ræðir um einkamál, sem ekki verður skráð, en einmitt þetta var mikilvæg sönnun fyrir mig.

Á fundinum stakk einhver upp á því, að Jón syngi fyrir okkur. Hann sagði:

„Það getur vel verið, að eg geti það síðar, ef eg fæ leyfi“.

Svo fór hann, en undir fundarlokin var sungið lag, sem Jón var vanur að syngja; kvæðið er eftir hann:

„Húmar að kveldi
hljóðnar dagsins þys“.

Mér blandaðist ekki hugur um, hver söng. Rödd Jóns var alls staðar auðþekkt, líka þarna, djúp bassarödd, enda þekktu allir röddina, sem á fundinum voru.

Reykjavík, 28. marz 1952.

Ragnheiður Jónsdóttir frá Ljárskógum.

Það vottast, að Jón söng lágrí röddu og var raddblærinn auðþekkjanlega hans. Hann gerði það fyrir mín til-mæli. Á næsta fundi, sem eg sat, gerði hann aftur vart við sig og söng þá aftur nokkra tóna.

Reykjavík, 5. júní 1952.

Jónas Þorbergsson.

Hreiðar.

Sjöunda desember 1951 vorum við hjónin á fundi hjá Hafsteini Björnssyni miðli ásamt tveim öðrum fund-argestum.

Liðið var talsvert á fundinn, er miðillinn eða sá, sem talaði af vörum miðilsins, nefndi nafn á einhverjum manni, sem sagt var að kominn væri í hringinn. Ekki kannaðist eg við þann, sem tilgreindur var. En sá, sem

talaði, sagði, að þessi maður sýndi sér landslag, lítinn kaupstað, sem stæði við fjörð. Var einkum lýst landslaginu útfrá kaupstaðnum og fjallasýninni. Þegar lýsingunni var lokið, nefndi lýsandinn nafn, sem við könnuðumst vel við, eg og móðir mín, en hún var með okkur á fundi. Nafnið var Árni Arentsson. Hann var mjög sérkennilegur maður. Þegar lýst var landslaginu, fannst okkur lýsingin eiga við Patreksfjörð. En er nafn Árna kom, vorum við sannfærð um það. Hann átti heima á Patreksfirði. Næst kom maður í gegnum miðilinn, sem sagt var að vildi tala við mig. Hann kvaðst heita Hreiðar Jóhannesson, og sagði jafnframt, að faðir sinn væri með sér. Hann þekkti mig. Hann hétí Jóhannes Þórarinsson og væri frá Patreksfirði.

Eg kannaðist ekkert við hann, en spurði, hve langt væri síðan hann hefði farið héðan. En hann var ekki svo sterkur í sambandinu, að hann gæti svarað því, enda virtist hann vera með allan hugann hjá móður sinni, sem hann sagði að væri hjá okkur og spurði um líðan hennar. Hún hétí Guðrún Brynjólfsdóttir, sagði hann. Svo gat hann ekki sagt fleira og hvarf úr sambandinu. Á eftir kom Runólfur, sá sem lýsir oft í gegnum miðilinn, og talaði um þennan pilt, sem kom til mín. „Hann Hreiðar dó af uppskurði“, sagði hann.

Eg kannaðist ekkert við þessa feðga, mundi ekkert eftir þeim og móðir mín ekki heldur, en við erum ættuð að vestan. Aftur hafði konan mín aldrei komið á þessar stöðvar, svo ekki var von, að hún áttaði sig á nöfnunum né landslagslýsingunni. Við áttum heima á Patreksfirði frá 1914–1918, svo að staðarlýsinguna töldum við okkur þekkja.

Eftir fundinn fór eg að tala um þetta við systur mína, sem er búsett í Reykjavík. Þá mundi hún eftir þessum Jóhannesi Þórarinssyni. Þegar foreldrar okkar voru á Patreksfirði, bjó hann í sama húsi og þau, þá kvongaður. En kona hans hét ekki Guðrún Brynjólfsdóttir. Má vera, að það hafi villt mig og móður mína, svo og líka það, að hann var í daglegu tali alltaf kallaður Jói Þór. Eg kannaðist eiginlega ekki við hann undir öðru nafni. En af viðtali við systur mína og ítrekuðum tilraunum til að grafast eftir þessu, kom þetta í ljós:

Jóhannes og kona hans slitu samvistum. En Guðrún Brynjólfsdóttir varð þá ráðskona hjá honum. Sonur Guðrúnar og Jóhannesar var þessi Hreiðar, sem kom fram á fundinum. Allt gerðist þetta, eftir að eg fór frá Patreksfirði. Þennan Hreiðar hafði eg aldrei heyrt eða séð, vissi ekki, að hann hefði verið til, fyrr en eg kom á fundinn. Eftir þeim upplýsingum, sem mér voru látnar í té af fólki, sem til þekkti, hafði þessi piltur verið sendur suður fjárveikur. Þegar á skurðarborðið kom, var botnlanginn sprunginn. Afleiðingarnar voru lífhimnubólga, sem dró hann til dauða.

Guðrún Brynjólfsdóttir er enn á lífi og búsett á Patreksfirði.

Að lokum reyndist allt rétt, sem sagt var á fundinum viðkomandi Hreiðari.

Reykjavík, 12. júní 1952.

Ólafur Pálsson. Drífa Jóhannsdóttir.

Efstasundi 52.

Vottast rétt frá sagt.

Ingimar Jóhannesson.

Myndin í steininum.

Laugardaginn fyrir hvítasunnu 1952 sat eg og kona mín fund með Hafsteini Björnssyni miðli. Fundurinn var á vegum Sálarrannsóknafélagsins.

Frásögnin, sem fer hér á eftir, er viðkomandi Grétari syni okkar, sem var burtkallaður fyrir 17 árum, þá tæplega tveggja ára. Einn þeirra, sem lýsir í gegnum Hafstein segir, að í sambandið sé kominn ungur maður og nefnir nafnið Grétar. Þroskaður og vel vaxinn. Hann hafi ágæta skapsmuni. Erindi eigi hann við okkur. Hann sé sonur okkar, sem farið hafi héðan mjög ungur, segist sjá töluna 1935. Þá lýsir hann húsi, sem hann segist ganga inn í. Fyrst komi hann í gang. Öðrumegin við ganginn liggi dyr inn í stofu, en úr þeirri stofu séu aðrar dyr inn í stofu, sem sé minni en hin stofan. Í þeirri stofu sé hljóðfæri. Nærri horni stofunnar sé mynd. Myndin sé af afa unga mannsins. Í horni þeirrar myndar sé mynd af Grétari. Er sagt, að Grétar sýni lýsandanum þetta sjálfur.

Lýsingin, sem er af heimili okkar hjóna, er alveg rétt. Þess skal getið, að miðillinn hefir aldrei komið heim til okkar. En viðkomandi myndinni er þetta að segja: Engin mynd var til af Grétari litla, sem fluttist héðan á árinu 1935. Myndin, sem hann getur um af afa sínum, er á þeim stað í stofunni, sem hann segir, einnig er orgel í stofunni. Þetta er því allt rétt og satt.

Okkur þótti mjög leitt, að ekki var nein mynd til af drengnum okkar, er hann lézt. Hann var fallegt og elskulegt barn.

Fyrir mörgum árum var eg eitt sinn að virða fyrir mér

mynd af föður mínum, þessa mynd, sem talað var um á fundinum. Myndin var tekin þannig, að hann situr undir grjótgarði og kemur grjótgarðurinn út á myndinni. Mynd þessi er ágæt, en er eg er að virða myndina fyrir mér, sýnist mér greinileg mynd af barnsandliti koma fram í einum steininum. Mér finnst þetta vera mynd af drengnum okkar, Grétari. Eg bið konu mína að athuga þetta, hvort það sé ekki rétt hjá mér. Ekki sá hún myndina jafngreinilega og eg. Eg sýndi fleirum, en fékk sama svarið. En það breytti í engu minni sjón. Í hvert sinn, er eg lít mynd föður míns, blasir við sjónum mér mynd af drengnum mínum, lítið barnsandlit, sem er mér kært.

Eg veit vel, að ekki er þetta raunveruleg mynd hans. En myndin var af mér sett í samband við hann, og varð í hug mínum mynd af honum. Á fundi þessum var eg sannarlega ekki að hugsa um myndina. En líklegt þykir mér, að drengurinn minn hafi áður fundið hug minn, því að oft verður mér hugsað til hans í sambandi við þessa mynd. Að þetta skyldi koma fram á fundinum er mér mikils virði. Ekki hafði miðillinn neina vitneskju um þetta.

Á þessum fundi talar hann við móður sína um hárlokk, sem sé til af sér. Hún kannaðist við það, en spyr, hvort hann viti, hvar hann sé geymdur. Hann svarar:

„Hann er geymdur í litlum kassa. Rauðu bandi er vafið um hann. Þegar kassanum er lokað, kemur smellur“.

Þetta er einnig rétt. Hárlokkar allra sona okkar þriggja eru geymdir í litlum saumakassa, sem er með gamaldagslæsingu, þannig að hún smellur, þegar kassinn lokast. Láðst hafði að merkja lökkana, svo að konan mín var

ekki alveg viss um, hver þessara þriggja lokka væri af Grétari. En einn þeirra er vafinn rauðu bandi. Verður hann hér eftir eignaður honum.

Þetta er ritað eftir fundinn, eftir minni okkar hjóna beggja. Ekki er frásögnin ýkt á neinn hátt, en vel má vera, að eitthvað hafi fallið úr. Til staðfestingar þessu látum við nöfn okkar undir.

Meiðastöðum, 2. júní 1952.

Guðlaugur Eiríksson. Björg Erlendsdóttir.

Eg vissi ekki að hann væri dáinn.

Á þriðjudaginn fyrir hvítasunnu var eg á fundi hjá Hafsteini. Á þeim fundi var spurt í gegnum miðilinn:

„Hver er Ólafur Sigurðsson?“

Enginn kannaðist við hann.

Síðar á þessum sama fundi var aftur spurt, hvort enginn kannaðist við Ólaf Sigurðsson, en enginn gaf sig fram.

Þennan sama vetur kom til Reykjavíkur Ólafur Sigurðsson hreppstjóri á Flateyri við Öndarfjörð. Hann var sjúkur og var lagður inn í sjúkrahús hér í Reykjavík. Við Ólafur þekkumst frá gömlum dögum og heim-sótti eg hann meðan hann lá. Af viðtali mínu við hann fann eg, að hann hafði litla von um bata. Sýnilega var hann mikið veikur, en eg sagði meðal annars við hann:

„Þetta batnar, þegar dagurinn lengist og sól hækkar á lofti“, svo kvaddi eg hann.

Nokkru síðar var hann fluttur í annað sjúkrahús, hér í bæ. Þangað kom eg aldrei til hans. Eg hringdi þangað

á uppstigningardag og talaði við hjúkrunarkonuna og spurði um líðan hans. Hún svaraði:

„Hann hefir undanfarna daga verið hitalítill, en í dag er hitinn að stíga“.

„Það er þá kannske ekki rétt, að eg komi til hans í dag?“ sagði eg.

„Eg held ekki“, svaraði hún.

Það varð því ekkert úr því, að eg heimsækti hann. Daginn eftir komu annir og svo liðu dagarnir. Þegar eg sat fundinn, þriðjudaginn fyrir hvítasunnu, datt mér Ólafur ekki í hug, vissi ekki annað en hann væri lifandi. En föstudaginn fyrir hvítasunnu kom eg í hús hér í bæ, og er þá sagt við mig:

„Hann Ólafur Sigurðsson var jarðaður í dag“. Mér brá, hafði enga hugmynd um, að hann væri dáinn. Hafi það verið auglýst í blöðum, fór það fram hjá mér. En síðar kom Ólafur á fund, sem eg sat hjá Hafsteini og þakkaði mér fyrir heimsóknina til sín í sjúkrahúsið.

Reykjavík, 15. apríl 1952.

Eyj. E. Jóhannsson, Sólvallagötu 20.

Þetta er rétt.

Sigríður Einarsdóttir, Karlagötu 3.

Síðustu orðin.

Í fyrra 1950 var eg á fundi, og kom þá Ísleifur Jónsson í gegn og talaði við mig. Ísleifur er sérlega sterkur og greinargóður í sambandinu. Eg sagði að lokum við hann:

„Segðu mér, hvað þú sagðir við mig, er við sáumst síðast?“

Ísleifur svarar: „Eg skal segja þér það, en ekki núna“, svo fór Ísleifur úr sambandinu, en eg gat þó áður lagt fyrir hann aðra spurningu:

„Segðu mér, Ísleifur, hvað konan þín sendi mér heim á gamlárskvöld 1948?“

„Eg skal segja þér það seinna“.

Seinna á fundinum er sagt: „Hann Ísleifur er hérna. Hann er að sýna mér kúlu og festi“, segir Finna.

„Er það kúla?“ spyr eg.

„Eg skal athuga það betur“, er svarað.

Litlu síðar kemur Finna aftur og segir: „Hann Ísleifur er að sýna mér þetta gyllta“.

„Er það kúla?“ segi eg.

„Nei, það er múrskíð“.

„Nú skil eg það“, svara eg.

„Mikið var, ekki skil eg það“, segir Finna og bætir svo við: „Nú hlær Ísleifur“.

„En eg átti ekki við þetta“, segi eg, „þetta kom ekki á gamlárskvöld. Hvað gaf hún mér á gamlárskvöld?“

„Spurðu „strákinn“ í hálftransinum“, svarar Finna. Þar átti hún við miðilinn.

Í hálftransinum segir miðillinn allt í einu: „Þú mátt koma inn, Eyjólfur“. Rétt á eftir er sagt: „Hvað er hann Ísleifur alltaf að hlaupa. Hann er með eitthvað“.

„Hvað er hann með?“ spyr eg.

„Hann er með bók í höndunum“, svarar miðillinn.

Eg skildi þetta, en nú var krafturinn að dvína, svo ekki kom fleira.

En orðin, sem Ísleifur sagði við mig, þegar eg sá hann síðast, komu rétt í gegn. Hann var þá svo veikur, að

kona hans taldi ekki rétt að neinn kæmi til hans. Hann heyrði málróm minn og kallaði:

„Þú mátt koma inn Eyjólfur“. Þessi gljáandi hlutur, sem Ísleifur var að sýna Finnu og hún lýsti, var múr-skeið, sem frú Hólmfríður gaf mér eftir andlát Ísleifs.

Við spurningunni um það, hvað frú Hólmfríður hefði gefið mér á gamlárskvöld, fékk eg aldrei fullnægjandi svar. Að Finna sá Ísleif með bók í hendinni á sennilega að tákna gjöfina, sem voru verk Einars heitins Kvarans.

Reykjavík, 13. apríl 1952.

Eyj. E. Jóhannsson, Sólvallagötu 20.

Bókin.

Föstudaginn 28. marz 1952 kl. 8 síðdegis, var haldinn lækningafundur í húsinu nr. 5 við Lokastíg í Reykjavík að tilhlutun Guðmundar Guðmundssonar prentara, sem þar býr, í sambandi við alvarlegan sjúkdóm konu hans, og var miðill á fundinum hr. Hafsteinn Björnsson, sem landskunnur er orðinn fyrir störf sín, í sambandi við Sálarrannsóknafélag Íslands. Auk þeirra var systir Guðmundar á fundinum, frú Margrét Breiðfjörð, og var mér boðið að sitja fundinn laust fyrir kvöldverðarleytið, eða rúmum klukkutíma áður en fundurinn hófst.

Við vorum þannig, að miðlinum meðtöldum, aðeins fjögur, er fund þennan sátum. Miðillinn vissi ekki, að eg myndi verða á fundinum, fyrr en hann kom á fundarstað.

Áður en fundurinn hófst, hafði eg orð á því við Hafstein Björnsson, hvort það gæti truflað tilgang fundarins, þó að eg legði spurningar, ef tilefni gæfist til, fyrir stjórn-

endur fundarins, hinumegin við tjaldið, sem snertu ekki fundarefnið sjálft. Hann kvað það alveg saklaust, og taldi rétt, að eg gerði það, þegar vel stæði á.

Fundurinn hófst síðan og fór fram á venjulegan hátt, og var létt yfir fundinum þó full alvara ríkti á honum, meðan Hafsteinn var í miðilsástandinu.

Um það leyti, er fundurinn var hálfnaður, skaut eg fram hinum fundarmönnum alveg að óvörum, þeirri spurningu til stjórnandans, sem þá átti viðræður við okkur og Finna er kölluð, hvort hún hefði tók á að skreppa heim til mín á Fjölnisveg 15 í Reykjavík, neðstu hæðina í suðvestur stofuna þar, og athuga fyrir mig, hvað bók sú hét, er eg keypti um hádegisleytið þennan dag og lægi á litlum mahogny-skáp þar við gluggann í stofunni. Finna svaraði mér því, að ekki hefði hún eins og á stæði tók á því, en Rúnki (það er annar stjórnandi, sem venjulegast einnig, eftir því, sem mér hefir verið sagt, kemur fram á miðilsfundum Hafsteins Björnssonar) myndi geta það og vera betur til þess fallinn og skyldi hún tala um það við hann.

Skömmu síðar kom Rúnki í sambandið og lagði eg þá sömu spurninguna fyrir hann, en með þeirri viðbót, að eg myndi ekki, hvað bókin hét.

Í þessu sambandi má taka það fram, að enginn, sem á fundinum var staddur, vissi neitt um þessi bókakaup mín.

Nokkru síðar kom svo Rúnki aftur í sambandið og sagði, að framan á þessari bók væri teiknuð mynd og neðan undir henni væru rauðir stafir. Í sömu andránni sagði hann ennfremur: „Það er bókin hans Haraldar“. Eg játaði þetta rétt vera og sagði: „En hvað heitir bókin“. Hvarf hann síðan um stund úr sambandinu og kom þá

Finna aftur og lét þess getið, að aftur væri Rúnki farinn af stað til að athuga bókina nánar. Eftir skamma stund kom Rúnki í sambandið enn á ný, og sagði nú frá því, að bókin hét „Lífið og ódauðleikinn“. Eg kváði við og hafði upp eftir honum það, sem mér ranglega heyrðist hann segja „Lífið og ódauðleikasannanirnar“, en til leiðréttingar, að því er virtist, endurtók hann þá það, sem hann áður hafði sagt: „Lífið og ódauðleikinn“.

Eg þakkaði Rúnka en beið með að fallast á upplýsingar hans, þangað til eg gæti heima gengið úr skugga um, hvað rétt væri í þessu efni, en þegar þangað kom, sannfærðist eg um, að frásögn hans var nákvæmlega rétt.

Eg vil með fáum orðum gera frómt grein fyrir því, hvernig á því stóð, að eg ekki mundi heiti þeirrar bókar, sem eg svo nýlega hafði keypt.

Eg hafði áður en þessi atburður skeði, verið að hugleiða það, að kaupa, smám saman ritverk prófessors Haraldar sáluga Níelssonar og var þá efst í huga mínum „Árin og Eilífið“ eftir hann. Um hádegisleytið þennan dag, var eg á heimleið frá skrifstofu minni og var gengið fram hjá bókaverzlun Guðmundar Gamalielssonar í Lækjargötu, og varð litið í búðarglugga hans og sá þá bók, með mynd af Haraldi Níelssyni og eftir hann í glugganum. Eg gekk inn og benti á bókina, þar sem hún var og keypti hana. Þegar heim kom, tók eg aðeins umbúðirnar utan af henni hugsunarlaust og lagði hana á hinn tiltekna stað, án þess að athuga hana nokkuð nánar, áður en eg fór á umræddan fund. Kom hún ekki í huga minn, fyrr en þarna á fundinum á þennan hátt, er eg hefi frá greint. Vegna hraðans, sem á mér var, athugaði eg ekki heiti bókarinnar, þegar eg keypti hana, og þarna var hún

lögð samkvæmt venju um ólesnar bækur. Á fundinum voru aðeins í huga mínum „Árin og Eilífðin“ eftir H. N., þó eg vissi þá vel, að eg hefði ekki gert þá um daginn kaup á þeirri bók. Eg læt hér frásögninni af fundi þessum lokið, og mun eg ekki í sambandi við þetta athyglisverða fyrirbrigði, draga hér neinar ályktanir, en læt þá hlið málsins þeim eftir, er frásögn þessa lesa.

Gunnar E. Benediktsson, Fjölnisveg 15.

Við undirrituð, sem vorum á ofangreindum fundi, staðfestum hér með, að frásögn hr. hæstaréttarlögm. Gunnars E. Benediktssonar frá fundinum er rétt í öllum atriðum.

Reykjavík, 6. júlí 1952.

Guðm. Guðmundsson, Lokastíg 5.

Margrét Breiðfjörð, Lokastíg 5.

Gamlir atburðir rifjaðir upp.

Fyrsti fundurinn, sem eg sat með Hafsteini miðli, var á Sólvallagötu 3.

Þegar miðillinn var fallinn í trans, komu þeir fram, sem venjulega lýsa í sambandinu. Ragna lýsti fyrst hjá fundargestum, en virtist eiga erfitt, því að allt í einu hrópaði hún:

„Finna, komdu hérna og hjálpaðu mér. Það er svo margt hérna“. Það var líka orð að sönnu. Eg sá, að herbergið var fullt af himneskum verum, sem virtust eiga erindi, eða hafa hug á að ná sambandi við fundargesti, en við vorum fjögur og að auk tveir sitjarar. Ragna hvarf nú úr sambandinu, en í hennar stað kom Finna og lýsti fyrir okkur. Hún sagði:

„Hér er fullt af Pétrum. Átt þú þá alla“, sagði hún og beindi orðum sínum að mér. „Hér er ennfremur prestur, sem líka heitir Pétur. En hann ætlar ekkert að tala við þig núna. Það eru ekki nema tveir Pétrar, sem tala við þig“, sagði hún og reyndist það rétt. Pétur bróðir minn kom í sambandið og talaði við mig. Ræddum við saman líkt og við höfðum gert, meðan hann var hér hjá okkur. Var hann mjög sterkur í sambandinu.

Bróðursonur minn, sem líka heitir Pétur, talaði við mig, nokkur orð. Hann virtist vera mjög klökkur, sem mér fannst eðlilegt. Hann var svo ungur, er hann fór.

Pétur bróðir minntist á æskuheimili okkar, og rifjaði upp löngu liðna atburði, sem voru fallnir mér að nokkru leyti í gleysku, en hann virtist muna vel. Þar á meðal minntist hann á gömul hjón, sem höfðu verið mörg ár heima hjá móður okkar og okkur börnunum hafði þótt svo vænt um. Hann hafði hitt þau aftur og gat um líðan þeirra. Þau voru burtkölluð, er við systkinin vorum innan við fermingaraldur. Sömuleiðis talaði hann um foreldra okkar og allt okkar nánasta skyldfólk, sem er margt flutt yfir. Virtist hann hafa hitt það og vita, hvað því liði. Sömuleiðis kom greinilega fram, að hann veit og fylgist með öllu, sem gerist hjá hans nánustu hér á jörðunni.

Margt fleira kom fram á þessum fundi, hjá hinum fundargestunum. Voru lýsingarnar mjög góðar og samtölin sannfærandi fyrir alla, en ekki hvað sízt fyrir þá, sem sáu hina framlíðnu ástvini, sem mættir voru þarna og áreiðanlega þráðu það eins heitt og við, að ná sambandi við okkur.

María P. Maack, hjúkrunarkona.

Áhöfnin á Max Pemperton.

Einn fagran sólskinsdag vorið 1948 var eg á fundi hjá Hafsteini Björnssyni. Fundurinn var á Sólvallagötu 3, Reykjavík. Við vorum fimm fundargestir. Þekkti eg alla, nema mann frá Húsavík, er var gestur Dagnýjar Jónsdóttur á fundinum.

Á þessum fundi voru margir mættir að handan, meðal þeirra var Pétur bróðir minn, sem alltaf er svo sterkur í sambandinu. Var honum fyrst lýst af Rögnu en síðan af Finnu, ásamt öðrum, sem hún lýsti. Pétur kom svo sjálfur í gegn, talaði við okkur, hughreysti okkur og gaf okkur ýms heilræði á sama hátt og hann gerði svo oft, meðan hann dvaldist meðal okkar. Hann virtist nú sem fyrr fylgjast með öllu, sem okkur áhrærði. Pétur bróðursonur minn talaði við mig og virtist mér hann miklu hressari, en hann var á fyrri fundinum.

Á þessum fundi lýsti Finna allri skipshöfninni á Max Pemperton. En áður en hún hóf lýsinguna, sá eg alla skipshöfnina þarna inni. Og skildi eg um leið, að Pétur bróðir minn lagði allan sinn kraft í það að sýna mér hana. Frá henni stöfuðu geislar, sem fluttu mér mikinn unað. Mér þótti ákaflega vænt um þessa sýn. Það hefir bróðir minn áreiðanlega vitað og því komið með hana. En þetta var ekki hið eina, sem eg sá. Eg sá alla, sem komu í hringinn og alla, sem lýst var í sambandinu og það, áður en lýsing hófst hjá þeim, sem töluðu af vörum miðilsins. Eg sá enn fremur alla, sem voru utan við hringinn — og þeir voru ekki fáir, því að herbergið var fullt af framliðnum verum, sem vildu komast að sambandinu.

Næst kom til mín vinkona mín, sem dó hjá mér. Hún stóð fyrir framan mig og heilsaði mér, og sagði, að sér liði vel, enda þótt hún hefði kosið að dveljast lengur hjá okkur. Henni var líka lýst í gegnum miðilinn eftir að hún hvarf úr sambandinu. En eg sá hana um leið og hún kom. Lýsingar á henni og öðrum, sem lýst var, voru sannar og nákvæmar. Eg gat bezt um það borið, sem sá alla, sem þarna voru. Þegar hætt var lýsingum á þeim, sem komu í gegnum miðilinn, fór Finna að tala við fundargesti og lýsa hjá þeim. Til dæmis lýsti hún heima hjá Hallfríði mágkonu minni, konu Péturs bróður míns. Meðal annars segir hún við Hallfríði:

„Þú ert búin að breyta heima hjá þér, heillin. Þegar eg kem inn í norðurstofuna, er þarna „lenestóll“, nei, það er miklu stærra. Eg veit ekkert, hvað þú kallar þetta. Þú ert búin að færa borðið, og margfalda skápinn ertu búin að flytja inn til þín, þar sem þú sefur. Á skápn-um er eitthvað glansandi, sem eg veit ekki, hvað heitir. Þannig hélt Finna áfram að lýsa öllu innanstokks hjá Hallfríði. En eg held, að hún hafi ekki áttað sig á þessu. Um flutning eða breytingu á húsgögnum vissi eg ekki. Eg hafði ekki komið þangað í nokkra daga. Eftir fundinn fórum við Elín systir mín heim með Hallfríði mágkonu. Eg flýtti mér inn í norðurstofuna, til þess að sjá, hvort nokkru hefði verið breytt. En mikið varð eg undrandi, er eg sá, að allt þar inni var eins og Finna hafði sagt í lýsingunni. Þar sem Finna nefnir fyrst „lenestól“, en segir svo, nei, það er eitthvað miklu stærra, var svefn-sófi og var hann þá nýkominn inn í íbúðina, að því er mér var sagt. Borðið var flutt til og skápurinn stóri, sem

Finna getur um og var áður í stofunni, var fluttur í svefnherbergi mágkonu minnar. Á skápnum stóð gljáandi rafmagnskanna, sem varla er von, að Finna vissi nafn á. Slíkar könnur hafa varla verið til í hennar tíð.

Þannig reyndist allt rétt, er Finna sagði á fundinum.

María P. Maack, hjúkrunarkona.

Af miðilsfundi.

Fundurinn var haldinn heima hjá Jónasi Þorbergssyni, útvarpsstjóra, Ásvallagötu 1, 21. apríl 1947, og hófst kl. 5 síðdegis. Fundarstaður var svefnherbergi þeirra hjóna. Miðill var Hafsteinn Björnsson. Fundarfólk: Jónas Þorbergsson, frú Sigurlaug Jónasdóttir, kona hans, frú Helga Jónsdóttir, Grenimel 19 og frú Margrét Jónsdóttir, systir hennar, Hringbraut 45. Var þetta einkafundur, haldinn fyrir þær systur, Helgu og Margréti. Jónas fullyrðir, að Hafsteinn hafi ekki haft hugmynd um, fyrir hverja fundurinn yrði haldinn, enda vilji hann aldrei um það vita fyrir fram, hverjir fundi sitji hjá honum. Með því sé síður hætta á, að honum verði brugðið um svik.

Undireins og þær Helga og Margrét komu heim til Jónasar, var farið með þær inn í svefnherbergið, en miðillinn sat inni í daglegu stofunni. Hann sá ekki þær systur, áður en fundur byrjaði, og þær ekki hann. Dregnar voru þykkar gardínur úr dökku efni fyrir svefnherbergisgluggann, svo að myrkur var í herberginu. Þó sást aðeins móta fyrir heildarmynd af miðlinum, en svo óskýrt, að Margrét, sem er lítið eitt kunnug honum, gat með engu móti þekkt hann. Hins vegar hafði Helga

aldrei séð miðilinn, svo að hún vissi, og fór af fundinum jafnnær um útlit hans.

Þegar miðillinn kom heim til Jónasar, hafði hann orð á því, að hann hefði séð mann í ganginum að íbúð hans. Lýsti hann manninum fyrir Jónasi og bætti svo við: Eg gat ekki betur séð en það væri hann Erlendur Guðmundsson í Unuhúsi. Hafsteinn þekkti Erlend ekkert nema í sjón, og Erlendur mun engin kennsl hafa borið á Hafstein önnur en af afspurn. Það er ekki kunnugt, að Hafsteinn hafi nokkurn tíma komið í Unuhús né talað við Erlend.

Eftir að sungin voru nokkur lög, féll miðillinn í mjög djúpan trans, að því er bezt varð séð.

Fyrst heilsar stjórnandinn, sem nefnir sig Vin og segist hafa verið uppi á dögum Jóns Arasonar.

Þá talar gengum miðilinn unglingsstúlka, sem segist heita Ragna og hafa verið dóttir Bjarna Ásgeirssonar á Reykjum. Hún talar alltaf gegnum Hafstein miðil á fundum. Hún mælti fyrst gegnum miðilinn og sagði eitt-hvað smávegis, sem þær Helga og Margrét muna óljóst.

Síðan hvarf hún burt, en gegnum miðilinn heilsar Finna gamla og um leið verður líkamslag miðilsins eins og gamallar kerlingar.

Margrét: „Sérðu nokkuð hjá okkur?“

Finna: „Já, það stendur kona fyrir aftan þig, Margrét“.

Margrét: „Geturðu sagt mér, hvað hún heitir?“

Finna: „Hún heitir Þorbjörg“.

Margrét: „Er hún nokkuð tengd mér?“

Finna: „Hún er móðir ykkar“.

Margrét: „Er hún ein?“

Finna: „Það er með henni gamall maður, og hann er

auðsæilega nýkominn til okkar. Það er svo mikið af þoku eða skýjum í kringum hann. Það er alltaf kringum fólk, sem er nýkomið og ekki almennilega búíð að átta sig. En hún tók á móti honum og hefur mikið hjálpað honum. Mikið er fallett og bjart í kringum þessa konu, og mikið er af börnum með henni. Það er svoliðis, að það er fullt af ljósum og andlit í hverju ljósi“.

Margrét: „Er langt síðan hún kom til ykkar?“

Finna: „Það eru svona 8 til 9 ár“.

Margrét: „Það passar nú ekki“.

Finna: „Já, við skulum nú sjá. Það var um vorið. Það sé ég. Jú, það eru nú 10 eða eitthvað svoliðis. En bíðið þið nú við! Nú skrifar hún sjálf 10 og 19 og svo 36“.

Helga: „1936?“⁽¹⁾

Finna: „Já“.

Helga og Margrét: „Hvað heitir maðurinn, sem með henni er?“

Finna: „Hann heitir Jón. Hann er faðir ykkar“.

Helga: „Af hverju ætli sé svo mikið af börnum í kringum hana?“

Finna: „Ætli það sé ekki af því, að hann pabbi ykkar var svo lengi barnakennari? Og ég sé líka báta. Hann hefur haft útgerð líka. Þau bjuggu þarna í þorpinu við víkina. En hún var búin að vera þarna og eyddi sínum æskuárum þarna, og þau bjuggu í húsinu nær kirkjunni, litlu, gömlu, skrítnu kirkjunni úr hlöðnu grjóti. En svo fluttust þau hingað til Reykjavíkur og héðan fóru þau bæði. Eg sé ekki betur en hann hafi verið kvaddur í vikinni. Hinzta kveðja þeirra beggja fór fram frá litlu steinkirkjunni í vikinni.“⁽²⁾

En það er svo skrítið með þessa vík, að hinumegin við

hana er líka lítið þorp, og það er svo mikill sandur við endann á víkinni, sem hægt er að ganga þurrum fótum um fjöru. Já, það heitir Njarðvík, já Innri-Njarðvík. Og þorpið hinumegin við víkina heitir líka Njarðvík.³⁾ Og svo er dálítið lengra frá dálítill kaupstaður“.⁵⁾

Hana mömmu ykkar langar til að láta ykkur vita, að hún hugsar enn þá um drenginn sinn, sem er hjá ykkur. Hann er nú ekki hérna. Hann er lengra í burtu. Hann er ekki líkamlega veikur. Það er andlegt. Hún hugsar ekki síður um hann en áður.⁵⁾“

Helga: „Heldurðu að hann hafi það gott?“

Finna: „Honum líður eins vel og hægt er að láta honum líða. En það er aldrei eins og heima“.

Margrét: „En er ekki neinn annar drengur, sem hún mamma er að hugsa um líka?“

Finna: „Jú, jú“.

Margrét: „Hvað heitir hann?“

Finna: „Eg sé eitthvað. Einar — Einar eða Einarsson“.

Margrét: „Geturðu ekki séð betur?“

Finna (eftir dálitla þögn): „Já — hann Nonna. Jú hún hugsar mikið um hann og hjálpar honum eins og hún getur. Það er líka gott að komast að honum. Hann er svo opinn.“

Margrét: „Geturðu ekkert sagt okkur, mamma?“

Finna: „Bíddu, Margrét! Taktu eftir! Nú skrifar hún. Það tilheyrir þér. Nú skrifar hún 30. 9. 1899.⁶⁾ Kannastu við það? En þá varstu pínulítill“.

Margrét: „Já, eg kannast við það. Er nokkuð fleira þarna?“

Finna: „Já, það er svo margt, sem vill komast að, að eg ræð ekkert við þetta. Farðu þarna! Hér er gömul

kona og segist heita Ingigerður. Og það er gamall maður með henni, sem segist heita Stefán Erlendsson. Þau bjuggu í litla þorpinu hinumegin við víkina. Hann var orðinn nokkuð lotinn í herðum og átti orðið bággt með gang. Hann átti einu sinni lítinn bát og hafði útgerð. Þau þekktust vel.⁷⁾

Og nú koma þau þarna, hún Guðrún og hann Oddur. Þau áttu líka heima í hinu þorpinu, hinumegin við víkina. Þau áttu heima í litla bænum við garðinn, garð-, garð —. Eg skal reyna að finna það út seinna. Þau eru hjón. Nei, þau voru aldrei hjón, en voru saman eins og hjón. Það er þarna með þeim ungur maður, sem er sonur hennar og heitir Guðmundur. Hann var svo voðalega veikur herna í mjöðminni. (Miðillinn strýkur um vinstri mjöðmina á sér). Hann fór af *spítalanum*.⁸⁾ En svo átti hún annan son eldri. Hann var í siglingum og hann fór úti á Spáni.⁹⁾ Hún er alltaf þarna, hún Gunna í Nýjabæ.¹⁰⁾ Hún á svo bággt með að tala. Hún er blest á málínu. Hvað ertu alltaf að segja *nu*. Geturðu ekki sagt *nú* eins og við? Hún er með hringi í eyrunum. Skyldi hún hafa verið teymd á hringunum. Þú ert alltaf með þessa eyrnahringi, Gunna!“¹¹⁾

Helga og Margrét: „Eru fleiri með henni mömmu?“

Finna: „Já, það er þarna með henni lítil stúlka, ákaflega mikið kreppt bæði á bak og brjóst. Hún heitir Guðrún. Og hún Þorbjörg hefur tekið hana sérstaklega mikið að sér og hjálpað henni mikið áfram. Svo er með þeim gömul kona lítil, sem segist heita Bergljót. Hún var komin löngu á undan þeim (Þorbjörgu og Guðrúnu). En nokkuð langt fyrir aftan þær stendur hann Sigurð-

ur, og hann var kominn löngu á undan henni“ (þ. e. Bergljótu).¹²⁾

Nú breytist miðillinn allt í einu. Hingað til hafði limaburður hans verið eins og gamallar konu, en nú hagræðir hann sér nákvæmlega í sömu stellingar og voru mest einkennandi fyrir Erlend Guðmundsson, er hann sat í armstól, stellingar búksins, höfuðsins og handleggjanna verða nákvæmlega hinar sömu. Miðillinn strýkur niður á sér hökuna, eins og Erlendur var vanur að strjúka skeggið, og gegnum hann er talað með mjög veikri röddu: „Eg sakna skeggsins.“¹³⁾ Þetta var allt dálítið erfitt“. Meira sagði hann ekki. Undir eins og Margrét grillir þessar stellingar miðilsins gegnum rökkrið, og áður en nokkurt orð féll af vörum hans, segir hún við sjálfa sig: „Nei, skyldi hann Erlendur vera að koma?“

Finna: „Hann Erlendur Guðmundsson er kominn. Hann þekkir þig, Margrét. Hann segir, að þú hafir oft komið til sín og stundum hafirðu haft þrjóna með.“¹⁴⁾ Hann er dökkhærður, með alskegg og söðulbakað nef. Það er bjart yfir honum. Hann var alltaf að hjálpa þarna hjá ykkur, og það hjálpaði svo honum, þegar hann kom hingað“.

Margrét: „Er hann ekki ánægður þarna?“

Finna: „Ojú, ójú, en hann var lengur að átta sig á þessu af því, að eins og þú vissir, Margrét og þið, sem þekktuð hann, þá hélt hann því alltaf fram, að þetta væri bara eilífur svefn, en það var þá allt öðruvísi en hann hafði hugsað og þess vegna kom þetta honum allt öðruvísi fyrir, og það gerði honum dálítið erfiðara. Hann biður kærlega að heilsa honum Þórbergi og segist oft

koma til ykkar í herbergið með bókunum í. Og svo er þarna hún Una, lítil kona. Það er móðir hans. Og svo er þarna hann Guðmundur, en hann er nú svo langt í burtu, að það er rétt eg sé hann. Hann kom hingað líka svo löngu á undan henni. Hann segist vera faðir hans. En hann er nú svo unglegur, að eg held það geti varla verið. En það er víst af því, að hann er kominn svo löngu á undan þeim.¹⁵⁾

Og svo er hérna maður með honum Erlendi, sem segist heita Jón. Hann drukknaði, hann Jón“.

Margrét: „Hvers son er hann?“

Finna: „Hann er Pálsson og segist vera frá Hlíð. Hann er með hátt enni og eitthvað skríttinn hérna (miðillinn bendir á kollvikin á sér) og með pétursspor í hökunni. Hann er alltaf í eilífum yrkingum. Já, það eru meiri yrkingarnir. Honum finnst þetta gott hjá sér sjálfum. En eg veit nú ekki, hvernig það er samt (hlær). Við einhvern: Hvað vilt þú vera að flækjast hér! Það er hérna karl með honum Erlendi, sem segist heita Árni“.

Margrét: „Hvers son?“

Finna: „Árnason frá Höfðahólum. Svo er þarna kona. Hún er nú hjá ykkur, heldur ung, fülleit, sem hann Erlendur er að hugsa svo mikið um, og hann hefur viljað svo mikið hjálpa henni. Hún var nú samt ekki konan hans. Honum þótti ekki vænt um hana svoleiðis. En hann vildi svo mikið hjálpa henni. Hann vildi alltaf vera að hjálpa“.¹⁶⁾

Margrét: „Hvað heitir hún?“

Finna: „Eg skal athuga það.“¹⁷⁾ Það er kominn þarna karl, sem heitir Steinn“.

Margrét: „Hver er það?“

Finna: „Það er afi hans Þórbergs. Og svo er hún Anna þarna með honum“.

Margrét: „Kom hún nokkuð mér við?“

Finna: „Hún var hálfamma þín, móðir hans Þórbergs. Og það er maður með henni, sem heitir Benedikt“.

Margrét: „Er hann henni viðkomandi?“

Finna: „Það er faðir hennar. Þau áttu nú heima langt þarna austur frá, hjá firðinum með hornunum“.

Margrét: „Hefur hann nokkur sérstök einkenni, hann Steinn?“

Finna: „Bíddu við. Eg skal skreppa. Þetta er svo margt.¹⁸⁾ Það er hér gömul kona, sem heitir Herdís. Hún biður kærlega að heilsa honum Þórbergi“.

Jónas: „Er Ólína ekki þarna líka?“

Finna: „Nei, hún er ekki með henni. Það stendur stúlka fyrir aftan stólinn þinn, Helga. Hún segist heita Lóló. Hún fór úr hvítuveikinni“.

Helga: „Eg kannast ekkert við hana“.

Finna: „Hún átti heima í kaupstaðnum hinumegin við víkurnar, Keflavík. Hann Elías var faðir hennar. Hún átti heima á Brautarhól.¹⁹⁾ Það er þarna maður, Helga! Kannastu við hann? Hann segist heita Lúðvík. Hann fór þarna í kassanum, sem rennur á bandinu yfir ána, — kláfferjunni. Svo bilaði allt saman, og hann fór í vatnið. Það var þarna langt í burtu, uppi á fjöllum. Munið þið ekki eftir manninum, sem var alltaf að ganga fram og til baka á stéttinni fyrir utan húsið sitt? Hann Þorgrímur læknir“.²⁰⁾

Allt í einu breytast líkamsburðir miðilsins. Hann verður eins og gamall maður, lotinn í herðum og innfallinn. Gegnum hann talar karlmannsrödd svo lágt, að varla

greinist. Röddin segir: „Sælar og blessaðar! Þetta er hann þabbi ykkar“. Þá taka þær Helga og Margrét sitt í hvora hönd miðlinum, sem hann hefur rétt fram, Helga í hægri, Margrét í vinstri. Þá kippist miðillinn við, eins og svo virðist, sem hann fái meiri kraft og röddin getur sagt, en þó mjög lágt: „Þetta er allt eðlilegt. En mér var svo illt í bakinu“.

Þá sleppir Helga hendinni, en hann réttir hana fram og klappar henni innilega á vinstri kinnina og hvíslar: „Helga mín! Eg þakka þér fyrir allt“. Svo kallar hann snöggt til Margrétar: „Magga! Magga!“ „Hljómurinn í röddinni var nákvæmlega eins“, segir Margrét, „eins og þegar faðir minn ávarpaði mig þessu nafni í lifanda lífi“. Rétt á eftir segir hann: „Helga! Eg þakka ykkur svo fyrir allt, og verið þið sæl. Eg bið að heilsa“.

Nú breytist útlit miðilsins. Hann verður eins og stór og fyrirferðarmikill maður, með ákveðinn og myndugan málró-
m. Röddin segir: „Komið þið sæl!“

Jónas og Sigurlaug (þekkja undir eins limaburðinn og málróminn): „Sæll og blessaður, Magnús minn. Ert þú kominn!“²¹⁾

Magnús (snýr sér að konu Jónasar, sem hallar sér upp í rúm): „Ertu eitthvað slæm þarna, Silla mín?“ og klappar á mjöðmina á henni.

Helga: „Viltu ekki koma til telpunnar minnar?“

Magnús: „Hvað er að henni?“

Helga: „Ja, hún hefur nú verið veik frá fæðingu af og til“.

Magnús: „Hvað er hún gömul? Og hvar á hún heima?“

Helga: „Hún er átta ára og á heima á Grenimel 19“.

Magnús: „Eg skal koma“.

Helga: „En geturðu ekki eitthvað hjálpað mér sjálfri. Eg á oft svo bágð með að sofa“.

Þá tekur miðillinn á púlsinum á hægri hendi Helgu og rödd Magnúsar segir: „Nú, já! En verður þú annars aldrei vör við neitt?“

Helga: „Nei!“

Svo kvaddi Magnús og fór.

Finna: „Hann Magnús bað mig að spyrja þig, Helga, hvað telpan þín hétí og hvað hún sé gömul“.

Helga: „Hún heitir Þorbjörg Guðný Aradóttir og er átta ára gömul“.

Finna: „Hann segist ætla að koma. Hana móður ykkar langar til að láta ykkur vita meira af sér. Hún segist oft koma heim til ykkar. Nú er hún að sýna mér heim til þín. Fyrst kemur maður inn í litla forstofu. Svo kemur maður inn í nokkuð langan gang“.

Margrét (heldur að þetta eigi við sína íbúð): „Ertu að lýsa hjá mér?“

Finna: „Hjá þér, nei, þú sem átt heima í höllinni, með öllum bókunum og saumuðu teppunum og hann Kristinn býr á móti þér. Nei, það er ekki þar. Nei, það er heima hjá henni Helgu. Þegar maður kemur inn úr litlu forstofunni, þá kemur maður inn í nokkuð langan gang, og svo eru tvær samliggjandi stofur, en það er gengið inn í þær svolítið til hægri úr ganginum. Það eru tvær hurðir og þar er gengið inn í stofurnar. Í einu horninu í annari stofunni segir hún, að sé mynd af sér, sem hangi þar yfir stól. Svo segir hún, að það sé djúpur stóll í annari stofunni, sem þú situr oft í, þegar þú sért að dunda eitthvað í höndunum, og þar segist hún oft

standa hjá þér. Hún fylgist vel með ykkur og kemur oft til ykkar“.²²⁾

Allt í einu kemur ný kvenmannsrödd fram í miðlinum. Hún segir: „Sæl og blessuð, Helga mín! Þetta er hún Gunna litla Sigurðar. Þú kannast við mig. Nú er eg ekki lengur með kryppuna upp úr bakinu. Nú er eg alveg bein og búin að fá annan líkama. Hún mamma ykkar hefur hjálpað mér svo mikið. Vertu blessuð og sæl, og eg bið að heilsa. Eg hef það ágætt“.²³⁾

Finna: „Það er kominn þarna maður, sem segist heita Gissur — Erasmusson. Hann biður að heilsa manninum með peningana, manninum, sem er alltaf að telja peninga, alltaf að borga út peninga, sem er að hjálpa til að telja peningahrúguna, já, manninum þínum Helga, honum Ara“.

Helga: „Eg kannast ekkert við þetta. Eg hefi aldrei heyrt hann minnast á þennan mann. Eg held þetta sé ekki rétt“.

Finna: „Það er nú líklega, að hann heiti ekki Gissur Erasmusson. Jú, hann heitir ekkert annað en Gissur Erasmusson. Það er nóg, ef hann (þ. e. Ari) kannast við það. Hann var alltaf með vírana í eyrunum“.

Jónas: „Já, síma“.

Finna: „Já, síma. Þeir unnu hjá sama — sama fyrirtækinu, símanum. Hann biður kærlega að heilsa honum“.²⁴⁾

Helga: „Eru nokkrir þarna fleiri?“

Finna: „Það eru þarna tveir ungir menn, sem langar til að láta vita af sér. Þeir voru bræður mannsins þíns“.

Helga: „Hvað heita þeir?“

Finna: „Kristján og Friðjón.²⁵⁾ Þá langar til að láta vita, að þeir hugsi svo mikið ennþá um litla, gamla manninn með skeggið, ekki síður en áður“.

Helga: „Hvað heitir hann?“

Finna: „Þorgils“.²⁶⁾

Helga: „Var hann þeim nokkuð nákominn?“

Finna: „Já, faðir þeirra og hálfafaðir þinn. Þeir hugsa líka um gömlu konuna. En hún er nú reyndar ekki svo gömul, ekki miðaldra, segja þeir. Þeir biðja að heilsa.²⁷⁾ Margrét! Það kemur þarna kona, sem heitir María“.

Margrét: „Eg man ekki eftir neinni Maríu, sem er farin“.

Finna: „Hún segir, að þú hafir unnið með henni sonardóttur sinni í litlu búðinni á horninu“.

Margrét (sem þá hefur áttað sig á, hver þetta er): „Hún var ekki sonardóttir Maríu, þessi unga stúlka, sem eg vann með í litlu búðinni í horninu“.

Finna: „Hulda? — Hulda?“

Margrét: „Það er ekki rétt. Hún hét ekki Hulda“.

Finna: „Jæja, við skulum sjá. — Já, hann Steindór var bróðir hennar Maríu. Hún biður að heilsa“.²⁸⁾

Jónas Þorbergsson átti að fara til læknis klukkan sjö fundarkvöldið. Klukkan var nú langt gengin sjö og ekkert lát á aðstreyminu að miðlinum hinumegin frá. Þá fer Jónas að tala til hans á þá lund, sem hann óski, að hann fari að vakna. Hann segir: „Ertu nú ekki að koma?“

Miðillinn: „Eg er langt í burtu“.

Sigurlaug: „Hvert fórstu á meðan?“

Miðillinn: „Eg fór eitthvað langt austur á land. Svo kom eg við á leiðinni til að sjá Heklugosið. En það var ekkert mikið gos núna“. Segir svo allt í einu, áður en

hann er vaknaður: „Kannist þér ekki við hana Löllu litlu, Margrét?“

Margrét: „Jú, eg held nú það. Hún Lalla mín blessuð! Er hún þarna?“

Miðillinn: „Já, hún er hérna, ósköp lítil, með hrokkið hár. Hún var í búðinni með flata þakinu og trétröppunum. Hún biður að skila kveðju“.²⁹⁾ Síðan talaði nokkur orð gegnum miðilinn Runólfur sá, sem frá er sagt í bók Elinborgar Lárusdóttur um Hafstein miðil.

Miðillinn vaknar.

Þær Margrét og Helga voru látnar fara út úr herberginu rétt áður en hann er alvaknaður, og sáu hann ekki meira og hann ekki þær.

Þegar Jónas fylgdi honum niður stigann, spurði hann, hverjir hefðu verið á fundinum. „Það var hún Margrét, konan hans Þórbergs Þórðarsonar“.

Miðillinn: „Nú, var það hún!“

Jónas: „Og Helga, systir hennar“.

ATHUGASEMDIR.

1) Móðir Helgu og Margrétar hét Þorbjörg. Hún andaðist 10. maí 1936. Hún var sérlega mikill barnavinur og barnahópur oft á hælum henni, þar sem hún fór. Hún hafði oft óskað þess hér í heimi, að hún yrði sett til að passa börn, þegar hún kæmi yfir um. Nokkrir skyggnir menn, bæði hér og í Danmörku, hafa lýst Þorbjörgu, eins og hún kom þeim fyrir sjónir í öðrum heimi. Eru lýsingar þeirra allra mjög á einn veg og það hefur fylgt lýsingunum, að börn eða margt af börnum sé í kringum hana.

2) Þetta er allt rétt. Faðir Helgu og Margrétar hét Jón. Hann lézt 13. apríl 1947 og var jarðsettur í Innri-Njarðvík, frá „litlu steinkirkjunni“, 19. apríl. Þar var Þorbjörg líka grafin.

Jón tók á sínum tíma próf upp úr Flensborgarskóla og var síðan

mörg ár barnakennari, fyrst á Vatnsleysuströnd og síðan í Njarðvík. Hann hafði líka bátaútgerð í Njarðvík.

Þorbjörg var fædd í Innri-Njarðvík og ólst þar upp.

Í Innri-Njarðvík er steinkirkja, hlaðin úr höggnu grjóti. Hún var reist í tíð Ásbjarnar Ólafssonar, föður Þorbjargar.

Örskammt frá kirkjunni standa tvö íbúðarhús. Í því húsinu, sem er nær henni, bjuggu Jón og Þorbjörg. Þaðan fluttust þau til Reykjavíkur árið 1919 og dóu þar bæði.

3) Þarna er auðsæilega átt við Ytri-Njarðvík.

Fyrir botni Njarðvíkur er finnrægissandur, sem ganga má þurum fótum um fjöru, en ekki um flóð.

4) Hér er átt við Keflavík.

5) Hér er átt við Skarphéðinn son Jóns og Þorbjargar. Hann var mjög efnilegt barn, en veiktist af mislingum rétt áður en hann varð tveggja ára, fékk upp úr þeim heilahimnubólgu og hefur ekki síðan verið andlega heill.

Skarphéðinn átti heima að Dagverðará á Snæfellsnesi, þegar þessi fundur var haldinn.

6) Þetta er fæðingardagur og ár Margrétar.

7) Stefán Erlendsson og Ingigerður bjuggu í Ytri-Njarðvík og höfðu smábátaútgerð. Stefán var orðinn herðalotinn og fótaveikur áður en hann dó. Þau hjón þekktu vel Jón og Þorbjörgu.

8) Guðrún og Oddur bjuggu saman ógift í Ytri-Njarðvík. Guðmundur dó úr útvortisberklum á Hafnarfjarðarspítala. Þær systur vita ekki, hvort hann hafði berkla í mjöðminni. Guðmundur fermdist um leið og Helga, 28. maí 1916.

9) Þennan son Guðrúnar þekktu þær ekki. En Helga minntist þess að hafa heyrt frá því sagt, þegar hún var telpa í Njarðvík, að sonur Guðrúnar hefði dáið á Spáni eða farizt við Spán.

10) Þarna kemur bæjarnafnið rétt og eins og ósjálfrátt.

11) Guðrún var blest á máli í jarðlífinu og dálítið erfitt að skilja hana. Hún heyrði illa. Hún hafði eyrnahringi, og segist Helga muna vel munstrið á hringjunum. Guðrún dó eftir 1919.

12) Hér er átt við Guðrúnu Sigurðardóttur, systur Magnúsar bankastjóra. Hún var mikill krypplingur. Hún bjó með Ingibjörgu kennslukonu, systur sinni. Guðrún dó fyrir fáum árum. Móðir þeirra hét Bergljót, en Sigurður faðir. Bergljót andaðist árið 1915, en Sig-

urður 1901. Milli Þorbjargar og Bergljótar og dætra hennar var mikill kunningsskapur. Bergljót var mjög smá vexti.

13) Miðillinn er sem sé skegglaus.

14) Margrét hafði komið afar oft til Erlends í 15 ár. Allt fram til 1942 hafði hún stundum með sér prjóna.

15) Guðmundur faðir Erlends dó 23. maí 1899, 47 ára. Una lézt í desember 1924, en Erlendur 13. febr. 1947.

16) Hér er átt við Áslaugu Árnadóttur. Erlendur var mikill vinur hennar, vildi henni mjög vel, útvegaði henni vinnu á skrifstofu tollstjóra fyrir mörgum árum og arfleiddi hana að því, sem hann lét eftir sig. Áslaug er fölleit og „heldur ung“.

17) Finna kom aldrei með nafnið, að því er Margréti virðist vegna þess, að svo margir sóttu að miðlinum hinumegin frá, að Finna komst ekki yfir að sinna öllum.

18) Steinn gekk á táberginu á öðrum fæti. Finna kom aldrei með svarið, og Margréti láðist að ganga frekar eftir því. Steinn og Anna og Benedikt áttu heima um 34 kílómetra fyrir vestan sjálfan Hornafjörð, en stundum er öll byggðin frá Almannaskarði vestur að Breiðármerkursandi kölluð Hornafjörður.

19) Við þessa Lóló kannaðist hvorug þeirra systra. En þær könnuðust við Elías. Þær könnuðust ekki heldur við neinn Brautarhól. En þær þekktu mann í Keflavík, sem Elías hét. Hann átti heima að Sunnuhvoli. Það rifjaðist upp fyrir Margréti, að Elías hefði átt konu, sem dó úr berklum. Þegar Margrét kom heim af fundinum, bringdi hún til Þóreyjar, systur Elíasar og spurði hana, hvort hann hefði átt dóttur, sem dáið hafi úr berklum. Þórey svaraði: „Já, hana Lóló, sem dó á Vífilsstöðum 17 ára gömul“. „Átti hún ekki heima hjá föður sínum á Sunnuhvoli?“ spyr Margrét. „Nei“, svarar Þórey. „Hún var uppalin á Brautarhóli“. — Síðan Lóló dó eru meira en 10 ár.

Þegar þær Margrét og Helga fluttust til Reykjavíkur, var enginn bær hvorki í Innri né Ytri-Njarðvíkum, sem Brautarhóll hét, en seinna var byggt nýbýli í Ytri-Njarðvík, sem nefnt var þessu nafni. Þess vegna könnuðust þær systur ekkert við þennan bæ, og héldu þetta vera markleysu eina.

20) Hér er verið að tala um Lúðvík Þorgrímsson, er druknaði í Jökulsá á Dal fyrir þó nokkrum árum. Hann var að fara í kláfferju

yfir ána, ferjan bilaði og hann féll niður í vatnið og drukknaði. Þorgrímur faðir hans, læknir í Keflavík, gekk oft „um gólf“ á stéttinni fyrir utan húsið sitt.

21) Þessi persónuleiki kemur alltaf á miðilsfundina. Hann segist heita Magnús Jóhannsson og hafa verið læknir á Hofsós. Hann dó 23. des. 1923. Eg sýndi Helgu og Margréti mynd af honum í bókinni Læknar á Íslandi. Þær segja, að hárgreiðsla miðilsins og ennisvipurinn hafi orðið mjög svipuð og á myndinni, á meðan Magnús talaði í gegnum hann, að því er þær fengu bezt greint í rökkrinu.

22) Öll lýsingin hér að framan frá því að Finna segir: „Fyrst kemur maður inn í litla forstofu . . .“, er nákvæmlega rétt. Miðillinn hafði aldrei komið þar inn fyrir dyr.

23) Þetta er sú sama Guðrún, sem Finna talar áður um.

24) Helga spurði mann sinn um þennan Gissur Erasmusson, þegar hún kom heim af fundinum. En Ari kannaðist ekkert við hann, en sagðist skyldi spyrjast fyrir um það á símsstöðinni á morgun, hvort maður með þessu nafni hefði nokkurtíma unnið við símann, en Ari er þar aðstoðargjaldkeri og borgar starfsfólkinu út kaup þess.

Þegar Margrét fréttir það frá Helgu systur sinni skömmu eftir að þær komu af fundinum, að Ari kannist ekkert við þennan Gissur Erasmusson, dettur henni í hug að spyrja manninn, sem á móti henni býr á hæðinni, Kristinn Eyjólfsson símamann, hvort hann kannist nokkuð við mann með þessu nafni. Síðan var Kristinn beðinn að koma inn til okkar. Undireins og Kristinn kemur inn í eldhúsið, spyr Margrét: „Kannast þú við nokkurn Gissur Erasmusson, sem á að hafa unnið hjá símanum?“

„Hann Gissur Erasmusson, vin minn, hvort eg kannast við hann! Hvað er að fréttu af honum?“

Þá segir Margrét honum söguna af miðilsfundinum.

Kristinn segir okkur, að Gissur Erasmusson hefði unnið við símann, en dáíð af slysförum á hjóli rétt fyrir stríðið eða nálægt stríðsbyrjun. Skömmu eftir dauða hans kvaðst hann hafa komið inn í herbergið, þar sem hann vann, ásamt Högna Eyjólfsyni símamanni. Þá sagðist hann hafa séð Gissur ljóslifandi standa við borðið, sem hann var vanur að vinna við, og vera þar eitthvað að dunda. Hann kvaðst þá hafa sagt við Högna: „Sérðu hann Gissur þarna við borðið?“

Högni sá ekkert. Í herberginu brann rafmagnsljós. Kristinn kvaðst hafa slökkt það í tilraunaskyni og séð Gissur eftir sem áður. Kristinn þessi hefur dulræna hæfileika og er rammskygg, en það vissum við ekki fyrr en hann talaði við okkur þetta kvöld, þó að við höfum búið á móti honum á sömu hæð í hálf fjórða ár.

25) Kristján, bróðir Ara, var í menntaskólanum á Akureyri. Eitt sinn var hann í knattspyrnu á skólalóðinni, datt þar niður og var þegar örendur. En Friðjón var í lagadeild háskólans og dó úr tæringu árið 1921.

26) Þorgils er smár vexti.

27) Elzta systir þeirra bræðra heitir Steinunn. Hún tók við heimilinu, þegar móðir þeirra dó fyrir 37 árum. Þá var hún 16 ára. Hún hefur lengi átt heima á Breiðabólstað á Fellsströnd, og þar hefur faðir hennar dvalizt hjá henni síðustu árin. Hún er orðin slitleg af erfði og sýnist eldri en hún er.

28) Árin 1943—1944 var Margrét í lítilli búð, sem var á norðurhorni Austurstrætis og Aðalstrætis. Verzlunina átti Sigurður sonur Steindórs bifreiðakóns. Fjóla, dóttir Steindórs og systir Sigurðar, var í búðinni með Margréti. María, systir Steindórs, vann á skrifstofu bifreiðastöðvarinnar, örstutt frá búðinni. Margrét kynntist henni dálítið. Hún var indæl manneskja. Hún dó árið 1944. Fjóla, sem Finna heldur að heiti Hulda, var því bróðurdóttir Maríu. Leiðrétting á nafninu kom aldrei.

29) Fyrsta árið, sem Margrét var í Reykjavík, 1913, kynntist hún stúlku, sem var í búð hjá Gunnþórunni Halldórsdóttur. Hún hét Ólafía Jónsdóttir, en var alltaf kölluð Lalla. Hún var einhver minnsti kvenmaður, sem Margrét segist hafa séð. Hún hafði hrokkið hár. Hún var unaðsleg manneskja. Þær urðu miklar vinkonur, þó að Lalla væri þremur áratugum eldri en Margrét. Á síðustu árum ævinnar var hún í búð, sem Gunnþórunn hafði í Hafnarfirði. Búðin var í smáhýsi með flötu þaki og nokkrar timburtröppur gengnar upp í hana. Lalla andaðist árið 1938. — Þegar Lalla var ung stúlka dreymdi hana, að hún gengi upp stiga, sem var 69 tröppur. Þennan draum sagði hún Margréti og fleirum mörgum árum fyrir dauða sinn. Hún dó 69 ára.

30) Hann á við líkama sjálfs sín.

Frásögn þessi er færð í letur kvöldið, sem þær Helga og Margrét komu af fundinum.

Margrét Jónsdóttir, Hringbraut 45.

Helga Jónsdóttir, Bólstaðahlíð 6 (áður Grenimel 19).

Þórbergur Þórðarson.

Það vottast, að við sátum þennan fund og er frásögnin rétt eftir því, sem við getum bezt munað.

Jónas Þorbergsson. Sigurl. M. Jónasdóttir.

Kveðja frá ljóshærða freknótta stráknum.

Veturinn 1950 var eg á fundi hjá Hafsteini Björnssyni miðli á Sólvallagötu 3, Reykjavík.

Á þessum fundi kom Finna sú, sem talar og lýsir á fundum hjá Hafsteini, með orðsendingu til mín frá unglingspilti, sem hún sagði að væri á bak við. Hann bæði mig að skila kveðju til Gunnu og Bjössa í Þórukoti í Ytri-Njarðvíkum. Eg spurði, hver þessi unglingspiltur væri.

„Þú átt bara að skila kveðju frá honum Geira, ljóshærða freknótta stráknum“, var svarað. „Hann segir, að þau muni kannast við sig“.

Eg fékk ekki meiri upplýsingar um þennan pilt, sem sagt var, að væri 15–16 ára. Ekki kannaðist eg neitt við hann og hélt, að þetta væri vitleysa. En hinsvegar þekktum við systkinin, fólkið í Þórukoti og þá systkinin, sem nefnd voru á fundinum, Gunnu og Bjössa.

Þegar fundum okkar Margrétar systur bar saman næst á eftir, sagði eg henni frá þessu. Nokkru eftir þetta var

Margrét á ferð í Njarðvíkunum og gerði hún sér ferð að Þórukoti og flutti Gunnu boðin.

Hún sagði: Eg er ekkert hissa á þessu. Þetta er í annað sinn, sem eg fæ kveðju frá Geira í gegnum miðil. En þessi drengur, sem alltaf var kallaður Geiri, hafði verið eitthvað á vegum þeirra í Þórukoti, en andaðist 15 ára gamall. Það stóð líka heima hvað háralit áhrærði. Hann var ljóshærður og freknóttur. Hvorki eg eða Margrét höfðum séð eða heyrt þennan dreng nefndan fyrir en á fundinum.

10. september 1952.

Helga Jónsdóttir.

Kveðjan.

Eg sat fund hjá Hafsteini Björnssyni miðli 17. janúar, 1950. Auk mín voru fjórar konur á fundinum, en sitjarar voru séra Jón Auðuns og Eggert Briem.

Mér var sagt frá dóttur minni, sem búsett er í Noregi og gift norskum manni, sem er í utanríkismálaráðuneyti Norðmanna. Lýst var heimili hennar, landslagi og staðháttum. Var sagt, að húsið stæði í djúpum dal, og svo væru önnur hús og há tré alveg uppi á hæðarbrúninni. Lýst var innganginum í húsið og sagt, að inn á efri hæð hússins væri gengið beint af götunni.

Sagt var, að eg hefði verið þarna og eg hefði kynnt konu, sem verið hefði oft gestur á heimili dóttur minnar og tengdasonar. Kona þessi væri honum eins og móðir, en væri þó ekki móðir hans. Konan segist hafa haft mjög mikla ánægju af því að kynnast þér.

Eg spyr: „Geturðu sagt mér, hvar ungu hjónin búa núna?“

Því var svarað á þessa leið: „Þar er mjög heiti það eru allir þyrstir. Þetta er hinumegin á hnettinum. Fólkið gengur létt klætt, því hitarnir eru svo miklir“.

En nafnið á landinu var þeim erfitt. Var margsinnis tæpt á Afr — Afr —, en nafnið kom aldrei allt og finnst mér sennilegt, að krafturinn hafi verið að dvína.

— — —

Það er rétt, að dóttir mín er gift norskum manni. Hafsteinn lýsti húsinu rétt og eins innganginum í húsið, og dalnum og húsunum á hæðarbrúninni. Eg var um tíma úti í Noregi hjá dóttur minni í þessu húsi, sem lýst var á fundinum. Á heimili þeirra kynntist eg þessari lærðu, dulrænu listakonu, sem Hafsteinn segir, að sé eins og móðir tengdasonar míns, þótt hún sé það ekki. Hún er móðursystir hans. En það, sem mig furðar mest, er að hann skuli ná henni einni úr öllum þeim hóp, sem eg kynntist þarna í Noregi. Að þau hafi verið hinumegin á hnettinum, er þessi fundur var haldinn, er alveg rétt. Þau voru í Höfðaborg í Afríku. Þangað var hann sendur sem ræðismaður Norðmanna. Janúar mánuður er einhver heitasti mánuðurinn í Afríku, svo ekki er ólíklegt, að hitarnir hafi verið miklir.

Nokkru eftir fundinn fékk eg kveðju frá þessari konu, sem Hafsteinn talaði um á fundinum. Í kveðjunni segir hún alveg nákvæmlega sömu orðin og komu í gegnum Hafstein. Á þennan hátt barst kveðjan til mín löngu á undan bréfi, sem eg held að hafi á þessum degi verið óskrifað.

Reykjavík, 6. apríl 1952.

Sesselja Guðmundsdóttir, Grettisgötu 75.

Fundur hjá Hafsteini Björnssyni.

Seint í marzmánuði 1950 var eg staddur í Reykjavík ásamt fleiri Akureyringum. Meðal samferðamanna minna var Jónas Þór verksmiðjustjóri. Það varð að samkomulagi milli okkar, að leita eftir að komast á miðilsfund hjá Hafsteini Björnssyni meðan við dveldumst í Reykjavík, og tókst það fyrir vinsamlega hjálp séra Jóns Auðuns. Hét hann okkur fundi 31. marz kl. 5 síðd. Bað hann mig jafnframt að hafa ekki orð á því fyrirfram, að við ætluðum á fundinn.

Á tilsettum tíma mættum við Jónas í húsi Sálarrannsóknafélagsins að Sólvallagötu 3. Fundargestir auk okkar voru: frú Ólöf Ólafsdóttir ekkja Jóns Geirssonar læknis, móðir hennar og Ólafur Gíslason stórkaupmaður í Reykjavík. Til umsjónar voru þar Eggert P. Briem og frú Guðný Vilhjálmisdóttir. Miðlinum var ókunnugt um nöfn okkar, og ekkert gestanna sá hann áður en fundur hófst.

Þegar miðillinn var fallinn í trans, tóku stjórnendur miðilsins að mæla af vörum hans, hver með sínum málrómi, orðalagi og atferli, svo að lítill vafi gat leikið á að þar væri um misjafna persónuleika að ræða. Lýstu þeir fjölda fólks, er þarna væri inni, röktu skyldleika þess og tengsl við fundargesti. Einnig var lýst atvikum að brottför margra þeirra og stöðum, er þeir höfðu dvalizt á um lengri eða skemmri tíma. Virtist þar furðufáu skeika, og svo mikill persónufróðleikur kom þarna fram, að á fárra manna færi væri að hafa hann handbæran, þótt hann hefði vitað, hverja hann mundi hitta, og enn síður, er hann hitti þá fyrirvaralaust og vissi ekki einu sinni nöfn þeirra. Í frásögn þessari mun eg einungis geta þess, er

snerti mig að einhverju leyti, auk fárra atriða annara, en fyrri hluti fundarins snérist að verulegu leyti um mig. Það skal þegar tekið fram, að ekkert var skrifað niður á fundinum sjálfum, og frásögnin er skrásett næstu daga á eftir fundinum, og henni lokið viku seinna. Þess vegna get eg ekki ábyrgzt, að um orðréttu frásögn sé að ræða í öllum atriðum, en meiningu mun hvergi skeika. Nokkur smáatriði eru niður felld, svo og endurtekningar. Ekki þori eg að fullyrða, að lýsingarnar séu raktar í frásögn minni í nákvæmlega sömu röð, og þær komu fram á fundinum, né hver talaði hverju sinni af munni miðilsins. Langoftast hafði þó Finna orðið.

Rétt eftir að fundurinn hófst, beindi Finna máli sínu til mín, og hélzt svo langa hríð, að tal hennar, eða þeirra, sem mæltu af vörum miðilsins snérist eingöngu um þá, er voru umhverfis mig. En þar sem eg man ekki með fullri vissu, hver talaði hverju sinni, mun eg í frásögn þessari láta samtalið fara fram milli mín og miðilsins, sem eg skammstafa M.

Fyrst segir M., að hjá mér sé maður, er heiti Benedikt, og kominn sé yfir um fyrir löngu síðan. Eg kveðst ekki kannast við hann og hann hljóti að vera að heimsækja einhvern annan fundargest. M. segir það sé alveg víst, að hann sé í tengslum við mig og engan annan hér inni, síðan fer hann að tala um Kristbjörgu, eg hygg að þar sé átt við framliðna konu, og kannast ekki við hana að heldur. En þá segir M. að Kristbjörg sé enn á jörðunni. Þykist eg þá vita, að þar muni átt við konu mína og spyr, hvort Benedikt komi henni eitthvað við. M.: „Hann er afi hennar. Maðurinn, sem með honum er í ein-

kennisbúningnum, er faðir hennar, hann heitir svo skrítnu nafni, það er alveg eins og fugl“.¹⁾

Þvínæst fer M. að tala um einhverja Kristínu, sem þyki mjög vænt um mig. Eg kannast ekki við hana, því að mér skildist, að þar væri um framliðna konu að ræða. M. segir: „Hún var með þér á kirkjustaðnum“. Eg kannast ekki við hana að heldur.²⁾ M. segir þessu næst, að afi minn sé hjá mér. Hann heiti Jón. Eg vil fá að heyra meira um hann. M.: „Hann var í einhverjum tungum, hálfum tungum, þar eru dalir og fjöll, eg skil ekkert í þessu, þessum hálfðönsku tungum“.³⁾

M.: „Þú ert kallaður gælunafni Jonni“. Eg neita því. M.: „Nei, þú heitir því, þú heitir Jónas“.⁴⁾ M. heldur áfram: „Eg sé þig, þar sem er svo margt af fuglum“, en þegar eg kannast ekki við það, segir hann: „Nei, það er annar afi þinn, sem þar er. Hann var þar sem fuglarnir eru, margir þrestir“.⁵⁾

M. heldur áfram: „Hér er kominn maður lágur og þrekinn, hann heitir Gunnlaugur. Andlitið á honum er allt á iði, það er ákaflega bjart yfir honum. Hann spyr þig, hvernig sé í Bótinni“. „Eg: „Þar er allt sviplaust síðan þú fórst“. M.: „Nú hlær hann“.⁶⁾

Þá tekur M. að lýsa konu, sem hjá mér sé, lýsingin var löng og með ýmsum endurtekningum, en aðalefni er þetta: Henni er mjög annt um þig. Hún er oft hjá þér, þegar þú situr í herberginu, sem er fullt af bókum. Henni hefur þótt vænt um þig. Hún segir, að þú sért oft á ferðalagi. Hún talar um hornin, voðaskrítin horn með greinum. Eg bið M. að lýsa konunni, og hann heldur áfram: Hún er lítil, fingerð, bogin í baki. Það er skrítið á henni bakið. Hún er samt ekki krypplingur. Bakið er

bæklað. Hún hefir ákaflega falleg augu, björt og djúp. (Augunum var lýst nánar, en eg þori ekki að tilfæra fleira úr þeirri lýsingu, því að eg er ekki viss um að muna það rétt). Hún átti heima á mörgum stöðum. Eg sé staðinn á nesinu, þar eru margir sauðir, dalur og vatnsfall, Sauðadalsá, það er víst bæjarnafnið. Og á öðrum stað eru hlöður, kornhlöður, og mörg brött fjöll sjást þaðan. En hvað henni hefir þótt gaman að vísum. Það er maður með henni, sem hún kallar bónda sinn. Hann er með mikið skegg. Hann er með hross, það er allt í keng. Það á víst við söguna. „Hvaða sögu?“ spyr eg. „Söguna, sem hann samdi, hann skrifaði sögu. Hún hét Kengála“, seinna segir M.: „Sagan heitir Bleikála. Með konunni er faðir bónda hennar, hann heitir Guðmundur, en faðir hennar heitir Sigurður. Hún segist hefði orðið 93 ára 4. apríl næstkomandi, og að hún sé farin hingað fyrir 17 árum hinn 23. marz“. Að lokum segir M.: „Nú sé eg hvað hún heitir, hún heitir Ólöf“.⁷⁾ Fyrr í samtalinu um Ólöfu spurði hún mig um myndina, þar sem Halldór væri fyrir aftan sig, og þegar eg kannaðist ekki við hana, segir hún, að eg eigi þessa mynd, og hún sé í skúffunni.

Þar á eftir varð þess vart, að einhver annar en stjórnendurnir vildi reyna að tala gegnum miðilinn. Miðillinn þreifar fyrir sér, unz hann grípur í hönd mína fast og þétt, og um leið er sagt með annarlegum rómi og hálfgerðum andköfum: „Steindór, þetta er þá hægt“. Eg samsinni því, en spyr um leið, hver hann sé. „Ingvar“, segir hann, og heldur áfram, „meistari er með mér. Hvar er Guðný?“ Eg segist halda, að hún sé heima, en Ingvar neitar því og segir, að hún muni vera enn í Ameríku. Að þessu búnu þvarr krafturinn, og Finna tók aftur

að segja frá eftirfarandi: Ingvar átti svo erfitt með að tala, af því að hann er í sambandinu í sama ástandi og þegar hann hvarf af jörðunni. Hann þjáðist mikið, allur líkaminn var eyðilagður, svo að hann gafst upp, já og svo vantaði hann annan fótinn. Það er einkennilegur maður með honum. Hann er með staf, sem hann vingsar í allar áttir, eg er hrædd um að hann slái einhvern herna inni. Hann er ófriður, en samt er eitthvað gott í andlitinu. „Hann er alveg rasandi yfir þessu“. „Yfir hverju?“ spyr einhver. M.: „Þessu, að það skuli vera svona herna“.⁸⁾

Nokkru áður en samtalið við Ingvar hófst, fann eg mikinn verk í hægri handlegg, eigi ólíkan þeim, sem lýst er, að skrifmiðlar fái oft í sambandi við ósjálfráða skrift. Varð verkur þessi svo óþægilegur, að eg átti erfitt með að halda hendinni kyrri. Jafnskjótt og eg hafði rétt miðlinum höndina hurfu ónot þessi að mestu, og komu ekki verulega eftir það á fundinum. Þó varð eg þeirra dálítið var áður en eg tók í hönd miðilsins í samtali því, sem næst verður lýst og öðru, sem hér er niður fellt.

Jón Geirsson læknir kom tvisvar fram og talaði á fundinum. Í fyrra skiptið talaði hann við konu sína, en í seinna skiptið leitaði hönd miðilsins mig uppi og tók eg í hana. Orðaskipti okkar voru þessi: Jón: „Hvenær ferðu heim?“ — „Á mánudaginn geri eg ráð fyrir“. „Má eg heimsækja þig þá?“ — „Já, vertu æfinlega velkominn“. — „Eg ætla að koma einhverntíma, þegar þú sefur, það er svo gott, að ná til þín í svefni“. — „Gerðu það, ef þú getur, þú ert ætíð velkominn“.⁹⁾

Þá hefi eg rakið meginatriði þess, er fram kom við mig á fundi þessum, hefi aðeins sleppt einu samtali af ástæðu, sem eg tel ekki þörf að greina frá. En hins vil

eg geta, að margt kom fram á fundi þessum, sem engu var ómerkara en það, sem við mig var sagt, bæði um lýsingar á fólki, nöfn þess og skyldleika við gesti eins og fyrir var getið. Eins smáatriðis vil eg geta hér í sambandi við Jónas Þór, af því að það snerti okkur báða. Runólfur var þá í sambandinu. Hann brá á gaman við Jónas og spurði, hvort hann ætti ekki í nefið. „Nei“, sagði Jónas, „eg er hættur“. R.: „Hvar býrðu?“ J.: „Á Hótel Borg, herbergi 303“. — Runólfur virðist hugsa sig dálítið um en segir svo: „Já, það eru mörg herbergi þar í þessu húsi. Þú átt dálítið inni í skápnum í herberginu. Eg ætla að vitja um það í nótt. Það var rétt af þér að fá þér þetta áður en þú fórst“. Svo stóð á þessu, að Jónas átti Gin neðan í flösku inni í skáp sínum. Áður en við fórum á fundinn, fengum við okkur lítið glas, því að við vorum báðir þreyttir eftir að hafa setið á fundum og í viðræðum við menn um daginn.

Þá skal gerð grein fyrir því, hversu frásagnir þær, er hér eru raktar, reynast réttar.

1) Due lögregluþjónn, tengdafaðir minn var Benediktsson. Benedikt var löngu dáinn fyrir mitt minni.

2—3) Kristínu þessa veit eg ekkert um, nema ef um misskilning hefir verið að ræða af minni hálfu, að þar hafi ekki verið framliðin manneskja. Þykir mér ekki ósennilegt, að átt hafi verið við móður mína, sem enn er á lífi, þar sem strax á eftir er farið að segja frá Jóni föður hennar. Eg fæddist á Möðruvöllum í Hörgárdal, og þar var móðir mín með mig þar til eg var nær þriggja ára, og gat það átt við kirkjustaðinn. Jón afi minn bjó um skeið í Hálfðánartungum í Skagafirði.

4) Seinna nafn mitt er Jónas, nota eg það aldrei, og er mörgum mér kunnugum ókunnugt um nafnið.

5) Jónas afi minn bjó lengi á Þrastarhóli og var oft kenndur við þann bæ.

6) Lýsingin á vel við Gunnlaug Tr. Jónsson bóksala á Akureyri, sem þá var látinn fyrir nokkrum mánuðum.

7) Ólöf er Ólöf Sigurðardóttir skáldkona frá Hlöðum. Lýsing hennar, svo og það, sem sagt er um heimili hennar, fæðingar, dánardag og ár, er allt rétt nema fæðingardagurinn er 9. apríl. Hann mundi eg, en hinsvegar vissi enginn viðstaddur um dánardag hennar. Ólöf var fædd á Sauðadalsá á Vatnsnesi, en dvaldist síðar sem kunnugt er yfir 30 ár á Hlöðum í Hörgárdal. Þar var eg henni samtíða uppvaxtarár mín og lét hún sér ætíð mjög annt um mig, og arfleiddi mig að lokum að handritum sínum og munum. Fjöllin andspænis Hlöðum voru henni mjög kær, og minntist hún þeirra oft, eftir að hún var farin þaðan. Þar sem minnst er á vinnuherbergi mitt er það rétt, að það er bókstaflega fullt af bókum. Um hornin, sem talað er um í sambandi við ferðalög mín, get eg ekkert munað, að vísu hefi eg einu sinni fundið hreindýrshorn á ferðalagi, en ekkert sérstakt atvik er annars við það bundið, svo eg muni. Myndina, sem talað er um, kannast eg ekki við. Halldór Guðmundsson, maður Ólafar, hafði mikið skegg. Sagan, sem getið er, birtist í Eimreiðinni 7. árgang. Hún heitir Bleikála, og er um hryssu, en þess minnst eg, að heima ruglaði eg oft nafninu saman við Kengálu í Grettis sögu.

8) Ingvar Björnsson frá Brún, sem lézt rúmu ári fyrir fundinn, var góðvinur minn frá því hann var nemandi minn í skóla, og samkennari minn síðustu veturna. Hann missti annan fótinn fyrir allmörgum árum og lézt eftir mjög þunga legu úr berklum. Það var rétt að Guðný Pálsdóttir, unnusta hans var í Ameríku, en því hafði eg fullkomlega gleymt, eða vissi ekki um það.

Lýsingin, sem Finna gaf af Sigurði skólameistara Guðmundssyni, því að hann er maðurinn, sem var með Ingvari, er mjög góð. Hann var í lifanda lífi vantrúaður á annað líf, eða að minnsta kosti á samband við annan heim. Eftir skapferli hans mun honum ekki falla vel, að hafa haft þar á röngu að standa.

9) *Var þetta Jón?*

Eg fór heim til mín úr Reykjavík degi fyrr en ætlað var, sbr. samtalið við Jón Geirsson, eða sunnudaginn 2. apríl. Nóttina eftir vakna eg við það, að mér finnst einhver vera inni í svefnherbergi mínu. Mér varð hálfhverft við og leit upp. Ekkert var að sjá, og var þó hálfbjart í herberginu. Mér þótti þetta hálfónotalegt, en svo voru

áhrif þessi sterk, að líkast var því, að einhver sæti eða lægi fyrir framan mig í rúminu. Þá þótti mér líkast því að gripið væri í ábreiðu, sem lá yfir sænginni til fóta í rúminu. Var sú tilfinning svo sterk, að eg greip í ábreiðuna, og varð eg satt að segja fyrir vonbrigðum, þegar hún lá laus fyrir og enginn hélt á móti. Meðan eg lá þarna flaug mér allt í einu í hug, hvort verið gæti, að þetta væri Jón Geirsson, sbr. samtalið áður, og fékk eg hálfgerð samvizkubit af því, að eg skyldi láta mér verða bilt við, ef svo hefði verið. Smám saman hurfu svo áhrif þessi, og eg sofnaði á ný.

Eg ætla ekki að leggja nokkurn dóm á það, sem hér er frá skýrt, en vil aðeins taka fram, að næstum því allt, sem talað er fyrir munn miðilsins, er rétt. Þar á meðal nokkrir hlutir, sem enginn viðstaddur vissi um, og enginn hlutur er rangur, nema ef vera skal um myndina, sem eg get þó ekki fullyrt með öllu, þótt eg hafi ekki fundið hana. Þá er og vert að taka fram, að þarna koma til viðtals við mig menn, sem mér hefði sízt komið til hugar, að leituðu sambands við mig, eins og þeir Benedikt og Jón afi minn, sem báðir voru löngu dánir fyrir mitt minni, og eg hefi einungis heyrt sáralítið um. Má svo raunar segja um flesta þá, er fram komu aðra en Ólöfu, að eg hefði á ýmsum átt fremur von, þeirra, sem farnir eru yfir um. Læt eg svo lokið frásögn þessari.

Á nýársdag 1951.

Steindór Steindórsson frá Hlöðum.

Það, sem eg sá.

Eg sat fund hjá miðlinum Hafsteini Björnssyni 24. janúar 1952, á Sólvallagötu 3. Áður en miðillinn kom inn, var ljósið slökkt og tjöld dregin fyrir gluggana svo að koldimmt var inni. Þegar miðillinn var settur í sæti sitt, sá eg hvernig myrkrið hvarf fyrir dásamlegu ljósi, sem myndaðist umhverfis miðilinn og lýsti upp alla stofuna. Í þessari birtu sá eg framliðnar verur, þar á meðal var Pétur bróðir minn og Áslaug systir mín, sem lézt seint á árinu 1951. Þarna voru fleiri skyldmenn mín, svo sem

Pétur bróðursonur minn, foreldrar mínir og María amma mín. Enn fremur sá eg fleiri, sem komu í samband til hinna fundargestanna.

Sá, sem aðallega talaði og lýsti á fundinum, var Runólfur. Bar hann svo ört á, er hann var að lýsa, að maður varð að hafa sig allan við að missa ekki af neinu. Hjá mér lýsti hann Áslaugu systur mjög rétt og nákvæmlega. Bæði systir mín og bróðir töluðu við mig á sama hátt og þau voru vön í lifanda lífi, og er mér það afskaplegt fagnaðarefni að geta náð sambandi og haft tal af ástvinum mínum, sem horfnir eru inn í fjarlægðina.

Margt fleira kom til mín á þessum fundi, enda var þetta dásamlegur fundur og lýsingar þær, sem fundarmenn fengu, mjög sterkar og áhrifaríkar. Kona var með mér á fundinum og fékk hún ágæta lýsingu af tveim mönnum, sem farizt höfðu af slysförum. Var lýsingin á öðrum svo greinilega, að hún hrópaði í hrifningu:

„Þetta er hann“, og nefndi um leið nafn hans og ættarnafn, er honum var gefið í skírinni.

En þá var gripið fram í og nefnt nafn hans og föðurnafn en ættarnafninu sleppt. Þetta þótti konunni mjög táknrænt. Hann hafði sjálfur aldrei kallað sig ættarnafninu og ekki viljað láta kalla sig því. Var líka sagt á fundinum með hvaða hætti þessir menn hefðu farizt, og var það rétt.

Af því að þess er getið í byrjun, að eg hafi séð á þessum fundi hjá Hafsteini, vil eg taka það fram, að eg sé á öllum fundum hjá Hafsteini framliðnar verur, bæði inni í hringnum og utan hans. Einkennandi fyrir Hafstein er geisladýrðin, sem umhverfis hann er, eftir að hann er settur í miðilsstólinn. Í þessari geisladýrð sé eg guðdóm-

legar verur. Sérstaklega hefir mér orðið starsýnt á tvö börn, sem virðast standa sín hvoru megin við hann allan tímann, sem hann er í tansi. Sé eg þetta jafnvel hvort sem dimmt er í stofunni eða ljós hefir verið kveikt. Geislar þessa ljóss eru ákaflega fjölbreyttir. Litirnir eru bláir, gulir, rauðir, grænir og svo logagyltir. Stundum leiftra þessir geislar líkt og norðurljós og dreifast þá um alla stofuna frá gólfi til lofts. En upptök sín eiga þeir frá veru, sem eg hefi séð standa á bak við stól miðilsins meðan hann er í transi. Eg vil kalla hana verndarveru miðilsins. Og eg vil taka það fram, að þessa veru hefi eg séð á hverjum fundi, sem eg hefi setið hjá Hafsteini og alltaf er hún á sama stað, að baki honum, og ávallt streymir frá henni þessi geisladyrð.

Eg sé líka ljós og liti umhverfis þá, sem sitja fundina, en sú birta er með allt öðrum hætti.

Reykjavík, 26. okt. 1952.

María P. Maack.

Serviettu hringurinn.

Í febrúarmánuði 1947 var eg á fundi hjá Hafsteini Björnssyni miðli ásamt bróður mínum Stefáni Pálssyni og konu hans Hildi Pálsson. Fundurinn var á Hörðuvöllum 2, Hafnarfirði.

Í transinum talaði Finna af vörum miðilsins til mín og sagði, að tengdafaðir minn, og nefndi um leið nafn hans, Jóhannes, væri þarna á bak við og bæði hann mig að skila kveðju til hennar Hallgerðar.

Eg áttaði mig ekki á þessu þá strax, mundi ekki eftir neinni konu með þessu nafni. En allt í einu rann upp

ljós fyrir mér. Tengdamóðir mín hét Hallgerður Pálína, en var aldrei kölluð því nafni og munu ekki nema hennar allra nánustu hafa vitað um fyrra nafnið. Til dæmis vissi hvorki bróðir minn né mágkona um þetta nafn, og voru þau þó eins og að líkum lætur nákunnug heimili mínu og tengdamóður, sem var hjá mér á heimilinu.

Geta skal þess, að Hafsteinn vissi ekki, að eg ætlaði að vera á þessum fundi. Stefán bróðir bað um fund, án þess að geta um, hverjir ætluðu að sitja fundinn, en alls vorum við fimm. Eg hafði aldrei talað við miðilinn og þekkti hann ekki einu sinni í sjón.

Á þessum sama fundi kom maðurinn minn, Jens Jóhannesson, í gegnum miðilinn, en hann andaðist í desember 1946. Hann virtist vera mjög undrandi yfir því að koma svona og hið fyrsta, sem hann sagði, voru þessi orð:

„Þetta er þá hægt“.

Hann talaði við mig á sama hátt og við vorum vön að talast við meðan hann lifði. Auðheyrt var, að hann vissi hvað gerðist hjá mér og börnunum, hefir það komið greinilega í ljós á þeim fundum, sem eg hefi setið hjá Hafsteini og fleiri miðlum. Til dæmis hefi eg vanið dóttur okkar, sem var ung er hann lézt, á að hugsa um hann eins og hann væri lifandi. Fyrir þetta hefir hann sérstaklega þakkað mér. Sumt af því, sem við höfum rætt saman á fundum, er einkamál og hefir ekki sannanagildi fyrir aðra en mig. En geta vil eg þess, að er Jens kemur í gegn breytist miðillinn. Mér finnst eg þekkja þar hreyfingar og látbragð mannsins míns sáluga, svo og málróms hans og kímis tilsvör. Í einu orði sagt finnst mér hann sjálfur vera kominn.

— — —
Í september 1949 var eg á fundi hjá Hafsteini á Sól-
vallagötu 3. Á þeim fundi flutti Finna mér svohljóðandi
boð frá Jens:

Taktu serviettuhringinn minn og farðu með hann til
Jóns bróður míns og gefðu litla drengnum hans hring-
inn, því að stafirnir passa.

Engin skýring fylgdi þessum boðum. Eg vissi, að Jón
bróðir hans átti dreng, sem var þriggja mánaða en óskírð-
ur. Ekki hafði eg hugmynd um, hvenær átti að skíra, né
hvað drengurinn átti að heita. Nokkrum dögum síðar
komu þau hjónin til mín og segja mér, að drengurinn
eigi að heita Jens eftir manninum mínum, en spyrja
um leið, hvort eg vilji láta hann heita báðum nöfnunum.
En Jens hét fullu nafni Jens Ágúst Jóhannesson.

Eg segi strax, að eg vilji hafa bæði nöfnin.

Þegar drengurinn var skírður, fimmta október, fór eg
með serviettuhringinn og færði honum eins og Jens hafði
talað um á fundinum. Inn í hringinn eru grafnir staf-
irnir J. Á. J. Og pössuðu stafirnir, eins og hann sagði
fyrir, við nöfn drengsins, sem heitir Jens Ágúst Jónsson.

Reykjavík, 26. september 1952.

Kristín Pálsdóttir. Stefán A. Pálsson.

Hildur Pálsson.

Reynsla okkar.

Á þeim fundum, sem við hjónin höfum setið hjá Haf-
steini miðli, hafa látnir ættingjar okkar komið í sam-
bandið, þeim hefir verið lýst og nöfn þeirra verið nefnd.
Sagt var, að fósturforeldrar Hildar væru ekki íslenzkir og

komu nöfn þeirra beggja rétt í gegn. Kittý Johansen og Rolf Johansen. Þá var lýst landslagi frá æskustöðvum þeirra í Noregi og minnt á ættingja þeirra þar og þeir nefndir með nöfnum. Hildur hefir stundum ekki munað eftir sumu af þessu norska fólki, en við nánari eftirgrenzlan hefir allt, sem sagt hefir verið því viðkomandi, reynt rétt.

Við hjónin höfum misst þrjú börn, tvo drengi og eina stúlku. Fregnir höfum við fengið af þeim á fundum hjá Hafsteini. Annar drengurinn okkar kom strax í sambandið, enda þótt hann væri mjög ungur er hann lézt. Í sambandi við andlát hans lýsti Finna landslagi og sagði, að hann færi með sig og sýndi sér það. Þetta var fáum mánuðum eftir andlát hans, en hann varð aðeins 14 mánaða. Lýst var heiðalandslagi með ótal vötnum. Sagt að við hefðum tjaldað rétt hjá einu vatnanna og þaðan væri skammt til kofans, en í fjarska gnæfðu fjöll og hvítir jöklar.

Þarna var verið að lýsa Arnarvatnsheiði, en þar vorum við hjónin, er okkur barst fregnin um að drengurinn væri veikur. Hann var frískur, er við fórum að heiman, en látinn er við náðum heim og brugðum við þó strax við. Lýsingin á landslaginu var hárrétt. Við vorum stödd á Arnarvatnsheiði fleiri saman og tjölduðum við stórt vatn. Sæluhúsið var skammt undan og fjöll og jöklar gnæfðu himinhá í fjarska. Við vissum þetta, en þrátt fyrir það fannst okkur þetta mjög merkilegt.

Í fyrstu gat hann sjálfur lítið talað, við heyrðum aðeins ánægjulegt barnskvak og svo fundum við litla barnshönd klappa á hönd okkar og lítill lófi snart kinn konu minnar. En við hvern fund merktum við framför og

styrkleika og jafnframt fengum við vitneskju um, hvernig hann fylgdist með leikjum systkina sinna, sem eftir lifa. Einu sinni spurði mamma hans, hvort honum fyndist Deddi ekki óþekkur, en hann lifir hjá okkur.

„Eg er líka stundum óþekkur mamma mín“, svaraði hann.

Hann kemur oftast á hvern fund og segir, að systkini sín séu með sér. Alltaf hefir hann orð fyrir þeim. Hann er nú orðinn sterkur í sambandinu, og talar við okkur eins og þroskaður unglingur. Hefði hann lifað, væri hann nú 15 ára, enda kveðst hann sjálfur vera orðinn stór.

Hildur átti fóstursystur, sem ólst upp með henni. Hún andaðist 1928 í sjúkrahúsinu á Seyðisfirði. Á einum fundinum, sem við sátum hjá Hafsteini, var henni lýst svo náíð, að konan mín þekkti hana strax af lýsingunni. Á eftir kom glögg lýsing af Seyðisfirði og sjúkrahúsinu þar. Þessi stúlka átti bróður á Seyðisfirði, sem kom oft til hennar og sýndi henni mikla umhyggju í legunni. Á fundinum kom hún og talaði við okkur. Hún bað Hildi fyrir sérstaka kveðju til þessa bróður, sem hugsað hafði svo vel um hana, og jafnframt að skila hjartans þökk fyrir þakkann, sem hann hefði fært henni, er hann kom síðast til hennar.

Hildur kannaðist ekkert við þetta, en spurði svo hvernig þessi þakki hefði verið.

„Hann var langur og mjór. Eg var svo þyrst. Það svalaði svo vel sárasta þorstanum“, sagði hún.

Þegar fóstursystir Hildar andaðist, var Hildur í skóla í Reykjavík. Mörg ár voru liðin frá andláti hennar og þar til er fundurinn var. Engin nánari skýring á þessum þakka kom á fundinum og var hún jafnnær. Næst er

hún hitti fósturbróður sinn, skilaði hún kveðju til hans, og sérstaklega fyrir pakkann, sem hann hafði fært henni síðast.

Honum brá kynlega við og Hildur spyr: „Kannast þú ekki við þetta“.

„Jú, það er allt rétt“, svaraði hann.

„Hvað færðir þú henni?“ spyr Hildur.

„Rauðvinsflösku“, svaraði hann.

— — —

Frásögnin um þetta atvik, hvað viðkemur stúlkunni, er að öllu leyti rétt. *S. Fougner Johansen.*

— — —

Fyrsti fundurinn, sem við hjónin sátum, var hjá Gíslínu heitinni Kvaran árið 1939. Eg var ekki trúaður á þetta né nein dularfull fyrirbrigði. En á þessum fundi kom greinileg lýsing á húsi því, sem eg fæddist í á Djúpavogi og var einnig lýst því fólki, sem þá bjó í húsinu. Þegar lýsingin kom af föður mínum, var það skýrt tekið fram, að hann hefði oft leitt mig sér við hönd að stórum steini, sem væri í túninu. Svo var lýst firði og fjöllum hinu megin fjarðarins. Átti sú lýsing einungis við Djúpavog og útsýnið þaðan.

Langt er síðan þetta hafði átt að gerast, og mundi eg ekkert eftir þessu, enda mun eg ekki hafa verið þá nema tveggja ára. Eg er fæddur 1901. Og gerist þá þessi atburður, sem sagður er á fundinum, tólf árum áður en Hafsteinn miðill fæðist. Eins og áður er sagt, var eg ekki trúaður á þetta. Reyndi eg því að komast eftir, hvað hæft væri í þessu. Föðursystir mín, Sigríður Gísladóttir, sem dvalizt hafði á Djúpavogi í tíð foreldra minna þar, gat að lokum frætt mig um þetta. Hún sagði svo frá, að þeg-

ar faðir minn hafi farið niður að verzlunarhúsunum, hafi eg fengið að fylgja honum áleiðis að stórum steini, sem var í túninu, og hafi faðir minn jafnan leitt mig sér við hönd. Við steininn varð eg að snúa við, en faðir minn hélt áfram til verzlunarhúsanna. Eg hefi ör á vinstri augabrún, sem eg vissi ekki, hvernig eg hafði fengið, fyrr en eg talaði við þessa föðursystur mína eftir fundinn hjá Hafsteini. Hún segir, að eg hafi dottið á heimleið úr þessum leiðangri með föður mínum.

Geta vil eg þess, að Hafsteinn hefir aldrei komið á Djúpavog. Er fundurinn var, hafði eg engin kynni haft af Hafsteini og aldrei við hann talað, og eg hefi það ekki enn, nema hvað eg hefi setið fundi hjá honum. Aldrei hefir hann komið heim til okkar hjóna og ekki þekkir hann skyldfólk mitt svo eg viti til.

En þessi fundur varð til þess að vekja hjá mér áhuga á spíritismanum.

Reykjavík, 26. sept. 1952.

Stefán A. Pálsson. Hildur Pálsson.

Frá miðilsfundi.

17. marz s. l. sat eg fund með Hafsteini Björnssyni. Fundurinn var haldinn í ákveðnum tilgangi, og munum við, sem sátum með miðlinum, hafa verið með allan hugann við það, að reyna að ná þeim árangri, sem sótt var eftir. Sízt bjóst eg við nokkurri orðsendingu frá miðlinum til mín persónulega. Þegar miðillinn var að vakna af transinum og var enn í hálftransi, segir hann við mig:

„Hjá þér er ungur maður, útlendingur. Það er sonur hennar frú Axelsson, sænsku frúarinnar. Hann heldur á

bréfi í hendinni, sem hann segir, að þú hafir fengið frá móður sinni, og hann segir, að þú hafir dregið of lengi að svara þessu bréfi. Hann biður að heilsa henni, og hann leggur áherzlu á, að þú svarir þessu bréfi frá henni strax, þú megir ekki draga það“.

Þetta þótti mér athyglisverð orðsending, en málavextir eru þessir:

Frú Axelsson er sænsk tannlæknisfrú, sem við Hafsteinn kynntumst í Svíþjóð í fyrrasumar. Hún kom á norræna spíritistapingið og fékk merkilegan fund hjá Hafsteini, þar sem sonur hennar, framliðinn, kom fram með merkileg sönnunargögn, eins og þeir munu kannast við, sem lásu greinargerðina í síðasta hefti MORGUNS. Nú hefur frúin stofnað spíritistafélag í bænum Arvika, þar sem hún á heima. Hún skrifaði mér 27. jan. s. l. og bað mig um upplýsingar, sem hana langaði til að fá um sálarrannsóknirnar. Nokkru síðar hafði hún ítrekað erindi sitt með bréfi, en eg var enn ekki farinn að svara fyrirspurnum hennar. *Um allt þetta var Hafsteini gersamlega ókunnugt*, og hér á landi vissi enginn um þetta nema eg einn, ekki einu sinni kona mín.

Í fyrra bréfinu hafði frúin sagt mér, að fyrir félagið í Arvika starfaði miðill, og tilgreindi hún stjórnanda miðilsins frá hinum heiminum, nefndi nafn hans, og kvaðst vera búin að biðja hann að reyna að gera vart við sig á miðilsfundi hjá okkur í Reykjavík. Þetta hafði enn ekki orðið, og var eg hálft í hvoru að bíða eftir þessu, ef takast kynni, og meðal annars var sú ástæða þess, að svo lengi hafði dregið fyrir mér að svara spurningum sænsku frúarinnar.

Að sonur frúarinnar sýnist koma þarna með algerlega

óvæntum hætti og minna mig á að svara móður sinni, þykir mér athyglisvert. Hefði stjórnandi miðilsins í Arvika, sem frúin var búin að segja mér frá og fela erindið, komið hjá Hafsteini, hefði mátt sýnast svo, sem undirvitund mín væri með einhverjum hætti að verki, einkum þar sem frúin hafði því miður sagt mér nafn þessa sendimanns, sem hún hafði valið. En hálfvakandi sér Hafsteinn og heyrir son frúarinnar, framliðinn, sem eg hafði aldrei sett í samband við þetta mál í huga mínum. Eg get ekki skilið, að þetta geti bent á nokkurt undirvitundarstarf frá mér né hughrif, telepatie, frá mér til miðilsins.

Að hinn látni sonur læknisfrúarinnar hafi tekið sig fram um að koma á miðilsfund í Reykjavík til að reka eftir bréfi, sem móður hans var hugleikið að fá, verður þeim skiljanlegt, sem urðu vottar að því, með hve hrífandi ástúð þessi ungi maður sýnist vaka yfir móður sinni.

Þessi vitneskja um kærleika látinna vina, og hve þeir sýna í miðlaskeytum ósegjanlega ástúð og umhyggjusemi jarðneskum vinum, hefur huggað þúsundir mæðra aðrar en læknisfrúna sænsku, gefið þeim „nýjan himin og nýja jörð“.

Jón Auðuns.

Bréfið.

Á fundi, sem haldinn var með Hafsteini miðli og við hjónin sátum í marzmánuði 1952, kom Ragna sú, sem talar og lýsir í gegnum Hafstein og segir:

„Mér þykir verst, að hann Ingimar Jóhannesson er ekki farinn að senda bréfið til hans pabba“, en þar átti hún við föður sinn, Bjarna Ásgeirsson sendiherra í Osló.

„Hann hlýtur að hafa sent bréfið fyrir löngu“, svara

eg. Mér var kunnugt um, að Ingimar ætlaði að skrifa Bjarna og hafði okkur talast svo til fyrir meir en mánuði, að hann gerði þetta og að svar kæmi sem fyrst. En er eg mótmæli þessu, segir Ragna:

„Eg sé, að bréfið er ekki farið ennþá. Það er verst vegna þess að bráðum fer hann pabbi í annað land.

„Jæja“, segi eg, „hvert fer hann?“

„Hann fer til Tékkóslóvakíu og kemur ekki aftur fyrir en eftir mánuð“, svaraði hún.

Eg hafði ekkert heyrt um þetta og maðurinn minn ekki heldur. Eg gerði því hvorki að rengja eða játa, en eg trúði þessu ekki með bréfið. En þá segir Ragna og nú er röddin döpur, næstum angurvær.

„Eg hélt endilega, að hann pabbi vildi eitthvað fyrir mig gera“.

Næst fór hún að segja okkur, að viss kona hér í bæ, og nefndi nafn hennar, færi bráðum til Danmerkur með litla sonardóttur sína. En mamma litlu stúlkunnar væri búsett í Danmörku. Litla stúlkan ætti að fá að sjá mömmu sína, og svo nefndi hún nafn þessarar konu og nafn manns hennar, en hún er gift aftur. En hún verður ekki lengi í Danmörku, sagði Ragna. Hún fer til hennar mömmu og verður hjá henni í sumar í Osló.

Ekki vissum við hjónin neitt um þetta. Við höfðum engin kynni af þessu fólki, nema hvað við könnuðumst við nafn konunnar. En ekki höfðum við hugmynd um, að sonardóttir hennar væri til, né hver móðir hennar var.

— — —

Sama kvöldið hringdi eg til Ingimars Jóhannessonar kennara, og spurði hvort bréfið væri ekki farið fyrir löngu til Bjarna Ásgeirssonar sendiherra.

Nei, það var skrifað en ekki komið í póst. Þá spurði eg, hvort hann vissi til þess að sendiherrann ætlaði til Tékkóslóvakíu.

Nei, hann hafði ekki heyrt þess getið.

Eg sagði honum þá, hvað komið hefði fram á fundinum og spurði enn fremur, hvort hann vissi til þess, að kona sú, sem Ragna nafngreindi, ætlaði til útlanda. Nei, ekki hafði hann hugmynd um það. Nú spurði eg nokkuð marga, þar á meðal miðilinn sjálfan. En hann var í vökunni engu fróðari en eg. Loksins tók eg það ráð að hringja til frú Soffíu Haraldsdóttur. Hún vissi ekkert, en bauðst til þess að hringja til konunnar.

Jú, svarið kom. Ferðin var ákveðin til Danmörku með sonardótturina. Hún átti að sjá móður sína, sem búsett er í Kaupmannahöfn, en svo var ákveðin ferð til Osló og dvöl þar, á heimili sendiherrahjónanna. Kom allt heim við það, sem Ragna sagði á fundinum. Nokkru eftir þetta kom fregn í blöðunum um hið áðurgreinda ferðalag sendiherrans í annað land, eins og Ragna orðaði það á fundinum. Mun það líka rétt vera, að bréfið hafi ekki komið honum í hendur áður en hann lagði af stað.

Elinborg Lárusdóttir. Ingimar Jónsson.

Frásögn þessi er í alla staði hárrétt, hvað mig snertir. Eg hafði ætlað að skrifa bréfið löngu fyrr, en lauk því einmitt daginn, sem frú E. L. hringdi til mín. — Þess má einnig geta, að bréfið komst, því miður, ekki í hendur sendiherrans áður en hann fór til Tékkóslóvakíu, svo að ótti Rögnu reyndist ekki ástæðulaus.

Ingimar Jóhannesson.

Þórhallur Ólafsson segir frá.

Tuttugasta og fjórða janúar 1952 sat eg fund hjá Hafsteini Björnssyni miðli á Sólvallagötu 3.

Konan mín, sem dó 18. marz 1951, kom þarna fram og sannaði mér nærveru sína með með ýmsum hætti. Til dæmis lýsti hún herberginu, sem eg bý í, og öllu sem þar er inni, mjög nákvæmlega. Var sagt, að mynd af henni hengi á veggnum yfir skrifborðinu mínu. Nefndi hún svo kassa, sem væri í skrifborðinu. Í honum væru sendibréf, myndir og hárlokkur og fór nákvæmlega út í það, hvað kassinn hefði að geyma. Kvaðst hún oft vera hjá mér bæði, þegar eg sæti við skrifborðið og eins, ef eg legði mig á legubekkinn.

Eg vissi, að þessi kassi var í skrifborðinu, en ekki mundi eg hvar í borðinu, né hvað í honum var. Eg gat því ekki á fundinum um það borið, hve rétt þetta var. Þegar eg kom heim, opnaði eg skrifborðið og athugaði innihald kassans. Eg gekk að honum í þeirri skúffu, sem hún hafði til tekið á fundinum. Allt, sem sagt var, að væri í kassanum, reyndist rétt.

Á þessum sama fundi kom fóstura mín, sem dáið er fyrir mörgum árum — Guðrún Jónsdóttir frá Merkigili í Eyjafirði — göfug og góð kona. Sá sem lýsti sagði, að hún segði að mynd af sér væri á hillu fyrir ofan legubekkinn. Sagt var og, að hún hefði festi um hálsinn, sem væri eins og akkerisfesti og brjóstnælu, og svo var lýst, hvernig hárið væri greitt.

Eg vissi, að myndin var á hillu þessari eins og sagt var. En eg mundi ekki, hvernig hárið var greitt né eftir festinni. Þegar heim kom, reyndist þetta líka rétt. Eg hafði

bara aldrei tekið eftir festinni. Greiðslan á hárinu stóð heima við það, sem sagt var á fundinum. Á fundinum var gamla konan glöð og hress og dálítið gamansöm. Hún sagði við mig:

„Eg á þig nú eiginlega“.

Þá komu látnir frændur mínir og vinir. Lýst var og fæðingarstað mínum, Ljögmannshlíð í Eyjafirði, húsinu og húsaskipun og kirkjunni eins og það var þá, svo var landslaginu lýst á þann hátt, að mér fannst sem sæi eg fyrir mér fagurt málverk.

Eg vil að endingu geta þess, að eg hefi engin kynni af miðlinum og aldrei við hann talað.

Á þessum fundi kom fram margt merkilegt, að mínum dómi.

Þórhallur Ólafsson.

Á fundi.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1951 var eg á fundi hjá Hafsteini Björnssyni. Auk skyldmenna og annarra nákominni ástvina, sem á undan mér eru farnir, sagði þarna til sín allmargt borgfirzkt fólk, sem eg annaðhvort hafði alls ekki þekkt eða þá aðeins lítillega. Þar á meðal var stúlka ein, dáin fyrir tæpum tveim árum, sem eg vissi að vísu, að til hafði verið, en aldrei sá eg hana né vissi um heiti hennar. Hitt vissi eg, að mikinn hluta ævinnar hafði hún verið sjúklingur, en ekki með hverjum hætti. Hún sagði til nafns síns og á hvern hátt hún hefði verið sjúk: máttlaus upp að mitti. Við eftirgrennslun hefir það komið í ljós, að hvorttveggja var rétt.

Merkiskona ein, sem eg hafði þekkt á yngri árum mín-

um, þó að eg vissi lítið um hin síðari æviár hennar, lézt 1942, og var þá 78 ára gömul. Hún kynnti sig þarna, og á meðal þess, er hún sagði, var það, að hin síðustu æviár sín hefði hún verið hölt. Enda þótt mér væri ókunnugt um þetta, reyndist það rétt; hún hafði meira að segja orðið að ganga við staf og hækju.

Hjón nokkur sögðu til sín, þóttust hafa þekkt lítilsháttar deili á mér, nefndu höfuðból eitt sunnan Skarðsheiðar og kváðust hafa átt þeir heima. Þetta taldi eg ekki geta borið sig, en þau voru nú ekki komin þarna til að láta sannfærast, að minnsta kosti ekki af mínum orðum; sjálf vissu þau betur. Og viti menn, fjarstæða þeirra reyndist hárrétt; meira að segja höfðu þau búið þarna um margra ára skeið. Svona var nú minn áttahagafróðleikur.

Maður einn sagði þarna nafn sitt, föðurnafn, og nafn bæjar þess í Árnessýslu, er hann hefði átt heima á. Engan fundarmanna þekkti hann, og enginn þeirra kunni skil á honum, en hann vék máli sínu til mín fyrir þá sök að eg þekkti, að því er hann sagði, systur sína, er hann nafngreindi. Eg kannaðist við, að konu með því nafni þekkti eg í sjón og af orðspori, enda ætti hún heima í nágrenni við mig, en að hún hefði átt þennan bróður var mér með öllu ókunnugt. Þegar eg þrem dögum síðar spurðist fyrir, reyndist allt rétt, er hann hafði sagt.

Á meðal þeirra, er gerðu vart við sig, var kona mín. Líklega er það sökum þess, að henni var kunnugt um efagirni mína — og sína líka — að heita má að í hvert sinn, er hún hefur gert vart við sig, hafi hún komið með einhverja óræka sönnun um sjálfa sig. Hún hafði sjálf jafnan krafizt sannana og vissi, að það gerði eg líka. Í þetta sinn minntist hún á tiltekna pappíra, sem væru í

skrifborði mínu, en svo undarlega óákveðið, að eg gat með engu móti áttað mig á, hvers vegna hún gerði þetta. Að vísu hygg eg, að enginn viti um plögginn á þessum stað, og þó að svo væri, mundi enginn hérlandur maður hafa hugmynd um, hvað með þeim væri meint. Það mundi aðeins einn maður gera sér ljóst, ef hann sæi þau, en hann er ekki hér á landi. Ekki kom mér til hugar á fundinum, að blöðin hefðu verið nefnd í sönnunarskyni, en nokkrum dögum síðar sló því skyndilega niður í mig, að í einu atriði, sem nefnt hafði verið, fólst alveg óræk sönnun fyrir því, hver það var, sem um þau talaði. Þau höfðu þannig vísast verið nefnd aðeins í sönnunarskyni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að bara einn óheppilegur fundarmaður getur hartnær ónýtt fund. Við vorum þarna fimm gestir, og eg var svo heppinn, að allt var þetta gott fundarfólk, rólegt og skynsamt að því er virtist. Engan gestanna þekkti eg, og ekki heldur þá, er gættu miðilsins. Eins og ætíð hafði því verið haldið leyndu fyrir honum, hverjir sækja mundu fundinn. Hann kom inn í stofuna í svartamyrkri, og rauða ljósið var ekki kveikt fyrr en hann var fallinn í djúpan trans. En eftir það var góð birta.

Fjarri sé það mér að telja þetta, er eg hef nú greint frá, markverðara en annað, er á fundinum gerðist. En mér hefur þótt rétt að skýrt frá því, finnst það nógu markvert til þess. Það er of lítið um það, að fólk hér á landi skýri opinberlega frá reynslu sinni í þessu efni, hvort sem hún er fengin fyrir aðstoð miðils eða á annan hátt.

Rétt þykir mér að geta þess, að fund þennan sótti eg í þeirri von, að eg kynni að fregna þar eitthvað um tiltekið atvik, þótt eigi mundi kallað, að það atvik snerti

mig persónulega. Vitanlega var eg við því búinn, að sú von kynni að bregðast, enda gerði hún það. Enginn vék að því, er mér hafði sérstaklega verið hugleikið að fræðast um. Þó á eg bágð með að trúa, að ekki hafi sumir þeirra, er þarna töldu sig eiga erindi við mig, vitað í hverjum tilgangi eg var kominn, og líka vitað nokkuð um það efni, sem mig langaði að fá tíðindi um. Eg ætla því, að af einhverjum ástæðum hafi ekki þótt henta að svara forvitni minni við þetta tækifæri.

Sn. J.

Kynni mín af miðlinum Hafsteini Björnssyni.

Vorið 1946, í maímánuði, var eg þriggja vikna tíma í Reykjavík og bjó á Vitastíg 8 A, hjá Ingimari Jónssyni skólastjóra og konu hans, Elinborgu Lárusdóttur, skáldkonu. Hún var þá að leggja síðustu hönd á bókina „Miðillinn Hafsteinn Björnsson“, og fékk eg að lesa handritið. Eg hvatti frú Elinborgu til að fá það gefið út hið bráðasta, svo merkilegt þótti mér margt, sem þar er sagt frá og vottfest er af merkum mönnum og konum.

Dag nokkurn, er eg sat inni í skrifstofu frú Elinborgar, kom hún inn til mín með mann, er eg ekki þekkti og kynnti hann fyrir mér, sem miðillinn Hafstein Björnsson. Við höfðum ekki sézt áður. Mér varð starsýnna á Hafstein en góðu hófi gegndi, svo óvenjulegur þótti mér sá svipblær, er yfir honum hvíldi. Mér fannst hann ekki vera af þessum heimi.

Eg tók varla eftir því, að frú Elinborg dró gluggatjaldið niður, svo að herbergið varð alrokkið, en þá áttaði eg

mig á því, að mér ætti að gefast kostur á einkafundi. Undirbúningurinn tók örstutta stund. Eg sat rétt framan við hnén á miðlinum og gat virt andlit hans fyrir mér, bæði áður en hann festi dásvefninn, og meðan á honum stóð. Það vakti athygli mína og undrun, hvernig svipur hans breyttist, allt eftir því, hver það var, sem talaði af munni hans. Eftir að Hafsteinn hafði fest dásvefninn, talaði vera af munni hans og yrti á frú Elinborgu og heilsaði. Rétt á eftir kom önnur vera í sambandið; hún nefndist Ragna. Hún heilsaði okkur, en snéri þá máli sínu til mín. Hún sagði við mig, að eg hefði verið í „landinu mikla“, sem nefnt væri Ameríka, en þar væri hún ókunnug og þekkti ekki nöfn á sumu því, er þar bæri fyrir sig. Þá tók vera sú, er nefndist Finna, við frásögninni. Hún kvaðst heldur ekki treysta sér til að lýsa „landinu mikla“, svo að mér þætti því rétt lýst; en hún kvaðst ætla að freista að lýsa gömlum bæ, er eg hefði verið gagnkunnugur á, áður en eg hefði farið til Ameríku. Eg skildi þetta þannig, að þætti mér sú lýsing fara svo nærri réttu, að ekki yrði um villzt, þá hefði hún sannað mér, að hún gæti lýst íslenskum staðhátum og öðrum hlutum svo rétt, að eg mætti einnig taka mark á því, er hún segði um „landið mikla“.

Finna kvaðst sjá stóran bæ, er stæði framarlega á mjög bröttum hól eða brekku. Á þessum bæ, sagði hún, að eg hefði verið gagnkunnugur og næstum daglegur gestur í ungdæmi mínu. Þar hefði verið stór torfbær og orðinn allgamall. Bóndinn, sem þar hefði búið í ungdæmi mínu, hefði heitið Árni. Hann væri farinn yfirum fyrir mörgum árum. Kona Árna hefði heitið Guðrún; hún væri fyrir skömmu farin yfirum, og þá verið orðin blind. Finna lýsti svo nákvæmlega hólnum eða brekkunni, er bærinn hefði

staðið á og öllu umhverfi bæjarins, að eg gat ekki verið í neinum vafa um, að lýsingin átti við Auðbrekku í Hörgárdal, en það er fornt höfuðból og þar bjó Sigríður hin stórráða síðustu æviár sín og byggði þar rausnarlega. Eg átti heima á bæ, er Svíri hét, frá því að eg var fimm ára og þar til eg fluttist til Ameríku seytján ára gamall, vor-
ið 1900. Svíri stóð í Auðbrekkutúninu, og er ekki lengra á milli bæjanna, en að kallast má á í milli þeirra í kyrru veðri. Síðustu árin, er eg átti heima á Svíra, bjuggu hjón á Auðbrekku, er hétu Árni Jónatansson og Guðrún Jónsdóttir. Árni dó um 1920, en Guðrún andaðist 1945, og hafði þá verið blind í nokkur ár.

Lýsingin af bænum, umhverfi hans og hjónunum, er þar bjuggu síðustu árin áður en eg fór af landi burt, var svo ljós og lifandi, að eg hlaut að sannfærast um gildi hennar.

Þá tók Finna til að lýsa landslagi vestur í Ameríku og tókst það svo vel, að eg hlustaði hugfanginn á orð hennar. Hún lýsti sléttum, skógum og vötnum, járnbrautum og járnbrautarlestum, en þó kvartaði hún um, að sér veittist erfitt að lýsa landinu, og sumu, er hún sæi, gæti hún ekki lýst, því hún vissi ekki, hvað það væri — þekkti engin nöfn á hlutunum.

Næst tók hún til að lýsa manni, er hún taldi víst, að eg kannaðist við — hann hétí Ásgeir og hefði verið á fljótabátum. — Eg gat ekki munað eftir neinum Ásgeiri, er verið hefði á nokkrum fljótabáti. Finna vildi sanna mér, að hún færi með rétt mál, og sagði: „Hann hefir kæk“. Eg spurði, hver hann hefði verið, en hún vildi hliðra sér hjá að nefna hann, en er eg gekk á hana, sagði hún, að

honum hefði hætt til að spýta nokkuð nærri mönnum.
— Hann hefði tuggið tóbak.

Eg mundi þá eftir manni, er hafði þennan kæk, og hét Ásgeir, en aldrei hafði eg heyrt þess getið, að hann hefði verið á fljótabáti; lét Finna þá útrætt um Ásgeir. — Nokkru síðar rifjuðust upp fornar minningar fyrir mér, er eg verð að telja, að renni sterkum stoðum undir lýsingu Finnu. Hún sagði, að margt manna væri samankomið hinum megin, sem vildi láta mig vita af sér, því þeir hefðu allir þekkt mig, en engin sérstök skilaboð hefðu þeir að flytja. — Skyndilega þagnaði Finna, eins og athygli hennar hefði beinzt að einhverju sérstöku, en tekur svo til máls, með þeim rómlæ, er lýst nokkurri furðu: „Það er kominn svo *snarborulegur karl*. Hann er skríttinn. Hann er síkveðandi, og nafnið á honum er mjög óvenjulegt; hann var ekki skírður þessu nafni. Eg held eg geti náð þessu nafni — það er Káinn! En hann var ekki skírður þessu nafni, en hann var samt kallaður þetta“. Svo bætir hún við: „Hann Rögnvaldur er með honum! Þekktir þú Rögnvald?“ „Það fer eftir því, hvaða Rögnvald þú ert að tala um“. „Hann Rögnvald, sem hún Elinborg þekkir“. Eg sagði, að ef hún ætti við dr. Rögnvald Pétursson, þá hefði eg þekkt hann, og frú Elinborg hefði einnig þekkt hann, enda hefðu þau verið skyld. Finna sagði, að þetta væri sami maðurinn og sá, er Elinborg þekkti. Eg spurði, hvort þeir Káinn og Rögnvaldur vildu tala við mig. Finna kvað þá aðeins vilja láta mig vita, að þeir væru fyrir handan. — Mig furðaði ekki, þó að þessir menn kæmu þarna fram, eg hafði þekkt þá báða, en hafði alls ekki búizt við að fréttu til þeirra á þann hátt, er orðið var.

Í lok fundarins sagði Finna, að komnar væru tvær kon-

ur, sem vildu láta mig vita, að þær væru fyrir handan. „Sú þeirra, sem fyrr kom, heldur á stórrí bók; þið hafið þekkt. Nú sé eg, að hún heitir Guðrún Finnsdóttir. Hún hefur líka þekkt Elinborgu. Hin konan heldur einnig á bók, en það er illt að ná nafninu hennar, en á bak við hana eru miklir hamrar. — Nú hef eg náð nafninu, það er Guðfinna — Guðfinna frá Hömrum“. Eg spurði um erindi Guðfinnu, því henni hafði eg aldrei kynnt, en Guðrúnu skáldkonu Finnsdóttur hafði eg verið gagnkunnugur, en að vísu fyrir löngu síðan, eða rúmlega þrjátíu árum. Finna sagði, að þessar konur vildu aðeins láta mig vita, að þær væru hinum megin, og að þar héldi tilveran áfram.

Akureyri, 21. október 1946.

Friðgeir H. Berg.

Myndin og blómin.

Það er talað um Rögnu í bókinni Miðillinn Hafsteinn Björnsson. Hún segist vera dóttir Bjarna Ásgeirssonar á Reykjum í Mosfellssveit, núverandi sendiherra í Osló. Hún hefir að dómi foreldra sinna fært þeim órækar sannanir fyrir því, að hún sé sú, sem hún segist vera. Síðastliðinn vetur var fundur haldinn á Reykjum og gerði hún þar vart við sig.

Litlu síðar kom Bjarni Ásgeirsson til Sigurlaugar, konu Jónasar Þorbergssonar með mynd af Rögnu og blóm. Um myndina og blómin var Hafsteini ekki kunnugt, og sízt frá hverjum blómin væru. Næst þegar fundur var á heimili þeirra Jónasar og Sigurlaugar, kom Ragna fram

eins og venjulega, en nú ávarpaði hún frú Sigurlaugu og sagði:

„Þú þarft ekki að læsa niður myndina af mér. Eg fylgdist með honum þabba og vissi, að hann færði þér blóm og mynd af mér“.

Frú Sigurlaug læsti myndina niður til þess að Hafsteinn sæi hana ekki. En eftir fundinn tók hún myndina og lét hana í stofuna, og þar hefir hún verið síðan.

— — —

Þetta vottast rétt vera.

Sigurl. M. Jónasdóttir.

III. KAFLI

Reimleikar

Prennt á ferð.

Vorið 1940 fluttum við í nýlegt hús við A-götu í Reykjavík. Fyrstu árin bar ekkert til tíðinda, en haustið 1943 fór kona mín að heyra ýmis einkennileg hljóð í húsinu, en hún hefur jafnan verið allnæm fyrir slíku. Af sérstökum ástæðum setti hún þetta í samband við mann, sem þá var nýdrukknaður, en hvorugt okkar hafði þó þekkt, ekki einu sinni í sjón. Ýmsir aðrir urðu þessa líka varir. Högg heyrðust í vegg og krystalskálar svo að söng í, sömuleiðis eitthvert þrusk á háalofti. Umgangur heyrðist og smellir eins og ljós væru kveikt eða slökkt, og á tímabili heyðust hljóð líkt og nótur væru slegnar á píanói, sem er í stofu niðri. Bar einkum á því eftir háttatíma og jafnvel um miðja nótt, svo að við vöknudum við. Þau hljóð heyrði eg líka, en varð þessa annars lítt var. Oft fannst konu minni hún heyra pilsaþyt og hafði óhugnanlega tilfinningu um það, að einhver væri í kringum sig, en sá þó aldrei neitt.

Kvað svo rammt að þessum truflunum, að bæði hana og ýmsa aðra, sem næmir eru fyrir slíku, greip óhugur, ef þeir voru einir í húsinu. Við nefndum þetta þó ekki,

einkum vegna dóttur okkar, sem þá var 13 ára og stúlku 16 ára, sem þá var hjá okkur, en báðar höfðu þær orð á þessu, en við reyndum að berja það niður. Eitt sinn vorum við úti eitt kvöld, en stúlka þessi gætti barns okkar á öðru ári, en það var mjög óvært, og vaknaði oft á kvöldin og nóttunni. Við komum heim nokkru eftir miðnætti og gekk þá kona mín inn í herbergið til stúlkuunnar, en hún var hálfsofandi, yrti á hana og spurði, hvort barnið hefði oft vaknað. Stúlkan svaraði afundin, að það hlyti kona mín bezt að vita sjálf, því að hún (konan) hefði mörgum sinnum farið inn til barnsins að hugga það, „en hvernig stendur á því“, bætti hún við, „að þú kemur hvað eftir annað inn til mín og vekur mig með því að draga ofan af mér sængina?“ Konu minni hnykkti við, en svaraði engu og féll svo þetta tal niður.

Næsta ár hélt þessu áfram og ýmsir urðu þessa varir og get eg nefnt tvö dæmi.

Kvöld eitt kom til okkar kunningi okkar, sem er skyggn, og barst talið að ýmsu, er hann hafði orðið var. Nokkru eftir miðnætti fór kona mín upp að hátta, en við sátum lengi eftir og fórum að tala um aðra hluti. Þetta var bjarta sumarnótt og var ljós ekki kveikt. Allt í einu spratt hann upp og gekk fram í forstofu og skimaði í kringum sig all einkennilega. Eg spurði, hvað gengi að honum, en hann sagði: „Hvað varð af kvenmanninum, sem sat þarna í stólnum?“ Eg fullvissaði hann um, að þar hefði enginn kvenmaður verið. Hann lýsti konu þessari fyrir mér all nákvæmlega, og hafði eg enga ástæðu til að ætla, að hann hefði verið að gabba mig.

Í annað sinn sá annar skyggn kunningi minn konu

sitja í þessum sama stól og lýsti henni greinilega, og bar lýsingu hans saman við lýsingu fyrri mannsins. Þessi maður varð oft var þessarar konu og sagði, að hún sækti einkum að konu minni og ylli henni miklum óþægindum.

Eg varð þess líka var, að þetta allt tók á taugar konu minnar og eitthvað yrði að gera til að aflétta því. Varð það úr, að við fengum heim til okkar skyggna konu, og ásamt nokkrum kunningjum héldum við fund og var beðið fyrir þessari óhamingjusömu veru.

Sagði hin skyggna kona að vera þessi myndi fara burt. Eftir þetta virtust þessi fyrirbæri minnka eða hverfa um hríð.

Árið 1948 varð kona mín mjög veik og fór til lækninga til Kaupmannahafnar á Ríkisspítalann þar. Nótt eina, er hún var ein í herbergi sínu, fannst henni kona koma inn í herbergið og staðnæmast við skáp andspænis fótagafli rúmsins. Varð henni hverft við og datt í hug, hvort vera þessi hefði fylgt sér yfir hafið. Varð hún þessa vör hvað eftir annað, fannst henni konan vera meðalhá, dökkhærð og brúneygð, en sá hana þó aldrei beinlínis.

Eftir að kona mín kom heim haustið 1948, varð hún aftur vör einkennilegra, óhugnanlegra óþæginda, einkum á neðri hæð hússins og sérstaklega í stofu þeirri, er áður getur og greip hana þá oft hræðslutilfinning, sem hún þó barði niður, en varð ekki vör umgangs eins og áður. En aðrir þóttust verða þessa varir. Ræddi kona mín oft um þetta við mig og kvartaði undan þessari vanlíðan, sem bættist ofan á mikið líkamlegt heilsuleysi. Hina síðustu mánuði hefur einkum ásótt hana mikill kuldi í baki. Var eg farinn að hugleiða að flytja burt úr húsinu.

Í desember síðastliðnum fengum við fimm nýja stóla, alla eins, í stofu þá, sem hinir skyggju vinir mínir höfðu séð konuna, og var einn settur á þann stað, er stóll sá var, er konan sást í.

Í janúar s. l. komu til okkar tveir kunningjar okkar, hvorugur skyggn að því er eg veit. Við sátum fyrst öll fjögur uppi á lofti, en nokkru síðar gekk annar þessara manna niður með mér og inn í stofuna, og sá hann þá stólana og hafði orð á því, að þeir væru fallegir. Þá skaut upp í huga mér þessari ókyrrð, sem vart varð í stofunni, og bað eg hann þá að setjast í þann stólinn, sem honum þætti *verstur*. Við þessi orð mín varð hann einkennilega æstur og undarlegur og sló síðan í þann stólinn, er stóð þar, sem verunnar hafði orðið vart og sagði í mikilli geðs-hræringu: „Þessi er *verstur*“. Brá honum svo við, að hann náfölnaði og þaut upp á loft einkennilega reiður og spurði mig, hvers vegna eg gerði sér þetta. Var hann langa stund að ná sér eftir þetta.

Þetta atvik hafði mikil áhrif á okkur, og hvíldi þetta eins og mara á okkur. Leitaði eg þá til kunningja míns og fyrir hans milligöngu var haldinn fundur heima hjá okkur í stofu þessari með Hafsteini Björnssyni miðli. Voru á fundinum þau systkinin Soffía og Sigurður Haralz, auk okkar hjónanna en aðrir ekki.

Margt merkilegt gerðist á þessum fundi, sem ekki kemur þessu máli við, margar lýsingar framliðinna og frásagnir, sem að mínu viti eru sannanir þess, að vitund hinna framliðnu eða annarra vera, sem hafa gjörþekkt þær, birtist í orðum þeim, er fram komu af vörum mið-ilsins.

Áður en fundurinn hófst, hafði kona mín orð á því

við Soffíu, hvort það gæti verið, að andar framliðinna fylgdu fólki landa á milli, því að sér fyndist svo vera, og játaði Soffía því, en í sama bili kom Hafsteinn og féll þá þetta tal niður. En um leið og hann kom inn, sagði hann eitthvað á þá leið, að hér væri útlendingur.

Ein persónan, sem talaði af munni miðilsins, sagði, að hér í húsi okkar héldu sig þrír andar framliðinna, aðallega í stofuni, en þó líka uppi á lofti. Einn væri sjódrukknaður maður, sá er konu minni hafði fyrst dottið í hug. Annar væri ungur maður, sem farízt hefði í bilslysi hér í Reykjavík 1946, og nefndi nafn hans og foreldra hans, sem bæði væru dáið og nafn bæjarins, sem hann var frá. En hin þriðja var sænsk kona, hátt á sextugsaldri, sem hefði látizt á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn, átta mánuðum áður en kona mín kom þangað, og í sama herbergi og hún lá í. Skírnarnafn hennar var nefnt en eftirnafn ekki. Allnákvæm lýsing var gefin á þessum persónum, en enga þeirra þekkti neitt okkar eða vissi, að þær hefðu verið til, nema hinn sjódrukknaði maður, sem við höfðum þó aldrei séð. En hann talaði af vörum miðilsins og kom í ljós, að hann hafði ekki áttað sig á því, að hann væri dáið, heldur neitaði hann því með hörðum orðum.

Persónur þær, sem einkum töluðu af vörum miðilsins sögðu okkur, að nú yrðu gerðar ráðstafanir til þess að fjarlægja þessar verur úr húsi okkar. Ungi maðurinn yrði fluttur til foreldra sinna, sjódrukknaði maðurinn til ættingja sinna, en erfiðlegast gekk með hina sænsku konu, og mátti skilja á því, sem sagt var, að hana hefði orðið að fjarlægja með valdi, því að hún hefði verið

mjög æst og þrjózk. Fundinum lauk með mjög merki-
legum skyggnilýsingum.

Mjög rækilega var það brýnt fyrir okkur, sem fundinn
sátum, að segja ekki nöfn þessara vera, sem höfðu valdið
okkur svo miklum óþægindum, en biðja fyrir þeim.

Strax næsta dag hringdi eg til kunningja míns, sem
er alinn upp í sömu sveit og bær sá er, sem ungi maður-
inn var sagður frá og spurði hann um fyrri ábúendur á
bænum. Kom þá allt heim við það, sem sagt hafði verið
á fundinum, nafn látinna foreldra hans, nafn hans sjálfs,
dánarár og dánarorsök, og hafði hann farizt í bílslysi
ekki langt frá húsi okkar.

Þess skal getið, að lýsing sú, sem gefin var á hinni
sænsku konu, er alls ólík þeirri lýsingu, sem hinir
tveir skyggnu vinir mínir gáfu á konu þeirri, er þeir sáu
í stólnum, enda var okkur sagt á fundinum, að sú kona
væri farin fyrir löngu.

Síðan þessi miðilsfundur var haldinn hefur engar
ókyrðar orðið vart í húsinu, og sú óskiljanlega vanlíðan,
sem kona mín þjáðist af, einkum mikill kuldi í baki,
hefur smám saman horfið með öllu. Og öll hennar and-
lega líðan er stórum betri en áður.

Af fundum hjá Hafsteini síðan höfum við frétt, að
allar þessar verur væru héðan horfnar.

Úr frásögn þessari er mörgu sleppt, sem e. t. v. væri
vert að segja frá, en allt það, sem hér er sagt, er rétt eftir
beztu vitund okkar og votta eg það með undirskrift
minni.

Reykjavík, 15. apríl 1952.

N. N.

Við undirrituð, sem vorum á ofangreindum miðilsfundi, vottum að hér er rétt greint frá því, sem á fundinum gerðist og því, sem okkur hafði áður verið sagt frá forsögu þessa máls.

Soffía Haraldsdóttir. Sigurður Haralz.

Hann var villtur.

Í húsi einu hér í bæ bar það til tíðinda, að húsfreyja tók stúlku inn á heimilið. Átti hún að vinna húsverkin og hjálpa húsfreyju með húshaldið. Stúlkan var þýzk. Eftir að hún kom, brá svo við, að húsfreyja fór að heyra umgang í íbúðinni, þótt hún væri ein heima. Heyrði hún oft gengið um innri forstofu og baðherbergið. Sömuleiðis var oft gengið um dagstofuna. Hafði hún orð á því við mann sinn, að sér væri illa við að vera ein heima á kvöldin, en gat ekki um hversvegna.

Eitt kvöld sátu þau ein heima hjónin. Maðurinn sat við skriftir í skrifstofunni. Frúin sat inni í borðstofunni við vinnu sína. Opið var á milli stofanna og stóðu hurðir opnar í báðum herbergjum, sem vissu fram í innri forstofuna.

Allt í einu heyrir frúin, að gengið er inn ganginn og inn í baðið og hurð er skellt að stöfum. Þetta var ekkert óvenjulegt og sat hún kyrr. Fremri hurðin var læst með smekklás. Þeir, sem inn vildu komast, urðu að hringja á dyrabjölluna og gera vart við sig á þann hátt. Nú kallar húsbóndinn til konu sinnar:

„Hver var að ganga um?“

„Enginn“, svarar konan.

„Víst gekk einhver inn í baðið“, sagði hann og stóð

um leið upp og gekk fram ganginn, til þess að gæta að, hver væri á ferð. Auðvitað varð hann einskis vís, þótt hann leitaði um alla íbúðina.

Sagði konan honum þá, að þetta heyrði hún daglega. Þess vegna væri sér illa við að vera ein heima, einkum á kvöldin.

Liðu nú nokkrir dagar. En þá var það kl. tæplega eitt að gestur kom til húsbóndans. Heimafólk hafði snætt mið-dagsverð, og voru heimamenn farnir út, nema hjónin og þýzka stúlkan. Hún var að þvo upp eftir matinn. Húsbóndinn fór með gestinn inn til sín, en frúin var í borðstofunni, næstu stofu við.

Gesturinn taldi ekki, og gekk húsbóndinn með honum fram í ganginn. Hann var að fara í yfirhöfnina, er ógurlegt brothljóð kvað við.

Konan hélt, að stúlkan væri að brjóta eitthvað, en hún sagði: „Þetta brothljóð kom innan úr stofunum“, sama sagði húsbóndinn og gesturinn. Var nú gengið inn í dagstofuna. Lá þá mynd, sem lengi hafði hangið yfir ofninum á gólfinu og kristalsskál, sem verið hafði á ofninum, hafði fallið niður og farið í þúsund mola.

Konan hélt í fyrstu, að ekki væri neitt kynlegt við þetta, naglinn hefði bilað. En svo var þó ekki. Naglinn var rígfastur. Þegar að var gætt, var myndin fest upp með áttþættu snæri. En snærið var skorið í sundur.

Frúnni leist nú ekki á, ef farið yrði að brjóta og eyðileggja. Skömmu áður hafði stúlkan brotið dýrindishlut fyrir augum frúarinnar. Frúin taldi það eins og hverja aðra slysi, enda þótt henni sýndist sem hlutnum væri hent úr höndum stúlkunnar og stúlkan sjálf fullyrti það.

Snærið var skoðað af mörgum og kom öllum saman um, að það væri skorið sundur.

Konan vissi ekki hvað til bragðs skyldi taka. En að lokum fór hún á fund til Hafsteins, ef vera kynni að þeir að handan gætu hjálpað. Þegar Runólfur kom í gegn, heilsaði hann konunni sérstaklega og sagði:

„Það var ekki eg, sem felldi myndina niður“.

Konan sá á þessu, að þeir vissu fyrir handan, hvað gerzt hafði á heimili hennar. Hafði hún þó ekki getið neins við Hafstein, og við engan nema mann sinn talað um, að þetta væri að öllum líkindum ekki einleikið. Fór hún nú að spyrja Runólf, hver hefði orsakað þetta.

Hann sagði: „Það er ekki hérlandur maður“.

Hún spurði hvernig stæði á því, að hann væri þarna á sveimi.

Runólfur sagði: „Hann vill ekkert illt. Hann er villtur unnar, sem er hjá þér, þau eru frá sama landinu“.

Frúin spurði hversvegna hann væri að gera sér illt.

Runólfur sagði: „Hann vill ekkert illt. Hann er viltur og veit ekki, hvað hann á af sér að gera“.

Konan spurði hverskonar samband væri milli hans og stúlkunnar.

Runólfur svaraði: „Hún hefir verið stúlkan hans, en hann hefir farizt í stríðinu. Hann hefir verið mjög ungur“.

Konan spurði: „Hvað á að gera?“

Runólfur sagði: „Biðja fyrir honum“.

Konan bað Runólf um hjálp að handan, til að fjarlægja hann.

Runólfur lofaði því, en lagði ríkt á, að beðið yrði fyrir honum.

Konan fór heim við svo búið, en eftir hennar beiðni kom Hafsteinn daginn eftir, til þess að athuga hvort hann sæi eitthvað.

Hann sá þennan unga mann inni í dagstofunni, og eins á ganginum. Þegar stúlkan opnaði hurðina fyrir Hafsteini, stóð hann að baki henni í ganginum. Hafsteinn lýsti honum og sagði, að hann væri stúlkunni áhangandi. Hefði farizt mjög snögglega í stríðinu.

Nokkru síðar spurði frúin þýzku stúlkuna, hvort hún hefði verið trúlofuð. Jú, hún hafði verið það. Kærastinn var í stríðinu. En skömmu áður en friður komst á fórst hann með hryllilegum hætti. Frúin bað stúlkuna að lýsa honum fyrir sér. Gerði hún það, bar lýsingunni saman við það, sem Hafsteinn og Runólfur sögðu um útlit hans.

Ekki hvarf hann algerlega fyrr en eftir nokkurn tíma. En þá hafði frúin tekið það ráð að bera vígt vatn á alla íbúðina. Eftir það varð hans ekki vart.

Í þessari frásögu eru ekki nefnd nein nöfn, en þetta er skrifað eftir beztu vitund og er sannleikanum samkvæmt. Mun frú Margrét Sigurðsson fúslega votta orð Runólfs við frúna á fundinum, en hún var þá sitjari.

Reykjavík 1951.

D. D.

Margrét Sigurðsson.

Gamla konan.

Rétt eftir áramótin 1951, tók eg eftir því að eg var eitthvað öðruvísi, en eg átti vanda til. Eg var ekki veik, fann hvergi sérstaklega til, og þó leið mér ekki vel. Ekki

gat eg gert mér grein fyrir, hvað orsakaði þetta, en einhvernvegin hafði eg það á tilfinningunni að eitthvað væri umhverfis mig. Eg var svo miður mín, að eg fór lítið út þessa dagana. Þetta ágerðist svo að segja dag frá degi, svo að kona, sem kom til mín eitt kvöldið, tók eftir liðan minni, án þess að eg hefði orð á því að fyrra bragði. Þegar hún kom, leið mér svo illa, að mér varð að orði:

„Þú kemur eins og þú værir send“.

Hún hélt víst að mér leiddist svona einveran — og brosti, settist á stól í einu horninu og fór að rabba við mig. En eitthvað hefir henni þótti athugavert við mig. Allt í einu lýtur hún áfram, horfir fast á mig og spyr:

„Hvað er að þér?“

„Sýnist þér eitthvað vera að mér“, segi eg.

„Já“, svarar hún, „þú ert ákaflega undarleg“.

„Það er hverju orði sannara“, svara eg. „Eg veit eiginlega ekkert, hvað er að gerast með mig. Í vöku dreymir mig drauma, sem aldrei hafa gerzt. Í sambandi við draumana sé eg fólk liða fram hjá, fólk, sem eg þekki ekki og hefi aldrei þekkt. Það er engu líkara en eg sé undir einhverjum áhrifum“.

„Það er eitthvað meira en lítið undarlegt við þig“, segir frú Elinborg Lárusdóttir, en hún var konan, sem kom. „Þú mannst ekki einu sinni það, sem við bar í gær eða dag“, bætir hún við. En daginn áður var eg hjá stjúp-syni mínum og konu hans. Frú Elinborg spurði mig rétt eftir að hún kom inn, um hvert leyti eg hefði komið þaðan. Eg mundi það ekki, mundi ekki einu sinni, hvort eg var hjá þeim þennan dag eða daginn þar áður. En frú Elinborg vissi, að eg hafði farið til þeirra.

Eftir litla umhugsun segir frá Elinborg. „Það verður eitthvað að gera, eitthvað sem getur haft þig úr því ástandi, sem þú ert í nú“.

Eg hafði ekki minnst á þetta ástand mitt við neinn, ekki einu sinni mína nánustu ættingja, og þótt undarlegt megí virðast hafði enginn tekið eftir neinu, fyrr en frú Elinborg. En eg bý alein á hæð, og eins og áður er sagt, var eg mest heima þessa daga, af því að eg treysti mér ekki til að vera innanum fólk. Eg fann sjálf hvað mér leið.

Mér dettur Hafsteinn í hug og spyr frú Elinborgu, hvort nokkur leið sé að ná til hans.

„Eg skal reyna“, segir frú Elinborg. „En það er ákaflega erfitt. Hann hefir svo mikið að gera“.

Daginn eftir komu þau bæði til mín samtímis, Hafsteinn Björnsson miðill og frú Elinborg. Eg fór með þau inn í það herbergi, þar sem áhrifanna gætti mest, en það var svefnherbergi mitt.

Hafsteinn settist á stól fyrir framan legubekk, en við Elinborg sátum á legubekknunum. Okkur datt ekki í hug, að Hafsteinn mundi falla í dásvefn, en svo varð nú samt og það eftir fáar mínútur. Í gegnum hann kom Finna og fór að lýsa gamalli konu, sem hún sagði að væri þarna. Hún væri nýlátin og stæði nú uppi. Finna lýsti þessari konu svo nákvæmlega, að útleti, skapgerð og háttum, að eg þekkti hana, áður en hún hafði lokið lýsingunni. Hún lýsti húsinu og manningnum, gamla manningnum, sem enn lifði á jörðunni og væri maðurinn hennar.

Það var allt rétt, það var ekki búið að jarðsyngja hana. En sízt datt mér í hug, að hún væri á sveimi inni hjá mér. En Finna fullyrti, að hún væri inni, og hefði þessi

áhrif á mig, án þess hún vildi á nokkurn hátt gera mér illt — við hefðum verið vinkonur. Það var líka rétt. Við höfðum þekkt svo árum skipti. Finna sagði, að hún væri ekki enn þá farin að átta sig á umskiftunum.

Eftir þetta batnaði mér algerlega. Geti vil eg þess, að eg þekki Hafstein ekkert og hann ekki mig né mitt fólk, svo eg viti til. Hann hafði aldrei áður komið í þetta hús. Mér vitanlega þekkir hann ekki það fólk, sem eg umgengst og vissi því ekki, að þessi gamla kona, sem var nýlátin og Finna lýsti svo náið, var vinkona mín. Það vissi frú Elinborg heldur ekki, og ekki þekkti hún hana, og ekki hafði eg sagt henni, að hún væri látin, enda datt mér sízt í hug, að það væri hún, sem orsakaði alla þessa vanlíðan mína.

Vitastíg 7, Reykjavík, 12. febrúar 1952.

Jóna Ó. Jensen.

— — —

Það sem sagt er hér að framan um komu mína til frú Jensen umrætt kvöld í byrjun janúar 1951, er alveg rétt. Eg man vel, hvað mér fannst hún einkennileg og utan gátta, og eg hafði orð á því. Það varð aftur til þess að leitað var til Hafsteins miðils, og varð hann sem betur fór við þeirri beiðni. Veit eg ekki, hvernig farið hefði ella. Þessi gamla kona virtist sækja fast á og valda ótrúlegum truflunum á taugakerfi og líðan frú Jensen, enda þótt hún vildi ekkert illt gera henni, eins og Finna orðaði það. Eg vil geta þess, að hina látnu konu þekkti eg ekkert. Hafði aldrei við hana né við hennar fólk talað, og vissi ekki að hún var látin. Ekki var mér kunnugt um að hún og frú Jensen hefðu verið vinkonur, og eg fullyrði að Hafsteinn vissi ekki einu sinni að þessi kona

var til, hvað þá, að honum væru hagir hennar í lífinu kunnir. Hélt eg í fyrstu, er Finna nefndi gamla konu, að það væri móðir frú Jensen, sem þá var látin. En þá var eins og Finna læsi í hug mér.

„Nei, það er ekki hún, sem þú heldur“, sagði Finna. „Eg sé hana líka. Hún er hérna. En hún er miklu minni en hin konan. Þær eru mjög ólíkar. Svo hélt Finna áfram að lýsa hinni konunni, sem væri alveg nýlega látin. Taldi frú Jensen lýsinguna ágæta og alveg rétta. Um það get eg ekki borið, þareð hin látna var mér ókunn. En einkennilegt fannst mér að Finna lýsti skapgerð hennar, og ýmsu í fari hennar, sem frú Jensen virtist kannst vel við. En eftir komu Hafsteins varð gagnger breyting á frú Jensen. Hún fékk minnið aftur og varð eins og hún átti að sér að vera.

Vitastíg 8 A, Reykjavík, 12. febr. 1952.

Elinborg Lárusdóttir.

Ókyrrð í hermannaskála.

Árið 1946 fluttum við hjónin í hermannaskála við Borgarveg 39 í Sogamýri. Í þessum skála höfðu búið nokkrir yfirmenn hersins á stríðsárunum. Skáli þessi var svo til nýgerður og vel byggður, en að heita mátti einn stór geimur. Áður en við fluttum, var honum breytt í þrjú herbergi og eldhús. Öll herbergin liggja til sömu handar undir annari hlið skálans, til hægri handar, þegar inn er gengið. Undir hinni hliðinni er langur og nokkuð breiður gangur. Fyrir endanum á ganginum er eldhúsið.

Eftir að við hjónin fluttum í skálann með fjögur börn okkar, sem öll voru komin yfir fermingu, varð eg þess

fljótlega áskynja, að eitthvað fleira var á ferð í skálanum en við og börn okkar.

Sagði eg Símoni það. Hann var ekki trúður á neitt slíkt og gerði lengi vel ekkert úr þessu. Hinsvegar var eg alveg sannfærð um, að reimt væri í skálanum. Ekki var eg hrædd, en vegna barnanna hafði eg sem minnst orð á þessu, og ekki var að leita til Símonar.

Einu sinni kom skyggn kona til mín. Eftir að hafa setið inni góða stund, sagði hún, að hermaður væri í skálanum og lýsti honum fyrir mér. Eg gerði lítið með þetta í hennar eyru, en mér þótti það þó afar sennilegt að svo væri. Eg hafði heyrt það mikið eftir að eg kom í skálann, að eg vissi að eitthvað fleira en við var á ferli.

Þegar Símon kom heim, sagði eg honum frá sýn konunnar. En hann brást reiður við. Kvaðst ekki trúa einu orði af þessu og ekki hlusta á það og varaði mig við að láta þessa konu koma aftur eða hafa neitt saman við hana að selda.

Einn sunnudag voru hjón stödd hjá okkur með tveggja ára dreng. Hann sofnaði meðan þau stóðu við. Var hann látinn sofa á legubekk í herbergi okkar hjóna. En í því herbergi voru hjónin, meðan þau stóðu við, og sat Símon hjá þeim og rabbaði við þau. Þess má geta, að herbergi þetta er næst útganginum. Þegar drengurinn vaknar, fer hann að gráta og er engin leið að hugga hann. En allt í einu er barið bylmingshögg í vegg þann, sem er á milli herbergjanna, Enginn var í því herbergi. Símon og hjónin voru að reyna að hugga drenginn, en eg og dætur mínar tvær vorum í eldhúsinu. Fleiri voru ekki staddir í íbúðinni, er þetta gerðist.

Þegar höggið kom í vegginn, brá drengnum svo við,

að hann hætti að gráta. Við, sem staddar vorum í eldhúsinu, heyrðum höggið alla leið þangað inn. Við höldum að barið hefði verið á útihurðina. Fór eg strax til dyra til þess að ganga úr skugga um það. En enginn sást úti fyrir og enginn var í grennd við skálann. Þau, sem voru inni í herberginu, heyrðu greinilega hvaðan höggið kom. Ekki vildi Símon setja þetta í samband við neitt dularfullt og helst ekki ræða um það.

Þennan vetur var eg mjög oft ein heima, því að Símon og börnin voru að vinna úti. Ef eg var ein, sat eg oftast með vinnu mína í eldhúsinu. Einn dag þurfti eg að ganga fram í ganginn og sækja fötu, sem stóð út við vegginn. Um leið og eg tók fötuna, var barið harkalega í vegginn alveg fast við mig. Eg þóttist vita, að þetta högg væri runnið undan sömu rótum og hitt, sem barið var í vegginn milli herbergjanna, er litli drengurinn var gestkomandi. Svo mikið er víst, að engin lifandi vera var á þessari stundu í grennd við skálann, og ekki neinn sjáanlegur á ferli í skálanum nema eg. Ekki hafði eg orð á þessu við Símon eða börnin. Eg held nú samt, að Símon hafi verið farið að þykja ýmislegt, sem við bar, furðu kynlegt, en hann sparn á móti í lengstu lög og vildi ekkert um það tala, hvorki við mig eða aðra.

Eftir að við komum í skálann, heyrði eg umgang, sem eg vissi, að ekki var eðlilegur. Alltaf var gengið um á sama tíma, kl. 7 á morgnana og kl. 5 síðdegis. Á morgnana heyrði eg útidyrhurðina opnaða og að gengið var út. Á þessum tíma hvíldum við og börnin í rúmum okkar. Kl. 5 heyrði eg hurðina opnaða. Henni var lokað og svo heyrðist fótatak inn eftir ganginum, en enginn var sýni-

legur. Þetta sama endurtók sig daglega í tvö ár samfleytt.

Árið 1948, á skírdag, meiddist Símon í fæti og varð að liggja. Laugardaginn næstan eftir skrapp eg niður í bæ. Börnin voru að vinna og varð Símon því að vera einn heima meðan eg var fjarverandi. Þegar eg er fyrir nokkru farin, — eða um fimm leytið, verður Símon var við umgang. Hann fór fram og gekk eftir endilöngum ganginum, opnaði herbergin og eldhúsið til þess að sjá, hvort nokkur hefði komið inn, en sá engan. Að þessu loknu fór hann aftur inn til sín og lagðist fyrir. Varla var hann lagstur út af, er umgangurinn hófst á ný og það all harkalegur, og eins og fullur maður væri á ferli, því að allt í einu var slengst á vegginn fyrir framan dyrnar. Þá reiðist Símon, fer ofan, þrífur stafinn sinn og gengur fram í ganginn, ber stafnum niður og skipar þessari veru, hver sem hún sé, að hypja sig út. Ekkert sá hann, en honum fannst sem sér hefði tekizt að flæma hana burtu.

Hann var eftir sig eftir viðureignina og lagðist fyrir. En rétt í þessu kom eg heim og sá strax, að Símoni var mikið brugðið. Eg spurði, hvað væri að honum. Sagði hann mér þá, hvað fyrir sig hefði borið.

Eftir þetta var mikill óhugur í Símoni. Hafði hann á orði að selja skálann, en eg eyddi því jafnan. Eins og áður er sagt varð fólk, sem til okkar kom, líka vart við þetta.

Svo var það kvöld eitt, er við Símon vorum að hátta, að hurðinni í herberginu okkar er hent harkalega upp. Símoni verður þá að orði:

„Nú er helvítis draugurinn á ferðinni“.

Það var sannfæring okkar, að hurðin hefði ekki hrokkið

upp af sjálfu sér. En við ræddum ekki frekar um þetta. Yfirleitt töluðum við afar lítið um þessi fyrirbrigði og alls ekki við óviðkomandi fólk. Gagnvart börnunum bældum við þetta niður, enda urðu þau öllu minna vör við það en við.

Þetta sama kvöld dreymir Símon að hann sé staddur fyrir utan skálann. Sér hann þar tvo vopnaða hermenn. Hann þykist vita, að þeir ætli að gera sér illt og þykist hann segja:

„Ekkert hefi eg gert ykkur“.

Þá svarar annar þessara manna: „Jú, þú hefir bölv-að mér“.

Við þessi orð hrökk Símon upp.

Þótt umgangurinn virtist reglubundinn, bar þó við, að hann heyrðist oftar. Eina nótt vaknaði eg við umgang. Klukkan var milli 2 og 3. Eg vissi að börnin voru komin inn og sofnuð. En eg heyrði þungt fótatak inn eftir ganginum. Vildi eg ganga úr skugga um, hvað þetta væri og fór fram. Öll börnin sváfu vært. Eg sá engan á ferli.

Þetta gekk svo nærri Símoni að hann vildi helst flytja, en eg ekki. Eg var aldrei hrædd við þetta. En hinsvegar var eg viss um, að einhver ósýnileg vera var í skálanum með okkur. Eg var líka sannfærð um að hver svo sem hún var, virtist hún ekki illviljuð. Engin spellvirki voru framin, ekkert brotið, ekkert fært til. En þessi vera gekk um svo til hennar heyrðist. Við heyrðum hana opna hurðir og loka þeim aftur eins og væri hún lifandi vera með holdi og blóði, og eg þóttist vita, hvar hún hefði aðsetur í skálanum.

Þetta var síður en svo þægilegt. Og oft lágum við hjónin

andvaka heilar næturnar. Eina nóttina vorum við vakin við að barið er bylmingshögg í vegginn út við gluggann. Okkur varð báðum litið þangað, sem höggið kom frá. Sjáum við þá að blóm, sem stóðu í vasa á litlu borði, bærðust til og frá. Ekki var gluggi opin og engin súgur í herberginu, er gæti orsakað þessa hreyfingu á blómunum. En höggið var svo mikið, að allt lék eins og á reiðiskjálfi.

Eitt sinn sat eg og dóttir mín inn í svefnherbergi okkar hjóna um fimmleytið. Þessi dóttir bjó ekki hjá okkur, var aðeins gestkomandi. Allt í einu heyrum við báðar að útidyrhurðin er opnuð og henni lokað aftur. Dóttir mín segir:

„Hver er að koma?“

„Ætli það sé ekki hann pabbi þinn“, svaraði eg, sem hélt að Símon væri að koma heim.

Þegar svo enginn bærði á sér, fór hún fram til þess að gæta að, hver hefði komið en sá engan. Símon kom ekki fyrr en löngu síðar.

Henni var ekki um þetta. En eg gerði ekkert úr þessu. Þetta var svo alvanalegt. Stundum datt okkur í hug, að þeir væru tveir á ferð. Ýmislegt benti til þess, en enga vissu höfðum við fyrir því, að svo væri.

Eitt sinn kom Símon til konu sem bjó í húsi skammt frá skálanum, en dálítið ofar í brekkunni.

Hún sagði: „Það var skrítið, sem fyrir mig bar í gærkvöld“.

„Hvað var það?“ spyr hann.

„Eg lá vakandi og með aftur augun en þá sé eg hvar tveir hermenn komu inn. Eg spyr:

„Hvaðan komið þið?“

„Við erum að koma frá honum Símoni“, svöruðu þeir“.

Símon sagði lítið við þessu, en þetta styrkti grun okkar, að þeir væru tveir á ferli í skálanum.

— — —

Eftir að Símon varð sannfærður um að ekki væri þetta ímyndun úr mér, fór hann að hafa tal af mönnum, sem búið höfðu í grennd við skálann, meðan hermenn höfðu þar aðsetur og spyrjast fyrir um, hvort nokkuð sérstakt hefði gerzt þarna. Mönnum kom saman um að hermennirnir hefðu hagað sér mjög vel. En þarna var áður braggahverfi. Íslendingarnir, sem bjuggu í grenndinni, höfðu ekki yfir neinu að kæra. Óregla virtist ekki hafa verið mikil meðal þessara hermanna. En sögu heyrði Símon um það, að einn hermannanna hefði látið þarna lífið með þessum hætti:

Einn sunnudagsmorgun sást hermaður koma hlaupandi úr einum bragganum. Þegar að hliðinu kom, sem er örskammt frá þeim skála er Símon býr í, tók hann upp byssuna og skaut sig.

Ekki gat neinn sagt Símoni, hvort þessi maður hefði haft aðsetur í þeim skála, sem Símon og fjölskylda hans býr nú í. Enginn vissi orsökina né hver þessi ógæfusami maður var. Fleiri sögur voru á sveimi, en ekki gott að henda reiður á þeim.

Loks varð úr að Símon færi á fund séra Jóns Auðuns og segði honum frá þessu, ef vera kynni að hægt væri að ná sambandi við veru þessa í gegnum Hafstein miðil. Beint samband við veruna mun aldrei hafa náðst. En er séra Jón Auðuns minntist á þetta á fundinum, sem haldinn var sama dag og Símon kom til hans, var auðheyrt, að stjórnendunum fyrir handan var kunnugt um

þetta. Eftir þennan fund, hætti umgangurinn. En þó bar stundum við að heyra mátti smá dumpað í veggina. Sjálf tók eg strax það ráð að biðja fyrir þessari veru, því hefi eg haldið áfram allt til þessa dags. Bænin veitti mér styrk og öryggi. Eg, sem var svo oft alein heima, hefði ekki haldizt við í skálanum, ef eg hefði verið hrædd við þetta.

Borgarvegi 39, Sogamýri.

Pálína Pálsdóttir.

Það, sem að framan er skráð, er í öllum atriðum rétt. Eg hefi aldrei verið trúaður á dularfull fyrirbrigði. En eftir það, sem fyrir mig bar á laugardaginn fyrir páska og allt, sem á undan var gengið, því að högg og umgang heyrði eg þótt eg vildi ekki við það kannast hvorki fyrir sjálfum mér né öðrum, fóru svo leikar, að mér stóð stuggur af þessu. Eg hefði ekki haldizt við í skálanum, ef þessu hefði farið svona fram mikið lengur. En eftir fundinn brá svo við að umgangur, högg og hurðarskellir hættu.

Borgarvegi 39, Sogamýri.

Símon Guðmundsson.

Eftir sögn séra Jóns Auðuns var enginn sérstakur fundur haldinn í tilefni af þessu. En daginn, sem Símon kom til dómprófastsins, stóð svo á að fundur átti að vera heima hjá honum þann sama dag og var miðillinn Hafsteinn Björnsson. Á fundinum bar séra Jón Auðuns upp beiðni um hjálp þessu varðandi. Virtist það ekki koma stjórnendum að handan neitt á óvart, því að gripið var fram í fyrir séra Jóni og sagt, hvar þetta væri. Beint samband

við verur þessar náðist ekki, en sagt var, að þeir væru tveir og kom það heim við hugboð þeirra hjóna. Ekki varð heldur upplýst, hverjir þeir væru né með hvaða hætti þeir hefðu farizt. En að hjálp hafi borizt í gegnum Hafstein er ekki að efa. Það brá við strax eftir fundinn að sögn Pálinu og Símonar.

Hundurinn.

Árið 1948 kom miðillinn Hafsteinn Björnsson í hús eitt hér í bænum. Hann var kunnugur fjölskyldunni og hafði oft komið þar áður. Þegar Hafsteinn er nýkominn inn, vikur húsfreyja sér að honum og segir:

„Góði Hafsteinn, losaðu mig við það, sem komið er inn í íbúðina mína. Eg hefi um tíma séð einhverju bregða fyrir, en eg veit ekki með vissu, hvað það er“.

Hafsteinn hlær við og segir: „Láttu hana Finnu segja þér það“.

„Heldurðu að hún viti nokkuð um þetta?“ segir konan.

„Hún sagði mér í dag, að þú værir hrædd við eitt-hvað, sem komið væri inn í íbúðina“, svarar Hafsteinn.

Þennan sama dag var konan á fundi með Hafsteini, ekki heima í þessu sama húsi, heldur út í bæ. Hafði aldrei áður verið haldinn þar fundur. Húsið var sama og nýtt. Þegar Finna kom í gegnum miðilinn, spurði konan, hvort hún vissi, hvað væri komið í íbúðina.

Finna hló við og sagði: „Ætli það sé ekki hundtetur“.

Konan gerðist forvitin og spurði Finnu, hvernig á honum stæði.

„Þú komst með hann, þegar þú fórst síðast í sveitina“, sagði Finna.

Konan spurði, hvernig hann væri litur og bað hana að lýsa honum.

Finna sagði: „Þetta er stór, mórauður hundur, feitur, með stór, slapandi eyru. Hann er vitur og hefir skilið margt af því, sem við hann var talað“.

Konan kannaðist við hundinn. Hann var af útlenzku kyni og er konan sá hann, varð henni að orði:

„Þennan hund vildi eg gjarnan eiga“. Vitanlega gat ekkert orðið af því. Bannað er að eiga hunda í Reykjavík. Seinast þegar konan kom á þennan bæ, var henni sagt, að búið væri að lóga hundinum, þótti henni það mikið miður. Hún bað Finnu að losa sig við hann og hét Finna því, en sagði jafnframt, að hann gerði hvorki henni né öðrum neitt.

Nokkru síðar kom Hafsteinn aftur til konu þessarar. Hún spurði:

„Sérðu nokkuð hér inni?“

„Nei“, svarar Hafsteinn, „ekki hér, en þegar eg kom, lá mórauður hundur í fremri forstofunni. Er eg kom, reis hann upp á afturfætturna og rétti fram hægri framlöpp, eins og hann vildi heilsa mér. Hann hefir brún augu og stór, slapandi eyru“.

Konan stóð agndofa. Lýsingin gat ekki verið nákvæmari. Þegar gestir komu eða fóru, heilsaði hundurinn og kvaddi, með því að rétta fram hægri framlöppina.

Nú sagði Hafsteinn, að Finna hleypti honum ekki inn í íbúðina. Reyndist það rétt, að enginn í íbúðinni varð var við neitt eftir þetta.

Skrifað 1948.

D. D.

IV. KAFLI

Lækningar

Barnið.

Sumarið 1951 var eg á skyggnilýsingafundi á Akureyri með miðlinum Hafsteini Björnssyni. Að fundinum loknum kom til mín kona, sem eg þekkti, og á heima á Dalvík við Eyjafjörð. Henni var mikið niðri fyrir og bað mig að spyrja miðilinn, hvort ekki væri hægt fyrir hans milligöngu að veita lækningakrafti til dótturbarns hennar á 1. ári, sem verið hefði mikið veikt nokkra undanfarna daga, en ekki hefði fengizt upplýst, hvað að því væri. Eg kynnti hana þá miðlinum og bað um aðstoð hans, ef unnt væri, vissi eg svo ekki, hvað þeim fór frekar á milli.

Þessi fundur var haldinn á sunnudegi, en næsta miðvikudag á eftir bar svo til, að eg átti leið til Dalvíkur. Var eg naumast komin þar inn í hús til vinafólks míns, þegar kona sú, er beðið hafði fyrir barnið, hringdi til mín, til þess að segja mér að barnið væri nú alheilt heilsu. Var hún gagntekin af því, sem fyrir hafði komið og skýrði mér frá því á þessa leið:

Hafsteinn hafði sagt konunni, að hann myndi ekki geta sinnt beiðni hennar, fyrr en á mánudagskvöld, en

þá skyldi hann reyna að senda lækinn og skyldi þá móðir barnsins reyna að hjálpa til með því að setja huga sinn í móttækilegt ástand. Barnið var á mánudagskvöld jafn veikt og það hafði verið, var með yfir 40 stiga hita, og leið auðvitað mjög illa. Móðirin var ein heima með barnið, og lagði hún sig á tilsettum tíma útaf hjá barninu, og reyndi að taka á móti og aðstoða þau góðu öfl, sem vildu líkna barninu hennar. Innan stundar seig á hana djúpur svefnhöfgi, sem varaði þó ekki langa stund. Hún hrökk skyndilega upp, og mundi þá ekki strax undir hvaða kringumstæðum hún hafði sofnað. En um leið og hún vaknar, finnst henni einhver vera að ganga út úr herberginu. Henni leið ákaflega vel, en það þótti henni einkennilegt, að henni sýndist herbergið fullt af bláleitri móðu. Í fyrstu áleit hún, að hún hefði sofið lengi, en svo var nú samt ekki. Allt í einu mundi hún allt og snéri sér nú að veika barninu, sem lá fyrir ofan hana í rúminu. Það var baðað í svita, en svaf vært. Hitinn var auglýsilega að lækka. Morguninn eftir var hitinn 37,8, en um kvöldið var það hitalaust, og virtist albata úr því.

Ofurlítill eftirmáli fylgir sögu þessari. Á efri hæð hússins bjó húsráðandinn. Á sama tíma og móðir barnsins sofnaði, frá kl. 12,30—2,30, en einhvern tíma á þessu tímabili telur móðir barnsins, að hún hafi sofnað, dreymir hann að verið er að skoða hann og þukla hann allan. Hann sér ekkert af manningnum, sem er að þessu nema hendurnar, en hrekkur upp og finnst hann sjá manninn ganga út úr herberginu.

Geta skal þess, að ekki hafði hann hugmynd um heimsókn þá, sem konan á neðri hæðinni var að vonast eftir.

En á þriðjudagsmorgun sagði hann, að það hefði verið skrítið, sem fyrir sig hefði borið í nótt, og sagði henni svo frá höndunum, sem voru að þukla hann, og honum fundust ákaflega stórar. Setti konan heimsóknina í samband við það, sem gerzt hafði hjá henni sjálfri þessa sömu nótt. Tvær skýringar eru á þessu fyrirbæri á efrihæðina. Í fyrsta lagi, að lækknirinn hafi farið hæðavilt. Í öðru lagi, að með þessu hafi hann verið að sanna nærveru sína.

Aðalbjörg Sigurðardóttir.

Lækning.

Vorið 1942 fór eg að finna til í vinstra fæti. Fyrst hafði eg undarlega þreytutilfinningu í fætinum. Svo kom lítill, rauður blettur á ristina og át sig inn úr skinninu og upp um fótinn utanverðan, allt frá rist og upp fyrir mjóalegg. Þó myndaðist ekki strax sár. En liturinn á hörundinu breyttist. Þessu fylgdi mikill kláði og vætlaði úr hörundinu. Eg sýndi lækni fótinn. Lét hann mér í té áburð í dós og fyrirskipaði vaf um fótinn. Vafið þoldi eg illa. Áburðurinn kom ekki að neinu liði. Sárið breiddist út, og leið mér oft mjög illa í fætinum. Leitaði eg nú fleiri lækna, eða alls þriggja. Allir létu þessir lækningar mér í té áburð og einn fyrirskipaði vökva til þess að þvo sárið úr og átti eg að nota hann jafnframt sem bakstur. Þessum fyrirskipunum hlýddi eg mjög nákvæmlega. Allir þessir lækningar hafa orð á sér fyrir að vera samvizkusamir og góðir lækningar. Reyndu þeir af fremsta megni að hjálpa mér, en gátu ekki. Eg hafði notað fleiri tegundir smyrzla, en allt kom fyrir ekki. Eg leið meira en

fólk, sem ekki þekkir af eigin reynd sjúkdóminn, getur sett sig inn í. Svona á mig komin vann eg dag hvern við þvotta eða hreingerningar. Þetta dró úr þreki mínu og nú fór eg að eiga bágð með svefn.

Loks ráðlögðu þessir læknað mér að liggja. En eg sem vinn daglega og hefi unnið frá því eg man fyrst eftir mér, vissi betur en þeir hvað rúmlega mundi gera mér. Ef til vill skánaði eg í fætinum, en vinnufær yrði eg aldrei aftur, eftir langa legu. Eg var alveg ráðþrota, vissi ekkert hvað til ráða yrði. Eg treysti þessum læknum svo vel, að mér datt ekki í hug að leita til fleiri lækna. Tveir þessara umræddu lækna voru sérfræðingar í húðsjúkdómum og þeim bar alveg saman um sjúkdóminn, sem að mér væri.

Eg forðaðist að láta konurnar, sem eg vann hjá, vita um líðan mína. Ein vinkona mín, sem eg kom stundum til, komst þó að þessu, leizt henni ekki á, er eg sýndi henni fótinn. Sagði eg henni þá hve erfitt eg ætti með svefn og hve vanheil eg væri.

Þá ráðlagði hún mér að koma með sér á fund til Hafsteins Björnssonar miðils. Sagði hún að í sambandinu væri læknað, sem ef til vill gæti hjálpað mér, hann hefði bætt mörgum. Bauðst hún til þess að verða milligöngumaður. Eg tók öllum ráðum fegins hendi, og vildi allt til vinna að fá einhverja bót. Litlu síðar sendi kona þessi mér bréfspjald, sem á stóð hvenær fundurinn yrði og hvar eg ætti að mæta. Fórum við svo saman á fundinn. Kona þessi er frú Ólafía Árnadóttir og býr í Bankastræti 3. Fundurinn var í húsi Sálarrannsóknafélagsins, Sólvallagötu 3.

Þegar búíð var að raða í sætin og draga tjöldin fyrir

gluggana, var ljósið slökkt. Var miðillinn þá ókominn, en kom inn eftir augnablik. Meðan miðillinn var að falla í trans, var sunginn sálmurinn: „Á hendur fel þú honum“.

Eftir litla stund reis miðillinn úr sæti og var þá sagt, að læknirinn væri kominn. Hann gekk til hvers og eins og fór höndum um þá. Lagði hann hönd sína vinstra megin á brjóst mér og sagði:

„Þér er illt þarna, þú átt bágð með svefn“.

Eg játaði því og sagði, að mér liði allri illa, en þó alverst á nóttum, svefninn væri svo óvær og hvíld ekki nægileg. Eg bað hann að hjálpa mér, ef hann gæti. Ekki nefndi eg veika fótinn, fannst víst sem allt mundi batna, ef eg nyti svefns og hvíldar.

Hann sagði að eg skyldi hugsa til sín á tímabilinu 10–11 á kvöldin.

Eg man ekki glöggð það, sem kom á fundinum til annarra en mín, enda skiftir það engu máli. En þarna á fundinum var norskur maður og kom mikið til hans. Miðillinn lýsti skipsskaða við strendur Noregs, og var annaðhvort bróðir eða náfrændi þessa norska manns á skipinu og hafði farizt með því. Einhver af áhöfn skipsins kom þarna og sagði frá því, hvernig skipið hefði farizt. Hann talaði norsku. Svo virtist sem norskur maðurinn, er fundinn sat, kannaðist við þetta og fyndist mikið til um.

Til mín kom kona, sem kallaði sig Björgu. Í fyrstu áttaði eg mig ekki á þessu, fyrr en miðillinn fór að lýsa umhverfinu, þar sem við höfðum kynnt. En þá var eg smábarn austur í Þingvallasveit. Kona þessi var hjá

séra Jens Pálssyni á Þingvöllum og kom með honum austan frá Arnarbæli, var hún þar vinnukona. En hún tók ástfóstri við mig, sem var hálfmunaðarlaus. Frá Þingvöllum fluttist hún til Reykjavíkur. Það síðasta, sem eg frétti af henni var, að hún varð úti. Eg man ekki hvaða ár, en eg held þó, að það hafi verið á árunum frá 1881—1884. Hún fannst helfrosin á leiðinni frá Reykjavík og inn að sundlaugum, með þvottinn á bakinu og var þokinn frosinn við hana.

Eg var þriggja ára, er séra Jens kom að Þingvöllum. Mörg ár voru liðin, svo eg var lengi að átta mig á, hvaða Björg þetta væri. En lýsingar á landslagi og staðhátum og svo afdrifum Bjargar, sem miðillinn lýsti líka, kom mér til hjálpar. Fleiri komu til mín, svo sem Kristján sem bjó á Kárastöðum, faðir Jóhanns í Skógarkoti. Satt bezt sagt bjóst eg ekki við þessu fólki, heldur öðrum mér nákomnari, en þeir komu ekki.

Mér leið vel á fundinum og eins eftir fundinn. Eg háttaði kl. tíu um kvöldið, og varði tímanum milli 10—11 í bæn til guðs. Eg bað af öllu hjarta um hjálp. En það hafði eg oft gert áður. Eftir bænina sofnaði eg vært og svaf í einum dúr alla nóttina.

Morguninn eftir vaknaði eg hress og endurnærð og lofaði guð fyrir hina náðarsamlegu hvíld. Það var langt síðan eg hafði sofið svona sætt og rótt. En nú fór eg að færa mig upp á skaftið. Ef læk'nirinn gat bætt mér svefninn, gat hann þá ekki líka læknað sárið á fætinum. Jú, mér fannst það ekki ósennilegt. Næsta kvöld fór eg þess á leit í bæninni og bað nú guð af öllu hjarta. Eg sofnaði svo eins og fyrra kvöldið og svaf rótt alla nótt-

ina. Þetta kvöld bar eg smyrslí á fótinn, en það hafði eg gert á hverju kvöldi í 6 undanfarin ár og ekki hafði það grætt sárið né gert annað eða meira en það, að forða því að umbúðirnar festust niðri í sárinu, og þó voru þær á hverjum morgni meira eða minna fastar niðri. Fann eg oft mikið til, er eg var að losa þær frá. Þennan morgun voru umbúðirnar lausar frá, og er eg fór að athuga fótinn, sá eg að það hafði sett að sárinu, var komið þunnt skæni yfir sárið. Eg lofaði guð, klæddi mig og fór til vinnu eins og vant var og stóð við þvott allan þann dag. Um kvöldið háttaði eg á sama tíma og vant var, og bað til guðs. Svo sofnaði eg. Eins og undanfarnar tvær nætur svaf eg vært og draumlaust og vaknaði hress og endurnærð.

Þegar eg fór morguninn eftir að athuga fótinn, fann eg hvergi til eymsla og hvergi sást sár. Nú var komið þykkt skinn yfir allt sárið. Þó sást móta fyrir, hvar sárið hafði verið og sést enn þá. Litur hörundsins er bláleitur. Eg átti engin orð. Eg sat og starði á fótinn og lofaði og vegsamaði guð. Mér var alveg ljóst, að á mér hafði gerzt kraftaverk.

Fundurinn, sem eg sat hjá Hafsteini, var 12. des. árið 1948. Eg hafði aldrei séð Hafstein áður, og aldrei við hann talað. Ekki veit eg til þess að Hafsteinn þekki neitt til míns fólks, eða þeirra, sem eg þekki.

Síðan þetta bar við, eru liðin rúm tvö ár. Á þessum árum hefi eg ekki fundið til svefnleysis. Eg sofna um leið og eg leggst á koddann og sef vært alla nóttina. Vinnan er hin sama, geng í hús og þvæ þvotta og geri hreint hjá sömu konunum.

Sárið á fætinum hefir ekki tekið sig upp. Sést enn,

hvar það hefir verið, svo að sjón er sögu ríkari. Eg hefi hlotið svo náðarsamlega lækningu, að mér er skylt og ljúft að gefa guði dýrðina.

Konan, sem fór með mig á fundinn og konur þær, sem vissu um liðan mína og sáu sárið á fætinum og fótinn gróinn, munu fúsar til að votta, að rétt er sagt frá.

17. janúar 1951.

Halldóra Pétursdóttir.

Eg tel rétt að láta þess getið, af því að nú er liðið á fjórða ár síðan hið framanskráða var ritað, að liðan Halldóru er ágæt. Hún finnur ekki til svefnleysis. Sárið á fætinum hefir ekki tekið sig upp, og nú er fóturinn, þar sem sárið var, að fá sinn eðlilega holdlit og blái liturinn að hverfa, en þó ekki með öllu. Það sést enn þá marka fyrir sárinu, sem ekki hefir verið neitt smáræði, allt fremst frá rist og upp ökla og upp fyrir mjóalegg.

Vitastíg 8 A, Reykjavík.

Elinborg Lárusdóttir.

Við undirritaðar saum sárið á vinstri fæti Halldóru Pétursdóttur og vissum, að hún hafði gengið með það í sex ár samfleytt. Okkur var líka kunnugt um, að hún hafði leitað til lækna á þessum árum, en án nokkurs sýnilegs árangur. Allt, sem skráð er hér að framan varðandi sárið á fætinum, vottast rétt vera.

Bjarnfríður Einarsdóttir, Bjarnarstíg 12.

Árbjörg Árnadóttir, Njálsgötu 26.

Soffía Friðriksdóttir, Njálsgötu 8 B.

Eg sá sárið á fæti Halldóru rétt áður en við fórum á fundinn. Líka var mér kunnugt um það, hve illa henni leið og hve bágt hún átti orðið með að sofa. Eg fór með henni á fund til Hafsteins. Rétt eftir fundinn, eða í sömu vikunni og fundurinn var, kom Halldóra til mín og sýndi mér fótinn, sem var þá gróinn. Einnig sagðist hún hafa fengið bót á svefnleysinu. Það, sem skráð er að framan varðandi fundinn og lækningu þá sem Halldóra fékk, er rétt.

Ólafía Árnadóttir, Bankastræti 3.

Umsögn aðstoðarmanna

Við undirrituð, sem um lengri eða skemmri tíma undanfarin ár, höfum verið aðstoðarmenn á fundum Hafsteins Björnssonar, miðils, viljum taka fram eftirfarandi atriði varðandi miðilsfundina.

Hafsteinn Björnsson hefir undanfarin ár starfað á vegum Sálarrannsóknafélags Íslands og haldið miðilsfundi 4–5 sinnum í viku í húsi félagsins á Sólvallagötu 3. Hvern fund sitja venjulega fimm manns auk tveggja aðstoðarmanna og miðilsins. Miðillinn kemur venjulega ca. 10 mínútum áður en fundur hefst og sezt þá inn í skrifstofu félagsins. Fundargestum er aftur á móti vísað beint inn í fundarherbergið jafnóðum og þeir koma, þannig að hvorki sjá þeir miðillinn né hann þá.

Aðstoðarmennirnir vita sjaldnast nöfn fundargesta fyrr en þeir koma á fundinn og oft ekki fyrr en fundi er lokið og hver einstakur fundargestur skrifar nafn sitt í fundarbókina. Ennfremur á það að vera með öllu útilokað, að miðillinn geti fengið vitneskju um, hverjir verða á fundunum. Þegar hann gengur inn í fundarstofuna, er þar svartamyrkur, en dauft ljós (rautt) kveikt fyrst,

Þegar hann er sofnaður. Fundargesti sér hann því ekki, fyrir en hann vaknar úr transinum og fundi er lokið. Aldrei spyr hann um það, hverjir sitji fundinn, enda mundum við ekki svara því og oft er okkur sjálfum einnig ókunnugt um það.

Þegar miðillinn er fallinn í trans, er talað í gegnum hann til fundargesta. Er talað við einn og einn í senn, misjafnlega lengi, unz allir hafa verið ávarpaðir og sumir oftar en einu sinni. Sú vitneskja, sem fundargestum berst í gegnum miðilinn á fundum, um látna vini og ættingja, suma löngu látna og hagi fundargesta sjálfra, áhyggjur þeirra, sem eftir lifa og oftlega vel falin einkamál, getur miðlinum ekki, að okkar dómi, hafa borizt eftir neinum venjulegum leiðum. Oft hafa t. d. upplýzt atburðir, sem fundargestir hafa ekki vitað, en reynzt réttir við nánari athugun. Þá hefir borið við, að atburðir, sem áttu eftir að gerast og engan óraði fyrir, hafa verið sagðir fyrir. Lýsingar af heimilum fólks, ýmist lifandi eða látinna og staðháttum, mannlýsingum, bæði hvað útlit áhrærði og svo skapeinkenni, hafa verið þannig, að fundargestir hafa oft undrazt.

Við, sem kynnzt höfum Hafsteini í gegnum starf hans, höfum aldrei rekið okkur á neitt, sem bent geti til blekkinga. Að okkar dómi er hann ákaflega merkilegur transmiðill, einkum þó lýsinga- og sannana miðill.

Við, sem sitjum fundina, fáum sjálf ekkert á fundum. Hlutverk okkar er að gæta miðilsins og sjá um að allt fari reglulega fram.

Sveinn Víkingur, Fjölnisveg 13.

Sigríður Einarsdóttir, Karlagötu 3.

Louise Lúðvigsdóttir, Ásvallag. 48.

- Anna Pálsdóttir*, Vesturgötu 19.
Guðrún Jónsdóttir, Meðalholti 13.
Kristinn Eyjólfsson, Hringbraut 45.
Þorsteinn Loftsson, Freyjugötu 36.
Pálína Vigfúsdóttir, Freyjugötu 36.
Jónas Þorbergsson, Ásvallagötu 1.
Theodor Magnússon, Frakkastíg 14.
Guðný Vilhjálmsdóttir, Lokastíg 7.
Málfríður Jónsdóttir, Frakkastíg 14.
Ingimar Jóhannesson, Laugarásveg 37.
Sigurl. M. Jónasdóttir, Ásvallagötu 1.
Margrét Sigurðsson, Sólvallagötu 33.
Anders G. Jónsson, Reynimel 42.
Hansína Hansdóttir, Öldugötu 61.
Eggert P. Briem, Flókagötu 29.

Hvernig bókin varð til

Eg hefi unnið að þessari bók á sama hátt og eg vann að fyrri bókinni um miðilinn Hafstein Björnsson.

Hér er ekki, fremur en þá, um neitt skáldverk að ræða. Bókin er skrifuð eftir heimildum frá þeim, sem setið hafa fundi hjá Hafsteini. Oftast hafa tveir til þrír, sem setið hafa sama fund verið viðstaddir, og hefi eg þá tekið það eitt, sem þeir mundu glögglega og þeim bar saman um. Mér hefir ekki virzt þetta fólk hafa neina löngun til þess að ýkja eða gera meira úr. En eg held, að það allt hafi þrá til þess að bera sannleikanum vitni og með því stuðla að því, að fleiri öðlist þau sannindi, sem þeim hafa sjálfum hlotnast í gegnum spíritismann.

Eitthvað líkt vakti líka fyrir mér, er eg lagði önnur skrif til hliðar og lofaði að vinna að þessari bók. Mér var það fyllilega ljóst, að þetta var ekki létt verk, og það hefir á vissan hátt orðið erfiðara en eg bjóst við í fyrstu. Þetta er ekkert vísindarit. Eg hefi aldrei ætlað mér að semja vísindarit um spíritismann. Eg er aðeins hlutlaus skrásetjandi þess, sem fólkið tjáir mér eftir beztu vitund. Eg fylli hvergi upp frásagnirnar með athugasemdum né ályktunum frá eigin

brjósti. Það er lesendanna að gera það. En þess vil eg geta, að ekkert það, sem stendur í þessari bók, hefir verið skráð áður, nema það, sem tekið er upp úr „Morgni“ og er því með þessu bjargað frá gleymsku og glötun. Svo var og um þær frásagnir, sem komu í fyrri bókinni um Hafstein miðil. Um það má alltaf deila, hve þarft þetta verk er, eða hvers virði þessar bækur eru. En trú mín er sú, að takist mönnunum að öðlast vissu í stað trúar, muni birta um heim allan. Að mínum dómi er það spíritisminn einn, sem er þess megnugur að gjörbreyta heiminum, afnema stríð og blóðsúthellingar og mynda það bræðralag, sem Kristur talar um.

Fjarri sé mér að gera lítið úr vísindaritum um spíritismann. Þau gefa kjölfestu og hafa sitt hlutverk. En það verða aldrei vísindarit um slík efni, sem sannfæra fjöldann, heldur margvísleg reynsla margra manna, á ýmsum tímum og stöðum, ásamt útbreiðslu þekkingar á þessari reynslu. En sé nú svo, þá verður hver merkur atburður, sem gerist hjá trúverðugum miðli, harla mikilsverður hlekkur í sannanakeðjunni. Fá þá og allir séð, hver nauðsyn málefnninu er að slíkum atburðum sé haldið til haga, ekki eingöngu vegna þessarar kynslóðar, heldur og komandi kynslóða.

Að endingu vil eg þakka fólkinu, sem hefir eytt tíma í að segja mér frá. Það hefir sýnt mér mikið umburðarlyndi og traust, því að ekki eru fáar spurningar, sem eg hefi lagt fyrir það varðandi reynslu þess og svo kynni þess við miðilinn. Eg veit, að slíkar spurningar geta verið þreytandi. En einn þátturinn í vinnubrögðum mínum var sá, að grafast fyrir um, hverja miðillinn þekkti, hvort hann hefði komið inn á heimili fólks, sem sat fundina og svo framvegis. En sannleikurinn er sá, að aldrei verður fyllilega upplýst, hverja

Hafsteinn kann að þekkja af afspurn, né hvað hann kann að hafa heyrt eða séð á göngum sínum um bæinn.

Fyllilegt öryggi um heiðarleik miðils, hvort heldur Hafsteins eða annara, fæst ekki nema með öryggisráðstöfunum varðandi fundina, og rannsókn á ásigkomulagi miðils í transi. En slíkar rannsóknir eru alveg nauðsynlegar, ef um fullnægjandi vísindalegar sannanir á að vera að ræða.

Því miður hefir orðið að takmarka stærð bókarinnar, svo að fella varð úr margar frásagnir, sem voru vel þess virði að birta.

Eg vil einnig þakka þeim, sem lesið hafa handritið. Séra Jóni Auðuns dómprófasti og þá einnig frú Aðalbjörgu Sigurðardóttur og prófessor Guðmundi G. Hagalín, sem bæði hafa lesið handritið og hvatt mig eindregið til þess að koma því á framfæri.

Elinborg Lárusdóttir.

E F N I

I. KAFLI. DULSKYGGNI — DULHEYRN

Sigríður litla (Friðrik J. Rafnar, vígslubiskup)	5
Í kapelli Akureyrarkirkju (séra Björn Stefánsson frá Auðkúlu)	7
Gamla konan (Kjartan Gíslason)	10
Afarnir mínir (Guðmundur Jónsson)	12
Við þekktum hann ekki (Vilborg Þórólfsd. Þórarinn Wium) ..	14
Flutningurinn (Baldvin Einarsson, aktýjasmiður)	15
Frú Hólm (Hans Hólm, Grenimel 28)	19
Barnið (Eyjólfur E. Jóhannsson)	20
Hann er í Suðurgötunni (Hafsteinn Björnsson)	21
Gamall atburður (Kristófer Kristófersson)	22

II. KAFLI. FRÁ FUNDUNUM.

Frá fundum spíritista á Norðurlöndum sumarið 1949 (séra Jón Auðuns, dómprófastur)	25
Eg mundi hann ekki (Lovísa Ísleifsdóttir)	49
Atburður sagður fyrir (Júlíus Ólafsson, vélstjóri)	51
Armbandið (Guðný Kjartansdóttir)	54
Hún vissi það fyrir (Guðrún Jónsson)	55
Óvænt farartöf (Jónas Þorbergsson)	58
Bróðurkveðja (Sólveig Jónsdóttir)	60
Hún sannaði sig (Reynir Eyjólfsson)	62
Fyrsti miðilsfundurinn (Guðmundur Jónsson)	64
Hálsmenið (Reynir Eyjólfsson)	66
Hann sagði það fyrir (Níelsína Ólafsdóttir)	68

Eg bjóst ekki við þeim (Valgerður Jóhannsdóttir)	70
Frá Eriksdale (Ólafur Halson)	73
Þættir (Lárus J. Rist)	75
Fundur á Laugaveg 76 (Elinborg Lárusdóttir)	83
Við hittumst á Þorranum (Elinborg Lárusdóttir)	86
Fundur (Elinborg Lárusdóttir)	87
Myndirnar (Eyjólfur J. Eyfells)	93
Hárlokkurinn (Kristín Gestsdóttir)	95
Drengurinn (Guðmundur Björnsson)	99
Ártöl og lýsingar (Helga Guðjónsdóttir)	102
Castelli (Eyjólfur J. Eyfells)	106
Málmkúlan (Snorri Sigfússon)	109
Skjalið (Hulda)	112
Gamla konan (Elinborg Lárusdóttir)	114
Dæmið ekki (Sigríður Kristjánsdóttir)	117
Eg er vel vöknud (Vilborg og Þórarinn Wium)	119
Konan með hundinn (Þorvaldur Sigurðsson)	124
Látinn maður lætur vita, hvernig dauða hans bar að (Sigur- jón Sigurðsson)	129
Nælan (Anna Pálsdóttir)	131
Bréfið (Anna Pálsdóttir)	135
Frá ferðinni vestur (Anna Pálsdóttir)	137
Dósinar (Þorsteinn Gíslason)	138
Myndin í kassanum (Aðalheiður Sigurjónsdóttir)	139
Hringurinn (Elinborg Lárusdóttir)	141
Börnin (Ólafur Pálsson)	145
Víst þekkir þú mig (Guðrún Árnadóttir)	146
Hann söng (Ragnheiður Jónsdóttir)	148
Hreiðar (Ólafur Pálsson)	149
Myndin í steininum (Guðlaugur Eiríksson)	152
Eg vissi ekki, að hann væri dáinn (Eyjólfur E. Jóhannsson)	154
Síðustu orðin (Eyj. E. Jóhannsson)	155
Bókin (Gunnar E. Benediktsson)	157
Gamlir atburðir rifjaðir upp (María P. Maack)	160
Áhöfnin á Max Pemperton (María P. Maack)	162
Af miðilsfundi (Lýrbergur Þórðarson)	164
Kveðja frá ljóshærða, freknotta stráknum (Helga Jónsdóttir) ..	181

Kveðjan (Sesselja Guðmundsdóttir)	182
Fundur hjá Hafsteini Björnssyni (Steindór Steindórsson)	184
Það sem eg sá (María P. Maack)	191
Sei iettu hringurinn (Kristín Pálsdóttir)	193
Reynsla okkar (Hildur og Stefán Pálsson)	195
Frá miðilsfundi (Jón Auðuns)	199
Bréfið (Elinborg Lárusdóttir)	201
Þórhallur Ólafsson segir frá	204
Á fundi . . . (Sn. J.)	205
Kynni mín af miðlinum Hafsteini Björnssyni (Friðg. H. Berg) ..	208
Myndin og blómin (Sigurlaug M. Jónasdóttir)	212

III. KAFLI. REIMLEIKAR.

Þrennt á ferð (N. N. Soffía og Sigurður Haraldz)	214
Hann var villtur (D. D. Margrét Sigurðsson)	220
Gamla konan (Jóna Ó. Jensen)	223
Ókyrrð í hermannaskála (Pálína Pálsdóttir, Símon Guðmundss.)	227
Hundurinn (D. D.)	235

IV. KAFLI. LÆKNINGAR.

Barnið (Aðalbjörg Sigurðardóttir)	237
Lækning (Halldóra Pétursdóttir)	239

UMSÖGN AÐSTOÐARMANNA	246
----------------------------	-----

HVERNIG BÓKIN VARÐ TIL (Elinborg Lárusdóttir)	249
--	-----